154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um sjávarútveg.

Frá matvælaráðherra.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um nýtingu og stjórnun nytjastofna sjávar, þ.e. lífrænna auðlinda sjávar, svo sem sjávardýra og sjávargróðurs, sem nytjaðar eru eða kunna að verða nytjaðar innan sem utan fiskveiðilögsögu Íslands og sérlög gilda ekki um. Ákvæði XII. kafla laga þessara taka til sjávargróðurs. Lögin taka ekki til lífrænna auðlinda hafbotnsins samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.

Utan íslenskrar fiskveiðilögsögu gilda lög þessi um veiðar íslenskra skipa úr nytjastofnum sjávar að því marki sem slík tilhögun skarast ekki við lögsögu annars ríkis.

Lög þessi gilda um eftirlit íslenskra aðila með veiðum erlendra og þjóðernislausra skipa úr nytjastofnum á alþjóðlegum hafsvæðum samkvæmt heimildum í milliríkjasamningum og öðrum réttarheimildum þjóðaréttar.

3. gr.
Orðskýringar.

Merking hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðlögunarstjórnun*: Stjórnun sem tekur breytingum í samræmi við þekkingu á eða stöðu vistkerfa sjávar, þ.m.t. einstakra nytjastofna.
2. *Aflaheimild:* Safnheiti yfir heimildir til veiða, bæði ótímabundnar og tímabundnar heimildir, m.a. aflahlutdeild/krókaaflahlutdeild og aflamark/krókaaflamark, sérveiðileyfi og tilraunaveiðileyfi.
3. *Aflahlutdeild:* Hlutdeild skips í leyfðum heildarafla í nytjastofni í aflamarkskerfinu.

4. *Aflamark:* Heimild skips til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kg. innan fiskveiðiárs eða annars tímabils samkvæmt lögum þessum.
5. *Aflaregla:* Reiknireglа sem byggist á stofnstærðarmælingum, vistkerfisnálgun og varúðarnálgun og notuð er til þess að ákvarða leyfilegan heildarafla ár hvert.
6. CIF: Kostnaður, vátryggingar og fraktkostnaður.
7. *Deilistofn:* Nytjastofn sem veiðist innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands og deilt er eftir atvikum með öðrum þjóðum.
8. *Fiskari:* Einstaklingur sem starfar eða er ráðinn til vinnu á fiskiskipi skv. lögum um áhafnir skipa.
9. *Fiskiskip*: Skip sem er skrásett sem fiskiskip samkvæmt skipalögum, nr. 66/2021 og er notað í atvinnuskyni til að veiða fisk eða til að nýta aðra nytjastofna sjávar.
10. *Fiskveiðiár:* Almanaksárið.
11. *Fiskveiðilögsaga Íslands:* Hafið og hafsbotninn frá stórstraumsfjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.
12. *FOB*: Frítt um borð í skip eða komið fyrir á flutningstækjum kaupanda að kostnaðarlausu.
13. *Heildaraflamark:* Sá heildarafli, mælt í kg, sem ráðherra ákveður að heimilt sé að veiða á ákveðnu tímabili úr einstökum nytjastofnum.
14. *Heildarafli:* Óslægður afli upp úr sjó.
15. *Krókaaflamarkshlutdeild:* Hlutdeild skips sem hefur leyfi til að veiða sem krókaaflamarksbátur, í leyfðum heildarafla í nytjastofni.
16. *Krókaaflamark:* Heimild skips, sem hefur veiðileyfi til að veiða sem krókaaflamarksbátur, til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kg.
17. *Krókaaflamarksbátur*: Skip minna en 30 brúttótonn og styttra en 15 metrar mælt skv. skipalögum nr. 66/2021 og hefur veiðileyfi til að stunda veiðar með línu og handfærum (krókaveiðarfærum).
18. *Líffræðileg fjölbreytni*: Breytileiki meðal lifandi lífvera á öllum skipulagsstigum lífs í vistkerfum í sjó. Hugtakið tekur til vistfræðilegra tengsla milli vistkerfa og nær til fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda og vistkerfa.
19. *Meðafli:* Tegundir sem veiðast með sóknartegund nytjastofna.
20. *Netlög:* Sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landeignar.
21. *Nytjastofn:* Lífrænar auðlindir sjávar, svo sem sjávardýr og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð.
22. *Ólögmætur sjávarafli:* Afli sem er óskráður, óvigtaður, umfram það aflamark eða krókaaflamark, sem fiskiskip hefur eða afli umfram hámarksafla eða er fenginn án veiðileyfis, leyfilegra veiðidaga, með óleyfilegum veiðarfærum eða fenginn á svæði þar sem veiðar eru bannaðar
23. *Skaðlegar veiðar:* Þegar veiði fer umfram þau viðmiðunarmörk sem ákveðin hafa verið á grunni vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hlutaðeigandi nytjastofns og/eða þegar veiðar eru ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir um hagkvæma nýtingu nytjastofna eða veiðarfæri sem skaða m.a. sjávarbotn og smáfisk.
24. *Skipstjóri:* Sá eða sú sem fer með æðsta vald á skipi samkvæmt ákvæðum laga um áhafnir skipa nr. 82/2022.
25. *Skipstjórnarmaður:* Hver sá eða sú sem fullnægt hefur skilyrðum sem lög um áhafnir skipa nr.82/2022 um að fá útgefið skírteini til skipstjórnar.

26. *Sjávarbyggð*: Byggðarlag við sjávarsíðuna þar sem fiskveiðar og/eða fiskvinnsla eru eða hafa verið stundaðar á síðustu 30 árum.
27. *Sjávarútvegur:* Stjórnun, nýting, veiðar, vinnsla, vigtun, sala hráefnis og gjaldtaka.
28. *Sóknarmark:* Heimild fiskiskips að veiða í eða innan tiltekinna fjölda veiðidaga.
29. *Staðbundnir stofnar:* Nytjastofnar sem hafa afmarkað útbreiðslusvæði innan fiskveiðilögsögu Íslands.
30. *Undirmálsafli:* Smáfiskur sem telst að hálfu til aflamarks skips.
31. *Uppsjávarfiskur:* Síld, loðna, kolmunni, makríll og aðrar tegundir nytjastofna sem teljast vera uppsjávartegundir.
32. *Útgerðaraðili*: Einstaklingur eða lögaðili sem á fiskiskip eða hefur það á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.
33. *Úthafið*: Hafsvæði utan við fiskveiðilögsögu Íslands samkvæmt reglum þjóðaréttar.
34. *Veiðarfæri:* Hverskonar búnaður sem notaður er til veiða eða töku nytjastofna sjávar.
35. *Veiðigjaldsár:* Almanaksárið.
36. *Veiðireynsla:* Aflamagn sem fiskiskip hefur veitt yfir tiltekið tímabil.
37. *Veiðiskylda*: Skylda til að skip veiði a.m.k. 50% af úthlutuðu aflamarki og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra ári.
38. *Verndarstaða nytjastofna:* Viðmið um ákjósanlega stöðu nytjastofna sjávar.
39. *Verndarsvæði í hafi:* Afmörkuð svæði í hafi þar sem nýting nytjastofna, notkun veiðarfæra eða aðrar framkvæmdir sem áhrif geta haft á viðgang sjávarlífvera, sæta takmörkunum eða banni, um ákveðinn tíma eða ótímabundið, til að sporna við skaðlegum veiðum og til varðveislu hafsvæða vegna viðkvæmra vistkerfa, vistgerða, tegunda og búsvæða.
40. *Vistgerðir:* Staðir eða svæði í hafi með ákveðnum einkennum er varðar gróður- og dýralíf.
41. *Vistkerfi:* Safn lífvera sem hafast við á afmörkuðum stað eða svæði af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífvera og tengslum þeirra við lífræna jafnt sem ólífræna umhverfisþætti sem tilheyra kerfinu.
42. *VS – afli*: Verðlítill afli og smáfiskur sem reiknast ekki til aflamarks þess skips sem veiðir hann og er seldur á uppboðsmarkaði
43. *Þangskurðarprammi*: Fljótandi far sem gengur fyrir eigin vélarafli og er nýtt til skurðar og töku sjávargróðurs.
44. *Þorskígildi:* Árlega reiknaður stuðull sem lýsir verðmæti 1 kg af tiltekinni tegund sem hlutfalli af verðmæti 1 kg af þorski.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Fiskistofa annast eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnsýslu er varðar nýtingu og stjórnun nytjastofna samkvæmt lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992.

Hafrannsóknastofnun er til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, nr. 112/2015.

Verðlagsstofa skiptaverðs fylgist með fiskiverði og stuðlar að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna skv. lögum nr. 13/1998.

II KAFLI
Nytjastofnar sjávar.

5. gr.
Almenn aðgæsluskylda.

Öllum er skylt að ganga vel um hafið og nytjastofna sjávar og sýna ýtrustu varúð þannig að vistkerfum, vistgerðum, líffræðilegum fjölbreytileika og verndarstöðu nytjastofna hnigni ekki.

6. gr.
Vísindalegur grunnur ákvarðana.

Stjórnvaldsfyrirmæli og ákvarðanir, eftir atvikum stefnumótun og áætlanir, sem hafa eða geta haft áhrif á verndarstöðu nytjastofna sjávar, skulu taka mið af vísindalegum grunni, mati á heildarálagi ásamt þekkingu á vistgerðum og vistkerfum hafsins, eins og mælt er fyrir um í ákvæðum laganna.

7. gr.
Vistkerfisnálgun, varúðarnálgun og aðlögunarstjórnun.

Í því skyni að tryggja trausta verndarstöðu nytjastofna sjávar skulu stjórnvaldsfyrirmæli og ákvarðanir taka mið af vistkerfisnálgun, varúðarnálgun og aðlögunarstjórnun, eins og mælt er fyrir um í ákvæðum laganna.

8. gr.
Ákvörðun um nýtingu.

Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um nýtingu nytjastofna sjávar skal taka mið af bestu vísindalegu þekkingu til að tryggja líffræðilega fjölbreytni hafsins til framtíðar. Krafa um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar um nýtingu og væntanleg áhrif hennar.

Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum áhrifum á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa hafsins skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til þess að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir áhrifin eða dregið úr þeim.

9. gr.
Nýting í atvinnuskyni.

Enginn má stunda veiðar og nýta nytjastofna sjávar í atvinnuskyni eftir atvikum innan sem utan fiskveiðilögsögu Íslands nema að fengnu leyfi samkvæmt lögum þessum.

Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands samkvæmt lögum þessum er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilögsögunni.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands nema að því leyti sem annað leiðir af lögum þessum eða réttindum sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

10. gr.
Nytjastofnar innan netlaga.

Óheimilt er að nýta nytjastofna í atvinnuskyni svo sem veiðar og töku eða slátt sjávargróðurs, innan netlaga nema að fengnu leyfi samkvæmt lögum þessum og að fengnu samþykki landeigenda.

III. KAFLI
Rannsóknir, verndarsvæði og veiðisvæði.

11. gr.
Leyfi til vísindalegra rannsókna og veiðitilraunir.

Ráðherra er heimilt að veita tímabundin leyfi til vísindalegra rannsókna og veiðitilrauna innan fiskveiðilögsögu Íslands að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunar. Í leyfinu skal tilgreina eftir því sem við á hvaða einstaklingur, lögaðili eða skip muni koma að veiðitilraunum og til hvaða nytjastofna leyfi til rannsókna og veiðitilraunar tekur. Einnig skal kveðið á um magn afla, aflaskráningu, afmörkun svæðis og tímamörk og nýting leyfisins. Leyfið skal birt á vefsíðu stjórnvalda.

Vísindalegar rannsóknir og veiðitilraunir skulu fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Starfsmaður frá Hafrannsóknastofnun eða Fiskistofu, skal vera um borð í því skipi sem fær leyfi til vísindalegra rannsókna og veiðitilrauna og ber leyfishafi kostnað af veru hans um borð. Heimilt er að víkja frá skyldu um starfsmann stofnananna ef því verður ekki við komið, en þá er leyfishafa skylt að upplýsa Hafrannsóknastofnun um framgang rannsóknarinnar og veiðitilrauna og skila stofnuninni upplýsingum um niðurstöður.

Uppfylli leyfishafi ekki þau skilyrði sem sett eru fram í leyfi til vísindalegra rannsókna og veiðitilrauna er ráðherra heimilt að afturkalla leyfið og verða þá frekari tilraunaleyfi ekki veitt viðkomandi skipi nema eftirlitsmaður sé ávallt um borð.

Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna Hafrannsóknastofnunar.

Ráðherra getur heimilað einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem hefur verið lokað tímabundið skv. 13. gr. Það skal þó gert undir eftirliti og samkvæmt fyrirmælum Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun.

12. gr.
Verndarsvæði í hafi.

Í því skyni að vernda viðkvæm hafsvæði, vistkerfi, vistgerðir, tegundir og búsvæði með tilliti til nýtingar nytjastofna og verndar líffræðilegrar fjölbreytni svo sporna megi við skaðlegri nýtingu eða skaðlegum áhrifum á nytjastofna er ráðherra heimilt að afmarka verndarsvæði innan fiskveiðilögsögu Íslands þar sem nýting nytjastofna er takmörkuð, að tiltekin veiðarfæri séu takmörkuð eða bönnuð eða framkvæmdir aðrar en veiðar séu takmarkaðar ef þær geta haft afgerandi áhrif á búsvæði, viðgang og hagkvæma nýtingu nytjastofna, m.a. verndun hrygningasvæða.

Hafrannsóknastofnun gerir tillögu til ráðherra um afmörkuð verndarsvæði, viðkvæm hafsvæði, vistkerfi, tegundir og búsvæði og skal við undirbúning tillögunnar leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um efni hennar. Ráðherra skal auglýsa með opinberum hætti drög að tillögu um verndarsvæði í hafi og öllum skal gefinn kostur á að gera athugasemdir við drögin. Ráðherra skal með reglugerð ákveða mörk verndarsvæða í hafi.

13. gr.
Viðmiðunarlína og veiðisvæði eftir tegund veiðarfæra.

Heimilt er að takmarka og banna veiðar með tilteknum veiðarfærum á veiðisvæðum innan fiskveiðilögsögu Íslands. Mæla skal fyrir um þau svæði og tímabil veiða sem fiskiskipum með tiltekin veiðarfæri er heimilt að stunda veiðar. Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um

viðmiðunarlínu umhverfis landið þar sem notkun tiltekinna veiðarfæra er bönnuð eða takmörkuð.

Fiskistofa getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar heimilað svæðisbundnar veiðar innan við viðmiðunarlínu að uppfylltum skilyrðum um tegund veiðarfæra ef slíkar veiðar stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskistofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Leyfi til slíkra veiða er heimilt að binda við ákveðin svæði.

Fiskistofu er heimilt að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun veiðarfæris kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra nytjastofna. Fiskistofa getur heimilað notkun slíkra veiðarfæra en slíkt er þó háð sérstöku leyfi stofnunarinnar.

Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um tegundir og gerð veiðarfæra sem leyfilegt er að nota.

Fiskistofu er heimilt að skipta veiðisvæðum eftir tegundum veiðarfæra, með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á skilgreindum svæðum í tiltekinn tíma. Hafrannsóknastofnun skal veita Fiskistofu ráðgjöf um þau veiðisvæði sem á að skipta eftir tegund veiðarfæra. Þá er Fiskistofu heimilt að banna notkun allra eða tiltekinna veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri hafa vistfræðileg áhrif eða geta valdið skemmdum á neðansjávarstrengjum og lögnum. Fiskistofa skal við undirbúning skiptingar veiðisvæða leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila. Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma.

14. gr.

Skyndilokanir veiðisvæða.

Verði skipstjórar, eftirlitsmenn Fiskistofu og leiðangurstjórar skipa á vegum Hafrannsóknastofnunar eða starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skal það þegar tilkynnt til Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar.

Fiskistofa getur bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum með skyndilokun í allt að 14 sólarhringa með opinberri tilkynningu, t.a.m. til strandstöðva, í útvarpi, með stafrænum hætti eða með birtingu á vefsíðu stofnunarinnar. Fiskistofa skal tilkynna Hafrannsóknastofnun og stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um skyndilokanir.

Fiskistofu er heimilt að grípa til frekari skyndilokana veiðisvæða í allt að viku, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Að upplýsingar berist um að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.
2. Upplýsingar um skaðlegar veiðar séu studdar mælingum á aflasamsetningu, enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati Hafrannsóknastofnunar.
3. Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum.

Áður en skyndilokun fellur úr gildi skal Fiskistofa í samráði við Hafrannsóknastofnun ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa, ef ástæða er talin til frekari lokunar veiðisvæðis. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið til í framhaldi af lokun skal tilkynnt a.m.k. einum sólahring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd skyndilokana, efni tilkynninga um skyndilokun og hlutverk Landhelgisgæslu Íslands og Hafrannsóknastofnunar.

IV. KAFLI
Veiðar og veiðileyfi.

15. gr.
Veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Fiskveiðar og vinnslu sjávarafurða um borð í skipum í fiskveiðilögsögu Íslands mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
    a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa.
    b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilögsögu Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
    c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Hugtök í 1. mgr. hafa sömu merkingu og í 1. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991.

16. gr.
Veiðar til eigin neyslu.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fénýta hann á annan hátt.

Ráðherra er heimilt með reglugerð og að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnun að takmarka fiskveiðar til eigin neyslu á tilteknum svæðum ef vísbendingar eru um viðkvæma stöðu tiltekinna nytjastofna.

17. gr.
Veiðileyfi fiskiskipa.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi sem Fiskistofa gefur út að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1. Skip hafi haffærisskírteini og sé skrásett í skipaskrá Samgöngustofu sem fiskiskip eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir skip undir 6 metrum.
2. Eigandi og útgerð skipsins fullnægi skilyrðum til að stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands sem kveðið er á um í 15. gr. og 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991.

Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft annaðhvort veiðileyfi með aflamarki eða krókaaflamarki.

Veiðileyfi með krókaaflamarki er aðeins gefið út á fiskiskip sem er krókaaflamarksbátur. Óheimilt er að stækka krókabáta þannig að þeir verði stærri en þessu nemur.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta skip sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki noti þeir að lágmarki til helminga vistvæna orkugjafa. Til vistvænna orkugjafa samkvæmt þessu ákvæði teljast rafmagn, vetni, metan og rafeldsneyti.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um aðra vistvæna orkugjafa með litlu kolefnisspori.

Auk almenns veiðileyfis er fiskiskipum skylt að hafa sérstakt leyfi til annarra veiða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

18. gr.

Veiðar utan aflahlutdeilda.

Veiðar á þeim tegundum nytjastofna, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 37. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni skv. 17. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.

19. gr.

Veiði og meðferð afla.

Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Heimilt er að sleppa lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Einnig er heimilt að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun og vinnslu um borð í fiskiskipum.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um meðferð afla.

20. gr.

Skráning og skil aflaupplýsinga.

Skipstjórnarmenn fiskiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skal skrá, form þeirra og skil til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skipa sem vinna afla um borð skylt að skrá upplýsingar um vinnslu aflans á því formi sem Fiskistofa samþykkir.

Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Fiskistofa skal taka saman og birta yfirlit yfir aflasamsetningu fiskiskipaflotans á vefsíðu stofnunarinnar. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting.

21. gr.

Leyfi erlendra skipa til veiða.

Fiskistofu er heimilt að veita erlendu skipi leyfi til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands á grundvelli milliríkjasamninga. Stjórnvöld í því ríki sem veitt hafa verið réttindi með milliríkjasamningi skulu sækja um tímabundið leyfi til Fiskistofu.

Erlendum fiskiskipum er heimil óslitin sigling um fiskveiðilögsögu Íslands, enda hafi þau tilkynnt um veru sína skv. 22. gr. laganna en er annars óheimilt að hafast við í fiskveiðilögsögu Íslands.

Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum með milliríkjasamningum.

22. gr.

Tilkynningarskylda erlenda skipa.

Erlend fiskiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilögsögu Íslands og gefa upp staðsetningu. Erlend fiskiskip og vinnsluskip sem sigla um fiskveiðilögsöguna skulu hafa uppi fána síns ríkis til auðkenningar. Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgisgæslu Íslands um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 og reglugerðir settar með stoð í þeim.

23. gr.

Veiðarfæri.

Gerð og útbúnaður veiðarfæra skal vera þannig að veiðarfæri hafi sem minnst áhrif á stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni í hafi.

Net og önnur veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, skulu dregin með reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður leyfa.

Fiskistofu er heimilt að taka eða láta taka upp veiðarfæri sem ekki hefur verið vitjað með eðlilegum hætti. Sama á við um veiðarfæri sem liggja í sjó eftir að veiðitímabili lýkur, svo og veiðarfæri sem eru ólögleg eða eru á svæðum þar sem notkun þeirra er óheimil.

Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó samkvæmt heimild í 2. mgr., um kostnað sem af því hlýst. Kröfu um greiðslu kostnaðar fylgir lögveð ríkissjóðs í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddaga, lögveðið nær til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Verði ekki upplýst hver er eigandi veiðarfæra er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfærin og rennur andvirði þeirra að frádregnum kostnaði til stofunarinnar.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um gerð, vitjun og útbúnað veiðarfæra.

24. gr.

Veiðar úr tilteknum stofnum.

Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa, t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa til veiða úr tilteknum stofnum. Í því sambandi getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að þau verði aðeins veitt til ákveðins fjölda skipa, skipa sem skráð eru á því svæði, skipa af ákveðinni stærð eða gerð eða skipa sem áður hafa stundað tilteknar veiðar.

25. gr.

Grásleppuveiðar.

Grásleppuveiðar skulu háðar leyfi Fiskistofu og eiga þau skip ein kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um og að uppfylltum skilyrðum 17. gr. Ráðherra er heimilt með reglugerð að binda grásleppuveiðileyfi við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá er

ráðherra heimilt með reglugerð að setja reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða á milli skipa, skipulag grásleppuveiða og veiðitíma.

V. KAFLI
Vinnsla sjávarafla um borð í skipum.

26. gr.
Leyfi til vinnslu.

Vinnsla sjávarafla um borð í skipum önnur en blóðgun, slæging og flokkun er háð sérstöku leyfi Fiskistofu og leyfi samkvæmt ákvæðum laga um matvæli, nr. 93/1995.

Skilyrði fyrir leyfi til vinnslu sjávarafla um borð er að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt miðað við veiðar, vinnslu og gerð skips, að teknu tilliti til ákvæða laga um áhafnir skipa, nr. 82/2022 og að fyrir hendi sé tilskilin aðstaða fyrir þá áhöfn og eftirlitsmenn, sbr. 27. gr.

Í áhöfn skal vera fiskari með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu sem hefur eftirlit með allri vinnslu og innra eftirliti. Eftirlitsmaður skal vera um borð í skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Útgerð skal sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu á meðan þeir sinna eftirlitsstörfum um borð.

27. gr.
Aðstaða um borð.

Um borð í skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

Áður en leyfi til vinnslu afla skv. 26. gr. er veitt skal liggja fyrir álit Fiskistofu á því hvort búnaður sé fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Álitið byggist á úttekt Fiskistofu og skal greitt fyrir slíka úttekt samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Þá skal liggja fyrir mat Samgöngustofu á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.

Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um nauðsynlegan búnað um borð í skipum sem fá leyfi til vinnslu afla, svo sem sjálfvirkan tækjabúnað sem tryggir nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða.

VI. KAFLI
Vigtun og skráning sjávarafla.

28. gr.
Aðgreining tegunda og meðafli.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki og hvernig staðið er að frágangi fisksins um borð í fiskiskipi og við vigtun. Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann og veiðisvæði berist til vigtarmanns.

Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla. Meðafli reiknast þó til aflamarks viðkomandi fiskiskips.

Við öflun sjávargróðurs er ekki skylt að skilja meðafla frá, en ráðherra er heimilt með reglugerð að setja fyrirmæli um skráningu meðafla og hvernig skuli staðið að eftirliti með skráningunni. Skipstjóri skips sem flytur sjávargróður frá skipum sem afla hans til

löndunarhafnar skal halda aflanum aðgreindum þannig að færa megi aflann á rétt skip í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

Ökumaður, sem flytur óveginn afla, skal aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog, að undanskildum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 3. mgr. 30. gr. Ökumanni er óheimilt að flytja afla fyrr en hann hefur fengið vigtarnótu afhenta.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um hvernig skuli standa að aðgreiningu tegunda, sýnatöku, flokkun meðafla og útreikningi meðafla við löndun.

29. gr.

Vigtun.

Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr nytjastofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í fiskveiðilögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

Skipstjóri fiskiskips ber ábyrgð á að afli skipsins sé veginn og skal halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu vegna smæðar skips eða vegna sérstakra vinnsluhátta og skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal ákvarðaður af vigtunarleyfishafa sem er móttakandi afla.

Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við getur átt. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafli. Skulu þeir með reglubundnum hætti gefa Fiskistofu yfirlit yfir framkvæmdar úrtaksskoðanir og niðurstöður þeirra.

30. gr.

Löndunarhafnir, löggiltir vigtarmenn og leyfi til vigtunar.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Löggiltir vigtarmenn sem vigta sjávarafla, skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

Fiskistofu er heimilt við sérstakar aðstæður, vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt tímabundna undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn ef vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi að mati stofnunarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fiskistofa veitt einstökum aðilum leyfi til vigtunar uppsjávarafla án þess að afli sé veginn á hafnarvog að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, svokallað heimavigtunarleyfi. Heimavigtunarleyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Þá er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta afla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog. Umsækjandi um leyfi til vigtunar skal greiða gjald fyrir útgáfu leyfis og úttekt á vigtunaraðstöðu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um þær kröfur sem hafnir skulu uppfylla um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit. Fiskistofa getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem fullnægja ekki þeim kröfum.

31. gr.

Endurvigtun ísaðs afla.

Fiskistofu er heimilt að veita leyfi til að ísaður afli sem vigtaður hefur verið á hafnarvog sé endurvigtaður hvort sem er með heilvigtun eða úrtaksvigtun. Endurvigtun skal framkvæmd af löggiltum vigtarmanni skv. 30. gr. Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um nánari skilyrði til endurvigtunar, svo sem búnað til vigtunar og framkvæmd.

32. gr.

Vigtun í erlendum höfnum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um að afli sem veiddur er úr deilistofnum sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi honum erlendis.

33. gr.

Eftirlit með vigtun.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld bera ábyrgð á skráningu upplýsinga um landaðan afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimill aðgangur að rafrænum vöktunarkerfum í löndunarhöfnum í þeim tilgangi að hafa eftirlit með löndun afla.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn er safnað.

34. gr.

Heimildir erlendra skipa til að landa.

Erlendum skipum er heimilt að landa eigin afla, umskipa afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skips.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er erlendum skipum óheimilt að koma til íslenskrar hafnar í eftirfarandi tilvikum:

1. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilögsögu og íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á.
2. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þ.m.t. skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga.
3. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla og er í eigu eða rekstri aðila sem á eða rekur skip sem fellur undir 2. tölul.

Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í 2. mgr., skipum sem flytja afla þeirra og skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þ.m.t. í íslenskum höfnum, í fiskveiðilögsögu Íslands og utan hennar. Komist skip sem um ræðir í 2. mgr. til íslenskrar hafnar er óheimilt að landa eða umskipa afla í höfn og skal án tafar vísa skipunum úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að ákvæði 2. og 3. mgr. gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem

viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði 2. og3. mgr. taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 2. og 3. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við strendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

Landhelgisgæsla Íslands skal, ef við á, krefja fánaríki skips um staðfestingu, innan frests sem ákveðinn er með reglugerð, sbr. 35. gr., um að afli um borð í skipinu hafi ekki verið veiddur í bága við ákvæði 1.–3. tölul. 2. mgr., skipið hafi ekki verið við starfsemi sem greinir í 1. málsl. 3. mgr. eða stundað veiðar eða vinnslu afla þannig að það gangi gegn verndartilgangi laga þessara. Í þessum tilvikum gilda fyrirmæli 3. mgr. um skipið þar til fullnægjandi staðfesting hefur borist eða ella þykir sýnt, að höfðu samráði við Fiskistofu eða ráðherra ef við á, að skipið falli ekki undir ákvæði þessarar greinar. Þó er heimilt, hafi skipið komið til hafnar, að landa afla úr skipinu til geymslu meðan beðið er staðfestingar fánaríkis.

Óheimilt er að ráðstafa aflanum frekar og er Fiskistofu heimilt að ákveða að hann verði settur undir innsigli. Falli skipið og afli þess undir ákvæði þessarar greinar skal aflinn gerður upptækur og skipi þegar vísað úr höfn, hafi staðfesting fánaríkis ekki borist innan tiltekins hæfilegs tíma frá því að hennar var óskað.

35. gr.

Tilkynningarskylda erlenda skipa.

Erlend fiskiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilögsögu Íslands og gefa upp staðsetningu. Erlend fiskiskip og vinnsluskip sem sigla um íslenska fiskveiðilögsögu skulu hafa uppi fána síns ríkis til auðkenningar. Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgisgæslu Íslands um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar.

36. gr.

Viðskipti með sjávarafla.

Aðili sem stundar viðskipti með afla skal ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla.

Aðilar sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila Fiskistofu skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er stofnunin ákveður.

Fiskistofa skal skora á hvern þann sem vanrækir að veita upplýsingar skv. 2. mgr. að bæta úr. Um leið skal hlutaðeigandi gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil.

VII. KAFLI

Aflaheimildir.

37. gr.

Heildarafli.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveða með reglugerð árlega þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum

við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar innan hvers fiskveiðiárs. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn með reglugerð fyrir 1. desember árið á undan. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.

38. gr.

Frádráttur frá heildarafla.

Ráðherra er heimilt að draga ákveðið hlutfall í hverri tegund frá heildarafla hvers fiskveiðiárs skv. 1. mgr. 37. gr. sem skal vera 5,3% af heildarafla. Skal því varið til eftirtalinna hluta fiskveiðistjórnunar:

1. Strandveiða skv. 57. – 59. gr.
2. Aflamarks Byggðastofnunar skv. 60. og 61. gr.
3. Innviðastuðnings skv. 62. og 63. gr.
4. Frístundaveiða í atvinnuskyni skv. 64. gr.
5. Sjóstangaveiðimóta skv. 65. gr.

Ráðherra skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti leggja fyrir Alþingi skýrslu um meðferð og ráðstöfun samkvæmt 1. mgr.

Ráðherra er heimilt að draga ákveðið hlutfall í hverri tegund frá heildarafla fiskveiðiárs skv. 1. mgr. 37. gr. sem ráðstafað er til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnun, veiða í fræðsluskyni og veiða við vísindalegar rannsóknir.

Hlutfallinu sem dregið er frá heildarafla er ráðherra heimilt að skipta í aðrar tegundir til að leitast við að tryggja tegundarsamsetningu. Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um þessa framkvæmd, m.a. um gerð tilboða, tímafresti, magn í skiptum og að Fiskistofa annist framkvæmdina. Hlutfallið samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að flytja milli fiskveiðiára.

Fyrir úthlutun aflamarks samkvæmt grein þessari skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

39. gr.

Útreikningur þorskígilda.

Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um.

Þorskígildi skal reikna fyrir 15. nóvember ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 1. mgr. 37. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. september næstliðið ár og lýkur 31. ágúst. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil.

Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

Ráðherra skal með reglugerð ákvarða þorskígildisstuðla fyrir hverja tegund fyrir hvert fiskveiðiár.

40. gr.

Veiðireynsla og aflahlutdeild.

Ákveði ráðherra að veiðar verði takmarkaðar skv. 37. gr. á tegundum nytjastofna sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla í aflamarkskerfinu, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu síðustu þriggja veiðitímabila. Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna veiðireynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til veiða á staðbundnum nytjastofnum hryggleysingja þannig að sérstök aflahlutdeild komi fyrir hvert veiðisvæði.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum bótalaust til veiða á öðrum tegundum.

Fiskistofu er heimilt, fyrir úthlutun aflahlutdeilda samkvæmt lögum þessum, að heimila tilfærslu á viðmiðun veiðireynslu og annarra réttinda er tengjast veiðum milli fiskiskipa, að hluta til eða öllu leyti, þegar um er að ræða breytingu á skipastól. Það er skilyrði þessa að fyrir liggi samþykki eigenda beggja skipa fyrir tilfærslunni ef ekki er um að ræða skip í eigu sömu útgerðar.

Aflaheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar, svonefnd aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára.

Aflahlutdeild í makríl skiptist í tvo flokka, A- og B-flokk. Í A-flokki er hlutdeild skips úthlutað á grundvelli veiðireynslu með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum. Í B-flokki er hlutdeild skips úthlutað á grundvelli veiðireynslu með línu og handfærum. Ráðherra er heimilt, ef þörf er á, að ráðstafa á hverju fiskveiðiári allt að 4.000 tonnum af aflaheimildum í makríl til skipa í B-flokki. Hvert skip á kost á að fá úthlutað aflaheimildum í makríl gegn gjaldi sem á hverjum tíma skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl. Eftir 15. september ár hvert er ráðherra heimilt að ráðstafa því sem eftir er til fiskiskipa í A-flokki gegn sama gjaldi. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd úthlutunar samkvæmt þessari grein.

41. gr.

Framsal og flutningur aflahlutdeilda skipa.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að aflaheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess, sbr. einnig 3. mgr. Þó er óheimilt að framselja aflahlutdeild skips í

makríl úr B-flokki. Þá verður krókaaflahlutdeild aðeins flutt til skips sem er undir þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr., enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Sá sem leitar staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflahlutdeildar sé innan heimilaðra marka skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

Við aðilaskipti að aflahlutdeild skal tilkynning til Fiskistofu skv. 2. mgr. geyma upplýsingar um hlutaðeigandi útgerðaraðila og þá aflahlutdeild sem skiptir um hendur, ásamt samanlagðri aflahlutdeild viðtakanda aflahlutdeildar í kjölfar aðilaskipta að henni, sbr. 46. gr. Þá skal tilkynningin geyma upplýsingar um verðið sem greitt er fyrir aflahlutdeildina, sundurgreint eftir tegundum ef við á. Með aðilaskiptum að aflahlutdeild í skilningi þessa ákvæðis er átt við öll viðskipti, yfirfærslur og aðra löggerninga og atvik, sem hafa í för með sér að aflahlutdeild færist frá einum útgerðaraðila til annars, sbr. 1. mgr. 45. gr., þ.m.t. samruni útgerðaraðila eða yfirtaka eins á öðrum. Aðilaskipti að aflahlutdeild samkvæmt framansögðu öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest að breytingin rúmist innan heimilaðra marka og tilkynningin geymi viðhlítandi upplýsingar. Tilkynningarskyldan hvílir á þeim sem tekur við aflahlutdeild.

Fiskistofa skal skrá og birta upplýsingar um aflahlutdeildir sem skipta um hendur skv. 3. mgr. og verð sem greitt er fyrir þær. Ráðherra getur falið þriðja aðila með samningi að annast framkvæmd skráningar og birtingar upplýsinga samkvæmt þessari grein í samstarfi við Fiskistofu. Til að tryggja rétta skráningu upplýsinga samkvæmt þessari grein er Fiskistofu heimilt að afla gagna og upplýsinga eftir þeim reglum sem koma fram í 2. og 3. mgr. 46. gr. Þá gilda 6.-8. mgr. 49. gr. um meðferð og vinnslu upplýsinga samkvæmt þessari grein. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting.

42. gr.

Forkaupsréttur sveitarfélaga.

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi, á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt á skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði.

VIII. KAFLI
Hámarksaflahlutdeild

43. gr.

Hámarksaflahlutdeild í einstökum tegundum og öllum tegundum.

Aflahlutdeild útgerðaraðila, sbr. 45. gr., skal ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	**Hámarksaflahlutdeild**
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Þá skal aflahlutdeild útgerðaraðila, sbr. 45. gr., ekki vera hærri en hér segir:

1. 20% af heildaraflahlutdeild tegunda, annarra en falla undir 1. mgr., sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða.
2. 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal krókaaflahlutdeild útgerðaraðila, sbr. 45. gr., ekki vera hærri en hér segir:

1. 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.
2. 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

Við ákvörðun á heildarverðmæti aflamarks og aflahlutdeildar skv. 1.-3. mgr. skal miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 39. gr., og úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

44. gr.

Viðbótaraflahlutdeild skráðra útgerða í dreifðu eignarhaldi.

Þrátt fyrir ákvæði 43. gr. má aflahlutdeild útgerðaraðila, sbr. 45. gr., vera allt að 15% af heildarverðmæti aflahlutdeildar í öllum tegundum skv. 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt, sbr. einnig 2. mgr.:

1. Hlutabréf útgerðaraðila hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði með starfsleyfi hér á landi. Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja frekari skilyrði um dreifingu og samsetningu eignarhalds aðila.
2. Útgerðaraðili hefur ekki samkvæmt endanlegri úrlausn Fiskistofu brotið gegn 43. gr. eða ákvæðum þessarar greinar.
3. Útgerðaraðili fullnægir upplýsingaskyldu skv. 47. gr.

Heimild 1. mgr. er háð því að tengdir útgerðaraðilar skv. 2. mgr. 45. gr. uppfylli allir skilyrðin sem vísað er til í 1. – 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Það gildir þó ekki um tengda aðila sem fara hver í sínu lagi með aflahlutdeild undir 1% af heildarverðmæti aflahlutdeildar.

45. gr.

Útreikningur á aflahlutdeild útgerðaraðila. Tengdir aðilar.

Aflahlutdeild útgerðaraðila telst vera öll aflahlutdeild skipa í eigu hans og skipa sem hann hefur á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur. Hámarksaflahlutdeild skv. 43. og 44. gr. miðast við aflahlutdeild útgerðaraðila að viðbættri aflahlutdeild tengdra aðila samkvæmt nánari reglum 2. og 3. mgr.

Aflahlutdeild útgerðaraðila skal talin saman að fullu ef 1. eða 2. tölul. á við um þá:

1. Útgerðaraðili fer beint eða óbeint með yfirráð yfir öðrum útgerðaraðila, eða útgerðaraðilar eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Hugtakið yfirráð hefur sömu merkingu og í 17. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Við mat á yfirráðum skal m.a. taka tillit til tengsla skv. 2. tölul.
2. Aðilar eru hjón, sambúðarfólk eða skyldmenni í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar eða tengdir með sama hætti vegna ættleiðingar eða fósturs.

Þótt útgerðaraðilar séu ekki tengdir aðilar skv. 2. mgr., skal hluti aflahlutdeildar annars talinn með aflahlutdeild hins samkvæmt eftirfarandi töluliðum, þar sem við á:

1. Ef 20% eða meira af atkvæðisrétti í útgerðaraðila er beint eða óbeint á hendi annars útgerðaraðila skal telja með aflahlutdeild hins síðarnefnda jafnstóran hluta af aflahlutdeild hins fyrrnefnda og nemur hlutfallstölu atkvæðisréttarins.
2. Ef 20% eða meira af atkvæðisrétti í útgerðaraðila er beint eða óbeint á hendi aðila sem fer með yfirráð yfir öðrum útgerðaraðila skv. 1. tölul. 2. mgr., skal telja með aflahlutdeild hins síðarnefnda jafnstóran hluta aflahlutdeildar hins fyrrnefnda og nemur hlutfallstölu atkvæðisréttarins.

46. gr.

Eftirlit og upplýsingaöflun Fiskistofu.

Fiskistofa hefur eftirlit með því að aflahlutdeild útgerðaraðila fari ekki fram úr mörkum hámarksaflahlutdeildar skv. 43. og 44. gr., sbr. 45. gr.

Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðaraðila um allar upplýsingar og gögn sem stofnunin telur nauðsynleg til að hún geti sinnt eftirlitshlutverki sínu skv. 1. mgr. Á sama hátt getur Fiskistofa kallað eftir upplýsingum og gögnum frá öðrum stjórnvöldum, í hverju máli fyrir sig eða með upplýsingum úr gagnagrunnum vegna áhættumiðaðs samtímaeftirlits. Hlutaðeigandi er skylt að verða við upplýsingakröfu Fiskistofu eins skjótt og verða má.

Ef Fiskistofa telur að upplýsingar sem útgerðaraðili lætur henni í té samkvæmt framansögðu séu ekki nægilega áreiðanlegar, og hann verður ekki við kröfu stofnunarinnar um úrbætur, er henni heimilt að leggja fyrir hann að afla á eigin kostnað staðfestingar óháðs löggilts endurskoðanda eða lögmanns á réttmæti upplýsinganna.

47. gr.

Reglubundin upplýsingaskylda um eignarhald og eignatengsl útgerðaraðila.

Útgerðaraðili er upplýsingaskyldur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ef hann:

1. fer með aflahlutdeild sem svarar til a.m.k. 1% af heildarverðmæti aflahlutdeildar, eða 0,1% heildarverðmætis krókaaflahlutdeildar, sbr. 43. gr., eða
2. er eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga um ársreikninga án tillits til þess hvort aflahlutdeild hans nái mörkum 1. tölul.

Ef samanlögð aflahlutdeild tengdra útgerðaraðila skv. 45. gr. fer fram úr mörkum 1. tölul. 1. mgr. teljast þeir allir upplýsingaskyldir samkvæmt þessu ákvæði.

Upplýsingaskyldur aðili skv. 1. mgr. skal á þriggja mánaða fresti láta Fiskistofu í té upplýsingar um eigendakeðju sína, þ.e. einstaklinga og lögaðila sem fara beint eða óbeint með eignarhlut eða atkvæðisrétt í upplýsingaskyldum aðila. Jafnframt skal tilgreina stjórnarmenn og framkvæmdastjóra upplýsingaskylds aðila og lögaðila sem tilheyra eigendakeðju hans. Ef beinir eigendur eða félagsmenn lögaðila eru fleiri en 30 er heimilt að takmarka upplýsingagjöf um beina eigendur þess lögaðila við þá 30 eigendur eða félagsmenn sem fara með mest atkvæðavægi, sé unnt að greina þá að með þeim hætti.

Í upplýsingagjöf til Fiskistofu skv. 3. mgr. skal einnig tilgreina aðra útgerðaraðila sem upplýsingaskyldur aðili og raunverulegir eigendur hans fara beint eða óbeint með eignarhlut eða atkvæðisrétt í, svo og stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þeirra. Hugtakið raunverulegur eigandi hefur hér sömu merkingu og í lögum um skráningu raunverulegra eigenda, þó þannig að það tekur einnig til raunverulegra eigenda lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði.

Upplýsingar um aðila sem veita skal Fiskistofu skv. 3. og 4. mgr. skulu bera með sér nafn eða heiti viðkomandi, kennitölu eða sambærilegt auðkenni og heimilisfang. Þá skal, eftir því sem við á, greina frá því hvaða stöðu viðkomandi gegnir hjá lögaðila, sem og stærð beins eignarhlutar og atkvæðavægis viðkomandi í lögaðila.

Upplýsingaskyldur aðili á rétt á upplýsingum og gögnum úr hendi aðila skv. 3. og 4. mgr. sem eru nauðsynleg til að hann geti uppfyllt upplýsingaskyldu samkvæmt framansögðu.

Til að tryggja rétta skráningu upplýsinga samkvæmt þessari grein getur Fiskistofa eftir þörfum krafist upplýsinga frá upplýsingaskyldum aðila og beint frá aðilum sem greinir í 3. og 4. mgr. Ákvæði 2. og 3. mgr. 46. gr. gilda í því sambandi.

48. gr.

Ákvörðun Fiskistofu um hámarksaflahlutdeild og málskot.

Fiskistofa leysir úr því með ákvörðun hvort aflahlutdeild útgerðaraðila sé í andstöðu við 43. eða 44. gr., þ.m.t. vegna tengsla skv. 45. gr. Jafnframt leysir Fiskistofa sjálfstætt úr því með ákvörðun hvort aðilar séu tengdir skv. 45. gr.

Ef aflahlutdeild útgerðaraðila reynist vera í andstöðu við 43. eða 44. gr. skal hann þegar í stað gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeild undir leyfileg mörk. Hafi það ekki verið gert og Fiskistofa upplýst um það innan sex mánaða fellur umframaflahlutdeildin niður. Fiskistofa getur ákveðið að stytta tímafresturinn um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða skýlaust brot gegn 43. eða 44. gr. Tímafresturinn reiknast frá því aðila mátti vera kunnugt um ákvörðun Fiskistofu skv. 1. mgr.

Þegar umframaflaheimild fellur niður skv. 2. mgr. skerðist aflahlutdeild fiskiskipa viðkomandi útgerðaraðila hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Sé um að ræða tengda aðila skv. 2. mgr. 45. gr. skerðist aflahlutdeild skipa þeirra jafnt. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa annarra útgerðaraðila. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

49. gr.

Birting upplýsinga o.fl.

Fiskistofa skal birta upplýsingar um aflahlutdeild einstakra útgerðaraðila og tengdra aðila skv. 43.-44. gr. Um tengda aðila skulu upplýsingarnar bera með sér hvers eðlis tengslin eru og hvaða áhrif þau hafa á aflahlutdeild viðkomandi. Þá skal Fiskistofa birta upplýsingar um nöfn aðila sem tilgreindir eru í 3. og 4. mgr. 47. gr. auk upplýsinga skv. 2. málsl. 5. mgr. 47. gr. Birting á vefsíðu stofnunarinnar telst vera opinber birting.

Fiskistofa skal veita ráðherra upplýsingar um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ.m.t. upplýsingar um skiptingu aflaheimilda og tengda aðila. Ráðherra skal einnig gefa Alþingi árlega skýrslu um sömu atriði.

Fiskistofa getur áskilið að upplýsingar skv. 46. og 47. gr. skuli afhentar á því formi sem stofnunin ákveður, þ.m.t. með stafrænum hætti.

Fiskistofu er heimilt að óska eftir umsögnum annarra stjórnvalda um atriði sem lúta að úrlausn þess hvort hámarksaflahlutdeild útgerðaraðila rúmist innan 43. og 44. gr., sbr. 45. gr.

Fiskistofu er heimilt að miðla til annarra stjórnvalda gögnum og upplýsingum sem stofnunin hefur aflað í tengslum við framkvæmd ákvæða þessa kafla, að því leyti sem slík upplýsingamiðlun er nauðsynleg vegna framkvæmdar ákvæða kaflans.

Fiskistofu er heimilt að skrá upplýsingar sem aflað er við framkvæmd ákvæða þessa kafla í miðlægan gagnagrunn. Gagnagrunnurinn skal vera aðgengilegur öðrum stjórnvöldum sem hafa not fyrir viðkomandi upplýsingar í þágu lögbundinna verkefna sinna eftir því sem mælt er fyrir um í sérlögum.

Ákvæði annarra laga um þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum laga þessara um miðlun og birtingu upplýsinga vegna framkvæmdar ákvæða um hámarksaflahlutdeild.

Ef vinnsla persónuupplýsinga á sér stað í tengslum við öflun og meðferð upplýsinga samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal vinnslan samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og takmarkast við framkvæmd ákvæða þessa kafla. Önnur vinnsla persónuupplýsinga er óheimil á grundvelli ákvæða þessa kafla.

IX. KAFLI
Aflamark

50. gr.
Aflamark.

Aflamark fiskiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla að frádregnu hlutfalli af magni hverrar tegundar skv. 1. mgr. 38. gr. Sama gildir um aflamark vegna fiskveiða utan fiskveiðilögsögu Íslands skv. XIV. kafla laga þessara.

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, sbr. 39. gr. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 1,5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski og deilistofnum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en 1,5% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 52. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og íslenskrar sumargotssíldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki rækju á grunnslóð og hryggleysingja frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki kolmuna, makríls og norsk-íslenskrar síldar frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta ef ekki er í gildi samningur með aðild Íslands milli strandríkja um hverja tegund, en annars gilda ákvæði viðkomandi samninga um flutningsheimild milli ára. Ráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar að hækka fyrrgreind hlutföll aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.

Heimilt er að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, úthafsrækju, humars, íslenskrar sumargotssíldar, kolmunna, makríls og norsk-íslenskrar síldar og 3% umfram aflamark hörpudisks, rækju á grunnslóð og hryggleysingja enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Beita skal skerðingarákvæðum 2. mgr. áður en heimild 4. mgr. er nýtt. Heimild 5. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að afli í ákveðnum tegundum afla, sem fluttur er óunninn á erlendan markað eða til vinnslu, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að mæla fyrir um að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 70%.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips skv. 41. gr.

51. gr.
VS-afli.

Til að minnka líkur á eða koma í veg fyrir brottkast er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra er heimilt með reglugerð að binda heimild þessa við ákveðin tímabil. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé verðlítill og útgerðaraðili hafi ekki nægt aflamark í viðkomandi tegund.
3. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Útgerð fiskiskips sem landar Vs-afla og tengdum aðilum er óheimilt að bjóða í viðkomandi afla.

Sé heimild í 1. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á upplýsingum til Fiskistofu um andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið og hver var kaupandi aflans. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

52. gr.
Flutningur aflamarks.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að aflaheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu með stafrænum hætti eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest hann. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal og upplýsingar um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald með hverri tilkynningu samkvæmt

gjaldskrá Fiskistofu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Fiskistofu er heimilt að gera þjónustusamning um stafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða gjald til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Ráðherra skal með reglugerð að setja nánari skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga, framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna flutningsins.

Óheimilt er að flytja aflamark skips í makríl úr B-flokki, nema í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Ráðherra er heimilt að flytja ónýtt aflamark í makríl úr B-flokki yfir í A-flokk eftir 15. september ár hvert, ef þörf er á, sbr. 41. gr. að teknu tilliti til tegundartilfærslna og flutningsréttar milli veiðitímabila, sem ráðstafað skal á skip í samræmi við hlutdeild og eftirspurn, gegn gjaldi sem á hverjum tíma skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl. Ef aflabrögð á grunnslóð mæla með því að flýta eða seinka flutningi úr B-flokki í A-flokk er ráðherra heimilt að miða við annað tímamark. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um flutning á ónýttu aflamarki í makríl.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á. Ráðherra getur falið þriðja aðila með samningi að annast framkvæmd skráningar og birtingar upplýsinga samkvæmt þessari grein og 56. gr. í samstarfi við Fiskistofu, sbr. einnig 41. gr. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting.

Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 39. gr. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns. Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði fyrir flutningi á aflamarki með reglugerð.

53. gr.

Krókaaflamark.

Fiskiskip sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þau hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó með reglugerð kveða á um leyfðan meðafla. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að veita krókabátum heimild til þess að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema kveðið sé á um annað í lögunum.

54. gr.

Flutningur krókaaflamarks.

Krókaaflamark verður aðeins flutt til skips sem er undir þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr. enda hafi það veiðileyfi með krókaaflamarki. Ráðherra er heimilt með reglugerð að heimila flutning á aflamarki tiltekinna tegunda frá krókaaflamarksbátum til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamark, enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.

55. gr.

Veiðiskylda og niðurfelling aflahlutdeildar.

Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, sbr. 39. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilögsögu Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.

Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

56. gr

Birting upplýsinga um aflaheimildir o.fl.

Upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Fiskistofa skal einnig birta upplýsingar um þau skip sem veitt hafa umfram aflaheimildir og álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla á liðnu fiskveiðiári. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting.

X. KAFLI
Byggðakerfi

57. gr.

Strandveiðar.

Strandveiðum er ætlað að efla atvinnulíf í sjávarbyggðum um land allt og auka aðgengi að sjávarauðlindinni ásamt því að styðja við nýliðun og viðhalda verkkunnáttu og þeim menningararfi sem felst í handfæraveiðum. Á fimm ára fresti skal leggja mat á stöðu sjávarbyggða þar sem strandveiðar hafa farið fram og lagt mat á það hvort breytingar hafi orðið á fjölda nýliða, fjölda skipa og strandveiðar hafi haft áhrif á stöðu fiskvinnsla og útgerða í viðkomandi sjávarbyggðum. Ráðherra skal leggja fram mat á stöðu sjávarbyggða sjávarbyggða í skýrslu til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr.

Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til strandveiða skv. 1. tölulið 1. mgr. 38. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er stunda strandveiðar.

Heimilt er hverju skipi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst, eða þar til leyfður heildarafli til strandveiða hefur verið veiddur.

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag strandveiða, skiptingu landsvæða og skilyrða um eignarhald skipa með strandveiðileyfi.

Þá skal Fiskistofa með tilkynningu á vefsíðu stofnunarinnar stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar.

58. gr.
Strandveiðileyfi.

Fiskistofa skal auglýsa árlega eftir umsóknum um leyfi til strandveiða. Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu, strandveiðileyfi. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi strandveiðileyfi að fullnægt sé ákvæðum 17. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið. Óheimilt er að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum nema strandveiðileyfi hafi verið fellt úr gildi skv. 3. mgr. Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 4. mgr. 57. gr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis, sbr. þó 7. mgr. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili. Enginn eigenda lögaðila sem á fiskiskip með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er fiskiskipi sem hefur fengið strandveiðileyfi heimilt að óska eftir að leyfið verði fellt úr gildi og stunda fiskveiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um niðurfellingu strandveiðileyfis og tímamörk.

59. gr.
Framkvæmd strandveiða.

Strandveiðar eru bundna eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir innan hvers sólarhrings. Þó er heimilt að veiðiferð rafknúinna skipa standi eigi lengur en í 16 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum sólarhring.
3. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
4. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð. Þó er á fiskiskipi heimilt að draga allt að 750 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð, ef skipið er skráð sem rafknúið skip á skipaskrá, sbr. 17. gr.
5. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt VI. kafla um vigtun og skráningu afla.

Þá skal taka sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla skv. XVII. kafla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því

tímabili þegar hann barst að landi. Fari afli ítrekað umfram hámark er Fiskistofu heimilt að svipta fiskiskip strandveiðileyfi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða á um nánari reglur um framkvæmd strandveiða

60. gr.

Aflamark Byggðastofnunar.

Aflamarki Byggðastofnunar er ætlað að styðja sjávarbyggðir í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Markmið stuðningsins er að styðja við atvinnu og byggð í sjávarbyggðum. Á fimm ára fresti skal leggja mat á stöðu sjávarbyggða sem hafa fengið úthlutað aflamarki Byggðastofnunar og hvort breytingar hafi orðið á fjölda starfa, íbúaþróun og stöðu fiskvinnsla og útgerða til framtíðar. Ráðherra skal leggja fram mat á stöðu sjávarbyggða í skýrslu til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr.

Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til aflamarks Byggðastofnunar skv. 2. tölulið 1. mgr. 38. gr.

61. gr.

Úthlutun aflamarks Byggðastofnunar.

Byggðastofnun skal auglýsa eftir umsóknum um úthlutun aflamarks skv. 60. gr. og Byggðastofnun skal leggja mat á stöðu þeirra sjávarbyggða sem óskað er eftir stuðningi við.

Byggðastofnun annast úthlutun aflamarks sem kemur í hlut einstakra sjávarbyggða á grundvelli samninga við fiskvinnslur og útgerðaraðila í viðkomandi sjávarbyggð til allt að sex ára í senn. Aflamark skal vera í þorski, ýsu og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla í þessum tegundum. Byggðastofnun skal leita álits sveitarstjórnar í viðkomandi sjávarbyggð áður en tillögur um samningsaðila eru lagðar fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu. Á grundvelli samnings skal Fiskistofa skrá aflamark á viðkomandi fiskiskip, enda séu skilyrði til úthlutunar uppfyllt. Fiskiskip skulu landa þeim afla sem telst til aflamarks Byggðastofnunar til vinnslu innan hlutaðeigandi sjávarbyggðar.

Takist ekki að úthluta öllu aflamarki á viðkomandi fiskiskip fyrir lok fiskveiðiárs er heimilt að ráðstafa áunnu aflamarki yfirstandandi árs til næsta fiskveiðiárs, enda hafi ekki verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess, í lok fiskveiðiársins á undan.

Framsal aflamarks samkvæmt grein þessari er óheimilt. Þrátt fyrir það getur Byggðastofnun heimilað jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar fyrir um ráðstöfun aflamarks og hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar, skilyrði til úthlutunar og afmörkun sjávarbyggða.

62. gr.

Innviðastuðningur.

Markmið innviðastuðnings er að styðja sjávarbyggðir þar sem dregið hefur úr sjávarútvegi. Stuðningnum er ætlað að treysta atvinnu og byggð í landinu með stuðningi við uppbyggingu á sjálfbærum atvinnurekstri og samfélagslegum innviðum í sjávarbyggðum til framtíðar.

Á fimm ára fresti skal leggja mat á stöðu sjávarbyggða sem hafa fengið stuðning skv. 1. mgr. og hvort breyting hafi orðið á fjölda starfa, íbúaþróun og atvinnustarfsemi í sjávarbyggðum. Ráðherra skal leggja fram mat á stöðu sjávarbyggða í skýrslu til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr.

Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til innviðastuðnings skv. 3. tölulið 1. mgr. 38. gr. og skal það boðið upp til eins árs í senn. Fiskistofa skal sjá um markað fyrir uppboð aflamarksins og auglýsir eftir tilboðum. Við

töku tilboða skal gætt að hámarksaflahlutdeild tilboðsgjafa skv. 43. gr. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar fyrir um markað, tilboðsfresti, skilmála og framkvæmd.

Tekjur af leigu aflamarksins skulu renna í ríkissjóð til að mæta stuðningi við sjávarbyggðir skv. 1. mgr. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til innviðastuðnings sjávarbyggða til að styðja þær byggðir þar sem dregið hefur úr sjávarútvegi.

63. gr.

Úthlutun innviðastuðnings.

Ráðherra skal veita tímabundin framlög skv. 3. mgr. 62. gr. til innviðastuðnings sjávarbyggða þar sem verulega hefur dregið úr sjávarútvegi og þörf er fyrir aðra atvinnusköpun. Byggðastofnun skal árlega gera tillögu til ráðherra um þær sjávarbyggðir sem þurfa á stuðningi að halda og skal þar m.a. horft til stöðu og staðsetningar sjávarbyggðar og hversu háð viðkomandi byggð er sjávarútvegi, íbúaþróun og tækifæra til uppbyggingu sjálfbærs atvinnureksturs á öðrum sviðum en sjávarútvegi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um þau skilyrði sem sjávarbyggðir þurfa að uppfylla skv. 1. mgr. til að fá innviðastuðning, úthlutun innviðastuðnings og hvernig stuðningurinn skiptist á milli sjávarbyggða, eftirlit og eftirfylgni.

64. gr.

Frístundaveiðar í atvinnuskyni.

Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til frístundaveiða í atvinnuskyni skv. 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. Þeim aflaheimildum er ráðherra heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er með opinberum hætti, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal greiðsla berast til Fiskistofu fyrir úthlutun. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting. Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur skip til frístundaveiða í atvinnuskyni er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvert skip sem notað er í því skyni. Einungis er heimilt að veita leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Skip hafi haffæraskírteini og er skrásett á skipaskrá Samgöngustofu eða sérstakri skrá stofnunarinnar fyrir skip undir 6 metrum.
2. Eigendur skips fullnægi skilyrðum til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands skv. 16. gr.
3. Eigandi skips hafi leyfi skv. 7. gr. laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018.

Leyfi Fiskistofu til frístundaveiða í atvinnuskyni eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla samkvæmt lögum þessum. Afli skipa sem aðeins stunda frístundaveiðar í atvinnuskyni fellur ekki undir ákvæði X. kafla laga þessara um skiptaverðmæti sjávarafla. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs

vegna flutnings aflamarks til þessara skipa. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Leyfi skv. 3. mgr. skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn og einungis er heimilt að veita skipi leyfi annað hvort samkvæmt 1. tl. eða samkvæmt 2. tl.

Leyfishafi skal með stafrænum hætti tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipi er haldið til frístundaveiða í atvinnuskyni. Einungis er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar í þeim skipum sem leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni.

Leyfishafi sem stundar veiðar samkvæmt þessari grein þarf ekki að halda afladagbók vegna veidds afla en skal skila mánaðarlega skýrslu til Fiskistofu yfir veiddan afla. Skipstjóra skips sem hefur leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni skal veita Fiskistofu og Landhelgisgæslu Íslands aðgang að aflaskýrslu.

Leyfishafi skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að skip stundi frístundaveiðar og enn fremur ákvæði laga þessara og reglugerða settum með stoð í þeim um bann við brottkasti afla og meðferð afla.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni, úthlutun aflaheimilda og nánari reglur um aflaskýrslur.

65. gr.

Sjóstangaveiðimót.

Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til sjóstangaveiðimóta skv. 5. tölul. 1. mgr. 38. gr. Þeim aflaheimildum er heimilt að ráðstafa til veiða á opinberum sjóstangaveiðimótum sem fengið hafa vilyrði Fiskistofu til aflaskráningar.

Fiskistofa skal árlega auglýsa á vefsíðu stofnunarinnar eftir umsóknum um vilyrði vegna aflaskráningar sjóstangaveiðimóta. Fiskistofa sér um framkvæmd úthlutunar til sjóstangaveiðimóta. Sjóstangaveiðifélög sem ekki eru rekin í ábótaskyni geta ein sótt um vilyrði fyrir aflaskráningu á opinberum sjóstangaveiðimótum. Fiskistofu er heimilt að hafna umsókn félags ef gögn er varða fyrri sjóstangaveiðimót hafa ekki borist skv. 3. mgr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tiltekinn fjöldi opinberra sjóstangaveiðimóta telji ekki til aflamarks eða krókaaflamarks, enda sé afli sem veiddur er á sjóstangaveiðimóti fénýttur til að standa straum af kostnaði við sjóstangaveiðimót samkvæmt framlögðum gögnum. Staðfesting þess efnis skal send með stafrænum hætti til Fiskistofu að loknu sjóstangaveiðimóti. Umfram tekjur af sjóstangaveiðimótum skulu renna í ríkissjóð.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um umsóknir um vilyrði vegna aflaskráningar, auglýsingu Fiskistofu, veitingu vilyrða, hámark afla á hverju móti, skerðingu á magni afla fyrir hvert mót, ráðstöfun afla og aflaverðmætis, aflaskráningu og annað sem varðar framkvæmd sjóstangaveiðimóta.

XI. kafli

Sjávargróður

66. gr.

Leyfi til nýtingar sjávargróðurs.

Áður er sótt er um leyfi til nýtingar sjávargróðurs skal umsækjandi afla staðfestingar frá Skipulagstofnun um það hvort vinna þurfi umhverfismat vegna nýtingar sjávargróðurs í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Þegar

ákvörðun Skipulagsstofnunar um að nýtingin sé ekki matsskyld liggur fyrir skal umsækjandi afhenda Fiskistofu umsókn um leyfi til nýtingar.

Nýting sjávargróðurs m.a. sláttur eða tekja í atvinnuskyni innan fiskveiðilögsögu er háð almennu nýtingarleyfi Fiskistofu. Leyfi til nýtingar sjávargróðurs er heimilt að veita til allt að 10 ára í senn. Leyfi til nýtingar sjávargróðurs skal gefið út til einstaklings eða lögaðila og eftir atvikum skal það skráð á viðkomandi tæki eða búnað. Um heimild til nýtingu sjávargróðurs innan netlaga fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda skv. 10. gr. og 7. gr. c. jarðalaga nr. 81/2004.

Leyfishafi skal árlega gera áætlun um nýtingu sjávargróðurs til fimm ára í senn. Í nýtingaráætlun skal koma fram hvaða tæki og veiðarfæri eru nýtt við slátt eða töku sjávargróðurs, hvaða magn er tekið og á hvaða svæði. Einnig skal eftir atvikum tilgreina hvaða svæði verði hvíld til að örva endurvöxt. Áætlunin skal byggja á lífmassa sjávargróðurs og aðgengi að honum í fjörum. Fiskistofa skal birta nýtingaráætlanir leyfishafa með opinberum hætti. Birting á vefsíðu stofnunarinnar telst vera opinber birting.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um nýtingu sjávargróðurs, leyfi til nýtingar, gerð og innihald nýtingaráætlana, um skilyrði fyrir tæki, búnað og veiðarfæri sem notuð eru við öflun sjávargróðurs og um form og efni ákvörðunar um leyfi til nýtingar á sjávargróðri.

Liggi fyrir upplýsingar um verulega neikvæðar breytingar á þeim umhverfisþáttum sem fylgst er með vegna nýtingar sjávargróðurs innan tíma útgefins leyfis, er Fiskistofu að undangengnum athugasemdafresti fyrir leyfishafa, heimilt að fella leyfi til nýtingar sjávargróðurs tímabundið úr gildi.

67. gr.

Þangsláttur.

Enginn má stunda þangslátt í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess leyfi samkvæmt 66. gr. Leyfi til þangsláttar skal bundið við þau sláttutæki, eða þangskurðarpramma, sem hagnýtt eru af leyfishafa. Leyfið er óskiptanlegt og óframseljanlegt. Ráðherra er heimilt að binda leyfi samkvæmt þessari grein skilyrðum sem varðað geta m.a. löndun, vigtun, eftirlit og skráningu.

XII. KAFLI

Nýting nytjastofna utan fiskveiðilögsögu

68. gr.

Veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögu.

Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiða af lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og kveðið er nánar á um í lögum þessum.

Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum ef það er:

1. nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands,
2. til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 1. mgr., eða
3. til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 69. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa.

Fiskistofa veitir leyfi til veiða utan fiskveiðilögsögu. Aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar innan efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Leyfið gildir einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr deilistofnum skv. 69. gr.

Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 2. mgr. eigi ekki við. Getur ráðherra í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru veiðar þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 69. og 70. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

69. gr.

Veiðar úr deilistofnum.

Um veiðar utan lögsögu Íslands úr deilistofnum skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Taki ráðherra ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa úthlutað á grundvelli veiðireynslu síðustu þriggja veiðitímabila, á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna veiðireynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan fiskveiðilögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni sem ráðherra hefur ákveðið að takmarka heildarafla skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa í samræmi við 2. mgr. 40. gr.

Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hafa hafið veiðar úr viðkomandi stofni.

70. gr.

Heildarafli úr öðrum stofnum en deilistofnum.

Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim sem um ræðir í 69. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra með reglugerð kveða á um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skal tryggt að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt aflaheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

Við skiptingu aflaheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á skulu aflaheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu síðustu þriggja veiðitímabila á undangengnum sex veiðitímabilum.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna veiðireynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 7. mgr.

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar aflaheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga þessara varðandi framsal aflaheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni sem ráðherra hefur ákveðið að takmarka heildarafla skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa í samræmi við 2. mgr. 40. gr. Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 7. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið.

Sé ekki ákveðinn heildarafli skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra með reglugerð tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. mælt fyrir um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

Ráðherra er einnig heimilt með reglugerð að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 68. gr.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hafa hafið veiðar úr viðkomandi stofni.

71. gr.

Hreinlæti, búnaður og innra eftirlit.

Ákvæði laga og reglugerða settum samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sem og um gæði, meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó

heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

72. gr.
Veiðar erlendra skipa á úthafinu.

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

XIII. kafli
Veiðigjald.
73. gr.
Gjaldskylda.

Allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða landa afla þar sem stjórn veiða fari fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skulu greiða veiðigjald svo sem í lögum þessum greinir.

Veiðigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.

Eigandi íslensks fiskiskips er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum og ber ábyrgð á greiðslu veiðigjalds af öllum afla skipsins úr nytjastofnum sjávar, sbr. 74. gr.

74. gr.
Gjaldstofn veiðigjalda.

Stofn til álagningar veiðigjalds er allur afli íslenskra fiskiskipa úr nytjastofnum sjávar samkvæmt aflaskráningarkerfi Fiskistofu að frátöldum afla sem reiknast ekki til aflamarks skips skv. 51. gr., ólögmætum sjávarafla, rannsóknarafla og afla úr stofnum sem ekki er stjórnað með aflamarki, öðrum en makríl.

Þorskur og meðafli hans í rússneskri og norskri lögsögu sem og úthafskarfi sem veiddur er á ICES-svæði 1 og 2 (í Síldarsmugunni) myndar ekki stofn veiðigjalds.

Nytjastofnar sem hafa minna aflaverðmæti en 100 millj. kr. á ári samkvæmt vegnu meðaltali næstliðinna þriggja ára mynda ekki stofn veiðigjalds.

75. gr.
Fjárhæð veiðigjalds.

Ríkisskattstjóri gerir tillögu um fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns fyrir komandi veiðigjaldsár til ráðherra eigi síðar en 1. desember. Skal tillagan vera um að veiðigjaldið nemi 33% af reiknistofni hvers nytjastofns skv. 76. gr. öðrum en uppsjávarfiski, en veiðigjald á uppsjávarfisk skal nema 45% af reiknistofni skv. 76. gr.

Ráðherra auglýsir gjaldið sem krónur á kílógramm landaðs óslægðs afla fyrir áramót.

76. gr.
Reiknistofn veiðigjalds.

Stofn til ákvörðunar veiðigjalds hvers nytjastofns skal reikna í þremur skrefum. Fyrst skal reikna fyrir hvert fiskiskip. Frá aflaverðmæti hvers nytjastofns sem skipið veiðir skal draga hlutdeild stofnsins í breytilegum og föstum kostnaði skipsins við veiðiúthald. Hlutdeild í breytilegum og föstum kostnaði við veiðiúthald skal vera jöfn hlutdeild aflaverðmætis

stofnsins af heildaraflaverðmæti skipsins á almanaksári. Þessu næst skal leggja saman þá niðurstöðu fyrir öll fiskiskip sem veiddu nytjastofninn. Að lokum skal deila í samtölu þessa með öllu aflamagni nytjastofnsins hjá öllum fiskiskipunum á sama almanaksári. Reikna skal til króna á kílógramm landaðs óslægðs afla.

Aflaverðmæti skal umreikna úr slægðum eða unnum afla til óslægðs afla og skal við þessa reikninga lækka skráð aflaverðmæti landaðs frysts afla um $^{1}/_{10}$ til að taka tillit til vinnslu um borð í skipum. Til breytilegs kostnaðar við fiskveiðar telst launakostnaður áhafna, eldsneyti eða annar orkugjafi fiskiskipa, veiðarfærakostnaður, viðhald fiskiskipa, frystikostnaður og umbúðir, löndunarkostnaður, hafnargjöld og eftirlits- og leyfisgjöld í fiskveiðum önnur en veiðigjald, flutningskostnaður, tryggingar, sölukostnaður og stjórnunarkostnaður. Til fasts kostnaðar við fiskveiðar teljast skattalegar fyrningar skipa og skipsbúnaðar. Séu skattalegar fyrningar samtals hærri en 20% af fyrningargrunni að viðbættum 200 millj. kr. skal ríkisskattstjóri dreifa því sem umfram er á næstu fimm ár. Áætluð vaxtagjöld skulu nema sömu fjárhæð og þær fyrningar sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á veiðigjaldi á ári hverju.

Eigendum, útgerðaraðilum og rekstraraðilum íslenskra fiskiskipa er skylt að skila sérstakri greinargerð um tekjur og kostnað af veiðum fiskiskipa og úthaldi þeirra, sundurgreint á einstök fiskiskip, með skattframtölum á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ákvæði 90. og 92.– 94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, gilda um öflun og skil þessara upplýsinga, eftir því sem við á. Sé upplýsingum ekki skilað eða ef upplýsingar sem látnar eru í té reynast ófullnægjandi eða ótrúverðugar, eða frekari þörf er talin á upplýsingum um einstök atriði, skal ríkisskattstjóri skora á viðkomandi að bæta úr. Verði áskorun um úrbætur ekki sinnt skal áætla tekjur og kostnað og skal miða fjárhæð kostnaðar við að hún sé ekki hærri en raunverulegur kostnaður. Við þessa áætlun er heimilt að taka mið af gögnum og upplýsingum sem aflað er hjá opinberum stofnunum og einkaaðilum. Jafnframt er heimilt að leiðrétta sýnilegar villur eða mistök í upplýsingum. Fiskistofu er heimilt að miðla upplýsingum til embættis ríkisskattstjóra úr aflaskýrslum og vigtar- og ráðstöfunarskýrslum og skal hún vera embættinu til ráðuneytis um þau gögn sem stofnunin lætur því í té.

Komi í ljós við yfirferð greinargerðar sem getur í 3. mgr. að hún er ranglega útfyllt þannig að tekjur eru verulega vantaldar eða kostnaður oftalinn skal ríkisskattstjóri leggja á rekstraraðila sérstakt gjald sem nemur 5% af vantalinni tekjufjárhæð og/eða oftöldum kostnaði. Gjald þetta skal leggja á óháð því hvort vantaldar tekjur og/eða oftalinn kostnaður leiðir sem slíkur til leiðréttingar á reiknistofni veiðigjalds. Þá varðar engu þótt leiðrétting sé gerð síðar en tillaga er gerð til ráðherra skv. 75. gr. Ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu þessa gjalds er kæranleg til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

Í þeim tilvikum þegar ekki liggja fyrir full skil upplýsinga sem getur í 2. og 3. mgr. skal engu síður reikna stofn veiðigjalds fyrir nytjastofna, eftir atvikum með beitingu þeirra heimilda sem kveðið er á um í 3. mgr.

Hafi útreikningur reiknistofns reynst verulega rangur af einhverjum ástæðum er heimilt að endurákvarða gjaldið, samkvæmt ákvæðum 75. gr., til allt að síðustu tveggja veiðigjaldsára, þótt í ljós hafi komið að álagning hafi verið of lág.

77. gr.

Álagning og innheimta veiðigjalds.

Skráður eigandi skips við álagningu veiðigjalds er ábyrgur fyrir greiðslu þess. Ef fleiri en einn eigandi eru að skipi bera allir eigendur þess óskipta ábyrgð á greiðslu veiðigjalds.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Veiðigjald fellur í gjalddaga 1. hvers mánaðar vegna veiða þarsíðasta mánaðar. Við álagningu skal leiðrétta fyrir slægingu eða annarri aflameðferð fyrir löndun ef við á.

Við álagningu veiðigjalds skal frítekjumark nema 40% af fyrstu 6 millj. kr. álagningar hvers árs hjá hverjum gjaldskyldum aðila. Þessi fjárhæð tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 75. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta veiðigjald og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess, sbr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019. Sé veiðigjald ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sé veiðigjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal Fiskistofa fella almennt veiðileyfi hlutaðeigandi skips niður. Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimiluð miðlun upplýsinga af þessu tilefni. Kröfum um greiðslu veiðigjalds fylgir lögveð ríkissjóðs í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddaga. Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.

Fiskistofa birtir árlega upplýsingar um álagningu veiðigjalds með opinberum hætti. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting. Upplýsingar um álagningu og innheimtu veiðigjalds á hvern og einn greiðanda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

78. gr.

Veiðigjald á einstaka nytjastofna.

Veiðigjald fyrir hvern hval er sem hér segir:

a. langreyður 50.000 kr.,
b. hrefna 8.000 kr.

Veiðigjald á sjávargróður er 500 kr. á hvert landað tonn hrossaþara og stórþara (blautvigt). Fjárhæðir 1. og 2. mgr. taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 75. gr.

Í milliríkjasamningi um heimildir erlendra fiskiskipa til fiskveiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu eða samkvæmt aflaheimild íslenskra stjórnvalda í deilistofnum er heimilt að semja um fjárgreiðslu til íslenskra stjórnvalda og gildir 77. gr. í slíkum tilvikum.

XIV. kafli

Skiptaverðmæti sjávarafla.

79. gr.

Óunnin afli seldur.

Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á aflaheimildum. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði eldsneytis til fiskiskipa með hliðsjón af því verði birgja olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um hækkun og lækkun skiptahlutfalls. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á eldsneytisverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

80. gr.
Ísfiskur.

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í reglugerð sbr. 79. gr.

81. gr.
Frystur bolfiskur og rækja.

Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af FOB-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af CIF-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálft prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 80. gr.

XV. KAFLI
Eftirlit

82. gr.
Eftirlit Fiskistofu.

Fiskistofa annast reglulegt eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu. Eftirlitsmenn sinna m.a. verkefnum skv. 86. gr., fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, útflutningi afla og afurða samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Umfang og tíðni eftirlits Fiskistofu skal áhættumiðað þannig að eftirliti sé hagað í hlutfalli af áhættu í rekstri eftirlitsþega samkvæmt lögum þessum. Getur Fiskistofa enn fremur leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslu Íslands til að sinna eftirliti. Telji Fiskistofa að eftirlit geti ekki farið fram á sjó, er með atbeina Landhelgisgæslu Íslands, skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar, þar sem eftirlit getur farið fram. Um eftirlit að öðru leyti gilda ákvæði laga um Fiskistofu, nr. 36/1992.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 86. gr. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd eftirlits Fiskistofu og ákveða að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um eftirlit Fiskistofu og skyldu

útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávarafla sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

83. gr.

Tilkynningaskylda til Fiskistofu.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, er skylt að láta Fiskistofu ókeypis í té og á stafrænu formi eða í því formi, sem stofnunin hefur ákveðið, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

84. *gr*.

Upplýsingaskylda um eigendaskipti.

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild til Fiskistofu. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 93. gr.

Nú vanrækir aðili skv. 2. mgr. að verða við beiðni Fiskistofu um að veita tilgreindar upplýsingar og skal þá Fiskistofa skora á hann að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að 20 dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita upplýsingarnar.

85. gr.

Upplýsingaskylda um viðskipti með sjávarafla.

Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávarafla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjaldslaust og í því formi sem Fiskistofa ákveður. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugeymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasamtökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar séu ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 89. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem

óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávarafla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja og skal miða við að það skuli vera svo ríflegt að ekki sé hætta á því að það sé lægra en það er í raun og veru.

86. gr.

Eftirlit með veiðum.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að.

Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur fiskara á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar eða að ekki sé farið að lögum og reglum um veiðarfæri skal Fiskistofa setja eftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess. Hafi eftirlitsmaður í þessu skyni verið um borð í fiskiskipi einn dag eða eina veiðiferð á sama fiskveiðiári skal Fiskistofa ákveða hvort ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með veiðum skipsins áfram. Skal útgerð skipsins tilkynnt ákvörðun Fiskistofu. Um fjárhæð kostnaðar útgerðar vegna eftirlits samkvæmt þessari grein vísast til gjaldskrár Fiskistofu. Hafi eftirlitsmaður á sama fiskveiðiári verið fleiri en einn dag eða eina veiðiferð um borð í fiskiskipi samkvæmt þessari grein skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá og með öðrum degi eða annarri veiðiferð.

Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu hjá vigtunarleyfishafa verulegt frávik á íshlutfalli í afla skips í tiltekinni fisktegund miðað við meðaltal íshlutfalls skipsins í fyrri löndunum skal Fiskistofa fylgjast með allri vigtun hlutaðeigandi vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur. Skal vigtunarleyfishafa tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Vigtunarleyfishafi greiðir allan kostnað vegna eftirlits samkvæmt þessari málsgrein. Um fjárhæð og kostnað eftirlitsmannsins fer eftir gjaldskrá Fiskistofu.

87. gr.

Eftirlit með vinnslu á sjó.

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til vinnslu afla um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn

skips, útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í skip sem vinnur afla um borð eftir því sem ástæða er talin til.

XVI. KAFLI
Sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

88. gr.
Gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Greiða skal sérstakt gjald fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla og skal gjaldið nema andvirði gjaldskylds afla. Ólögmætur er sá sjávarafli:

1. sem er umfram það aflamark eða krókaaflamark sem fiskiskip hefur eða umfram hámarksafla sem fiskiskip er settur með öðrum hætti,
2. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
3. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,
4. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
5. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,
6. sem er umfram uppgefin kaup eða aðföng í kjölfar eftirlits Fiskistofu.

Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 1. mgr.

Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afla síðustu fjögurra fiskveiðiára sem næst eru á undan því fiskveiðiári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

Gjald skv. 1. mgr. skal renna í ríkissjóð. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til sjóðs, sem nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

89. gr.
Greiðsluskylda.

Gjald skv. 88. gr. skal lagt á þann sem hefur gert út skip sem veitt hefur gjaldskyldan afla.

Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 3. mgr. 85. gr.

90. gr.
Innheimta gjalds og þvingunarúrræði.

Fiskistofa fer með álagningu og innheimtu gjalds skv. 88. gr. Ráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Gjaldið. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

Álagning gjalds er aðfararhæfákvörðun, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt ákvörðun. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar. Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar.

Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.

91. gr.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir, nýsköpun og menntun á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum.

Verkefnasjóður lýtur stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur um úthlutanir úr sjóðnum til ráðherra. Ráðstöfunarfé sjóðsins samanstendur af fjárveitingu af fjárlögum hverju sinni og öðrum tekjum eftir því sem þeim er til að dreifa.

Stjórn sjóðsins hefur umsjón með rekstri hans. Heimilt er að fela þriðja aðila reksturinn. Stjórnin skilar ársreikningi og reglulegu yfirliti um störf sín til ráðherra. Þóknun stjórnar er ákveðin af ráðherra. Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Ráðherra setur sjóðnum reglur um auglýsingar, meðferð og mat umsókna, framkvæmd úthlutunar o.fl. að fenginni tillögu stjórnar.

XVII. KAFLI

Viðurlög.

92. gr.

Krafa um úrbætur og áminning.

Þegar til greina kemur að svipta leyfi samkvæmt lögum þessum eða beita stjórnvaldssektum skv. 99. gr. skal Fiskistofa fyrst veita hlutaðeigandi skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Við fyrsta minni háttar brot sem varðar sviptingu leyfis skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi skriflega áminning.

93. gr.

Dagssektir.

Fiskistofu er heimilt, að undangenginni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir á hvern þann sem tregðast við að láta stofnuninni í té upplýsingar eða veita aðgang að gögnum eða aðstöðu samkvæmt lögum þessum.

Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal m.a. líta til eðlis og alvarleika vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Dagsektir falla á fyrir hvern dag sem líður frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að tilkynnt var um ákvörðun og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað eða veittur hefur verið aðgangur að aðstöðu eða gögnum. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðili veiti um síðir umbeðnar upplýsingar eða verði að öðru leyti við beiðni Fiskistofu samkvæmt þessari grein.

Ákvarðanir Fiskistofu um dagsektir eru endanlegar á stjórnsýslustigi. Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var

tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá synjuninni. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.

94. gr.

Svipting leyfa til veiða, vinnslu og nýtingar nytjastofna.

Fiskistofa getur svipt leyfishafa almennu eða sérstöku leyfi til veiða eða nýtingar nytjastofna og leyfi til vinnslu um borð í skipum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef útgerðaraðili, áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa eða leyfishafar hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Fiskistofa getur svipt erlent skip leyfi til veiða innan fiskveiðilögsögu brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, öðrum lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerðum settum með stoð í lögum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni halda áfram að líða við upphaf næsta veiðitímabils. Þar til réttaráhrifum leyfissviptingar lýkur er hvorki heimilt að flytja réttindi grásleppuveiðileyfis af bát né réttindi grásleppuveiðileyfis til viðkomandi báts.

95. gr.

Svipting veiðileyfis vegna veiða umfram aflaheimildir.

Útgerð og skipstjóra fiskiskips er skylt að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla. Fiskistofa skal fylgjast með nýtingu fiskiskipa á aflaheimildum. Bendi upplýsingar Fiskistofu til að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund skal Fiskistofa senda útgerð og skipstjóra stafræna tilkynningu um það og jafnframt tilkynna að skipið sé svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða virka degi frá tilkynningunni hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma.

Telji móttakandi tilkynningar að upplýsingar Fiskistofu um afla skips séu rangar og að skipið hafi ekki veitt umfram aflaheimildir skal hann innan þriggja virkra daga frá tilkynningu koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa getur veitt lengri frest til athugasemda ef ástæða er til að ætla að skráning afla eða aflaheimilda sé röng.

Óheimilt er að stunda veiðar í atvinnuskyni eftir að rafræn tilkynning hefur verið send þar til aflaheimildir fiskiskips hafa verið auknar þannig að það sé ekki í umframaflastöðu.

Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju.

Komi til leyfissviptingar í annað sinn á sama fiskveiðiári vegna veiða umfram aflaheimildir skal Fiskistofa svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur til viðbótar þeim tíma sem leiðir af leyfissviptingu skv. 1. mgr., í sex vikur gerist það í þriðja sinn og í tólf vikur gerist það oftar. Úthlutun aflaheimilda í upphafi nýs fiskveiðiárs hefur ekki áhrif á lengd leyfissviptingar samkvæmt þessari málsgrein. Um framkvæmdina fer að öðru leyti skv. 1. mgr.

96. gr.

Svipting leyfis til vigtunar afla.

Fiskistofa skal svipta aðila leyfi til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 30. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en sextán vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

Brjóti aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum VI. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, enda geri aðili þá í umsókn um leyfi fullnægjandi grein fyrir hvernig hann hyggst tryggja að framkvæmd vigtunar verði í samræmi við lög og reglur. Heimavigtunarleyfi, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 30. gr., skal þó ekki veitt aðila fyrr en eitt ár er liðið frá afturköllun fyrra leyfis.

Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skv. 4. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en tvö ár eru liðin frá því að leyfi var síðast afturkallað.

Ef ítrekað eru veruleg frávik á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá vigtunarleyfishafa, sbr. 7. mgr. 80. gr., skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár.

97. gr.

Opinber birting viðurlagaákvarðana.

Fiskistofa skal reglulega birta opinberlega upplýsingar um sviptingu aflaheimilda. Skal þar tilgreina heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Þá skulu viðurlagaákvarðanir Fiskistofu birtar opinberlega. Birting á vefsíðu Fiskistofu telst vera opinber birting.

98. gr.

Ítrekunaráhrif.

Áminningar, sviptingar veiðileyfa og vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. lögum þessum skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

99. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn eftirfarandi ákvæðum eða reglum settum með stoð í þeim:

1. 1. og 2. mgr. 9. gr. um bann við veiðum íslenskra skipa í fiskveiðilögsögu Íslands án leyfis til veiða í atvinnuskyni,
2. 3. mgr. 9. gr. um bann við veiðum erlendra skipa í fiskveiðilögsögu Íslands,
3. 13. gr. um banni við veiðum innan viðmiðunarlínu eða með tilteknum tegundum veiðarfæra,

4. 14. gr. um bann við veiðum á svæðum vegna skyndilokana,
5. 17. gr. um almennt veiðileyfi,
6. 1. mgr. 19. gr. um veiði og meðferð afla og um að hirða og landa öllum afla,
7. 21. gr. um bann við því að erlend veiðiskip og vinnsluskip hafist við í fiskveiðilögsögu Íslands,
8. 22. gr. um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf um afla,
9. 1. mgr. 23. gr. um gerð og útbúnað veiðarfæra,
10. 2. mgr. 23. gr. um að vitja og draga net og önnur veiðarfæri með eðlilegum og reglubundnum hætti,
11. 28. gr. um aðgreiningu tegunda og meðafla,
12. 29. gr. um löndun afla,
13. 1. mgr. 30. gr. um vigtun afla á hafnarvog,
14. 1. mgr. 33. gr. með því að hindra aðgang eftirlitsmanna eða starfsmanna hafnaryfirvalda,
15. 4. mgr. 37. gr. um að óheimilt sé að hefja veiðiferð nema skip hafi nauðsynlegar aflaheimildir sem ætla má að dugi í veiðiferðinni,
16. 3. mgr. 41. gr. um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf,
17. 53. gr. um veiðarfæri krókaaflamarksbáta,
18. 57. -59. gr. um strandveiðar,
19. 64. gr. um frístundaveiðar,
20. 65. gr. um sjóstangaveiðimót,
21. 66. gr. um nýtingu sjávargróðurs,
22. 67. gr. um þangslátt,
23. 68. gr. um leyfi til veiða utan lögsögu Íslands,
24. 71. gr. um hreinlæti, búnað og innra eftirlit og meðferð og nýtingu afla,
25. 82. gr. um skyldu hlutaðeigandi til að fara að fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram og um nauðsynlegan aðgang eftirlitsmanna til að geta sinnt starfi sínu,
26. 83. gr. um tilkynningarskyldu,
27. 84. gr. um upplýsingaskyldu,
28. 1. og 2. mgr. 85. gr. um upplýsingagjöf um viðskipti með sjávarafla,
29. 3. mgr. 86. gr. um skila á aflatilkynningum og tilkynningarskyldu,
30. 86.-87. gr. um að veita eftirlitsmönnum aðstoð og aðstöðu um borð í skipi eða með því að hindra aðgang eftirlitsmanna,
31. Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða viðmið um fjárhæð stjórnvaldssekta vegna brota á einstökum ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim innan þess ramma sem ákveðinn er í 3. mgr.

Sektir geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hinum leyfisskylda aðila. Við ákvörðun um hlutfall skal m.a. taka tillit til eðlis, umfangs og alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins. Fiskistofu er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti. Skal upphæð stjórnvaldssektar þá ákveðin sem allt að tvöfalt margfeldi af hagnaði aðila.

Unnt er að lækka sektir ef einstaklingur eða lögaðili hefur haft frumkvæði að því að láta Fiskistofu í té upplýsingar eða gögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg til að upplýsa brotið og að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fiskistofa mælir fyrir um í reglum.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Ákvörðun Fiskistofu um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Ákvörðun Fiskistofu er endanleg á stjórnsýslustigi. Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og er málshöfðunarfrestur þrír mánuðir frá því að tilkynnt var um ákvörðun. Málskot frestar aðför.

100. gr.

Sátt.

Hafi aðili brotið gegn ákvæðum laga þessara eða ákvörðunum Fiskistofu á grundvelli þeirra er Fiskistofu heimilt að ljúka málinu með sátt gangist hinn brotlegi aðili við broti og óski eftir því að ljúka málinu með þeim hætti, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot. Slík sátt getur eftir atvikum falið í sér að hinn brotlegi greiði stjórnvaldssekt. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fiskistofu er heimilt að setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

101. gr.

Réttur einstaklings til að fella ekki á sig sök.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fiskistofa skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

102. gr.

Kæra til lögreglu.

Fiskistofu er heimilt að kæra brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fiskistofa hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fiskistofu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fiskistofa á hvaða stigi málsins sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Varði brot á lögum þessum refsiábyrgð fyrir bæði einstakling og lögaðila skal meta, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða, hvort báðir skuli kærðir til lögreglu eða einungis annar. Kæra til lögreglu útilokar ekki að öðrum aðila verði gerð stjórnvaldssekt vegna sama brots.

Með kæru skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fiskistofu um að kæra mál til lögreglu. Rétt er Fiskistofu þó að tilkynna aðila um að mál hans hafi verið kært til lögreglu.

Fiskistofu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem til rannsóknar eru hjá lögreglu og ákæruvaldi og taka þátt í aðgerðum lögreglu að öðru leyti.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fiskistofu í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast brotum sem til meðferðar eru hjá stofnuninni og taka þátt í aðgerðum hennar að öðru leyti.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fiskistofu til meðferðar og ákvörðunar.

103. gr.

Refsiábyrgð.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, sé um stórfelld eða ítrekuð brot gegn:

1. banni við veiðum í fiskveiðilögsögu Íslands án leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 9. gr.
2. banni við veiðum erlendra skipa í fiskveiðilögsögu Íslands skv. 3. mgr. 9. gr.
3. banni við veiðum innan viðmiðunarlínu eða með tilteknum tegundum veiðarfæra skv. 13. gr.
4. banni við veiðum á svæðum sem hefur verið skyndilokað skv. 14. gr.
5. tilkynningaskyldu og upplýsingagjöf um afla skv. 22. gr.
6. löndun afla skv. 29. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann, starfsmann eða annan aðila sem starfar á vegum lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður, starfsmaður eða annar aðili á vegum lögaðilans með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

104. gr.

Upptaka veiðarfæra.

Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn 2. og 3. mgr. 9. gr. og 18. gr. laga þessara skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar skv. 3. mgr. 13. gr. og 14. gr. laga þessara.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

105. gr.

Upptaka afla.

Hafi afli fengist á ólögmætan hátt skulu brot auk refsingar samkvæmt framansögðu varða upptöku afla.

Komi í ljós við athugun á afla um borð í erlendu fiskiskipi að aflamagn um borð í skipinu er ekki í samræmi við skráðan afla eða tilkynningar til stjórnvalda er heimilt að gera það aflamagn sem umfram er hinn skráða eða uppgefna afla upptækt. Á sama hátt skal gera þann afla upptækan sem umfram er þær heimildir sem erlendum skipum eru veittar af íslenskum stjórnvöldum. Í stað þess að gera afla upptækan samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

106. gr.

Kyrrsetning skipa.

Heimilt er að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 4. mgr. 106. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

XIX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

107. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir Fiskistofu samkvæmt lögum þessum verður skotið til ráðherra, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt lögum þessum um álagningu stjórnvaldssekta og ákvörðunum þar sem samhliða er kveðið á um sviptingu leyfa samkvæmt lögum þessum og álagningu stjórnvaldssektar verður einungis skotið til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrír mánuðir frá því ákvörðun er tekin.

Kæra til ráðherra eða málshöfðun til dómstóla frestar ekki réttaráhrifum sviptingar leyfa samkvæmt lögum þessum.

Málshöfðun til dómstóla frestar aðför ákvörðunar Fiskistofu um álagningu stjórnvaldssektar.

108. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara um:

1. mörk verndarsvæða í hafi, sbr. 2. mgr. 12. gr.,
2. viðmiðunarlínu umhverfis landið þar sem notkun tiltekinna veiðarfæra er bönnuð eða takmörkuð og tegundir og gerð veiðarfæra sem leyfilegt er að nota, sbr. 14. gr.,
3. skyndilokun veiðisvæða, sbr. 14. gr.,
4. skráningu og skil aflaupplýsinga, sbr. 20. gr.,
5. gerð, vitjun og útbúnað veiðarfæra, sbr. 23. gr.,
6. almennar og svæðisbundnar reglur um veiðar úr tilteknum stofnum, sbr. 3. málsl. 24. gr.,
7. búnað um borð í skipum sem fá leyfi til vinnslu afla, sbr. 3. mgr. 27. gr.,
8. hvernig skuli standa að aðgreiningu tegunda, sýnatöku, flokkun meðafla og útreikningi við löndun afla, sbr. 5. mgr. 28. gr.,
9. kröfur til aðstöðu á höfnum til vigtunar sjávarafla og eftirlits, sbr. 4. mgr. 30. gr.,
10. skilyrði til endurvigtunar, búnað og framkvæmd, sbr. 31. gr.,
11. eftirlit með vigtun, vigtun afla og söfnun upplýsinga um landað aflamagn, sbr. 2. mgr. 33. gr.,
12. árlega þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á, sbr. 37. gr.,
13. framkvæmd við skiptingu í aðrar tegundir til að tryggja tegundarsamsetningu, sbr. 4. mgr. 37. gr.,
14. þorskígildisstuðla fyrir hverja tegund fyrir hvert fiskveiðiár, sbr. 39. gr.,
15. úthlutun á aflahlutdeild í makríl, sbr. 6. mgr. 40. gr.,
16. þær tegundir sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, sbr. 2. mgr. 43. gr.,
17. form tilkynninga um flutning aflamarks, gerð þjónustusamninga, framkvæmd flutnings aflamarks, greiðslu gjalds vegna flutnings aflamarks, flutning á ónýttu aflamarki og nánari skilyrði fyrir flutningi aflamarks, sbr. 52. gr.,
18. leyfðan meðafla krókaaflamarksbáta, sbr. 53. gr.,
19. skipulag strandveiða, skiptingu landsvæða og eignarhald skipa með strandveiðileyfi, sbr. 3. mgr. 57. gr.,
20. ráðstöfun aflamarks Byggðastofnunar, hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar, skilyrði til úthlutunar og afmörkun sjávarbyggða, sbr. 5. mgr. 61. gr.,
21. innviðastuðning, leigumarkað, tilboðsfresti, skilmála og framkvæmd, sbr. 3. mgr. 63. gr.,
22. úthlutun innviðastuðnings, þau skilyrði sem sjávarbyggðir skulu uppfylla til að fá innviðastuðning, framkvæmd við úthlutun, skiptingu milli sjávarbyggða, eftirlit og eftirfylgni, sbr. 2. mgr. 63. gr.,
23. leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni, úthlutun aflaheimilda og nánari reglur um aflaskýrslur, sbr. 64. gr.,
24. veiðar íslenskra skipa á heildarafla úr öðrum stofnum en deilistofnum sem kemur í hlut Íslands, fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa, sbr. 70. gr.,
25. hækkun eða lækkun skiptahlutfalls þegar afli er seldur óunnin hér á landi, sbr. 79. gr.,

DRÖG

26. eftirlit með veiðum sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að, sbr. 86. gr.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

1. skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra, sbr. 6. mgr. 13. gr.,
2. takmörkun veiða til eigin neyslu á tilteknum svæðum, sbr. 2. mgr. 16. gr.,
3. vistvæna orkugjafa fyrir skip, sbr. 4. mgr. 17. gr.,
4. meðferð afla, sbr. 19. gr.,
5. veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 1. málsl. 24. gr.,
6. um grásleppuveiðar, sbr. 25. gr.,
7. að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd telji aðeins að hluta í aflamarki og hvernig er staðið að frágangi fisks um borð í fiskiskipi og við vigtun sbr. 1. mgr. 28. gr.,
8. afla sem veiddur er úr deilistofnum og landað er erlendis, sbr. 1. mgr. 32. gr.,
9. heimildir erlendra skipa til að landa, sbr. 43. gr.,
10. frekari skilyrði um dreifingu og samsetningu eignarhalds aðila, sbr. 1. tl. 1. mgr. 44. gr.,
11. heimild til veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundunum, sbr. 2. mgr. 50. gr.,
12. hlutföll aflamarks í einstökum tegundum, sbr. 4. mgr. 50. gr.,
13. álag á ákveðnar tegundir afla sem fluttar eru óunnar á erlendan markað eða til vinnslu, sbr. 7. mgr. 50. gr.,
14. um heimildir Vs-afla og tímabil, sbr. 51. gr.,
15. flutning á aflamarki í tilteknum tegundum frá krókaaflamarksbátum, sbr. 54. gr.,
16. fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta, umsóknir, auglýsingu, veitingu vilyrða, hámark afla á hverju móti, ráðstöfun afla og aflaverðmætis, aflaskráningu og annað sem varðar framkvæmd sjóstangaveiðimóta, sbr. 65. gr.,
17. nýtingu sjávargróðurs, gerð og innihald nýtingaráætlana, skilyrði um tæki, búnað og veiðarfæri sem notuð eru og form og efni ákvörðunar um leyfi til nýtingar, sbr. 66. gr.,
18. veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins, sbr. 68. gr.,
19. framkvæmd eftirlits Fiskistofu og uppsetningu eftirlitsbúnaðar til fjareftirlits um borð í fiskiskipum, sbr. 3. mgr. 82. gr.,
20. eftirlit Fiskistofu og skyldu til afhendingar sérstakra skilagreina vegna eftirlits með gjaldskyldum sjávarafla, sbr. 4. mgr. 82. gr.,
21. framkvæmd tilkynningaskyldu um eigendaskipti, sbr. 84. gr.,
22. ákvörðun og innheimtu dagsekta, sbr. 93. gr.,
23. viðmið um fjárhæð stjórnvaldssekta vegna brota á einstökum ákvæðum laga þessara, sbr. 99. gr.,
24. um framkvæmd sáttar, sbr. 100. gr.

DRÖG

109. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2025. Reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga um fiskveiðistjórnun halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samræmast lögum þessum.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin tilskipun og lög:

1. tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót frá 12. febrúar 1872, með síðari breytingum,
2. lög um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði með nót, nr. 53/1901, með síðari breytingum,
3. lög um beitutekjur, nr. 39/1914, með síðari breytingum,
4. lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, nr. 4/1924, með síðari breytingum,
5. lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, með síðari breytingum,
6. lög um skiptaverðmæti, nr. 24/1986, með síðari breytingum,
7. lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992, með síðari breytingum,
8. lög um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992, með síðari breytingum,
9. lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum,
10. lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, með síðari breytingum,
11. lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, með síðari breytingum,
12. lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, með síðari breytingum
13. lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum og
14. lög um veiðigjald, nr. 145/2018, með síðari breytingum.

110. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1994:* Í stað orðanna „2. málsl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006“ og „íslenskrar fiskveiðilandhelgi“ í 1. málsl. ákvæði til bráðabirgða III. kemur: 2. málsl. 14. gr. laga um sjávarútveg og fiskveiðilögsögu.
2. *Lög um hvalveiðar, nr.* 26/1949:
    a. Í stað orðanna „fiskveiðilandhelgi“ í 1. gr. kemur: fiskveiðilögsögu.
    b. 10. gr. orðast svo: Um brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim gilda ákvæði 92 – 94. gr. og 97 – 106. gr. laga um sjávarútveg.
3. *Lög um ársreikninga, nr. 3/2006*: Í stað orðanna „lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands“ í e. lið 9. tölulið1. mgr. 2. gr. kemur: lögum um sjávarútveg.
4. *Lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019*: Í stað orðanna „lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands“ í e. lið 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. kemur: lögum um sjávarútveg.
5. *Lög um Fiskistofu, nr*. 36/1992:

DRÖG

a. Í stað orðanna „laga um stjórn fiskveiða“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. kemur: laga um sjávarútveg.
b. Í stað orðanna „lögum um stjórn fiskveiða, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um vinnslu afla um borð í skipum“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: lögum um sjávarútveg.
c. Í stað orðanna „6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða“ í 1. tl. 2. mgr. 5. gr. kemur: 5. mgr. 38. gr. laga um sjávarútveg.
d. 2. tl. 2. mgr. 5. gr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands“ í 1. mgr. 6. gr. kemur: laga um sjávarútveg.
f. Í stað orðanna „laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: laga um sjávarútveg.

6. *Lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998:* Í stað orðanna „15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða“ í 1. mgr. 6. gr. a. kemur: 3. mgr. 52. gr. laga um sjávarútveg.
7. *Lög um skipulag haf-* og strandsvæða, nr. 88/2018: Í stað orðanna „í 1. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.“ í kemur: skv. 1. mgr. 13. gr. laga um sjávarútveg.
8. *Skipalög, nr. 66/2021*: Í stað orðanna „laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998“ í 1. mgr. 7. gr. kemur „laga um sjávarútveg.
9. *Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944*: Í stað orðsins „fiskveiðilandhelgi“ í c. lið 5. mgr. 12. gr. kemur: fiskveiðilögsögu.
10. *Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021:*
    a. Í stað heitisins „1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi“ í flokki framkvæmda í 1. viðauka við lögin kemur: 1. Landbúnaður, skógrækt, fiskeldi og nýting sjávargróðurs.
    b. Ný lína bætist við 1. flokk framkvæmda í 1. viðauka við lögin, sem er svohljóðandi:

1.11	Nýting sjávargróðurs		X

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Ef Fiskistofa kemst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun skv. 48. gr. að aflahlutdeild tengdra útgerðaraðila sé ekki innan leyfilegra marka skv. 43. og 44. gr., sbr. 45. gr., skal tímafrestur útgerðaraðila til að koma aflahlutdeild undir leyfileg mörk vera þrjú ár. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir um ákvarðanir Fiskistofu skv. 48. gr. sem teknar eru fyrir árslok 2025. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þó ekki ef niðurstaða Fiskistofu samkvæmt framansögðu grundvallast á því að útgerðaraðilar séu tengdir aðilar skv. 45. gr. og sú niðurstaða hefði rúmast innan skilgreiningar tengdra aðila í 4. mgr. 13. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, ef leyst hefði verið úr málinu á grundvelli þess ákvæðis.

DRÖG

II.

Þrátt fyrir 1. mgr. 38. gr. er ráðherra heimilt að verja hluta af því sem dregið er frá heildarafla til línuívilnunar.

Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa skv. lögum um vaktstöð siglinga nr. 41/2003. Línuívilnun í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við magn í óslægðum botnfiski sem ráðherra ákveður og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir ráðherra hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð og tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð.

Það hlutfall sem dregið er frá heildarafla til línuívilnunar skal skerðast um 25% á ári og línuívilnun skal hætt 31. desember 2028.

III.

Þrátt fyrir 1. mgr. 38. gr. er ráðherra heimilt að verja hluta af því sem dregið er frá heildarafla til sérstakrar úthlutunar aflamarks til skel- og rækjubáta. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubóta og kveða á um verðmætastuðul tegunda og úthlutun uppbóta sem skiptast á þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu.

Það hlutfall sem dregið er frá heildarafla til sérstakrar úthlutunar til skel- og rækjubóta skal skerðast um 25% á ári og sérstakri úthlutun aflamarks til skel og rækjubáta skal hætt 31. desember 2028.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta til laga um sjávarútveg er samið í matvælaráðuneytinu. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um sjávarútveg. Frumvarpið felur í sér að sameinaðir eru í ein heildarlög ákvæði eldri laga er varða fiskveiðistjórnun. Er það lagt til m.a. til að auðvelda yfirsýn yfir málaflokkinn fyrir almenning, hagaðila sem og stjórnvöld. Frumvarpið byggir á ákvæðum núgildandi laga er varða fiskveiðistjórnun og er samhljóða þeim, að frátöldum fáeinum nýmælum sem sérstök grein er gerð fyrir í athugasemdum. Nýmælin byggja annars vegar á tillögum starfshópa Auðlindarinnar okkar sem kynntar voru 29. ágúst 2023 í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur og hins vegar á stefnumótun stjórnvalda, m.a.

matvælastefnu til 2040 og fjármálaáætlun 2024-2028. Undirbúningur við gerð nýrra heildarlaga hófst í upphafi ársins 2023.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Löggjöf í sjávarútvegi.

Um sjávarútveg og fiskveiðistjórnun gilda fjölmargir lagabálkar og eru þeir margir komnir nokkuð til ára sinna og efni þeirra samrýmist ekki endilega þeim kröfum sem gerðar eru til efnis og skýrleika löggjafar í dag. Nokkur fjöldi lagabálka voru settir á fyrri hluta síðustu aldar og eru enn í gildi. Má þar nefna lög um beitutekjur nr. 39/1914, lög um að miða við gullkrónu sektir fyrir landhelgisbrot nr. 4/1924 og lög um vísindalega verndun fiskimiða og landgrunnsins, nr. 44/1948. Þá er hluti lagabálkanna frá níunda og tíunda áratugnum, svo sem lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi, nr. 79/1997, lög um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, lög um vinnslu afla um borð í skipum nr. 54/1992 og lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla nr. 37/1992. Þrátt fyrir að lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 hafi verið endurútgefin á 132. löggjafarþingi 2005-2006, eru lögin í grunninn byggð á eldri lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar hefur margoft verið breytt og jafnan í kjölfar niðurstöðu dómstóla, álita og úrskurða, þar sem reynt hefur á stjórnskipulegt gildi einstakra ákvæða laganna. Sem dæmi um slíkt eru lög um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (stjórn veiða á markíl) sem breyttu samnefndum lögum nr. 151/1996 og lögum nr. 116/2006, í kjölfar dóma Hæstaréttar frá 6. desember 2018 í málum nr. 508/2017 og 509/2017, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði í reglugerð um stjórn makrílveiða stæðust ekki lög.

Í ágúst 2022 birti matvælaráðuneytið athugun á lagaumgjörð og stjórnsýslu ráðuneytisins, þar sem m.a. var fjallað um löggjöf sem snýr að sjávarútvegi. Athugunin leiddi í ljós að nokkrir lagabálkar á málefnasviði matvælaráðuneytis samræmast ekki þeim kröfum sem gerðar eru til efnis og skýrleika löggjafar í dag. Kom þar einnig fram að mögulega væri tilefni til að sameina löggjöf í sjávarútvegi í ein heildarlög, þar sem núgildandi löggjöf er sundurleit, skörun geti verið á milli lagabálka og einstökum lagaákvæðum oft verið breytt. Umboðsmaður Alþingis benti einnig á í áliti sínu frá 30. september 2020 í máli nr. 9802/2018, að ítrekaðar lagabreytingar á þessu sviði yfir langt árabil án þess að hugað væri að endurskoðun laganna í heild gæti orðið þess valdandi að óskýrt er hver sé gildandi réttur. Jafnframt benti umboðsmaður á að í stjórnvaldsfyrirmælum á þessu sviði tíðkaðist að nokkru marki að í reglugerðum væri um stoð þeirra vísað almennt til laga eða jafnvel nokkurra lagabálka án þess að nánar væri tilgreint hver væri sú lagaheimild sem stjórnvaldið byggði á þegar reglugerð eða nánari ákvæði hennar væru sett.“ Í athugun ráðuneytisins var einnig lagt til að metin yrði þörf fyrir orðskýringar, hugað að skipulagi og framsetningu heimilda til setningu stjórnvaldsfyrirmæla og skýra form og efni valdheimilda. Þá hefur Fiskistofa einnig bent á að einfalda megi regluverk með fiskveiðistjórnun með því að sameina lögin í einn lagabálk, þannig að löggjöfin yrði heildstæðari, skýrari og aðgengilegri fyrir almenna borgar, hagaðila og stjórnvöld. Með vísan til framangreinds er því lagt til í frumvarpinu að ein heildarlög verði sett um sjávarútveg og taki þannig til stjórnunar, nýtingar, veiða, vinnslu, vigtun, sölu hráefnis og gjaldtöku fyrir nýtingu nytjastofna sjávar og þannig tryggð betri yfirsýn yfir gildandi lagareglur sem gilda um sjávarútveg.

2.2. Starfshópar Auðlindarinnar okkar.

Í febrúar 2022 lagði matvælaráðherra fram drög að áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla en þar var lagt til að beita nýrri nálgun við þær fjölmörgu áskoranir og tækifæri

sem eru í sjávarútvegi og snerta samfélagið allt með beinum og óbeinum hætti. Í stað þess að skipa eina stóra nefnd, var stofnað til opins og gagnsæs verkefnis fjölmargra sérfræðinga með ólíkan og fjölbreyttan bakgrunn. Markmið verkefnisins Auðlindin okkar er hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda í sátt við umhverfi sitt. Í maí 2022 skipaði matvælaráðherra samráðsnefnd um gerð sjávarútvegsstefnu sem hafði yfirsýn yfir störf fjögurra starfshópa Auðlindarinnar okkar, en samráðsnefndina skipuðu fulltrúar allra þingflokka, hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og umhverfismálum, sveitarfélaga auk formanna starfshópa verkefnisins. Þá skipaði ráðherra einnig fjóra starfshópa til að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Starfshóparnir fjórir skiluðu bráðabirgðatillögum sínum þann 17. janúar 2023 að undangenginni gagnaöflun og samtölum við fjölmarga aðila. Bráðabirgðatillögurnar voru 60 talsins og settar fram á grunni þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfi, efnahag og samfélag. Á tímabilinu 17. janúar 2023 til 29. ágúst 2023 var unnið að nánari útfærslu og mati á áhrifum bráðabirgðatillagna og úrvinnsluhópum falið að vinna nánari útfærslu. Nánari útfærsla og frekari tillögur voru svo birtar í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar – sjálfbær sjávarútvegur og nánar er fjallað um þau nýmæli í kafla 3.2. Við samningu frumvarpsins hefur einnig verið litið til ábendinga og athugasemda sem borist hafa um núgildandi ákvæði laga og lagðar til breytingar sem miða að því að einfalda og skýra stjórn fiskveiða og nýtingu nytjastofna sjávar. Hafa slíkar ábendingar og athugasemdir komið fram í umsögnum um bráðabirgðatillögur og lokaskýrslu Auðlindarinnar okkar sem og í formi ábendinga og athugasemda sem borist hafa matvælaráðuneytinu. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um breytingar sem ekki voru hluti af verkefninu Auðlindin okkar og er sérstaklega er gerð grein fyrir þeim í frumvarpinu. Þá hefur einnig verið litið til annarra eldri skýrslna við samningu frumvarpsins, má þar nefna m.a. Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi frá maí 2021, Bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni frá júní 2020 og Endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda frá febrúar 2020. Þá hafa önnur gögn sem liggja fyrir og hafa verið dregin saman á síðu Auðlindarinnar okkar verið nýtt við samningu frumvarpsins en einnig má þar nálgast yfirlit yfir þau fjölmörgu frumvörp til laga á sviði fiskveiðistjórnunar sem lögð hafa verið fyrir Alþingi frá árinu 1990.

2.3. Markmið lagasetningar.

Markmið frumvarpsins er tvíþætt, annars vegar að einfalda og uppfæra núgildandi löggjöf og tryggja betri yfirsýn um þær reglur sem gilda um nýtingu nytjastofna sjávar og hins vegar að mæla fyrir um þær breytingar sem lagðar hafa verið til að gerðar verði samkvæmt niðurstöðu verkefnisins Auðlindin okkar. Frumvarpið byggir einnig á þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040 sem samþykkt var á Alþingi 31. maí 2023 (þingskjal 1913 – 915. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023) sem og drögum að stefnu um sjávarútveg sem unnin var samhliða niðurstöðum Auðlindarinnar okkar. Stefna um sjávarútveg byggir á sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, sem felur í sér að nýting fari fram á grundvelli vistkerfis- og varúðarnálgunar og sé innan þeirra marka sem náttúran setur. Nýting sjávarauðlinda sé í sátt við samfélag, sé hagkvæm, fjölbreytt og auki verðmætasköpun. Einnig er markmið frumvarpsins að einfalda regluverk í þágu atvinnulífs og almennings samkvæmt stefnu stjórnvalda.

2.4. Sjálfbær þróun.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega litið til þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfis, samfélags og efnahags. Hugtakið sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun

sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. (Gro Harlem Brundtland). Í sinni einföldustu mynd felst sjálfbærni í því að fyrirtæki, stofnanir og hverskyns skipulagsheildir axli ábyrgð og hafi uppbyggileg áhrif á umhverfi, stjórnarhætti og samfélag. Í uppbyggingu og stefnumótun er hugað að öllum þeim hagaðilum sem koma að rekstri skipulagsheilda á einn eða annað hátt. Sjálfbærni og samfélagsábyrgð eru þannig innleidd í kjarnastarfsemi rekstrareininga. Sjálfbærnihugsun er þannig aflgjafi og uppspretta nýrra viðskiptatækifæra sem veitir fyrirtækjum og stofnunum innblástur og kraft til að bæta árangur sinn og vera samkeppnishæfari á innlendum og erlendum mörkuðum. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Þá eru innri tengsl og samþætt eðli markmiðanna afar þýðingarmikil fyrir framkvæmd þeirra. Sjálfær nýting auðlinda vísar til þess að auðlind sé nýtt með þeim hætti að hún leiði ekki til langtíma hnignunar, og viðhaldi þannig getu auðlindar eða vistkerfis til að mæta þörfum komandi kynslóða. Stjórn nýtingar lifandi auðlinda sem byggir á vistkerfisnálgun felur í sér samþættingu á stjórnun lands, vatns, hafs og lífríkis, sem ýtir undir verndun og sjálfbæra nýtingu. Taka þarf tillit til allra þátta vistkerfis og mögulegra áhrifa nýtingar á einstaka þætti þess. Sem dæmi má nefna búsvæðaskerðingu, erfðablöndun, rýrnun stofna og virkni vistgerða. Einnig skipta samfélagslegir þættir og sjónarmið máli þar sem auðlindir eru sameign allra. Það þarf að vera skýrt hvar ábyrgð á nýtingu liggur og hvernig hægt er að styðja betur við að nýtingin sé sjálfbær, þar með talið að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni, á öllum stigum nýtingar og stjórnunar.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Gildandi lög og reglur.

Meginefni frumvarpsins byggir á ákvæðum núgildandi laga, en þau eru:

1. Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948
2. Lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992
3. Lög um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992
4. Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996
5. Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996
6. Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997
7. Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998
8. Lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006
9. Lög um veiðigjald, nr. 145/2018

Einnig er með frumvarpinu lagt til að tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót frá 12. febrúar 1872, lög um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði með nót, nr. 53/1901, lög um beitutekjur, nr. 39/1914 og lög um að miða við gullkrónu sektir fyrir landhelgisbrot, nr. 4/1924 verði felld brott.

3.2. Helstu nýmæli og breytingar.

Frumvarp til laga um sjávarútveg skiptist í eftirfarandi kafla:

I.	Almenn ákvæði. (1. – 4. gr.)
II.	Nytjastofnar sjávar. (5. – 10. gr.)
III.	Rannsóknir, verndarsvæði og veiðisvæði. (11. – 14. gr.)
IV.	Veiðar og veiðileyfi. (15. – 25. gr.)
V.	Vinnsla sjávarafla um borð í skipum. (26. – 27. gr.)
VI.	Vigtun og skráning sjávarafla. (28. gr. – 36. gr.)
VII.	Aflaheimildir. (37. gr. – 42. gr.)
VIII.	Hámarksaflahlutdeild. (43. – 49. gr.)
IX.	Aflamark. (50. – 56. gr.)
X.	Byggðakerfi. (57. – 65. gr.)
XI.	Sjávargróður. (66. – 67. gr.)
XII.	Nýting nytjastofna utan fiskveiðilögsögu. (68. – 72. gr.)
XIII.	Veiðigjald. (73. – 78. gr.)
XIV.	Skiptaverðmæti sjávarafla. (79. – 81. gr.)
XV.	Eftirlit. (82. – 87. gr.)
XVI.	Sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. (88. – 91. gr.)
XVII.	Viðurlög. (92. – 106. gr.)
XVIII.	Ýmis ákvæði. (107. – 110. gr.)

3.2.1. Vistkerfis- og varúðarnálgun.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á beitingu vistkerfis- og varúðarnálgunar þegar kemur að ákvörðun um nýtingu nytjastofna sjávar. Byggist það m.a. á niðurstöðu starfshópa Auðlindarinnar okkar, en nánar er fjallað um það í bráðabirgðatillögu 5 í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur (bls. 195 – 196). Í frumvarpinu er því mælt fyrir um vistkerfi- og varúðarnálgun verði beitt með skýrari hætti en gert er í núgildandi ákvæðum laga er varða fiskveiðistjórnun. Vistkerfisnálgun er alþjóðlegt áherslumál og Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamningum þar sem aðferðafræði og innleiðing vistkerfisnálgunar er lykilmál. Eitt stærsta dæmi um það er aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, en á COP-15 fundi samningsins í desember 2022 voru samþykkt metnaðarfull markmið, Global Biodiversity Framework, um verndun, sjálfbæra nýtingu og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni þar sem aðferðafræði vistkerfisnálgunar er lögð til grundvallar. Þar eru skilgreind annars vegar fjögur meginmarkmið til ársins 2050 og hins vegar 23 aðgerða/málefna markmið til ársins 2030. Miklar áskoranir blasa við innleiðingu þessara markmiða t.d. um verndun 30% land- og hafsvæða þjóða fyrir árið 2030.

Vistkerfisnálgun er aðferð til að ná fram samþættri stjórn á nýtingu náttúruauðlinda sem miðar að vernd og sjálfbærri nýtingu með sanngirni að leiðarljósi. Aðferðin grundvallast á vísindalegri þekkingu á hinum ólíku vistkerfum og starfsemi þeirra og tekur tillit til ólíkra hagsmuna við nýtingu náttúruauðlinda. Hún gerir kröfu til þess að fylgst sé með lykilþáttum vistkerfisins og að brugðist sé án tafar við breytingum á þeim. Þetta felur í sér að leggja þarf

rækt við rannsóknir, sem og skráningu og flokkun lífríkisins, gera áætlanir um skipulega vernd þess, t.d. með neti verndarsvæða og koma á árangursríkri vöktun lykilþátta lífríkisins.

Vistkerfisnálgun felur jafnframt í sér að víðtækt samráð sé haft við alla hagsmunaaðila og almenning á öllum stigum ferilsins og við ákvarðanatöku um nýtingu og stjórnun auðlindanýtingar.

Varúðarreglan var sett fram sem 15. meginregla Ríó-yfirlýsingarinnar. Vísað er til hennar í inngangsorðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni og í aðfaraorðum EES-samningsins og hún hefur verið útfærð t.d. í 2. mgr. 2. gr. OSPAR-samningsins. Hún kemur fyrst og fremst til skoðunar þegar óvissa er til staðar eða þekkingarskortur um afleiðingar ákvarðana sem áhrif kunna að hafa á náttúruna. Varúðarregla er skilgreind í lögum um náttúruvernd. Samkvæmt því felur varúðarnálgun í sér að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli frumvarpsins, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum áhrifum á verndarstöðu og stofnstæð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa hafsins skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir neikvæð áhrif eða dregið úr þeim.

Varúðarnálgun hefur verið beitt við stjórn fiskveiða um langt árabil og er m.a. ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni, er byggð á vistkerfisnálgun innan varúðarnálgunar, þannig að þegar upplýsingar um nytjastofna sjávar eru takmarkaðir þá er ráðgjöfin varkárari en ella, til að minka möguleg neikvæð áhrif nýtingar. Stofnmat og ráðgjöf helstu nytjastofna Íslands er fjallað um af Alþjóðahafrannsóknarráðinu (ICES) en ráðið notar varúðarnálgun við ráðgjöf og markmið um hámarksafrakstur og er það leiðarljós í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla. Hámarksafrakstur miðast við að ná sem mestum afla til lengri tíma litið en einnig er það notað yfir heil vistkerfi, samfélög lífvera og einstaka stofna.

Í frumvarpinu er því lagt til að fjallað verði um varúðarnálgun og vistkerfisnálgun með skýrari hætti en gert er í núgildandi ákvæðum laga er varða fiskveiðistjórnun. Ekki er um eiginlega efnisbreytingu að ræða frá núverandi stjórnsýsluframkvæmd, enda eins og rakið er hér að framan hefur varúðar- og vistkerfisnálgun verið beitt við ráðgjöf sem Hafrannsóknastofnun hefur unnið til að tryggja sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó.

3.2.2. Verndarsvæði í hafi.

Starfshópar Auðlindarinnar okkar leggur til að unnin verði heildstæð stefna um vernd hafsvæða sem tekur til fleiri þátta en fiskveiðistjórnunar, þá verði verndarmarkmið svæða í hafi skilgreind og svæðin stækkuð en nánar er fjallað um það í bráðabirgðatillögum 6 og 7 í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur (bls. 197-199). Matvælaráðherra skipaði stýrihóp um verndun hafsvæða innan íslenskrar lögsögu þann 14. apríl 2023 sem ætlað er að horfa til markmiðs Íslands um að 30% hafsvæða verði vernduð fyrir árið 2030. Stýrihópurinn mun skila tillögum sínum í desember 2023. Í frumvarpinu hefur verið litið til þess að gera breytingar á núgildandi ákvæðum sem snúa að verndarsvæðum í hafi og takmörkun veiða innan tiltekinna svæða sem eru á forræði matvælaráðherra. Ákvæði frumvarpsins er snýr að verndarsvæði í hafi tekur þannig mið af vinnu stýrihópsins. Verndarsvæði í hafi er skilgreint í frumvarpinu sem afmörkuð svæði í hafi þar sem nýting nytjastofna, notkun veiðarfæra eða aðrar framkvæmdir sem áhrif geta haft á viðgang sjávarlífvera, sæta takmörkunum eða banni, um ákveðinn tíma eða ótímabundið, til að sporna við skaðlegum veiðum og til varðveislu hafsvæða vegna viðkvæmra vistkerfa, vistgerða, tegunda og búsvæða. Í 12. gr. frumvarpsins

er lagt til að ráðherra verði heimilt að afmarka verndarsvæði innan fiskveiðilögsögu Íslands, þar sem nýting nytjastofna er takmörkuð, notkun tiltekinna veiðarfæra er takmörkuð eða bönnuð og framkvæmdir aðrar en veiðar eru takmarkaðar ef þær geta haft afgerandi áhrif á viðgang og hagkvæma nýtingu þeirra nytjastofna sem frumvarpið tekur til, það getur t.d. verið vegna verndunar hrygningarsvæða tiltekinna tegunda. Lagt er til að Hafrannsóknastofnun geri tillögu til ráðherra um afmörkun verndarsvæði sem teljast viðkvæm, vernda þurfi vistkerfi, tegundir og búsvæði. Lagt er til að mælt verði fyrir um verndarsvæði í hafi með reglugerð. Nánar er fjallað um verndarsvæði í hafi í athugasemdum um 12. gr. frumvarpsins.

3.2.3. Viðmið um tegund veiðarfæra í stað stærð skipa.

Auðlindin okkar leggur til að horft verði frá því að miða við stærð skipa við stjórn fiskveiða og þess í stað verði miðað við tegundir veiðarfæra. Nánar er fjallað um það í bráðabirgðatillögu 8 í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur (bls. 200-201). Í núgildandi lögum er stærð skipa beitt sem stjórntæki á veiðiálagi en með framþróun og frekari tækni hefur leitt til þess að stærð skipa gefur ekki endilega til kynna hver umhverfisáhrif nýtingarinnar eru fyrir veiðisvæðin. Núverandi kerfi hefur því verið talið flókið og skip jafnvel sérsmíðuð til að falla innan ramma þess og það hvetur ekki endilega til umhverfisvænna veiða. Í frumvarpinu er því lagt til að falla frá viðmiðum um stærð skipa og þess í stað verði við nýtingu og stjórnun nytjastofna sjávar miðað við tegundir veiðarfæra og þau áhrif sem veiðarfærin kunni að hafa á viðkomandi veiðisvæði. Slíkra nýmæla er einna helst að gæta í 13. gr. frumvarpsins sem byggist að öðru leyti á 5. og 6. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Þrátt fyrir nýmæli þessi eru áfram lagt til að skilgreindir séu krókaaflamarksbátar, sem er skip minna en 30 brúttótonn og styttra en 15 metrar mælt skv. skipalögum nr. 66/2021 og hefur veiðileyfi til að stunda veiðar með línu og handfærum (krókaveiðarfærum). Nánar er fjallað um tegund veiðarfæra í athugasemdum um 13. gr. frumvarpsins.

3.2.4. Hámarksaflahlutdeild og gagnsæi í því sambandi.

Í 44.-50. gr. frumvarpsins, sbr. VIII. kafla, eru lögð til ákvæði um hámarksaflahlutdeild og tengd atriði, þ.m.t. framfylgd þeirra af hálfu Fiskistofu, upplýsingagjöf útgerðaraðila og gagnsæi að því er varðar aflaheimildir og yfirráð yfir þeim, þ.m.t. tengda aðila í sjávarútvegi. Tillögurnar eru rökstuddar og skýrðar nánar í eftirfarandi köflum greinargerðar þessarar.

3.2.4.1. Mörk hámarksaflahlutdeildar.

3.2.4.1.1. Gildandi lagaákvæði um hámarksaflahlutdeild.

Í 13. gr. gildandi laga eru sett hámörk á hve mikla aflahlutdeild (hlutfall í leyfilegum heildarafla hvers fiskveiðiárs) einstakir útgerðaraðilar og tengdir aðilar geta haft á hverjum tíma. Ákvæðin taka mið af því að aflahlutdeildir fela í sér takmörkuð gæði og eru auk þess varanlegar í þeim skilningi að þær verða einungis felldar niður með lögum. Þá eru aflahlutdeildir framseljanlegar að ákveðnu marki sem gerir það að verkum að þær geta skipt um hendur og eftir atvikum safnast á hendur æ færri aðila.

Hámarksaflahlutdeild felur í sér lögbundin hámörk á hve mikla aflahlutdeild viðkomandi getur haft bæði í einstökum tegundum svo og samanlagt í öllum tegundum sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla, eins og nánar er lýst í eftirfarandi töflu:

Aflahlutdeild	**Hámark**
– Þorskur	12%
– Ýsa, ufsi, grálúða, síld, loðna og úthafsrækja	20%
– Karfi	35%
– Aðrar tegundir (hver um sig a.m.k. 2% af heildarverðmæti)	20%
– *Allar tegundir sem sæta ákvörðun um leyfilegan hámarksafla*	12%
Krókaaflahlutdeild	
– Þorskur	4%
– Ýsa	5%
– *Allar* tegundir *sem sæta ákvörðun um leyfilegan hámarksafla*	6%

Hámarksaflahlutdeild í öllum tegundum, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, er miðuð við verðmæti einstakra tegunda, umreiknað til þorskígilda, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Aflahlutdeildir eru ávallt skráðar á tiltekin fiskiskip sem hafa veiðileyfi. Lagaákvæði um hámarksaflahlutdeild miðast þó í grunninn við einstaka útgerðaraðila og tengda aðila, sem eiga fiskiskip, eða hafa þau á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur. Þannig eru aflahlutdeildir skipa á vegum einstakra útgerðaraðila taldar saman og þannig fæst samtala aflahlutdeildar viðkomandi aðila m.t.t. hámarksaflahlutdeildar.

Hámarksaflahlutdeild miðast sem fyrr segir við samanlagða aflahlutdeild tengdra útgerðaraðila í skilningi 4. mgr. 13. gr. gildandi laga. Í stuttu máli eru útgerðaraðilar tengdir aðilar ef annar fer með yfirráð yfir hinum (lögaðila) eða þeir (lögaðilar) eru undir yfirráðum sama eða sömu aðila. Nánar er fjallað um skilgreiningu tengdra aðila hér á eftir.

Um lagaákvæði um hámarksaflahlutdeild er einnig fjallað m.a. í skýrslu um tillögur starfshópa Auðlindarinnar okkar (2023), bls. 53-59, skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu (2018), bls. 59-67, og skýrslu verkefnastjórnar um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni (2020), bls. 63-67.

3.2.4.1.2. Tilgangur lagaákvæða um hámarksaflahlutdeild

Lagaákvæði um hámarksaflahlutdeild voru fyrst sett með lögum nr. 27/1998, en þau lög breyttu þágildandi lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Ákvæðin komu þá fram í 11. gr. a síðarnefndu laganna. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 27/1998 eru rakin þau sjónarmið urðu kveikjan að setningu lagaákvæða um hámarksaflahlutdeild, en skiptar skoðanir voru þá uppi í þjóðfélaginu um umfang og áhrif samþjöppunar aflaheimilda. Eins og rakið er í sömu greinargerð voru sumir þeirrar skoðunar að hámark á aflahlutdeild gæti vikið til hliðar því meginmarkmiði stjórnenda fyrirtækja í sjávarútvegi að reka fyrirtækin á sem hagkvæmastan hátt og takmarkað möguleika þeirra til að dreifa áhættu í rekstri með því t.d. að ráða yfir aflahlutdeild í sem flestum tegundum. Bent var á að stór og traust fyrirtæki hefðu alla jafna betri aðgang að áhættufjármagni til að þróa nýja tækni og aðferðir og ættu því frekar að vera

í stakk búin til að tryggja atvinnuöryggi og að skapa störf fyrir sérhæft starfsfólk. Þá væru rekstrarskilyrði stærri fyrirtækja jafnari en ella og grundvöllur til að takast á við verkefni á alþjóðavettvangi traustari.

Á hinn bóginn bentu aðrir á þá ókosti sem gætu fylgt samþjöppun aflahlutdeildar, einkum með hliðsjón af mikilvægi útgerðar fiskiskipa fyrir íslenskan þjóðarbúskap, eins og nánar er rakið í greinargerð með lögum nr. 27/1998. Áhyggjur voru af því að of sterk yfirráð fárra aðila yfir fiskveiðiauðlindinni þýddu að viðkomandi fengju mikil völd í þjóðfélaginu og staða þeirra sem ráða útgerðarfyrirtækjunum gæti orðið of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki. Þeir sem væru fyrir í greininni gætu í raun ráðið hverjir kæmu nýir inn og gætu þannig komið í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það stafaði m.a. af þeirri sérstöðu atvinnugreinarinnar að nauðsynlegt væri að takmarka aðgang að auðlindinni og því væri t.d. ekki hægt að veita nýjum skipum rétt til veiða án þess að annað sambærilegt skip hyrfi úr rekstri. Eina leiðin fyrir nýja aðila til að komast inn í atvinnugreinina væri því að kaupa út þá sem fyrir eru.

Þá kom fram í greinargerð með lögum nr. 27/1998 að fyrir utan það ójafnvægi sem mikil samþjöppun í útgerð gæti falið í sér, gæti hún „beinlínis reynst hættuleg fyrir þjóðina“, sérstaklega ef viðkomandi stæði sig ekki í því að skapa sem mest verðmæti úr auðlindinni. Þá leiddi mikil samþjöppun aflaheimilda til tilfærslu aflaheimilda milli byggða og gæti af þeim sökum leitt til röskunar. Jafnframt yrði tilflutningur milli útgerðarflokka oft til þess að minni útgerðir færu halloka. Það gæti haft þau áhrif að fjölbreytni í útgerð minnkaði og svigrúm yrði minna til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Í ljósi ofangreindra sjónarmiða m.a. var það afstaða löggjafans að nauðsynlegt væri að setja afdráttarlaus mörk á hámarksaflahlutdeild í lög um stjórn fiskveiða, þótt samkeppnislög giltu einnig um sjávarútveg eftir því sem við á. Tilgangur ákvæðanna er m.a. að tryggja að einstakir útgerðaraðilar verði ekki svo öflugir að þeir geti, einir og sér eða í samstarfi við aðra, komið í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í atvinnugreinina, eins og að framan er rakið.

Í ákvæði til bráðabirgða í fyrrnefndum lögum nr. 27/1998 var lagt fyrir útgerðaraðila að tilkynna til Fiskistofu ef aflahlutdeild þeirra væri yfir leyfilegum mörkum samkvæmt hinum nýju lagaákvæðum um hámarksaflahlutdeild. Höfðu hlutaðeigandi þá sex mánaða frest til að koma aflahlutdeild undir leyfileg mörk. Í greinargerð með lögum nr. 27/1998 var rakið að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum væri aflahlutdeild einstakra aðila, miðað við 1. september 1997, „í öllum tilvikum vel innan þeirra marka sem um ræðir“. Hins vegar var sá fyrirvari gerður að þær upplýsingar tækju ekki tillit til tengdra aðila.

3.2.4.1.3. Þróun lagaákvæða um hámarksaflahlutdeild

Frá því hámarksaflahlutdeild kom inn í lög um stjórn fiskveiða árið 1998 hafa ákvæðin haldist óbreytt í megindráttum. Þó hefur hámörkum (hundraðshlutum) í einstökum tegundum verið breytt með lögum í gegnum tíðina. Þá var hámarksaflahlutdeild í öllum tegundum hækkuð í 12% með lögum nr. 85/2002. Fyrir þá lagabreytingu hafði hámarksaflahlutdeild verið 8% í öllum tegundum. Hærri mörk eða 10% höfðu þó gilt um útgerðir sem uppfylltu tilgreind skilyrði um dreift eignarhald. Með lögum nr. 85/2002 voru allar útgerðir því felldar undir sama 12% hámarkið og er það sú regla sem gildir í dag, sbr. fyrri umfjöllun.

Með lögum nr. 42/2006 var sett hámark á krókaaflahlutdeild, þ.e. 4% af þorski og 5% af ýsu. Jafnframt var sett 6% hámark á krókaaflahlutdeild í öllum tegundum í krókaaflakerfinu. Þessi hlutföll standa óbreytt í gildandi lögum. Með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 42/2006 var útgerðaraðilum veittur rúmlega þriggja ára frestur til að koma krókaaflahlutdeild undir leyfileg mörk.

3.2.4.1.4. Samþjöppun aflaheimilda.

Rekstraraðilum í sjávarútvegi hefur fækkað ört á þessum áratug eða um 60% á 12 ára tímabili talið frá 2005, en langstærstur hluti þeirrar fækkunar er í smábátaútgerð, eins og fram kemur í skýrslu verkefnastjórnar um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni (2020), bls. 66-67.

Árin 1999-2000 nam aflahlutdeild tíu stærstu útgerðanna 34,74% af úthlutuðu aflamarki í öllum tegundum innan lögsögunnar. Þar af var aflahlutdeild Samherja hf. stærst eða 6,46%, en aflahlutdeild hinna níu fyrirtækjanna nam frá 4,42% niður í 2,17%, sjá nánar umfjöllun í skýrslu um aflahlutdeildir og eignarhald útgerða, höf. Birgir Þór Runólfsson (2020), bls. 3.

Fiskistofa birtir upplýsingar um 100 stærstu útgerðir landsins miðað við aflahlutdeild í almennu aflamarki. Í maí 2023 fóru tuttugu stærstu útgerðirnar með 77,57% aflahlutdeild samanlagt í öllum tegundum, þar af tíu stærstu með alls 56,04% og stærstu fimm með alls 35,44%. Þar af var Brim hf. með stærsta aflahlutdeild eða 11,34%. Næst komu Samherji hf. með 7,27%, Síldarvinnslan hf. með 6,87%, FISK-Seafood ehf. með 5,17% og Vinnslustöðin hf. með 4,78%. Aflahlutdeild annarra fyrirtækja meðal tíu stærstu nam frá 4,65% niður í 3,49%. Ef miðað er við tuttugu stærstu nam minnsta aflahlutdeildin 1,84%.

Fiskistofa birtir einnig upplýsingar um 50 stærstu útgerðirnar í krókaaflamarki. Í maí 2023 fóru tuttugu stærstu útgerðirnar í krókaaflamarki með samanlagt 39,74% krókaaflahlutdeildar. Grunnur ehf. var með stærsta aflahlutdeild eða 4,7%. Næst komu Jakob Valgeir ehf. með 4,2%, Stakkavík ehf. með 4,06%, Nesver ehf. með 4,02% og Hjálmar ehf. með 3,92%. Hjá næstu fimm á eftir var aflahlutdeild frá 4,65% niður í 3,49%. Krókaaflahlutdeild annarra fyrirtækja meðal tíu stærstu nam frá 3,91% niður í 3,52%. Ef miðað er við tuttugu stærstu nam minnsta aflahlutdeildin 2,18%.

Dæmi eru um eignatengsl milli útgerða sem stunda veiðar í hvoru ofangreindra kerfa, þ.e. almennu aflamarki og krókaaflamarki. Gildandi ákvæði um hámarksaflahlutdeild gera þó ekki ráð fyrir að aflahlutdeild í öðru kerfinu telji upp í hámarksaflahlutdeild í hinu.

Eins og ráða má af ofangreindu hefur töluverð samþjöppun aflaheimilda átt sér stað og hefur hún fremur aukist gegnum tíðina en hitt. Sú þróun á sér ýmsar orsakir sem liggja m.a. í viðleitni fyrirtækja til að sameinast og auka við aflahlutdeild sína í ólíkum tegundum til að ná fram aukinni stærðarhagkvæmni og áhættudreifingu í rekstri. Þótt slíkt geti skapað skilyrði fyrir meiri hagkvæmni í nýtingu hinnar sameiginlegu auðlindar ef vel er staðið að málum, hefur löggjafinn engu að síður talið nauðsynlegt í þágu almannahagsmuna að setja slíkri samþjöppun skorður með lagaákvæðum um hámarksaflahlutdeild, sbr. fyrri umfjöllun.

Í upphafi aldarinnar voru níu af tíu stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum skráð á markað. Í dag háttar svo til um tvö sjávarútvegsfyrirtæki, Brim hf. og Síldarvinnsluna hf., en Ísfélag hf. mun hyggja á slíka skráningu á næstu mánuðum. Af þessum sökum er líklegt að fjöldi hluthafa í sjávarútvegsfyrirtækjum hafi dregist saman á öldinni.

Um dreifingu aflahlutdeilda og eignaraðild í sjávarútvegi má jafnframt vísa til skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar (2023), bls. 54-56, skýrslu verkefnastjórnar um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni (2020), bls. 63-67, og eldri skýrslu um aflahlutdeildir og eignarhald útgerða, höf. Birgir Þór Runólfsson (2000), bls. 6.

Þá hefur á síðustu árum verið fjallað um eignatengsl aðila í sjávarútvegi og fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum. Þótt lög um stjórn fiskveiða reisi ekki sérstakar skorður við slíkum fjárfestingum út fyrir sjávarútveg, er ekki útilokað að slík tengsl út fyrir sjávarútveg geti skipt máli við beitingu ákvæða um hámarksaflahlutdeild. Það gæti t.d. átt við ef aðilar sem falla undir þau ákvæði eiga sameiginlega hagsmuni af fjárfestingu í fyrirtæki utan sjávarútvegs.

3.2.4.1.5. Ályktanir og tillögur (43. og 44. gr.).

Með hliðsjón af framangreindri umfjöllun verður að telja að sjónarmiðin sem bjuggu að baki setningu ákvæða um hámarksaflahlutdeild með lögum nr. 27/1998 hafi staðist tímans tönn. Því er lagt til að almennar reglur um hámarksaflahlutdeild haldist óbreyttar, sbr. 43. gr. frumvarpsins, sbr. þó 44. gr., sbr. einnig 45. gr. um tengda aðila sem fjallað verður um síðar.

Veigamikil rök standa til þess að hvetja til aukinnar dreifingar og fjölbreytni í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja, m.a. til að auka gagnsæi og sýnileika fyrirtækjanna og gefa nýjum fjárfestum færi á að öðlast beina hlutdeild í afrakstri hinnar sameiginlegu auðlindar, sbr. einnig 1. gr. frumvarpsins. Þá er aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja almennt til þess fallið að stuðla að aukinni samfélagslegri sátt um atvinnugreinina og að traust sé borið til hennar, sjá einnig skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar (2023), bls. 50-52 og 60.

Í eldri lögum, fram til 2002, voru mörk hámarksaflahlutdeildar hærri ef útgerð uppfyllti ákveðin skilyrði um dreift eignarhald. Í 44. gr. frumvarpsins er lagt til að slík regla verði tekin upp að nýju, þ.e. að hámarksaflahlutdeild verði 15% í öllum tegundum í almennu aflamarki (í stað 12%) hjá útgerðarfélögum sem skráð hafa hlutabréf sín á skipulegan markað á Íslandi, og uppfylla að öðru leyti tiltekin skilyrði samkvæmt ákvæðinu. Markmiðið með því er að ýta undir dreifingu eignarhalds og aukið gagnsæi í sjávarútvegi. Ákvæðið byggist á samsvarandi tillögu starfshópa Auðlindarinnar okkar, sjá umfjöllun í skýrslu starfshópanna (2023), bls. 60.

3.2.4.2. Tengdir aðilar.

3.2.4.2.1. Tengsl milli útgerða sem ein birtingarmynd samþjöppunar aflaheimilda.

Tengsl milli útgerðaraðila eru ein birtingarmynd samþjöppunar aflaheimilda en slík tengsl geta verið með ýmsu móti. Hægt er að greina á milli eignatengsla milli tveggja eða fleiri útgerðaraðila sem eiga hlut hver í öðrum, eða eignatengsla sem felast í því að tveir eða fleiri útgerðaraðilar eru í eigu sömu aðila eða venslaðra aðila. Þá kunna sömu aðilar eða venslaðir aðilar að sitja í stjórnum viðkomandi fyrirtækja eða gegna þar lykilstjórnunarstöðum og er þá gjarnan rætt um að stjórnunartengsl séu milli fyrirtækjanna. Í þessu sambandi geta líka komið til skoðunar ýmis fjölskyldu-, viðskipta- og hagsmunatengsl milli aðila sem í hlut eiga.

Stjórnvöld skortir heildaryfirsýn yfir það hvernig eigna- og stjórnunartengslum er háttað milli fyrirtækja í sjávarútvegi. Ástæðan er m.a. sú að Fiskistofu skortir lagaheimild til að afla viðhlítandi upplýsinga um þessi atriði frá viðkomandi aðilum og öðrum stjórnvöldum, en nánar verður vikið að þessu í umfjöllun um eftirlit Fiskistofu hér á eftir. Það er þó ljóst af upplýsingum sem liggja fyrir opinberlega að margs konar eigna- og stjórnunartengsla gætir meðal stærstu útgerðaraðilanna, sem sumir hverjir jafnframt tengjast smærri útgerðaraðilum.

Samkeppniseftirlitið hefur undanfarin misseri stefnt að heildstæðri úttekt á eigna- og stjórnunartengslum í sjávarútvegi með vísan til lögbundins hlutverks eftirlitsins samkvæmt samkeppnislögum. Óvíst er hvenær slík úttekt gæti legið fyrir, en vegna úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála 20. mars 2023 í máli nr. 3/2023 er ljóst að slík úttekt mun ekki geta átt sér stað fyrir sérstaka tilstuðlan ráðuneytisins eins og upphaflega stóð til.

3.2.4.2.2. Gildandi skilgreining tengdra aðila.

Tengsl milli útgerðaraðila, bæði fyrirtækjanna sjálfra og eigenda og stjórnenda þeirra, geta gefið til kynna að viðkomandi fyrirtækjum sé stýrt á samræmdan hátt, þannig að telja megi aflaheimildir þeirra vera undir stjórn sama eða sömu aðila þegar á allt er litið þótt þær séu skráðar á skip ólíkra fyrirtækja.

Allt frá tilkomu hámarksaflahlutdeildar með lögum nr. 27/1998 hafa þau ákvæði byggst á því að aflahlutdeild tengdra aðila skuli talin saman upp í mörk hámarksaflahlutdeildar. Talið

var nauðsynlegt að tengdir aðilar væru þannig metnir sem ein heild svo að ekki væri unnt að komast hjá ákvæðum um hámarksaflahlutdeild. Þannig skyldi telja tengda aðila þá „aðila sem raunverulega stjórna öðrum aðila og þá aðila sem með þeim hætti er stjórnað“, eins og fram kom í greinargerð með lögum nr. 27/1998.

Í 4. mgr. 13. gr. gildandi laga er sett fram þríþætt skilgreining á tengdum aðilum, sem hljóðar svo:

1. *Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.*
2. *Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.*
3. *Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.*

Í 1. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga er vísað til tengsla milli aðila sem byggjast á því að aðili á meirihluta hlutafjár eða atkvæðisréttar í lögaðila. Slík meirihlutaeign í lögaðila felur í sér yfirráð. Í 2. tölul. ákvæðisins eru aðilar jafnframt skilgreindir sem tengdir aðilar ef annar „hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum“.

Ekki er skýrt nánar í texta 2. tölul. hvaða tilvik geti fallið undir raunveruleg yfirráð í skilningi ákvæðisins. Þó hefur greinargerð með lögum nr. 27/1998 að geyma skýringar við ákvæðið sem unnt er að líta til við túlkun þess. Þar segir m.a. að aðilar geti haft „úrslitaáhrif á rekstur og stjórn lögaðila með ýmsum hætti og þannig farið með raunveruleg yfirráð yfir lögaðilanum“ án þess að eiga meirihluta hlutafjár í honum. Undir 2. tölul. falli því hvers konar önnur yfirráð sem gefa aðila úrslitaáhrif í rekstri og stjórn annars aðila. Í greinargerðinni eru tekin dæmi um aðstæður sem gætu falið í sér að aðili færi með raunveruleg yfirráð í lögaðila, t.d. að aðili hafi rétt til að tilnefna meira en helming fulltrúa í stjórn lögaðila eða til að stýra rekstri annars aðila. Það geti t.d. átt við þegar ákvarðanir í lögaðila þarf að taka samhljóða og aðili sem á minnihluta atkvæðisréttar getur því í raun haft úrslitaáhrif. Enn fremur er tekið dæmi um þá aðstöðu að aðili hafi svo sterka samningsstöðu við annan aðila að hann ráði í raun stjórnarákvörðunum, svo sem vegna samnings um notkun eða ráðstöfun eigna viðkomandi, samnings um einkarétt til að nýta allan afla aðilans eða samnings við hluthafa eða stjórnarmenn sem geta haft úrslitaáhrif við ákvarðanatöku aðilans.

Þriðji hluti skilgreiningar tengdra aðila í 3. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga lýtur að því þegar tveir eða fleiri lögaðilar eru, beint eða óbeint, í meirihlutaeigu sömu eða sama aðila eða tengdra aðila skv. 1. eða 2. tölul. Þeir lögaðilar teljast þá tengdir aðilar gegnum sameiginlegt meirihlutaeignarhald eftir nánari afmörkun í 3. tölul.

Ákvæði 3. tölul. sker sig frá 1. og 2. tölul. að tvennu leyti. Í fyrsta lagi miðast 3. tölul. berum orðum við samanlagðan eignarhlut eða atkvæðisrétt fleiri en eins aðila, sem saman geta átt meirihluta í lögaðila, enda eigi hver þeirra a.m.k. 10% hlutafjár eða atkvæðisréttar í honum. Í annan stað ber skv. 3. tölul. að telja saman eignarhluti og atkvæðisrétt tiltekinna skyldmenna, þ.e. annars vegar einstaklings og hins vegar maka og skyldmenna hans í beinan legg.

3.2.4.3. Ályktanir og tillögur (45. gr.).
a. Almenn atriði.

Þótt skilgreining tengdra aðila í 4. mgr. 13. gr. gildandi laga sé í sjálfu sér ekki óskýr svo langt sem hún nær, eru vissir þættir í skilgreiningunni sem þarfnast úrbóta eins og bent er á skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar (2023), bls. 57-59. Í fyrsta lagi þykir rétt að beina sjónum að skilgreiningu yfirráða, en það hugtak er hryggjarstykkið í skilgreiningunni. Í öðru lagi þarf að gefa því gaum að hvaða marki skuli horft til fjölskyldutengsla milli aðila og þá hve vítt skuli afmarka slík tengsl. Í þriðja lagi kemur til skoðunar hvort annars konar og umfangsminni eignatengsl en yfirráð, t.d. hlutdeild í útgerðaraðila sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti, skuli vigta að einhverju marki upp í hámarksaflahlutdeild, þótt þau hafi ekki jafnafgerandi réttaráhrif og yfirráðatengsl.

Í 45. gr. frumvarpsins er lögð til endurbætt skilgreining á tengdum aðilum með tilliti til framangreindra efnisatriða. Markmiðið er að gera skilgreininguna skýrari, einfalda framsetningu hennar og færa hugtakanotkun í henni til samræmis við það sem gildir um skýringu sömu hugtaka á öðrum réttarsviðum. Verður nú vikið að einstökum efnisþáttum hennar.

b. Hugtakið yfirráð.

Lagt er til í 45. gr. frumvarpsins að hugtakið yfirráð verði skilgreint á sama hátt og í samkeppnisrétti, sbr. 17. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. tillögu starfshópa Auðlindarinnar okkar. Á því réttarsviði hafa mótast ítarleg viðmið um hvað felist í yfirráðum. Þar sem samkeppnislög gilda um alla atvinnustarfsemi er skilgreining á yfirráðum á því réttarsviði jafnframt vel þekkt í atvinnulífinu. Verði hún tekin upp í ákvæði um tengda aðila vegna hámarksaflahlutdeildar munu Fiskistofa og hagaðilar því hafa fast land undir fótum við úrlausn þess hvenær aðilar eru tengdir. Þá tekur tillagan mið af því að ákvæði um hámarksaflahlutdeild eiga sem slík rætur að rekja til sjónarmiða um verndun samkeppni og nýliðunar.

Hugtakið yfirráð er skilgreint í 17. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sem lýtur að samruna og yfirtöku fyrirtækja. Ein tegund samruna felst í því að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga geta yfirráð skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem annaðhvort sérstaklega eða samanlagt, og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum atriðum sem við eiga, gerir aðila kleift að hafa *afgerandi áhrif* (e. decisive influence) á fyrirtæki, einkum með: (a) eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta, eða (b) rétti eða samningum sem veita afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis. Þá kemur fram í 3. mgr. sama ákvæðis að yfirráð öðlist aðilar sem eru rétthafar eða eiga tilkall til réttar samkvæmt samningum þar að lútandi, eða, þrátt fyrir að vera ekki handhafar slíks réttar eða eiga ekki tilkall til réttar samkvæmt slíkum samningum, hafa möguleika til að beita slíkum réttindum.

Samantekið fellur það undir yfirráð í merkingu 17. gr. samkeppnislaga þegar aðili er í aðstöðu til að hafa, beint eða óbeint, afgerandi áhrif á mikilvægar ákvarðanir fyrirtækis af

viðskiptalegum toga, m.a. um stefnu þess og áætlanir. Undir þetta fellur m.a. að aðili fari í raun með neitunarvald um mikilvægar ákvarðanir fyrirtækis, þótt hann sé e.t.v. ekki í aðstöðu til að bera sjálfur upp tillögur að slíkum ákvörðunum. Yfirráð geta ýmist verið á hendi eins aðila eða saman á hendi fleiri en eins aðila, þ.e. sameiginleg yfirráð. Við mat á síðarnefndri tegund yfirráða geta innbyrðis tengsl milli aðilanna haft þýðingu, m.a. fjölskyldutengsl, eigna- og stjórnunartengsl, og viðskipta- og hagsmunatengsl, svo eitthvað sé nefnt.

Við mat á því hvort yfirráð séu til staðar í merkingu 17. gr. samkeppnislaga er litið til þess hvort aðili hafi í raun (*de facto*) möguleika á að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki í ofangreindri merkingu. Möguleikinn til að hafa slík áhrif nægir í því samhengi og er ekki þörf á að sýna fram á að sá möguleiki hafi í reynd verið nýttur. Þá skiptir ekki máli hvernig sú aðstaða sem skapar yfirráðin kemur til, m.a. hvort hún byggist á formlegum löggerningi eða ekki.

Það að aðili fari beint eða óbeint með meirihluta atkvæða í fyrirtæki felur alla jafna í sér yfirráð (de jure control). Aðili getur einnig við ákveðnar aðstæður haft yfirráð í fyrirtæki þótt hann fari með minnihluta atkvæða í því samkvæmt hlutaskrá (de facto control). Því verður að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort atvik séu með þeim hætti að yfirráð hafi skapast þótt aðili fari ekki formlega með meirihluta atkvæða í viðkomandi fyrirtæki, sbr. til samanburðar hugtakið raunveruleg yfirráð í 2. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga. Við mat á því hver völd aðila í fyrirtæki eru í reynd verður m.a. litið til þess hvernig mætingu og atkvæðagreiðslum á hluthafafundum hefur verið háttað í gegnum tíðina, t.d. miðað við síðustu þrjú ár. Könnun á því getur leitt í ljós að viðkomandi hluthafi sé mjög líklegur til að hafa meirihluta atkvæða á bakvið sig ef á reynir miðað við mætingu og virkni annarra hluthafa, t.d. ef mætingarhlutfall er mjög lágt. Þá kunna yfirráð að vera til staðar vegna þess að aðili hafi yfirburðastöðu innan félags vegna sérþekkingar eða reynslu hans á viðkomandi markaði. Ofangreind atriði sem geta verið til marks um yfirráð í reynd og hér eru nefnd í dæmaskyni verður að meta heildstætt í hverju tilviki fyrir sig og getur þau hvert um sig eða samanlagt leitt til þeirrar niðurstöðu að yfirráð séu fyrir hendi í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Eins og ofangreind umfjöllun ber með sér falla þau sjónarmið, sem litið verður til við mat á yfirráðum skv. 17. gr. samkeppnislaga, sbr. 46. gr. frumvarpsins, að verulegu leyti saman við þau sjónarmið sem rakin eru í lögskýringargögnum um túlkun hugtaksins raunveruleg yfirráð í 2. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Af ofangreindu má ráða að tillaga 45. gr. frumvarpsins felur ekki í sér neina grundvallarbreytingu á skilgreiningu yfirráða í ákvæðum um hámarksaflahlutdeild frá því sem nú gildir. Hins vegar felur tillagan í sér að skilgreining yfirráða öðlast skýrara inntak enda kemur til fyllingar henni ítarleg réttarframkvæmd í samkeppnisrétti um túlkun hugtaksins. Þá hefur hugtakið yfirráð í 17. gr. samkeppnislaga um margt sambærilegt inntak og hugtakið yfirráð í félagarétti og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem hafa má til hliðsjónar í þessu sambandi.

Hvað varðar sameiginleg yfirráð, þykir heldur ekki ástæða til að horfa einvörðungu til hluthafa sem fara með 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti í lögaðila, ýmist einir sér eða samanlagt með mökum eða skyldmennum í beinan legg eða tengdum aðilum, líkt og gert er í 3. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga. Slík almenn þrenging á gildissviði reglunnar á sér heldur ekki hliðstæðu í öðrum lögum svo séð verði.

Þá virðist gildandi ákvæði í núverandi mynd geta leitt til þeirrar sérstæðu niðurstöðu að tveir lögaðilar teljist tengdir aðilar ef 50% hlutafjár í þeim er í jafnri eigu fimm óskyldra aðila, t.d. lífeyrissjóða (10% hver), en að lögaðilarnir myndu hins vegar ekki teljast tengdir ef þeir væru að 50% í eigu sex systkina sem ætti hvert um sig minna en 10%. Ljóst þykir að sú niðurstaða fær illa samrýmst sjónarmiðum um dreifða eignaraðild í sjávarútvegi.

Til samanburðar má geta þess að í sumum eldri tillögum að breytingum á ákvæðum um hámarksaflahlutdeild hefur verið byggt á mun víðtækari skilgreiningu á tengdum aðilum og yfirráðum en hér er lögð til. Þannig hefur m.a. verið lagt til að aðilar teljist tengdir aðilar og verði þar álitnir ein heild m.t.t. aflahlutdeildar *við það eitt* að annar eigi 25-33% eignarhlut í hinum (sjá í þessu sambandi m.a. frumvarp á frumvarp á 141. löggjafarþing 2012-2013, þskj. 968 - 570. mál, og frumvarp á 139. lögþ. 2010-2011, þskj. 1475 – 827. mál).

Umræddar eldri tillögur hafa m.a. tekið mið af skilgreiningu yfirráða í löggjöf um fjármálamarkaði, sbr. m.a. 100. gr. laga um yfirtökur, nr. 108/2007. Í þeirri löggjöf eru yfirráð jafnan skilgreind sem 30% eða meira af atkvæðisrétti í félagi, en hafa ber í huga að á því réttarsviði miðast skilgreining yfirráða við skráð félög sem eru yfirleitt í dreifðu eignarhaldi.

Af framansögðu má ráða að útfærslan sem lögð er til í 46. gr. frumvarpsins, þ.e. að byggt verði á skilgreiningu yfirráða skv. 17. gr. samkeppnislaga í ákvæðum um hámarksaflahlutdeild, *gengur umtalsvert skemur* en þær eldri tillögur sem áður voru nefndar. Í því sambandi er mikilvægt að hafa hugfast að yfirráð skv. 17. gr. samkeppnislaga vísa til þess að aðili fari með meirihluta atkvæða í fyrirtæki, eða hafi annars afgerandi áhrif í fyrirtæki sem má jafna til yfirráða (e. de facto control). Því teljast yfirráð ekki sjálfkrafa vera til staðar skv. 17. gr. samkeppnislaga *við það eitt* að aðili eigi 25-33% hlut í fyrirtæki, heldur þarf þá eitthvað annað og meira að koma til, eins og áður var rakið. Sú útfærsla sem lögð er til í frumvarpinu er því vægasta leiðin að settu markmiði um aukinn skýrleika og virkni ákvæða um tengda aðila og samrýmist því meðalhófi.

Í lögum um skráningu raunverulegra eigenda er það hugtak skilgreint sem einstaklingur sem á meira en 25% af hlutafé eða atkvæðisrétti í lögaðila eða fer annars með yfirráð yfir honum. Hugtakið yfirráð í þeim lögum hefur hefðbundna merkingu, þ.e. það miðast í grunninn við meirihlutaeiganda, þótt minnihlutaeigandi geti farið með yfirráð við ákveðnar aðstæður. Að því leyti er útfærslan á hugtakinu yfirráð sem lögð er til í frumvarpinu í samræmi við lagareglur um raunverulega eigendur.

c. Fjölskyldutengsl.

Þá er lagt til í 45. gr. frumvarpsins í samræmi við tillögu starfshópa Auðlindarinnar okkar að tekin verði upp sú regla að einstaklingar í tilgreindum nánum fjölskyldutengslum teljist ávallt tengdir aðilar vegna hámarksaflahlutdeildar, þ.e. makar, sambúðarfólk og skyldmenni í beinan legg og fyrsta legg til hliðar. Afmörkun skyldleikatengsla í ákvæðinu miðast við hugtakið nákominn aðili í 4. mgr. 95. gr. a laga um hlutafélög, nr. 2/1995, sem lýtur að minnihlutavernd, sbr. einnig sams konar afmörkun á nákomnum aðilum í 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Í skilgreiningu tengdra aðila í 4. mgr. 13. gr. gildandi laga eru fjölskyldutengsl afmörkuð þröngt og nær sú skilgreining m.a. ekki yfir tengsl milli sambúðarfólks og systkina innbyrðis, andstætt fyrrgreindum ákvæðum laga um hlutafélög og gjaldþrotaskipti. Þá er einungis getið sérstaklega um fjölskyldutengsl í 3. tölul. ákvæðisins en sams konar tilvísun er ekki að finna í hinum þáttum skilgreiningar tengdra aðila, þ.e. 1. og 2. tölul. Á hinn bóginn eru vandséð rökin fyrir því að einungis verði litið til fjölskyldutengsla þegar beitt er 3. tölul. skilgreiningarinnar, en litið fram hjá slíkum tengslum við beitingu annarra þátta sömu skilgreiningar. Þá þykir ekki stæða til að byggja áfram á jafnþröngri skilgreiningu fjölskyldutengsla í ákvæðum um hámarksaflahlutdeild og nú gildir, að teknu tilliti til þeirra mikilvægu verndarhagsmuna sem ákvæðin byggjast á og áður var vikið að.

Af ofangreindu leiðir að skv. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga eru aðilar í nánum fjölskyldutengslum ekki taldir tengdir aðilar nema að takmörkuðu leyti, en með 45. gr. frumvarpsins er

lagt til að slík almenn regla verði tekin upp. Í því sambandi er m.a. lagt til að byggt verði á rýmri afmörkun fjölskyldutengsla í skilgreiningunni á þann hátt sem að framan greinir til samræmis við þá löggjöf sem áður var nefnd og eðlilegt er að miða við í þessu sambandi m.a. í ljósi lagasamræmis.

Þá er litið til þess að lagareglur sem skilgreina einstaklinga sem tengda aðila eða nákomna ef þeir tilheyra sömu fjölskyldu byggjast iðulega á þeim rökum að auknar líkur séu þá á því að samstaða sé með einstaklingunum og að þeir taki tillit til hagsmuna hver annars m.a. við ákvarðanatöku um málefni fyrirtækja sem þeir tengjast t.d. sem hluthafar. Með hliðsjón af þeim rökum þykir rétt að fella sambúðarfólk undir skilgreininguna. Að auki þykir rétt að fella undir hana einstaklinga sem eru skyldir að fyrsta legg til hliðar, þ.m.t. systkini. Með því er einnig horft til þess að aflahlutdeildir eru takmörkuð gæði og varanlegar að því leyti að þær verða einungis felldar niður með lögum, auk þess sem þær eru framseljanlegar og geta því gengið milli kynslóða innan sömu fjölskyldu.

Með ofangreindri tillögu er þó *gengið skemur* en ef byggt væri t.d. á skilgreiningu hæfisreglu 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem fjölskyldutengsl sem valda vanhæfi vegna stjórnsýslu ná m.a. til aðila sem eru skyldir að öðrum lið til hliðar (í tillögunni er miðað við fyrsta lið til hliðar). Sú útfærsla sem lögð er til í frumvarpinu er því vægasta leiðin að settu markmiði um aukna virkni ákvæða um hámarksaflahlutdeild og samrýmist því meðalhófi.

d. Sérregla um hlutdeildartengsl sem fela ekki í sér yfirráð (20% eða meira af atkvæðisrétti).

Hér að framan hefur verið fjallað um tilvik þar sem útgerðaraðilar teljast tengdir aðilar, vegna yfirráða eða náinna fjölskyldutengsla, sem leiðir til þess að öll aflahlutdeild þeirra er talin saman vegna hámarksaflahlutdeildar og þeir þannig samsamaðir að fullu. Auk þess er í 45. gr. frumvarpsins lagt til að stigin verði hófleg skref í átt að því að rýmka ákvæði um hámarksaflahlutdeild, þannig að ákveðin veigaminni eignatengsl við lögaðila, sem teljast ekki yfirráð, verði látin vigta inn í hámarksaflahlutdeild *að hluta* með nánar greindum hætti.

Eins og gildandi lögum er háttað geta útgerðaraðilar og tengdir aðilar átt 20-30% hlutdeild í ótakmörkuðum fjölda annarra útgerðaraðila án þess að það hafi nein áhrif á hámarksaflahlutdeild viðkomandi, enda sé yfirráðum ekki til að dreifa. Hlutdeildareign að 20% eða meira í félagi veitir eigandanum aðstöðu til að hafa *veruleg áhrif* á rekstrar- og fjármálastefnu viðkomandi félags, þ.m.t. í skilningi laga um ársreikninga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem vísað er til í þeim lögum. Í ljósi markmiða ákvæða um hámarksaflahlutdeild um að sporna gegn samþjöppun aflaheimilda eru því vandséð rökin fyrir því að slík eignatengsl falli alfarið milli skips og bryggju að þessu leyti, þ.e. að þau telji ekkert upp í hámarksaflahlutdeild.

Ekki þykir þó rétt að stíga svo stórt skref að láta eignatengsl af ofangreindum toga hafa sömu réttaráhrif og yfirráðatengsl, þ.e. að aflahlutdeildir aðila teljist saman að fullu, og er að því leyti tekið mið af tillögum starfshópa Auðlindarinnar (2023), bls. 57-59. Því er lagt til í frumvarpinu sem fyrr segir að takmarka réttaráhrifin við að aflahlutdeild félags teljist *að hluta* hjá eiganda að 20% hlut eða meira, í réttu hlutfalli við atkvæðisrétt hans í félagi, en ekki öfugt.

Ofangreinda reglu, eins og lagt er til að hún verði útfærð í 45. gr. frumvarpsins, má skýra með eftirfarandi dæmi: Útgerð A fer með 20% atkvæðisréttar í útgerð B. Þá eru 20% aflahlutdeildar B talin með aflahlutdeild A við útreikning á hámarksaflahlutdeild A. Þetta myndi hins vegar engin áhrif hafa á hámarksaflahlutdeild B.

Ef A í ofangreindu dæmi er ekki sjálfur útgerðaraðili, og fer því ekki með aflahlutdeild, er lagt til að sama regla gildi með þeim afbrigðum að 20% aflahlutdeildar B eru þá talin með aflahlutdeild útgerðaraðila sem er tengdur A gegnum yfirráð, sbr. 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins.

Með því er komið í veg fyrir þá óeðlilegu niðurstöðu að umrædd regla gildi alls ekki af þeirri einu ástæðu að hlutur í B er keyptur af eignarhaldsfélagi (A) sem er tengt útgerðaraðila.

Prósentuhlutföll í ofangreindu dæmi taka breytingum eftir hlutfallstölu atkvæðisréttar A hverju sinni, þ.e. telja skal jafnstóran hluta aflahlutdeildar B með aflahlutdeild A (eða tengds útgerðaraðila) og nemur hlutfallstölu atkvæðisréttar A í B. Reiknireglan er því einföld.

Við útreikning prósentuhlutfallsins í ofangreindu dæmi yrði tekið mið af endanlegri hlutfallstölu atkvæðisréttar A í B ef eignarhald lægi gegnum fleiri en eitt félag. Bæri þá að reikna út endanlega hlutfallstölu atkvæðisréttar með sama hætti og gert er t.d. í ákvæðum um virka eignarhluti í lögum um fjármálafyrirtæki.

Tillagan tekur mið af því að aflahlutdeildir eru mælanleg verðmæti. Því ættu ákvæði um hámarksaflahlutdeild að vera næm fyrir eignatengslum af ólíkum stærðargráðum, í stað þess að aðilar séu ýmist tengdir eða ekki og aflahlutdeildir þeirra séu annaðhvort taldar saman að fullu eða að engu leyti. Því þykir rökrétt að feta meðalveginn í þessum efnum með því að láta minni eignatengsl en yfirráð vigta að ákveðnu leyti upp í hámarksaflahlutdeild viðkomandi.

Með ofangreindri tillögu er gengið *mun skemur* en í ýmsum eldri tillögum, þar sem lagt hefur verið til að aðilar verði samsamaðir *að fullu* m.t.t. hámarksaflahlutdeildar við það eitt að eiga 25-33% hver í öðrum, sbr. fyrri umfjöllun. Sú útfærsla sem lögð er til í frumvarpinu er því vægasta leiðin að settu markmiði um aukna virkni ákvæða um hámarksaflahlutdeild og samrýmist því meðalhófi.

e. Niðurstaða um skilgreiningu tengdra aðila.

Með vísan til ofangreinds er lagt til að efnisreglur um tengda aðila vegna hámarks-aflahlutdeildar, þ.m.t. skilgreining og réttaráhrif slíkra tengsla, verði afmarkaðar á þann veg sem gert er í 2. og 3. mgr. 45. gr. frumvarpsins og lýst hefur verið hér að framan. Með því er talið að unnt verði að ná markmiðum um aukinn skýrleika og virkni umræddra ákvæða sem nú getur talist áfátt að ýmsu leyti. Á sama tíma er breytingum á skilgreiningu tengdra aðila í hóf stillt að teknu tilliti til hagsmuna starfandi fyrirtækja í greininni.

Ný skilgreining tengdra aðila samkvæmt 45. gr. frumvarpsins getur eðli málsins samkvæmt geta haft áhrif á réttarstöðu aðila sem mótast hefur í tíð eldri laga. Sú meginregla gildir í íslenskum rétti að nýjum lögum verður beitt um atvik og lögskipti sem undir þau falla þótt rót eigi í tíð eldri laga enda ræðst réttarstaða manna af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Lagt er til bráðabirgðaákvæði sem veitir útgerðaraðilum þriggja ára aðlögunarfrest til að koma aflahlutdeild undir leyfileg mörk ef ný ákvæði um tengda aðila í 45. gr. frumvarpsins leiða gagngert til þess að aflahlutdeild þeirra fari yfir mörkin. Þótt ekkert bendi til þess að þær efnisbreytingar sem felast í 45. gr. frumvarpsins muni sem slíkar leiða til þess, umfram ákvæði gildandi laga, er ekki útilokað að það geti gerst.

Bráðabirgðaákvæðið myndi þó aðeins gilda í tilvikum þar sem sama niðurstaða hefði ekki leitt af ákvæðum gildandi laga. Þannig er komið í veg fyrir að útgerðaraðilar sem nú þegar teljast ekki vera innan marka hámarksaflahlutdeildar njóti góðs af rúmum aðlögunarfresti ákvæðisins.

3.2.5. Eftirlit Fiskistofu vegna lagaákvæða um hámarksaflahlutdeild.

Eins og áður kom fram fer Fiskistofa fer með framkvæmd lagaákvæða um hámarksafla-hlutdeild, þ.m.t. eftirlit með því að aflahlutdeild útgerðaraðila sé innan leyfilegra marka. Í 46.-49. gr. frumvarpsins eru lögð til ákvæði sem miða að því að efla Fiskistofu í því hlutverki og veita stofnuninni viðhlítandi heimildir til að hún geti sinnt því sem skyldi. Áður en vikið verður að tillögunum þykir rétt að fjalla stuttlega um gildandi ákvæði um þetta eftirlit.

3.2.5.1. Gildandi réttur.

Í 14. gr. gildandi laga er að finna ýmis ákvæði sem lúta að eftirliti Fiskistofu með ákvæðum um hámarksaflahlutdeild í 13. gr. laganna. Skv. 1. mgr. 14. gr. laganna ber, þegar að tilkynna Fiskistofu um flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild, ef „fyrirsjáanlegt“ er að aflahlutdeild fari yfir leyfileg mörk. Skylda til að tilkynna Fiskistofu um flutning aflahlutdeildar við þessar aðstæður hvílir í tilviki tengdra aðila á móðurfyrirtæki „en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur“.

Þá ber útgerðaraðilum skv. 1. mgr. 14. gr. laganna að láta Fiskistofu „reglubundið“ í té nánar tilteknar upplýsingar um eigendur viðkomandi útgerðaraðila, þ.e. þá sem eiga, ýmist einir sér eða samanlagt með mökum eða skyldmennum í beinan legg eða tengdum aðilum, 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Enn fremur ber útgerðaraðilum skv. 1. mgr. 14. gr. laganna að upplýsa Fiskistofu um útgerðaraðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í.

Í 2. mgr. 14. gr. gildandi laga er fjallað um að viðbrögð Fiskistofu þegar aflahlutdeild einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram leyfileg mörk en þá skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila um það og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður og skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Hún kemur svo til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra við upphaf næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins með nánar greindum hætti.

Fiskistofa hefur í mörgum tilvikum beint því til aðila að koma aflahlutdeild sinni undir leyfileg mörk skv. 13. og 14. gr. gildandi laga, en ekki liggur fyrir hve oft það hefur gerst. Niðurstaða Fiskistofu um að beita 2. mgr. 14. gr. telst til stjórnvaldsákvörðunar og ber stofnuninni því að gæta að ákvæðum stjórnsýslulaga við undirbúning slíkrar ákvörðunar auk óskráðra reglna stjórnsýsluréttar. Ákvörðun Fiskistofu má einnig kæra til ráðuneytisins innan þriggja mánaða skv. 27. gr. stjórnsýslulaga. Kæra til ráðuneytisins frestar ekki sjálfkrafa réttaráhrifum ákvörðunar Fiskistofu, en ráðuneytið getur þó frestað réttaráhrifum ákvörðunar ef skilyrði eru til þess, sbr. 29. gr. laganna og óskráðar reglur stjórnsýsluréttar.

Þá verður endanleg ákvörðun á stjórnsýslustigi, hvort heldur Fiskistofu eða ráðuneytisins, borin undir dómstóla eftir almennum reglum. Ákvörðun Fiskistofu má jafnframt skjóta beint til dómstóla án þess að hún hafi áður verið kærð til ráðuneytisins. Ekki er kunnugt um dæmi þess, a.m.k. á undanförnum árum, að ákvörðun Fiskistofu um ofangreint hafi verið kærð til ráðuneytisins eða borin undir dómstóla.

3.2.5.2. Framkvæmd gildandi laga.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu (2018), bls. 61-67, eru gerðar margháttaðar athugasemdir við eftirlit Fiskistofu vegna ákvæða um hámarksaflahlutdeild. Þar kemur m.a. fram að árin 2013-2017 hafi Fiskistofa ekki haft „greinargóða yfirsýn yfir tengsl aðila í sjávarútvegi“ og ekki kannað „yfirráð tengdra aðila yfir aflaheimildum með reglubundnum eða markvissum hætti út frá öllum skilyrðum 13. gr. laga um stjórn fiskveiða“ (bls. 62). Þó hafi Fiskistofa í einstaka tilfellum ráðist í sérstakar athuganir á tengslum meðal 100 stærstu útgerðanna, t.d. í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um einstök viðskipti. Í slíkum tilvikum hafi Fiskistofu hins vegar reynst erfitt að „sanna, gegn andmælum viðkomandi aðila, að um

raunveruleg yfirráð í skilningi [2. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga] væri að ræða“ (bls. 65). Þá verði „stundum vart við kaup eins aðila á öðrum, sem leiðir til þess að sameiginlega fari þeir yfir mörkin“, en í slíkum tilfellum bregðist stofnunin við (bls. 63).

Þá kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að Fiskistofa „treystir nánast alfarið á tilkynningarskyldu fyrirtækja við eftirlit með samþjöppun aflaheimilda“ (bls. 62). Fiskistofa fái heldur ekki „reglubundið“ upplýsingar um eignarhald útgerða líkt og ráðgert er í 1. mgr. 14. gr. laganna, heldur „einungis þegar breytingar verða á eignarhaldi“ (bls. 63).

Ekki hafa orðið sérstakar breytingar á gildandi lögum eða lagaframkvæmd Fiskistofu sem Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við í fyrrnefndri skýrslu árið 2018 og verður því ekki annað séð en að þær eigi enn við í dag. Að öðru leyti má vísa til nánari umfjöllunar í þeirri skýrslu, auk skýrslu starfshóps um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni (2020), bls. 63-67.

3.2.5.3. Ályktanir um eftirlit Fiskistofu og nauðsyn aukinna upplýsingaheimilda.

Af ofangreindri umfjöllun um eftirlit Fiskistofu vegna hámarksaflahlutdeildar og tengdra aðila má ráða að lagaheimildir Fiskistofu til upplýsingaöflunar um slík atriði eru ekki nægilega víðtækar til að stofnunin geti sinnt eftirlitinu og framfylgt reglunum svo fullnægjandi sé.

Þetta á m.a. við um mat á tilvist raunverulegra yfirráða í skilningi 2. tölul. 4. mgr. 13. gr. gildandi laga. Eins og rakið er í lögskýringargögnum með ákvæðinu geta ýmis atriði skipt máli við mat á hvort slík yfirráð hafi myndast í félagi, m.a. samningar milli félags, hluthafa og annarra aðila, sem þurfa ekki að vera opinber gögn, og ýmis önnur tengsl og atvik sem leitt gætu til niðurstöðu um að aðili hefði í raun og veru úrslitavald yfir félagi. Fiskistofa skortir á hinn bóginn skýra lagaheimild til að afla slíkra gagna úr hendi aðila. Virðist það vera helsta orsök þess að Fiskistofa framfylgir ekki gildandi ákvæðum um hámarksaflahlutdeild og tengda aðila nema að takmörkuðu leyti. Í þeirri ályktun felst þó ekki nein afstaða til þess hvort einhverjir útgerðaraðilar kunni nú þegar að vera tengdir aðilar á grundvelli gildandi laga, en Fiskistofa hafi ekki getað lagt rökstutt mat á það álitaefni vegna skorts á gögnum.

Að öðru leyti er ljóst að Fiskistofu skortir almennt viðhlítandi lagaheimild til að afla nægilega ítarlegra upplýsinga um eignarhald fyrirtækja í sjávarútvegi og tengsl milli þeirra þannig að stofnunin geti haft nauðsynlega yfirsýn yfir þessi atriði á hverjum tíma, sem aftur er forsenda þess að unnt sé að framfylgja ákvæðum um hámarksaflahlutdeild. Þótt Fiskistofa eigi þess kost rétt eins og almennir borgarar að afla tiltekinna grunnupplýsinga um eignarhald félaga í fyrirtækjaskrá, eru þær ekki rauntímaupplýsingar nema að afar takmörkuðu leyti, enda miðast upplýsingar í birtum ársreikningi yfirleitt við löngu liðið tímamark. Slíkar upplýsingar koma því að takmörkuðu gagni við framkvæmd ákvæða um hámarksaflahlutdeild sem er viðvarandi verkefni. Í þessu sambandi er rétt að minna á að reglubundin upplýsingagjöf um eignarhald fyrirtækja sem gert er ráð fyrir í 14. gr. gildandi laga er lítt virk í framkvæmd og er gildissvið ákvæðisins auk þess þröngt eins og fyrr var rakið.

Þá verður ekki séð að upplýsingar um raunverulega eigendur félaga, sem unnt er að nálgast með gjaldfrjálsri uppflettingu í fyrirtækjaskrá, og eiga að vera uppfærðar í rauntíma, uppfylli þörf Fiskistofu fyrir viðhlítandi upplýsingar um eignarhald útgerðaraðila og tengda aðila í því sambandi. Skal þá bent á að birtar upplýsingar um raunverulega eigendur takmarkast í meginatriðum við einstaklinga sem eiga endanlega meira en 25% hlut í lögaðila eða fara annars með yfirráð yfir honum. Allur gangur er á því hvort einstakir aðilar eigi svo mikið í félagi að þeir falli undir skilgreiningu á raunverulegum eiganda. Þá nær hugtakið aðeins til endanlegra eigenda félaga, sem eru einstaklingar, en ekki annarra beinna og óbeinna eigenda lögaðila með marglaga eignarhald. Þá hefur Fiskistofa ekki lagaheimild til að fá aðgang að gögnum sem liggja að baki slíkri skráningu hjá fyrirtækjaskrá. Loks gilda ákvæði laga um

skráningu raunverulegra eigenda ekki um félög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, en upplýsingar um helstu eigendur slíkra félaga má þó yfirleitt nálgast á vefsíðum þeirra.

Þess skal getið að Fiskistofa birtir a.m.k. árlega upplýsingar á vefsíðu sinni, undir yfirskriftinni „samþjöppun aflaheimilda“, um aflahlutdeildir stærstu 100 fyrirtækjanna í aflamarki og 50 stærstu fyrirtækjanna í krókaaflamarki, sem brotnar eru niður á kennitölur aðila, bæði í einstökum tegundum og öllum tegundum. Þær upplýsingar sem stofnunin birtir um þetta ná þó ekki til mögulegra tengsla milli einstakra handhafa aflahlutdeilda, enda skortir Fiskistofu yfirsýn yfir þessi atriði sem fyrr segir, auk þess sem ekki er skýr lagaheimild fyrir birtingu slíkra upplýsinga væru þær á annað borð til staðar.

Í 46.-49. gr. frumvarpsins eru lögð til skýrari og markvissari ákvæði um eftirlit Fiskistofu vegna hámarksaflahlutdeildar sem bæta úr ofangreindum annmörkum á gildandi lögum. Ákvæðin taka mið af tillögum starfshópa Auðlindarinnar varðandi þessi atriði sem fram koma í skýrslu starfshópanna (2023), bls. 50-52, sbr. nánar hér á eftir.

3.2.6. Samantekt á ákvæðum um hámarksaflahlutdeild o.fl. (43.-49. gr.).

Helstu tillögur sem felast í 43.-49. gr. frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. *Mörk hámarksaflahlutdeildar verði rýmkuð hjá útgerðarfélögum sem eru skráð á markað og uppfylla tiltekin önnur skilyrði m.a. um dreift eignarhald.*
   Í eldri lögum, fram til 2002, voru mörk hámarksaflahlutdeildar hærri ef útgerð uppfyllti ákveðin skilyrði um dreift eignarhald. Í 44. gr. frumvarpsins er lagt til að slík regla verði tekin upp að nýju, þ.e. að hámarksaflahlutdeild verði 15% í öllum tegundum í almennu aflamarki (í stað 12%) hjá útgerðarfélögum sem skráð hafa hlutabréf sín á skipulegan markað á Íslandi, og uppfylla að öðru leyti tiltekin skilyrði í ákvæðinu. Markmiðið með því er að hvetja til dreifingar eignarhalds og aukins gagnsæis í sjávarútvegi. Að öðru leyti eru ekki lagðar til breytingar á mörkum hámarksaflahlutdeildar frá því sem nú gildir, sbr. 43. gr. frumvarpsins.

2. *Hugtakið yfirráð í skilgreiningu tengdra aðila fái sömu merkingu og í 17. gr. samkeppnislaga.*
   Í samkeppnisrétti hafa mótast ítarlegar viðmiðanir um hvenær yfirráð yfir lögaðila eru fyrir hendi. Með því að styðjast við sömu skilgreiningu í ákvæðum um hámarksaflahlutdeild verður réttaróvissu um merkingu hugtaksins yfirráð eytt og virkni ákvæðanna því aukin. Sjá 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins.

3. *Skilgreining tengdra aðila nái betur utan um tilgreind náin fjölskyldutengsl.*
   Lagt er til að einstaklingar verði taldir tengdir aðilar ef um er að ræða maka, sambúðarfólk og skyldmenni í beinan legg og fyrsta legg til hliðar, sbr. til hliðsjónar 4. mgr. 95. gr. a laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Í 4. mgr. 13. gr. gildandi laga eru fjölskyldutengsl afmörkuð þröngt og nær sú skilgreining m.a. ekki yfir tengsl milli sambúðarfólks og systkina innbyrðis. Sjá 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins.

4. *Eignatengsl í formi 20% eða meira af atkvæðisrétti í félagi leiði til þess að aflahlutdeild félagsins telji að hluta hjá eiganda atkvæðisréttar.*
   Gildandi skilgreining tengdra aðila er takmörkuð við tengsl milli aðila sem teljast til yfirráða, þ.e. það þegar aðili á meirihluta í lögaðila eða fer með raunveruleg yfirráð yfir honum á annan hátt. Af því leiðir að aflahlutdeildir aðila eru ekki taldar

Drög

saman að neinu leyti með tilliti til hámarksaflahlutdeildar ef slík yfirráð eru ekki til staðar og það jafnvel þótt annar aðilinn eigi e.t.v. verulegan eignarhlut í hinum, t.d. 20-30%. Lagt er til að því verði breytt þannig að *tiltekinn hluti* aflahlutdeildar félags telji upp í hámarksaflahlutdeild hjá þeim aðila sem á 20% eða meira af atkvæðisrétti í félaginu, þá jafnstórt hlutfall aflahlutdeildar og nemur hlutfallstölu atkvæðisréttarins. Hér verði því um mildari reglu að ræða en gildir um yfirráð, þar sem aflahlutdeildir aðila sem tengjast gegnum yfirráð eru lagðar saman að öllu leyti upp í hámarksaflahlutdeild. Sjá 3. mgr. 45. gr. frumvarpsins.

5. *Skerpt verði á viðvarandi eftirlitsskyldu Fiskistofu vegna hámarksaflahlutdeildar.*
Lagt er til að kveðið verði skýrar á um skyldu Fiskistofu til að fylgjast með því, m.a. að eigin frumkvæði og á viðvarandi grunni, að útgerðaraðilar haldi sig innan marka hámarksaflahlutdeildar. Í því sambandi er m.a. ráðgert að Fiskistofa geri reglubundnar athuganir á því hvort tengsl séu milli útgerðaraðila. Þá komi í hlut Fiskistofu að leysa úr því með ákvörðunum hvort aflahlutdeild aðila sé innan leyfilegra marka og hvort aðilar séu tengdir. Sjá m.a. 46. og 48. gr. frumvarpsins.

6. *Eftirlitsúrræði Fiskistofu vegna hámarksaflahlutdeildar verði efld svo unnt sé að framfylgja viðkomandi ákvæðum samkvæmt efni sínu.*
Í tengslum við eftirlit vegna hámarksaflahlutdeildar er lagt til að Fiskistofa fái víðtækari heimildir til að afla upplýsinga sem eru forsenda þess að stofnuninni sé kleift að framfylgja ákvæðunum. Undir það falla upplýsingar um atriði varðandi tengsl milli útgerðaraðila sem hafa þýðingu að lögum. Fyrir liggur að Fiskistofu hefur um langt skeið skort viðhlítandi lagaheimildir í þessum efnum. Afleiðingin er sú að Fiskistofu er í reynd ófært að framfylgja gildandi ákvæðum um hámarks-aflahlutdeild samkvæmt efni sínu og á þann hátt sem virðist hafa vakað fyrir löggjafanum við setningu ákvæðanna með lögum nr. 27/1998. Telja verður brýnt að úr því verði bætt líkt og lagt er til í 46.-49. gr. frumvarpsins.

7. *Lögð verði reglubundin upplýsingaskylda á stærri útgerðaraðila um eignarhald og eignatengsl.*
Í tengslum við eftirlit vegna hámarksaflahlutdeildar er lagt til að stærri útgerðar-aðilar reglubundið veita Fiskistofu upplýsingar um eigendakeðju sína og tengsl við aðra útgerðaraðila. Með því er ætlunin að tryggja viðvarandi flæði rauntíma-upplýsinga um þessi atriði til Fiskistofu. Sjá 47. gr. frumvarpsins.

8. *Fiskistofa birti reglubundið grunnupplýsingar um skiptingu aflahlutdeilda svo og eignarhald stærri útgerðaraðila og eignatengsl.*
Lagt er til að Fiskistofa birti reglubundið nánar tilteknar grunnupplýsingar um aflahlutdeildir, eignarhald stærri útgerðaraðila og tengda aðila. Þá verði lagður grunnur að auknu samstarfi stjórnvalda í þessum efnum. Sjá 49. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti er vísað til nánari umfjöllunar um tillögurnar í undanfarandi köflum og skýringa við einstök ákvæði. Þá er vísað til undirliggjandi tillagna og sjónarmiða starfshópa Auðlindarinnar varðandi gagnsæi, hámarksaflahlutdeild og lögbundin verkefni Fiskistofu í því sambandi, sbr. skýrslu starfshópanna (2023), bls. 50-60.

DRAFT

3.2.7. Byggðakerfin (5,3%).

Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar eru lagðar til ýmsar breytingar er varða byggðakerfin (5,3%). Má þar nefna tillögur þess efnis að lögfest verði með skýrari hætti markmið byggðakerfa og hvernig skuli meta skuli árangur af slíkum kerfum. Í frumvarpinu er lagt til ráðherra skili Alþingi skýrslu á fimm ára fresti um árangur þeirra byggðakerfa sem frumvarpið tekur til. Til byggðakerfa samkvæmt frumvarpinu falla þau kerfi sem standa utan við aflamarkskerfið, eða stóra kerfið eins og það er stundum nefnt. Byggðakerfi samkvæmt frumvarpinu eru því strandveiðar, aflamark Byggðastofnunar, innviðastuðningur, frístundaveiðar í atvinnuskyni og sjóstangaveiðimót.

1. *Strandveiðar*. Strandveiðar eru skilgreindar í núgildandi 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Afli sem fæst við strandveiða reiknast ekki til aflamarks eða krókaflamarks þeirra skipa sem slíkar veiðar stunda. Við lögfestingu strandveiða í ákvæði laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, á árinu 2009 kom fram að markmið með heimild til strandveiða væri nýting sjávarauðlindarinnar á nýjum grunni þar sem mönnum væri gert mögulegt að stunda veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar er lagt til að strandveiðum verði viðhaldið að mestu með óbreyttum hætti, en að kveðið verði skýrar á um markmið, árangursmælingar og aðgengi, til þess að ná betur fram upphaflegum markmiðum kerfisins þegar því var komið á fót. Í spurningakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um viðhorf Íslendinga til sjávarútvegsmála, kom fram að meirihluti svarenda taldi að markmið strandveiða ætti að vera að stuðla að jákvæðari byggðaþróun og veita öllum sanngjarnan aðgang að auðlindinni. Í frumvarpinu eru lagt til að fjallað verði um strandveiðar í 57. – 59. gr. þar er m.a. lagt til að markmið strandveiða verði að efla atvinnulíf í sjávarbyggðum um land allt í samræmi við markmið frumvarpsins, auka aðgengi að sjávarauðlindinni ásamt því að styðja við nýliðun og viðhalda verkkunnáttu og þeim menningararfi sem felst í handfæraveiðum. Til að meta árangur strandveiða er lagt til að á fimm ára fresti verði lagt mat á það hvort breyting hafi orðið á fjölda nýliða sem stunda strandveiðar, fjölda skipa og hvort strandveiðar hafi haft áhrif á stöðu fiskvinnslu og útgerða í viðkomandi sjávarbyggðum. Niðurstöður slíks mats er lagt til að verði hluti af skýrslu ráðherra til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar og felld brott sérákvæði er varða veiði á ufsa. Að öðru leyti vísast til athugasemda um 57., 58. og 59. gr. frumvarpsins.

2. *Aflamark Byggðastofnunar*. Kveðið er á um aflamark Byggðastofnunar í 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um aflamark Byggðastofnunar með skýrari hætti í 60. og 61. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að lögfesta markmið með úthlutun aflamarks Byggðastofnunar, en það er að styðja við atvinnu og byggð í sjávarbyggðum. Til að meta árangur af úthlutun aflamarks Byggðastofnunar er lagt til að á fimm ára fresti sé metið hvort mælanleg breyting hafi orðið á fjölda starfa og íbúaþróun og hvort breyting hafi orðið á stöðu fiskvinnslu og útgerðar til framtíðar í þeirri sjávarbyggð þar sem aflamarki Byggðastofnunar hefur verið úthlutað til. Að öðru leyti vísast til athugasemda um 60. og 61. gr. frumvarpsins.

DRAFT

3. *Innviðastuðningur.* Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar – Sjálfbær sjávarútvegur, er lagt til að úthlutun almenns byggðakvóta í núverandi formi, verði hætt og þess í stað verði farin svonefnd innviðaleið (bls. 93 – 122). Á fiskveiðiárinu 2022/2023 var almennum byggðakvóta úthlutað til 51 byggðarlags í 29 sveitarfélögum. Byggðarlög með færri en 400 íbúa fá 3.271 þorskígildistonnum úthlutað, byggðarlög með fleiri en 400 íbúa fá 1.629 þorskígildistonnum úthlutað. Alls fá 14 byggðarlög lágmarksúthlutun og fjögur byggðarlög fá hámarksúthlutun. Í skýrslu Sveins Agnarssonar og Vífils Karlssonar Vísbendingar um byggðafestuáhrif sjávarútvegs í skýrslunni (bls. 123-170) kemur fram að 68% þeirra stærri fiskiskipa, sem nutu einhverra byggðaaðgerða fengu úthlutað byggðakvóta á árunum 2017/2018 til 2021/2022 en 24% smærri fiskiskipa. Bátar frá 57 höfnum fengu úthlutað byggðakvóta á þessu tímabili. 18 þeirra hafna voru með meira en 10% hlutdeild byggðakvóta af heildarafla. Starfshópar Auðlindarinnar okkar lögðu fram tvær leiðir í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur. Annars vegar innviðaleið, það sem þær aflaheimildir sem eru til ráðstöfunar eru leigðar út og aukin verðmæti sem við það skapast verði nýtt til uppbyggingar á sjálfbærum atvinnurekstri og samfélagslegum innviðum í sjávarbyggðum til framtíðar en slík uppbygging væri ekki bundin við sjávarútveg. Hins vegar byggðafestuleið, þar sem gripið er til sértækra og markvissra aðgerða til að nýta veiðiheimildir til að efla byggðir þar sem veiðar og vinnsla er talin eiga framtíð fyrir sér. Heimildunum sé þannig ráðstafað beint til byggða eða einstaklinga með tilteknum reglum. Á Íslandi hefur þess verið freistað undanfarna áratugi að fara byggðafestuleiðina en ávinningur af því er óljós og markmiðin óskýr. Starfshópar Auðlindarinnar okkar lögðu því til að til að báðar þessar leiðir verði notaðar, að hluti veiðiheimilda í byggðakerfi verði leigður út og afraksturinn renni beint til sveitarfélaga. Í frumvarpinu er lagt til að farin verði lítilega breytt innviðaleið og lagt til að tekinn verði upp svonefndur innviðastuðningur. Markmið innviðastuðnings er að styðja sjávarbyggðir þar sem verulega hefur dregið úr sjávarútvegi. Lagt er til að aflaheimildum sem úthlutað hefur verið árlega til núgildandi almenns byggðakvóta skv. ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, verði af hálfu stjórnvalda boðnar upp og Fiskistofu falið að halda utan um markað fyrir þær aflaheimildir. Þær tekjur sem þar skapast muni renna í ríkissjóð. Þá verði ráðherra veitt heimild til að ákveða fjárheimild í fjárlögum til að ákvarða fjárveitingu til innviðastuðnings sjávarbyggða. Lagt er til að sjávarbyggð samkvæmt frumvarpinu sé byggðalag við sjávarsíðuna, þar sem fiskveiðar og/eða fiskvinnsla eru eða hafa verið stundaðar á síðustu 30 árum. Einnig kom til skoðunar við samningu frumvarpsins að aflaheimildunum verði úthlutað beint til sveitarfélaga sem hefðu þá svigrúm til að ákveða sjálf hvernig þeim yrði ráðstafað til að styðja við sjávarbyggðir innan viðkomandi sveitarfélags. Er sú tillaga einnig kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

4. *Frístundaveiðar í atvinnuskyni.* Fjallað er um frístundaveiðar í atvinnuskyni í 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Lagt er til sérákvæði sem fjallar um leyfi til frístundaveiða í atvinnuskyni og afmarkað með skýrari hætti þau skilyrði sem umsækjendur um leyfi ber að uppfylla.

5. *Sjóstangaveiðimót.* Kveðið er á um sjóstangaveiðimót í 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Lagt er til að kveðið verði á um sjástangaveiðimót í sérstakri

grein, þar sem fjallað er um heimild ráðherra til að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til sjóstangaveiðimóta.

3.2.8. Nýting sjávargróðurs.

Sjávargróður fellur undir skilgreiningu hugtaksins nytjastofn og fellur því nýting sjávargróðurs undir frumvarpið. Í frumvarpinu er að finna nýmæli er varðar leyfi til nýtingar sjávargróðurs. Kveðið er á um nýtingu sjávargróðurs í núgildandi 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, og tekur ákvæðið mið af þangslætti en ekki annarskonar nýtingu sjávargróðurs nema að litlu leyti. Lagt er til nýmæli í 66. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að áður en sótt er um leyfi til nýtingar sjávargróðurs skuli umsækjandi afla staðfestingar frá Skipulagsstofnun, um það hvort vinna þurfi umhverfismat vegna nýtingar sjávargróðurs í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Er það lagt til með hliðsjón af markmiðum frumvarpsins sem er að vernda nytjastofna og stuðla að hagkvæminni og sjálfbærri nýtingu nytjastofna á grundvelli bestu vísindalegu þekkingu sem til staðar er og ákvarðanir um nýtingu taki mið af vistkerfis- og varúðarnálgun. Fiskistofa getur þar með ekki tekið umsókn um nýtingu sjávargróðurs til formlegrar meðferðar fyrr en niðurstaða úr matsfyrirspurn til Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Í 109. gr. frumvarpsins er því lögð til breyting á I. viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, þar sem tilgreint er að í flokki framkvæmda er nýting sjávargróðurs sérstaklega tilgreind. Lagt er til að leyfi til nýtingar sjávargróðurs verði heimilt að veita til allt að 10 ára í senn. Þá er einnig kveðið á um að nýting innan netlaga er ávallt háð leyfi ábúanda eða landeiganda þeirrar jarðar sem liggur að sjó, sbr. 10. gr. frumvarpsins og 7. gr. c. jarðalaga nr. 81/2004 sem fjallar um samþykki sameigenda jarða. Í ákvæðinu er áfram lagt til að leyfishafi geri áætlun um nýtingu sjávargróðurs til fimm ára í senn og þar verði gerð grein fyrir þeim tækjum og veiðarfærum sem nýtt eru við slátt eða töku sjávargróðurs, áætlað magn sem er tekið og á hvaða svæði nýtingin fer fram. Lagt er þó til það nýmæli að Fiskistofu beri að birta nýtingaráætlanir leyfishafa með opinberum hætti, til að mynda á vefsíu stofnunarinnar þannig að almenningur geti kynnt sér nýtingaráætlanir leyfishafa með aðgengilegum hætti. Þá er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð með nánari reglum um nýtingu sjávargróðurs, þar sem kveðið er á um leyfi til nýtingar, gerð og innihald nýtingaráætlana, hvaða skilyrði eru sett fyrir tæki, búnað og veiðarfæri sem notuð eru við öflun sjávargróðurs. Einnig er lagt til sérákvæði um þangslátt, og er það sambærilegt núgildandi ákvæði laga um stjórn fiskveiða, m.a. er varðar leyfi til þangsláttar, en það leyfi er óskiptanlegt og óframseljanlegt. Tiltekin ákvæði frumvarpsins gilda sérstaklega um sjávargróður, má þar nefna 28. gr. um aðgreiningu tegunda og meðafla en þar kemur fram að við öflun sjávarafla sé ekki skylt að skilja meðafla frá en ráðherra getur þó með reglugerð sett fyrirmæli um hvernig skuli staðið að skráningu á meðafla og hvernig eftirliti með skráningu skuli háttað. Þá er áfram sú skylda lögð á skipstjóra skips sem flytur sjávargróður til löndunarhafnar skuli halda aflanum aðgreindum, þannig að afli sé færður á rétt skip við aflaskráningu. Þá er í 78. gr. kveðið á um veiðigjald á sjávargróður.

3.2.9. Verkefnasjóður sjávarútvegs.

Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar er fjallað um Verkefnasjóð sjávarútvegsins en þá í tengslum við mögulegan stuðning við orkuskipti. En einnig var lagt til að tilgangur sjóðsins yrði endurskoðaður. Í núgildandi lögum skal framlögum úr verkefnasjóði ráðstafað til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Starfshópar Auðlindarinnar okkar bent á mikilvægi þess að auknu fjármagni væri varið til grunnrannsókna á hafinu og auka þurfi samstarf rannsóknaraðila. Í stað þess að fjármunum úr sjóðnum yrði

varið til að styðja að litlu leyti við orkuskipti í sjávarútvegi, er í frumvarpinu lagt til að hlutverk sjóðsins verði áfram að styðja við rannsóknir og nýsköpun í sjávarútvegi, þannig að unnt sé m.a. að styðja við nauðsynlegar grunnrannsóknir á hafinu, hvetja til nýsköpunar og framþróun í eftirliti með fiskveiðum. Í frumvarpinu er mælt nánar fyrir um starfsemi sjóðsins, skipun stjórnar og rekstur sbr. 91. gr. frumvarpsins.

3.2.10. Veiðigjald.

Starfshópar Auðlindarinnar okkar fjölluðu ítarlega um veiðigjald og auðlindarentu í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur. Í tillögum starfshópanna er velt upp hugmyndum um það hvernig mætti einfalda útreikning og innheimtu veiðigjalda. Að mati starfshópanna er ákvörðun um hve hátt skatthlutfall veiðigjalds á að vera ekki síður pólitískt en efnahagslegt viðfangsefni. Starfshóparnir tóku ekki afstöðu til þess. Við mat á því hversu hátt veiðigjald skuli lagt á í sjávarútvegi þarf að taka tillit til samkeppnisstöðu sjávarútvegs á alþjóðlegum mörkuðum og kröfu samfélagsins um að sjávarútvegurinn skili sanngjörnu afgjaldi til samfélagsins. Greining á svokallaðri auðlindarentu og hlutfalli veiðigjalda af henni er flókin og er það mat starfshópa Auðlindarinnar okkar að fátt bendi til þess að álagt veiðigjald eftir síðustu breytingar laga um veiðigjald, nr. 145/2018, víki verulega frá því sem lagt hefur verið upp með, þ.e. 33% af metinni auðlindarentu af fiskveiðum án fiskvinnslu og markaðssetningar.

Í lokaskýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar er lagt til nýtt einfaldað veiðigjald þar sem núverandi álagsprósenta er umreiknuð úr 33% af reiknistofni í tiltekið hlutfall af lönduðu aflaverðmæti sem innheimt yrði af hverri veiðiferð m.v. meðalaflaverðmæti mánaðarins á undan. Með þessari aðferð væri hægt að ná utan um um tímatöfina í reikningum á veiðigjaldinu. Hins vegar er nefnt í skýrslu starfshópanna að mögulega þyrfti mismunandi prósentu fyrir botn- og uppsjávarfisk, þar sem sveiflur í afla og afkomu uppsjávarveiða býður enn upp á þann möguleika að sagan frá 2019-2022 endurtaki sig og ekki sé innheimt veiðigjald af neinu ráði vegna uppsjávarafla. Skoða má þann möguleika að halda núverandi veiðigjaldi á botnfiskstegundir en breyta einungis veiðigjaldi á uppsjávartegundir þannig að innheimt sé kr./kg „við löndun“ sem hlutfall af aflaverðmæti. Með slíkri aðferð væri verið að bregðast við tímatöf í veiðigjaldi vegna uppsjávartegunda og þeim tilvikum að ekki sé innheimt veiðigjald af „stórri loðnuvertíð“. Meta þyrfti hvort veiðigjald sem innheimt væri sem hlutfall af löndunarverðmæti myndi ná til alls afla eða eingöngu til uppsjávartegunda. Um væri að ræða verulega kerfisbreytingu og öll slík breyting myndi hafa í för með sér að meta þyrfti forsendur til þess að finna út fjárhæð sem innheimta ætti við löndun. Þannig myndi einnig þurfa sér greiningu á möguleg áhrif slíkrar kerfisbreytingar á afkomu. Með hliðsjón af því að núverandi reikniaðferð veiðigjald hafi tekist vel til og framkvæmd útreikninga og álagningar er einföld að mati Skattsins, þá var að mati matvælaráðuneytisins ekki tímabært að gera frekari breytingar á veiðigjaldi að svo stöddu. Í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 (þingskjal 2125-894. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023) sem samþykkt var af Alþingi 9. júní 2023 eru tilgreindar tekjuráðstafanir og áformað að gjaldtaka vegna auðlinda og auknar tekjur í ríkissjóð muni skila sér frá sjávarútvegi með breytingu á veiðigjaldi frá og með árinu 2025. Í fjármálaáætlun er ekki nánar útfært hvernig útfærslu breytinga á veiðigjaldi skuli háttað og réðst matvælaráðuneytið í að skoða nokkra möguleika til að mæta forsendum fjármálaáætlunar og hver áhrif mögulegra breytinga kynni að vera við innheimtu veiðigjald og áhrif á rekstrarforsendur í sjávarútvegi. Nánar er fjallað um mat ráðuneytisins í kafla 6.3.

3.2.11. Viðurlög.
Starfshópar Auðlindarinnar okkur fjölluðu að hluta til um viðurlög við brotum á ákvæðum laga er varða nýtingu og stjórnun nytjastofna sjávar. Í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur er vísað til stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu frá 2018, þar sem m.a. var bent á að eftirlit Fiskistofu styðji ekki með viðunandi hætti við markmið núgildandi laga um stjórn fiskveiða og laga um umgengni um nytjastofna sjávar. Vegna skorts á úrræðum og viðurlögum í lögum væri erfitt fyrir Fiskistofu að sinna öllu því eftirlit sem henni bæri samkvæmt lögum að sinna. Einnig er vísað til skýrslu verkefnastjórnar um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf út í júní 2020 þar sem lagðar eru fram tillögur að breytingum á viðurlögum við brotum, í því skyni að efla og skilvirkni eftirlits og skapa fælingar- og varnaðaráhrif. Í frumvarpinu er því að finna nýjan kafla um viðurlög og skýrari heimildir Fiskistofu til að bregðast við brotum. Nánar er fjallað um viðurlögin í athugasemdum við 92. – 103. gr. frumvarpsins.

3.2.12. Línuívilnun.
Línuívilnun er skilgreind í 8. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Þar segir að við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi megi landa 20% umfram aflamark en 15% umfram aflamark við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi. Nýting línuívilnunar hefur almennt dregist saman um meira en tvo þriðju frá þeim tíma þegar sem mest lét fiskveiðiárið 2011/2012. Þó hafa verið beiðnir um aukningu í línuívilnun en einkum í einstökum tegundum. Ráðstöfun til línuívilnunar hefur farið minnkandi í samræmi við nýtingu, en helsta ástæða minnkandi nýtingar virðist vera ákvæði um handbeitingu eða stokkun í landi. Uppstokkun línu í landi felur í sér að veiðarfærið er undirbúið fyrir næstu veiðiferð. Þannig er greitt úr línunni, gömul beita hreinsuð af krókum, krókar lagaðir eða endurnýjaðir. Í frumvarpi til laga nr. 147/2003 kom ekki fram beint markmið með setningu línuívilnunar, en ótvírætt er að aðgerðin hefur átt að stuðla að aukinni byggðafestu, enda sé línan beitt í landi. Í nefndaráliti meirihluta sjávarútvegsnefndar Alþingis, sem útbúið var í tilefni af frumvarpi laga nr. 147/2003, kom meðal annars fram að markmið línuívilnunar væri að styrkja og efla útgerð og fiskvinnslu í sjávarbyggðum. Í nýlegri skýrslu sem tekin var saman að beiðni Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá 2019 kemur fram að áætluðum ársverkum við handbeitingu í landi hafi fækkað úr 364 ársverkum við handbeitingu í landi á fiskveiðiárinu 2011/2012, í 171 á fiskveiðiárinu 2017/2018. Ennfremur kom fram í skýrslunni að handbeiting og stokkun línu sé ekki samkeppnishæf við vélbeitningu þrátt fyrir þá meðgjöf sem felst í línuívilnun samkvæmt núgildandi ákvæðum laga.

Starfshópar Auðlindarinnar okkar leggja til í skýrslunni Sjálfbær sjávarútvegur að línuívilnun verði hætt, þar sem aðgerðin sé letjandi til nýsköpunar og komi í veg fyrir tækniframfarir í greininni, þar sem hvati er til þess að veiðarfæri sé undirbúið með mannafli í stað tækja eða búnaðar. Þá telja starfshóparnir að æskilegt væri að því aflamarki, sem úthlutað er í línuívilnun renni í innviðaleiðina. Í frumvarpinu er því lagt til að línuívilnun verði hætt og í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið verði ráðherra tímabundið veitt heimild til að úthluta til línuívilnunar til 31. desember 2028, en á því tímabili muni það hlutfall sem úthlutað er til línuívilnunar vera skert um 25% á ári í fjögur ár. Þannig verði veitt hæfilegt svigrúm og aðlögunartími fyrir þá er njóta línuívilnunar til að bregðast við og aðlaga sig að breytingunni. Við afmörkun tillögunnar var einnig litið til þess að tillagan hefur mismunandi áhrif á þá aðila er njóta ívilnunar og kemur einnig mismunandi við tiltekin svæði. Er þar af leiðandi lagður til rúmur aðlögunartími og með tilliti til meðalhófs og ekki gengið lengra en þörf er á í þeim efnum til að fella niður línuívilnun. Löggjafanum er veitt þónokkuð svigrúm til að gera

breytingar, setja skilyrði og takmarkanir á rétti til fiskveiða. Slíkt svigrúm er þó háð því að ákvörðun um breytingu sé byggð á málefnalegum sjónarmiðum sem standist jafnræðis-, eignarréttar- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Nánar er fjallað um samræmi við stjórnarskrá í 4. kafla greinargerðarinnar. Að mati ráðuneytisins standa málefnaleg rök að baki tillögu að breytingunni og þá er vegna framþróunar og tæknibreytinga ívilnunin ekki að skila þeim árangri sem að var stefnt þegar línuívilnun var komið á. Þeim afla sem ráðstafað er samkvæmt núgildandi ákvæðum laga er því betur varið til stuðnings sjávarbyggðum, í gegnum önnur byggðakerfi sem kveðið er á um í frumvarpinu.

3.2.13. Skel- og rækjubætur.

Úthlutun á skel- og rækjubótum var komið á um síðustu aldamót vegna aflabrests í þeim tegundunum, en sá aflabrestur hefur síðan að mestu verið varanlegur. Bótunum hefur verið úthlutað frá ári til árs á grundvelli tímabundinna heimilda og litið á þær sem bætur fyrir tekjumissi vegna varanlegs aflabrests. Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu þeirra skipa sem njóta bóta, bæði hefur skipum fækkað og eigendaskipti orðið frá því ákvörðun um úthlutun bótanna var tekin. Forsaga og aðdragandi þess að tekin var ákvörðun um úthlutun skel- og rækjubóta er rakin í minnisblaði Jóhannesar Karls Sveinssonar, lögmanns, dags. 18. október 2023, sem unnið var að beiðni matvælaráðuneytisins í framhaldi af tillögu starfshópa Auðlindarinnar okkar þess efnis að skel- og rækjubætur yrðu lagðar niður. Að mati starfshópanna samræmist úthlutun skel- og rækjubóta ekki markmiðum fiskveiðistjórnunarkerfisins og fyrirkomulagið hafi átt að vera til skamms tíma. Ekki var þó í tillögu starfshópanna tekin afstaða til þess með hvaða hætti bæturnar yrðu lagðar niður, en við útfærsluna yrði litið til aðlögunartíma, byggðasjónarmiða og efnahagslegra hagsmuna. Starfshóparnir lögðu þó til að eftir breytinguna væri æskilegt að því aflamarki sem úthlutað er til skel- og rækjubóta yrði ráðstafað til innviðaleiðar. Nánar er fjallað um skel- og rækjubætur í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar – Sjálfbær sjávarútvegur (bls. 116-119) ásamt því að í kafla 11 í skýrslunni er fjallað um byggðafestuáhrif skel- og rækjubóta (bls. 123-169).

Í framangreindu minnisblaði kemur einnig fram að uppsafnaðar skel- og rækjubætur sem felast í úthlutuninni, eru nokkrar að verðmætum og móttakendum þeirra gefist rúmur tími til að aðlaga sig að breyttri aflasamsetningu. Bæturnar fóru minnkandi á tilteknu árabili en hafa að öðru leyti verið háðar ákvörðunum ráðherra í hvert sinn. Áætlar matvælaráðuneytið að ef miðað er við núvirt leiguverð nemi skel- og rækjubætur, samtals um 14,6 milljörðum króna.

Í frumvarpinu er lagt til að úthlutun skel- og rækjubóta verði hætt og í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið verði ráðherra tímabundið veitt heimild til að úthluta skel- og rækjubótum til 31. desember 2028, en á því tímabili muni það hlutfall sem úthlutað er til bóta skert um 25% á ári í fjögur ár. Þannig verði handhöfum skel- og rækjubóta veitt hæfilegt svigrúm og aðlögunartíma til að bregðast við og aðlaga sig að breytingunni. Við afmörkun tillögunnar var einnig litið til þess að tillagan hefur mismunandi áhrif á handhafa skel- og rækjubóta og kemur því mismunandi við tiltekin svæði. Er þar af leiðandi lagður til rúmur aðlögunartími og með tilliti til meðalhófs, ekki gengið lengra en þörf er á í þeim efnum til að ljúka þeim tímabundnu aðgerðum sem felast í úthlutun skel- og rækjubóta. Í framangreindu minnisblaði er einnig fjallað um það svigrúm sem löggjafinn hefur til að gera breytingar, setja skilyrði og takmarkanir á rétti til fiskveiða. Slíkt svigrúm er þó háð því að ákvörðun um breytingu sé byggð á málefnalegum sjónarmiðum sem standist jafnræðis-, eignarréttar- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Nánar er fjallað um samræmi við stjórnarskrá í 4. kafla greinargerðarinnar. Að mati ráðuneytisins standa málefnaleg rök að baki tillögu að breytingu, enda er úthlutun skel- og rækjubóta ekki í samræmi við markmið

fiskveiðistjórnunarkerfisins og þar af leiðandi ekki í samræmi við markmið frumvarpsins. Þá á úthlutun skel- og rækjubóta ekki beina stoð í lögum og einnig hafa orðið miklar breytingar á samsetningu og uppbyggingu þeirra útgerða sem bótanna njóta. Löng dómaframkvæmd er fyrir því að Alþingi sé falið það hlutverk að móta reglur um stjórn fiskveiða sem byggi á málefnalegum sjónarmiðum og er þar að leiðandi lagt til að fyrirkomulag rækju- og skelbóta verði afnumið með hæfilegum aðlögunartíma í ákvæði til bráðabirgða.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

4.1. Samræmi við stjórnarskrá.

Við samningu frumvarpsins hefur þess verið gætt að efni þess samrýmist stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins. Frumvarpinu er ætlað að festa í ein heildarlög helstu reglur sem gilda um sjávarútveginn og fiskveiðiauðlindina, þ.m.t. um vernd og nýtingu, umgengni, aðgengi og takmarkanir þar á. Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í frumvarpinu geta því falið í sér inngrip í réttindi sem njóta verndar 40., 65., 69., 72., 75. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 1. gr. 1. og 4. gr. 7. samningsviðauka við hann, sbr. lög nr. 62/1994, auk samsvarandi ákvæða í öðrum alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að. Efni frumvarpsins hefur einnig tengsl við ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði hafréttar og umhverfisréttar og má þar nefna Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum 61. og 62. gr., samninginn um líffræðilega fjölbreytni, […]. Efni frumvarpsins tekur mið af framangreindu. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu stjórnskipulegu álitaefnum sem tengjast efni frumvarpsins.

4.2. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

Þrátt fyrir að með frumvarpinu sé lagt til að sett verði ný heildarlög á sviði sjávarútvegs byggir frumvarpið í grunninn á efnisreglum þeirra lagabálka sem nú gilda. Þannig hefur við samningu frumvarpsins verið leitast við að raska sem minnst því kerfi sem komið var á fót á seinni hluta síðustu aldar og fyrir liggur löng dómaframkvæmd um. Þær helstu reglur stjórnarskrárinnar sem á hefur reynt í tengslum við fiskveiðistjórnunarkerfið eru jafnræðisregla 1. mgr. 65. gr., atvinnufrelsisákvæði 1. mgr. 75. gr. og friðhelgi eignaréttar í 1. mgr. 72. gr. Um skattlagningarákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar verður fjallað sérstaklega í tengslum við veiðigjald í kafla 4.4.

Markmiðið með fiskveiðistjórnunarkerfinu er fyrst og fremst að tryggja verndun og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Með því eru settar skorður við því hverjir hafa aðgang að auðlindinni og geta nýtt hana. Því hefur margsinnis verið slegið föstu í dómaframkvæmd að í þessu felist ríkir almannahagsmunir. Þá verður ráðið af dómaframkvæmd að löggjafinn hafi ríkt svigrúm til að setja almennar takmarkanir í þágu þessara almannahagsmuna, setja á skilyrði eftir þörfum eða taka þau af og að réttindin ráðast af lögum eins og þau eru á hverjum tíma. Við lagasetningu verður þó að gæta þess að setja einungis takmarkanir sem nauðsynlegar þykja til þess að ná þessum lögmætu og málefnalegu markmiðum og að ganga ekki lengra en nauðsyn krefur.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið tekið mið af framangreindu og m.a. í ljósi þessa hefur verið leitast við að leggja einungis til breytingar á núgildandi kerfi að svo miklu leyti sem það hefur verið talið nauðsynlegt. Með því hefur verið leitast við að raska sem minnst því kerfi sem nokkur framkvæmd og þekking er komin á og fyrir liggja dómafordæmi sem staðfesta samþýðanleika þess við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þar sem ekki er stefnt að grundvallarbreytingum á núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi er óþarft er að rekja hér í lengra máli en þegar hefur verið gert hvernig kerfið samrýmist framangreindum

skuldbindingum, en þess í stað gerð grein fyrir helstu nýmælum sem lögð eru til í frumvarpinu, en við útfærslu þeirra breytinga hefur verið lögð áhersla á að gæta meðalhófs og þess gætt að slíkar breytingar komi ekki þegar í stað til framkvæmda, heldur lagður til hæfilegur aðlögunartími.

4.3. Hámarksaflahlutdeild o.fl.

Ágreiningslaust er að gildandi lagaákvæði um hámarksaflahlutdeild samrýmast ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ákvæðin stefna að lögmætum markmiðum m.a. um að sporna gegn samþjöppun aflaheimilda líkt og áður var rakið. Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á mörkum hámarksaflahlutdeildar sem slíkum, sbr. 44. gr. Á hinn bóginn er lögð til ný sérregla um hærri mörk hámarksaflahlutdeildar í tilviki fyrirtækja sem skráð eru á skipulegan markað og eru því í dreifðu eignarhaldi, sbr. 45. gr. Ákvæðið stefnir að lögmætum markmiðum m.a. um aukna dreifingu eignarhalds í sjávarútvegi og samrýmist því jafnræðisreglu.

Í krafti valdheimilda sinna, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, hefur löggjafinn heimild til að kveða m.a. nánar á um réttinn til fiskveiða, binda hann skilyrðum og innheimta fyrir hann fégjald vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru, sbr. dómaframkvæmd Hæstaréttar, m.a. *H 652/2012*. Af því er ljóst að reglum um hámarksaflahlutdeild og útreikning hennar má breyta með lögum að teknu eðlilegu tilliti til hagsmuna starfandi útgerða, án þess að bótaskyldu varði.

Í 45. gr. frumvarpsins er lögð til ný skilgreining tengdra aðila vegna ákvæða um hámarksaflahlutdeild. Er þar m.a. lögð til hófleg rýmkun á skilgreiningunni frá gildandi rétti með tilliti til ákveðinna fjölskyldutengsla og minni eignatengsla en yfirráða, eins og áður var rakið. Ákvæðið miðar að því auka skýrleika og virkni ákvæða um hámarksaflahlutdeild svo að þau nái betur markmiðum um að sporna gegn samþjöppun aflaheimilda. Af ofangreindu leiðir jafnframt að svigrúm útgerða til að bæta við sig aflahlutdeild mun minnka verði ákvæðið að lögum. Þó er ekkert sem bendir til þess að þessar breytingar leiði sem slíkar gagngert til þess að starfandi útgerðir fari yfir leyfileg mörk hámarksaflahlutdeildar. Hins vegar er ekki útilokað að það geti orðið niðurstaðan en til að bregðast við því er lagt til bráðabirgðaákvæði þar sem aðilum er veittur þriggja ára aðlögunarfrestur til að koma aflahlutdeild undir leyfileg mörk. Bráðabirgðaákvæðið gildir þó ekki um tilvik þar sem sýnt þykir að niðurstaðan hefði orðið sú sama að þessu leyti samkvæmt gildandi lögum.

Breytt skilgreining tengdra aðila skv. 46. gr. horfir fram á við og felur ekki í sér ólögmæta afturvirkni. Almennt verða einstaklingar og fyrirtæki að laga sig að gildandi lögum eins og þau eru á hverjum tíma þótt réttarstaða hafi að einhverju leyti mótast í tíð eldri laga. Að öðru leyti hvíla breytingarnar sem lagðar eru til á lögmætum markmiðum, m.a. um aukinn skýrleika og virkni ákvæða um tengda aðila. Þá fela þær í sér vægustu leiðina að settum markmiðum og eru því samrýmanlegar meðalhófi eins og áður var rökstutt.

Ákvæði 47.-50. gr. varðandi eftirlit Fiskistofu vegna ákvæða um hámarksaflahlutdeild hvíla sömuleiðis á lögmætum markmiðum og samræmast meðalhófi. Ákvæðin miða að því að tryggja viðhlítandi framfylgd ákvæða um hámarksaflahlutdeild og helgast því sömuleiðis af ríkum almannahagsmunum. Með ákvæðunum verða lagaheimildir fyrir því eftirliti Fiskistofu mun skýrari en þær sem nú gilda. Ekki leikur vafi á því að þær eftirlitsheimildir samræmast stjórnarskránni. Við framkvæmd eftirlitsins mun Fiskistofa jafnframt þurfa að gæta meðalhófs og fylgja reglum stjórnsýsluréttar að öðru leyti.

Ákvæði 48. og 50. gr. um reglubundna upplýsingaskyldu til Fiskistofu og birtingu upplýsinga fyrir almenningi samræmast á sama hátt reglum um friðhelgi einkalífs svo og persónu-

vernd. Ákvæðin stefna m.a. að lögmætum markmiðum um aukna virkni ákvæða um hámarks-aflahlutdeild svo og auknu gagnsæi sem brýnt er að ríki um nýtingu á sameiginlegri auðlind. Þá hefur meðalhófs verið gætt við útfærslu ákvæðanna í ljósi settra markmiða. Í því sambandi er birting Fiskistofu um eigendur fyrirtækja, eignatengsl o.fl. takmörkuð við algerar grunn-upplýsingar um hlutaðeigandi aðila. Þá er áréttað í 50. gr. að gæta skuli að reglum um persónuvernd við vinnslu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðunum.

Fyrrgreind sjónarmið um samræmi frumvarpsins við stjórnarskrána eiga jöfnum höndum við um sambærileg ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Að öðru leyti má vísa til umfjöllunar um 44.-50. gr. í öðrum köflum greinargerðar þessarar.

4.4. *Veiðigjald.*

Í frumvarpinu eru lagðar til tilteknar breytingar á fyrirkomulag veiðigjalda. Við samningu frumvarpsins hefur þess verið gætt að efni þess samrýmist stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins, þ.m.t. skattlagningarákvæði 40. og 77. gr., jafnræðisreglu 65. gr. og friðhelgi eignarréttar í 72. gr., sbr. og 1. gr. 1. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar má engan skatt leggja á né breyta né taka af nema með lögum. Er þetta ítrekað í 77. gr. þar sem fram kemur að skattamálum skuli skipað með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þá verður enginn skattur lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Í 72. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þurfi til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar og úthlutun veiðiheimilda myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildunum. Þær eru þannig aðeins varanlegar í þeim skilningi að þær verða hvorki felldar niður né þeim breytt nema með lögum, sbr. niðurstaða Hæstaréttar frá 6. apríl 2000 í máli nr. 12/2000. Hæstiréttur hefur slegið því föstu að löggjafinn geti innkallað veiðiheimildir, endurúthlutað þeim og mælt fyrir um rétt og skilyrði til fiskveiða og „innheimt fyrir hann fégjald vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru," sbr. niðurstaða Hæstaréttar frá 26. mars 2013 í máli nr. 652/2012.

Ágreiningslaust er að veiðigjald er skattur í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. niðurstaða Hæstaréttar frá 28. janúar 2016 í máli nr. 461/2015 og frá 23. mars 2017 í máli nr. 213/2016. Af þessu leiðir að kveða verður á um í lögum um skattskyldu, skattstofn og reikniaðferð eða skatthlutfall. Þá verða öll lagafyrirmæli um veiðigjald, þ.m.t. breytingar á veiðigjaldi, að eiga sér skýra og ótvíræða lagastoð, stefna að almannahagsmunum og gæta verður meðalhófs við ákvörðun skattsins þannig að skattlagningin fari ekki úr hófi fram. Enn fremur verður skattlagningarvald ekki framselt til stjórnvalda og skattar verða ekki lagðir á með afturvirkum hætti. Þá leiðir af jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar að heimilt er að gera greinarmun á milli skattskyldra aðila svo fremi sem skattlagningin sé reist á almennum efnislegum mælikvarða sem byggist á málefnalegum sjónarmiðum og beitt með sambærilegum hætti um þá sem eru í sambærilegri stöðu.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum hafa dómstólar játað löggjafanum ríkt svigrúm í skattlagningarmálum. Þá hefur Hæstiréttur slegið því föstu að löggjafinn hafi jafnvel meira svigrúm til að skattleggja arð af nýtingu auðlindarinnar. Þannig sagði í dómi Hæstaréttar í máli nr. 213/2016: „Sökum þess að um er að ræða endurgjald fyrir afnot þessarar takmörkuðu náttúruauðlindar úr hendi þeirra, sem fengið hafa aðgang að þeim gæðum fyrir atbeina

ríkisvaldsins, veitir það löggjafanum rýmri heimild en ella til að skattleggja arð af slíkri nýtingu.“

Í fjármálaáætlun 2024-2028 eru tilgreindar tekjuráðstafanir á áætlunartímanum og áformuð er gjaldtaka vegna auðlinda og að auknar tekjur komi frá sjávarútveginum. Þannig er áformað að veiðigjaldi, sem innheimt er á grundvelli núgildandi laga um veiðigjald, nr. 145/2018 verði breytt. Í samræmi við þetta er í frumvarpi þessu lagt til að veiðigjald sem lagt er á uppsjávarfisk verði hækkað úr 33% í 45%. Ljóst er að málefnaleg sjónarmið standa til þess að gera greinarmun á veiðum á uppsjávarstofnum og öðrum veiðum. Fyrir liggur að framlegð vegna veiða blandaðra uppsjávar- og botnfisksúrgerða er marktækt meiri en af öðrum veiðum og hefur hækkað á undanförnum árum. Að baki tillögunni búa m.a. þau sjónarmið að þeir sem hafa meiri aðgang að hinni takmörkuðu auðlind sem er í sameign þjóðarinnar og hafa meira upp úr þeim veiðum greiði meira fyrir hana. Má í þessum efnum vísa til forsendna Hæstaréttar í framangreindum málum nr. 12/2000 og 652/2012, um að heimilt sé að líta til breyttra sjónarmiða um ráðstöfun auðlindarinnar og að löggjafinn hafi rýmra svigrúm til þess skattleggja arð vegna afnota af nýtingu auðlindarinnar þar sem viðkomandi aðilar hafa fengið aðgang að auðlindinni fyrir tilstilli ríkisins og um er að ræða endurgjald fyrir afnot af takmarkaðri auðlind. Á grundvelli framangreindra sjónarmiða hefur verið valin sú leið í frumvarpi þessu að leggja hærra gjald á þá sem veiða uppsjávarfisk í stað þess að leggja flatan skatt á allar veiðar óháð tegundum og tekjumöguleikum vegna veiðanna. Þá hefur verið litið til þess að milda áhrif hærra skattlagningarhlutfalls með því að leggja til að álag á uppsjávarfisk verði fellt niður.

Auk framangreindra breytinga er í frumvarpinu lagt til að felld verði brott heimild til þess að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni. Sem fyrr segir hefur Hæstiréttur slegið því föstu að veiðigjald sé skattur í skilningi stjórnarskrárinnar. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 213/2016 hafnaði dómurinn því að um væri að ræða tekjuöflun hins opinbera vegna notkunar á þjónustu eða öðrum eignum. Með öðrum orðum er um að ræða skatt á veiðiauðlindina en ekki kostnað við kaup á aðföngum eða annan rekstrarkostnað sem eðlilegt er að hægt sé að draga frá tekjuskattsstofni.

4.5. Aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Í 61. og 62. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um verndun og nýtingu hinna lífrænu auðlinda. Samkvæmt verndunarákvæði 61. gr. sáttmálans skulu strandríki m.a. ákveða leyfilegan afla hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu sinni og tryggja með viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, á grundvelli bestu vísindalegu niðurstaðna sem því eru tiltækar, að tilveru hinnar lífrænu auðlina í sérefnahagslögsögunni sé ekki stofnað í hættu með ofnýtingu. Þessar ráðstafanir skulu einnig miða að því að stofnum nýttra tegunda sé haldið í eða komið aftur upp í stærð sem getur gefið af sér hámarkslangtímaafla, með þeim takmörkunum sem felast í viðkomandi umhverfis- og efnahagsaðstæðum, og skal hafa hliðsjón af veiðiháttum, innbyrðis tengslum stofna og almennt viðurkenndum alþjóðlegum lágmarksreglum hvort sem þær ná til undirsvæðis, svæðis eða heimsins. Við þessar ráðstafanir skal taka tillit til áhrifa þeirra á tegundir sem eru tengdar eða háðar nýttum tegundum svo að stofnum þessara tengdu eða háðu tegunda sé haldið ofan við eða komið aftur upp fyrir mörk þar sem viðkomu þeirra kann að verða alvarlega ógnað. Samkvæmt nýtingarákvæði 62. gr. skal strandríkið m.a. stuðla að því að markmiðinu um bestu nýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögunni verði náð. Skal það ákveða getu sína til að nýta hinar lífrænu auðlindir en þegar það getur ekki nýtt allan leyfilegan afla skal það með samningum eða öðrum

ráðstöfunum og í samræmi við sáttmálann og reglur strandríkisins veita öðrum ríkjum aðgang að afgangi hins leyfilega afla.

Í samræmi við framangreint er í frumvarpinu lagt til að lögfestar verði meginreglur umhverfisréttar og sérstök ákvæði um aðgæsluskyldu, vistkerfis- og varúðarnálgun og aðlögunarstjórnun, sbr. 5.-7. gr. frumvarpsins. Í 6. gr. er enn fremur mælt fyrir um að aðgerðir stjórnvalda skuli byggjast á vísindalegum grunni, mati á heildarálagi ásamt þekkingu á vistgerðum og vistkerfum hafsins.

5. Samráð.

5.1. Samráð.

Verkefnið Auðlindin okkar er opið og gagnsætt verkefni. Til að tryggja aðgengi að helstu gögnum verkefnisins var þann 4. október 2022 opnuð vefsíðan audlindinokkar.is. Þar er m.a. að finna yfirgripsmikið gagnasafn um sjávarútveg, þær fjölmörgu skýrslur sem ritaðar hafa verið um sjávarútveg á síðustu áratugum ásamt yfirliti yfir lög, dóma, frumvörp til Alþingis, álit og úrskurði er varða sjávarútveg. Einnig er þar að finna yfirlit yfir fundi samráðsnefndar og starfshópana, sem og yfirlit yfir þá hagaðila sem starfshóparnir fjórir ræddu við. Starfshóparnir fjórir kynntu fyrstu hugmyndir, kveikjur (verkefni sem mætti fara strax í að þróa og koma í framkvæmd), aðrar verkefnahugmyndir og rannsóknarspurningar á fundi með samráðsnefnd um gerð sjávarútvegsstefnu þann 5. október 2022. Þá var þann 21. október 2022 birt í Samráðsgátt stjórnvalda S- 201/2022, greinargerð um stöðu vinnu við gerð sjávarútvegsstefnu og veittur frestur til að veita umsögn um verkefnið og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum. Umsagnarfrestur var veittur til og með 20. nóvember 2022. Þá voru haldnir fjórir opnir fundir hringinn í kringum landið þar sem verkefnið Auðlindin okkar var kynnt og kallað var eftir ábendingum og skoðunum landsmanna sem nýst hafa við vinnu starfshópanna. Opnu fundirnir fóru fram á Ísafirði 25. október 2022, Eskifirði 1. nóvember 2022, Vestmannaeyjum 8. nóvember 2022 og Akureyri 15. nóvember 2022. Samtals sóttu um 400 manns opnu fundina og tæplega 5.000 manns fylgdust með fundunum í streymi, en upptökur af fundum eru aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins audlindinokkar.is. Á tímabilinu ágúst 2022 til maí 2023 ræddu starfshóparnir við 122 sérfræðinga og hagaðila frá meira en 50 stofnunum, fyrirtækjum og samtökum. Allar ábendingar sem hafa borist í verkefninu hafa verið teknar saman í Riti 3 við lokaskýrslu þessa og hafa m.a. verið nýttar í verkefninu og nánari útfærslu tillagna. Skýrsla Auðlindarinnar okkar – sjálfbær sjávarútvegur var birt í samráðsgátt stjórnvalda 29. ágúst 2023. Samtals bárust 15 umsagnir um skýrsluna og litið var til þeirra við samningu frumvarpsins.

Áform um lagasetningu ásamt frummati voru birt 29. ágúst 2023 í samráðsgátt á Island.is. nr. S-160/2023, ásamt skýrslu með tillögum starfshópa Auðlindarinnar okkar, nr. S-159/2023. Samtals bárust 8 umsagnir um áformin og litið var til þeirra við samningu frumvarpsins.

Það athugast að ofangreint samráð tók ekki til þeirra nánari útfærslna á einstökum tillögum starfshópa Auðlindarinnar okkar sem birtast í frumvarpi þessu. Sérstakt samráð mun fara fram um drög að frumvarpi þessu með hefðbundnum hætti. Skoða ber athugasemdir aðila við áformaskjal og tillögur Auðlindarinnar okkar með hliðsjón af því.

5.3. Umsagnir um hámarksaflahlutdeild.

Í umsögn Útgerðarfélags Reykjavíkur hf., dags. 21. september 2023, er sjónum beint að tillögum starfshópa Auðlindarinnar okkar sem lúta að hámarksaflahlutdeild og skilgreiningu tengdra aðila í því sambandi. Félagið telur að tillögurnar og breytingar sem í þeim felast geti raskað hagsmunum starfandi fyrirtækja í sjávarútvegi á nánar tilgreindan hátt. Þá telur félagið

m.a. að tillögurnar gangi lengra en eldri tillögur um sömu atriði. Ráðuneytið tekur ekki undir þessi sjónarmið félagsins og vísar í því sambandi til umfjöllunar um 45. gr. frumvarpsins í öðrum köflum greinargerðar þessarar. Þar er ákvæðið m.a. borið saman við eldri tillögur sem gengu ívið lengra. Að öðru leyti er með óbeinum hætti tekin afstaða til sjónarmiða félagsins í umfjöllun um 46. gr. í greinargerð þessari, þ.m.t. mat á samræmi við stjórnarskrá, en eins og ráða má af þeirri umfjöllun getur ráðuneytið ekki fallist á með félaginu að 46. gr. gangi gegn stjórnarskránni eða raski hagsmunum fyrirtækja með óeðlilega íþyngjandi hætti. Horfir ráðuneytið þá m.a. til þess að ákvæðið felur í sér hóflega rýmkun skilgreiningar tengdra aðila sem ekki verður séð að leiði gagngert til þess að starfandi útgerðir fari yfir leyfileg mörk hámarksaflahlutdeildar. Þó er lagt til bráðabirgðaákvæði til að koma til móts við hagsmuni viðkomandi fyrirtækja ef sú staða kynni að koma upp.

Í annarri umsögn Útgerðarfélags Reykjavíkur hf., dags. 26. september 2023, er léð máls á mögulegum neikvæðum áhrifum fyrrnefndra tillagna starfshópa Auðlindarinnar okkar á alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs, samkvæmt því sem nánar er rakið í umsögninni. Ráðuneytið telur ekkert benda til þess að gildandi ákvæði um hámarks-aflahlutdeild, sem verið hafa í lögum síðan 1998, hafi skert alþjóðlega samkeppnishæfni greinarinnar, m.a. með hliðsjón af vexti og viðgangi hennar á síðustu áratugum. Þá er erfitt almennt séð að koma auga á rökrænt samhengi milli venjubundinna takmarkana á samþjöppun aflaheimilda á Íslandsmiðum og alþjóðlegrar samkeppnishæfni fyrirtækjanna í breiðara samhengi. Að sama skapi verður ekki séð hóflegar breytingar á slíkum reglum íslenskra laga frá einum tíma til annars hreyfi nokkuð við alþjóðlegri samkeppnishæfni greinarinnar.

Að öðru leyti er brugðist óbeint við sjónarmiðum umsagna varðandi hámarksaflahlutdeild o.fl. í umfjöllun um 44.-50. gr. í öðrum köflum greinargerðar þessarar.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið byggir að mestu leyti á núgildandi ákvæðum laga er gilda um fiskveiðistjórnun og því eru áhrif frumvarpsins í heild óveruleg. Í mati á áhrifum er því litið til þeirra nýmæla sem frumvarpið mælir fyrir um og hver áhrif þess eru á stoðir sjálfbærrar þróunar, á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, á tekjur og útgjöld ríkissjóðs, á jafnrétti og samkeppnisskilyrði fyrirtækja í sjávarútvegi.

6.1. Áhrif á sjálfbæra þróun.

Frumvarpinu er ætlað að styðja enn frekar við sjálfbæra þróun, þar sem við samningu frumvarpsins var litið til þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfi, efnahag og samfélag. Nánar er fjallað um sjálfbæra þróun í kafla 2.4. Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um markmið laganna og er þar getið um allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar en ákvæðið byggist á núverandi 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Með frumvarpinu er lögð ríkari áhersla á að ákvæðin endurspegli í auknara mæli vistkerfis- og varúðarnálgun en samkvæmt núgildandi lögum. Verði frumvarpið að lögum mun það hafa jákvæð áhrif á stoðir sjálfbærrar þróun og það muni tryggja enn frekar mikilvægi sjálfbærar nýtingar nytjastofna sjávar.

6.1.1. Umhverfi.

Í frumvarpinu er fjallað nánar um aðlögunarstjórnun, vistkerfis- og varúðarnálgun og aðra þætti sem snerta sérstaklega umhverfisstoð sjálfbærrar þróunar. Þá er í 1. gr. frumvarpsins mælt fyrir um það markmið að með frumvarpinu verði það að lögum sé að tryggja gagnsæi og réttaröryggi þegar ákvarðanir sem varða nýtingu, vernd og friðun nytjastofna sjávar eru undirbúnar. Þá er í frumvarpinu í auknara mæli mælt fyrir um aðkomu almennings þegar

kemur að undirbúningi ákvarðana um nýtingu nytjastofna. Stjórnun nýtingar lifandi auðlinda sem byggir á vistkerfis- og varúðarnálgun felur í sér samþættingu á stjórnun, lands, vatns, hafs og lífríkis sem styður verndun og sjálfbæra nýtingu nytjastofna. Í frumvarpinu er kveðið skýrt á um hvar ábyrgð á nýtingu liggur og með hvaða leiðum nýting nytjastofna sé sjálfbær, svo sem til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni á öllum stigum nýtingar og stjórnun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

6.1.2. Efnahagur.

Í frumvarpinu er einnig litið til tengsla efnahagslegs hagvaxtar og samspili þess við stjórnun og nýtingu nytjastofna þegar kemur að aðgengi að sjávarauðlindinni. Með frumvarpinu er því lögð áhersla á að aukin yfirsýn sé til staðar um þá löggjöf sem gildir um nytjastofna sjávar og tryggð sé skilvirkni laganna með einum heildarlögum. Þá er í frumvarpinu lagðar til breytingar á veiðigjaldi sem miða að því að aukið endurgjald fyrir nýtingu auðlindarinnar komi til á þá nytjastofna sem njóta aukinnar framlegðar, án þess þó að það hafi verulega neikvæð áhrif á efnahagsstoð sjálfbærrar þróunar, enda er aukinni gjaldtöku ætlað að standa undir auknum rannsóknum á hafinu og eftirliti með nýtingu sjávarauðlindarinnar og varðar umhverfisstoð sjálfbærrar þróunar.

6.1.3. Samfélag.

Í frumvarpinu er jafnframt litið til tengsla umhverfis og efnahags við samfélag, en undir samfélagsstoðina falla fjölmargir þættir sem snúa að velferð, jafnrétti, fjölmenningu, gildum og lýðræði. Í frumvarpinu er því sérstaklega litið til þessara þátta er varðar útfærslu m.a. á markmiðum byggðakerfa, strandveiði, aflamark Byggðastofnunar, innviðastuðnings, frístundaveiða í atvinnuskyni og sjóstangaveiðimóta. Þá er einnig lögð áhersla á aukið gagnsæi og aðgengi almennings að upplýsingum sem varða nýtingu sameiginlegra nytjastofna sjávar. Verði frumvarpið að lögum mun það hafa áhrif á tiltekin byggðalög, einna helst þar sem almennum byggðakvóta hefur verið úthlutað en með niðurfellingu hans kann að vera að þau byggðalög sem hafa fengið úthlutun muni ekki uppfylla skilyrði að vera sjávarbyggð þar sem verulega hefur dregið úr sjávarútvegi síðust 30 ár og jafnvel annar atvinnuvegur orðinn ráðandi. Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar er sérstaklega fjallað um byggðafestuáhrif byggðakerfa og ljóst að breytingar er snúa að almennum byggðakvóta, línuívilnun og skel- og rækjubótum munu hafa áhrif á tilteknar byggðir, en með tillögum frumvarpsins um aðlögunartíma má ætla að dregið verði verulega úr þeim áhrifum.

6.2. Áhrif á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Frumvarpið verði það að lögum mun hafa áhrif á stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru lagðar auknar kröfur á Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Byggðastofnun og má ætla að innleiðingu frumvarpsins verði það að lögum muni hafa þónokkur áhrif á stjórnsýslu stofnananna ásamt því að lagasetningin mun leiða til þess að breyta þurfi verkferlum og uppfæra tölvukerfi og gagnagrunna. Frumvarpið verði það að lögum mun hafa jákvæð áhrif á stjórnsýslu matvælaráðuneytisins, þar sem úthlutun almenns byggðakvóta verður hætt og mun það hafa jákvæð áhrif á stjórnsýslu ráðuneytisins. Þá mun frumvarpið hafa áhrif á stjórnsýslu sveitarfélaga, þar sem lagt er til að úthlutun almenns byggðakvóta í núverandi mynd verði hætt og því verði aðkoma sveitarfélaga breytt, þar sem setningu sérreglna um úthlutun byggðakvóta í einstökum byggðalögum verður hætt. Sveitarfélögin munu þó gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að byggðakerfum sem fjallað er um í frumvarpinu og þá sérstaklega er varðar aflamark Byggðastofnunar og innviðastuðning til

sjávarbyggða. Ekki er talið að sú breyting hafi í för með sér áhrif á fjárhag sveitarfélaga og leiða til aukinna útgjalda fyrir sveitarfélög skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, enda kemur það í stað undirbúnings sérreglna um úthlutun byggðakvóta til einstakra byggðalaga.

6.3. Áhrif á ríkissjóð.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingar sem muni hafa áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs muni aukast vegna breytinga á veiðigjaldi og vegna innviðastuðnings. Mun frumvarpið þar af leiðandi hafa jákvæð áhrif á tekjur ríkisjóðs. Áætlað er að kostnaður undirstofnanna ráðuneytisins muni í einhverjum tilvikum aukast samhliða auknum kröfum. Áætlað er að útgjöld Fiskistofu muni aukast vegna aukinna krafna um upplýsingaöflun, birtingu og beitingu viðurlaga ásamt uppfærslu og breytinga á tölvukerfum, gagnagrunnum og þjálfun starfsfólks. Þó má ætla að aukin upplýsingagjöf fyrirtækja samkvæmt frumvarpinu muni koma til með að draga úr kostnaði við eftirlit til lengri tíma. Þá mun frumvarpið, verði það að lögum, hafa áhrif á starfsemi Byggðastofnunar og Fiskistofu vegna úthlutunar innviðastuðnings og mati á sjávarbyggðum. Mun þeim kostnaði m.a. vera mætt með þeim tekjum sem koma til vegna uppboða á aflaheimildum sem nú er úthlutað sem almennum byggðakvóta.

6.3.1. Veiðigjald.

Í frumvarpinu er lagt til að veiðigjald á tilgreindar uppsjávartegundir verði hækkað úr 33% í 45%, uppsjávarálag sem mælt er fyrir um í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. í lögum um veiðigjald, nr. 145/2018 verði fellt brott og felld verði brott ákvæði sem mælir fyrir um að veiðigjald sé rekstrarkostnaður sem heimilt sé að draga frá tekjum lögaðila og þeirra sem greiða veiðigjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Nánar er fjallað um breytinguna í kafla 3.2.10. um meginefni frumvarpsins og fjallað er um málefnaleg sjónarmið að baki tillögunni í kafla 4.4. um samræmi við stjórnarskrá. Samkvæmt mati matvælaráðuneytisins er áætlað að veiðigjald án afslátta fyrir árið 2023 verði um 9.400 milljónir og árið 2024 um 9.100 milljónir.

Þar sem leyfilegur heildarafli er einungis ákveðinn fyrir hvert tímabil þá er alltaf veruleg óvissa um hver þróunin verður þegar litið er til lengra tímabils en yfirstandandi fiskveiðiárs. Þetta á sérstaklega við um uppsjávartegundir þar sem breytileiki í afla er meiri í botnsjávartegundum. Vegna þessa breytileika í aflamagni uppsjávartegunda þá er vert að skoða meðaltal afla í tonnum á tímabilinu 2000-2022 eins og sjá má í töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1. Lágmark, hámark og meðaltal afla í tonnum árin 2000-2022.

Tegund	Meðaltal	Lágmark	Hámark
Þorskur	225.773	151.452	277.511
Síld	87.042	30.041	168.134
Norsk-íslensk síld	122.981	44.005	231.748
Loðna*	390.167	13.929	1.078.818
Kolmunni	225.986	5.175	501.505
Makríll**	144.332	36.518	170.458

** Engin loðnuveiði var árið 2019 og 2020.*
*** Vegna tímabilsins 2007-2022.*

Heimild: Samantekt matvælaráðuneytis.

Þar sem ekki var gefin út ráðgjöf nú í haust í loðnu, þá er óvissan um aflamagn vegna 2024 sérstaklega mikil og mögulegt er að aflamarki í loðnu verði ekki úthlutað. Mun það að óbreyttu lækka veiðigjald um 1 milljarð króna m.v. innheimtu á óbreyttum stofni. Í útreikningum ráðuneytisins er notast við eftirtaldar forsendur; 300 þúsund tonna loðnuafla, 223 þúsund tonna kolmunnafla og 123 þúsund tonna makrílafla. Allar breytingar á afla hafa bein áhrif á innheimtu veiðigjalds. Ef magn loðnu breytist frá grunnáætlun um 300.000 tonn og verður einungis helmingur þess magns, þá hefur það mikil áhrif á reiknað veiðigjald.


Tafla 2. Áhrif mismunandi magns loðnu á reiknað veiðigjald uppsjávarfisks í milljónum króna (33% af stofni, án afsláttar) vegna 2024.

Uppsjávarfiskur	Afli í loðnu (t)	Reiknað veiðigjald (millj. kr.)
Áætlun 2024	150.000	2.165
Áætlun 2024	300.000	2.748
	Mismunur:	583

Heimild: Útreikningur matvælaráðuneytis.

Breyting á aflamagni hefur tvíþætt áhrif á innheimt veiðigjald. Annars vegar eru færri eða fleiri kíló til að leggja veiðigjald á og hins vegar hafa slíkar sveiflur áhrif á reiknistofninn. Veiðigjald vegna ársins 2023 byggir á afkomu skipanna fyrir árið 2021. Til að mynda veiddist ekkert af loðnu árin 2019 og 2020 sem leiddi til þess að ekkert veiðigjald var á loðnu árin 2021 og 2022. Vegna þessa þá þarf við greiningu á veiðigjaldi að setja fram næmisgreiningu með mismunandi sviðsmyndum um áætlaða þróun veiða þar sem magn afla er afgerandi stærð í allri innheimtu veiðigjalds.

Mynd 1. Afli uppsjávar- og botnfisktegunda í tonnum, árin 2010-2022.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Eins og sjá má á mynd 2 hér að framan þá hefur botnfisksafli frá 2010 verið nokkuð stöðugur eða frá u.þ.b. 450 þúsund tonnum til u.þ.b. 500 þúsund tonna. Í töflu 3 er sýnt innheimt veiðigjald á botnfisk og uppsjávarfisk árin 2020-2022 og áætlun fyrir árin 2023 og 2024.

Tafla 3. Innheimt veiðigjald án afsláttar fyrir botn- og uppsjávarfisk 2020-2022 og áætlað 2023-2024.


Tegundir	**Ár**	**Reiknað veiðigjald í milljónum kr. (% af stofni, án afsláttar)**			
		33%	**40%**	**45%**	**50%**
Botnfiskur	2020	4.710	5.709	6.423	7.136
	2021	7.266	8.807	9.908	11.009
	2022	6.335	7.679	8.639	9.598
	2023	6.511	7.892	8.878	9.865
	2024	6.795	8.237	9.266	10.296
Botnfiskur alls.		**31.619**	**38.326**	**43.116**	**47.907**
Uppsjávar-fiskur	2020	481	583	656	729
	2021	1.105	1.339	1.507	1.674
	2022	1.968	2.385	2.683	2.982
	2023	3.012	3.652	4.108	4.565
Uppsjávarfiskur alls.		**9.316**	**11.292**	**12.703**	**14.115**
Samtals.		**40.935**	**49.618**	**55.820**	**62.022**
Hlutdeild botnfisks.		77,24%			
Hlutdeild uppsjávarfisks.		22,76%			

Heimild: Útreikningur matvælaráðuneytis.

Á síðastliðnum áratugum hefur átt sér stað umtalsverð samþjöppun útgerða í uppsjávarveiðum á Íslandi og uppsjávarfiskur veiddur af færri útgerðum en áður með tilheyrandi stærðarhagkvæmni. Þá hefur einnig verið nokkuð um sameiningar útgerða í uppsjávarveiðum og botnfiskveiðum í hagræðingarskyni og hefur það leitt til aukins rekstrarhagnaðar síðastliðin ár eins og sjá má á mynd 3 og töflu 4. Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar – Sjálfbær sjávarútvegur kom fram að huga mætti að ólíkum álagningarprósentum fyrir botnfisk og uppsjávarfisk og bent á að núverandi álagning veiðigjalda leiði til ójafnari byrða þeirra sem stunda annarsvega botnfiskveiðar og hins vegar uppsjávarveiðar. Þannig að veiðigjaldið leggst vægar á uppsjávarfyrirtæki en botnfiskfyrirtæki, meðal annars vegna þess að kostnaður við veiðar og vinnslukostnaður á hvert kíló uppsjávartegunda er langt um minni en kostnaður á kíló botnfiskstegunda, sem leiðir til aukinnar hagkvæmni í rekstri uppsjávarfyrirtækja. Þau fyrirtæki sem ekki geta staðið undir veiðigjaldi hverfa úr greininni, annað hvort með því að leggja niður starfsemi eða sameinast öðrum fyrirtækjum. Skýrar vísbendingar eru um stærðarhagkvæmni í íslenskum sjávarútvegi og sýnt hefur verið fram á að álagning veiðigjalda leiði til samruna fyrirtækja í sjávarútvegi þannig að þeim fækkar á sama tíma og þau stækka. Er það í samræmi við rannsóknir sem sýnt hafa fram á að stærstu og fjárhagslega sterkustu fyrirtæki í sjávarútvegi greiði meirihluta innheimtra auðlindagjalda. Rými til stærðarhagkvæmni er einnig meira í uppsjávarveiðum þar sem lægsta hámarksaflahlutdeild uppsjávartegunda (loðna og síld) er 20% en 12% í botnfiskstegundum (þorskur). Einnig er það algengt að uppsjávarfyrirtæki eru lóðrétt samþætt sem eykur hagkvæmni í rekstri. Þá hafa einnig verið færð fyrir því rök að álagning veiðigjalda umfram getu til greiðslu á hverjum tíma tefli samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í tvísýnu. Einnig hefur verið bent á að álagning veiðigjalda geti rýrt skattstofna hins opinbera þegar til lengri tíma er litið sem aftur geti skilað sér í minni jákvæðum efnahagslegum ábata af auðlindinni en annars væri. Í árlegum úttektum kemur þó fram að veiðigjald sem hlutfall af rekstrarhagnaði fyrir afskriftir/EBITDA (*e. Earnings Before Interest, Taxes, Deprecition and Amortization*) og veiðigjald sem hlutfall af hagnaði er talsvert minna á þeim svæðum þar sem stundaðar er uppsjávarveiðar á móti þeim svæðum þar sem þær eru ekki stundaðar og gefur það vísbendingu um ójöfn byrði veiðigjalda á mismunandi útgerðarflokka.

Drög

Mynd 2. EBITDA framlegð eftir flokkun útgerða 2018-2022.



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte.

Tafla 4. EBITDA framlegð útgerða í milljörðum kr. fyrir árin 2021 og 2022.

Flokkun útgerða	**2022**	**2021**	**Breyting í ma.**	**Breyting (%)**
Blönduð uppsjávar- og botnfiskfélög	68,1	54,7	13,4	24,5%
Botnfisksútgerð og vinnsla	28	21,1	6,8	32,4%
Botnfiskútgerð	13,1	8,3	4,8	57,9%
Samtals	**109,2**	**84,1**	**25,1**	**29,8%**

Heimild: Deloitte.

Á grundvelli framangreinds mats er í frumvarpinu lagðar til breytingar sem stefna að því að uppfylla skilyrði fjármálaáætlunar 2024-2028 og mun framangreind breyting hafa mest áhrif á þær útgerðir sem stunda uppsjávarveiðar. Miðað við þær forsendur sem kveðið er á um hér að framan mun hækkun veiðigjalds á uppsjávarstofna leiða til um eins milljarðs króna hækkunar á tekjum ríkisins í meðalári en á móti mun niðurfelling 10% álags á uppsjávarstofa lækka tekjur ríkissjóðs um 200 milljónir króna. (Á þessu stigi liggja ekki fyrir gögn um áætlaða hækkun tekjuskatts vegna niðurfellingar heimildir til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni.)

6.4. Mat á jafnréttisáhrifum.

Í fjármálaáætlun 2024-2028 segir „Hvað kynja- og jafnréttissjónarmið varðar hefur sjávarútvegurinn ávallt verið mjög karllæg atvinnugrein, einkum þegar kemur að sjómennsku og er fjarvera frá heimili þar helsti skýringarþáttur. Mikill fjöldi kvenna starfar þó við fiskvinnslu. Sérstaklega var fjallað um jafnrétti á sviði sjávarútvegs í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar – sjálfbær sjávarútvegur og í drögum að stefnu til sjávarútvegs er lögð áhersla á jafnrétti í allri matvælaframleiðslu og að nýting auðlinda taki m.a. mið af jöfnuði, óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu. Hagur heildarinnar verði þannig hafður að leiðarljósi

við nýtingu auðlinda. Sjávarútvegur hefur hingað til verið karllæg atvinnugrein og þar starfar hærra hlutfall karla en kvenna, eins og í öllum greinum matvælaframleiðslu en árið 2021 voru karlar 70% starfsfólks í matvælaframleiðslu. Ljóst er að töluvert ójafnvægi er milli kynja í sjávarútvegi og því er lögð áhersla á að auka fjölbreytni þess hóps fólks sem starfar í sjávarútvegi til framtíðar. Síðustu ár hefur matvælaráðuneytið (áður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið) sinnt áhugaverðu samstarfsverkefni á sviði jafnréttisfræða þar sem sendar eru inn hugmyndir að nemendaverkefnum í samstarfi við Háskóla Íslands og þá er á námsbraut í kynjafræði unnin ýmis verkefni á þessu sviði sem er hluti af námskeiðinu Hagnýting jafnréttisfræða. Þá er í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar lagðar til aðgerðir sem miða að því að auka jafnrétti í sjávarútvegi og er tekið mið af því við samningu frumvarpsins. Má þar nefna hlutverk Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sem lagt er til að fái útvíkkað hlutverk og veiti styrki sem snúa að rannsóknum, nýsköpun og menntun á sviði sjávarútvegs sem og eftirlit með nýtingu nytjastofna sjávar. Með slíkum stuðningi verði unnt að kortleggja enn frekar þá þætt sem hafa áhrif á jafnrétti og styðja við mikilvæg verkefni á sviði jafnréttis í sjávarútvegi.

6.5. Mat á persónuvernd.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á almennum mörkum hámarksaflahlutdeildar frá því sem nú gildir og eru áhrif frumvarpsins að því leyti engin. Á hinn bóginn er lögð til sérregla um hærri hámarksaflahlutdeild sem gildir um útgerðir sem skráðar eru á skipulegan markað og eru því í dreifðri eignaraðild, sbr. 45. gr. Ákvæðið mun fyrirsjáanlega hafa jákvæð áhrif á hagsmuni þeirra útgerða sem uppfylla skilyrði þess. Það er einnig til þess fallið að hafa jákvæð áhrif fyrir greinina og ásýnd hennar í heild. Þá felast jákvæð samfélagsleg áhrif m.a. í aukinni þátttöku og hlutdeild fjárfesta.

Í 45. gr. frumvarpsins er lögð til ný skilgreining tengdra aðila vegna ákvæða um hámarksaflahlutdeild. Er þar m.a. lögð til hófleg rýmkun á skilgreiningunni frá gildandi rétti með tilliti til ákveðinna fjölskyldutengsla og minni eignatengsla en yfirráða, eins og áður var rakið. Ákvæðið mun því leiða til þess að svigrúm útgerða til að bæta við sig aflahlutdeild mun minnka verði það að lögum. Þó er ekkert sem bendir til þess að þessar breytingar leiði sem slíkar gagngert til þess að starfandi útgerðir fari yfir leyfileg mörk hámarksaflahlutdeildar. Ef sú yrði á hinn bóginn raunin yrðu áhrif þess milduð með bráðabirgðaákvæði sem veitir rúman aðlögunarfrest í þessu sambandi. Ákvæðið miðar sem fyrr segir að því auka skýrleika og virkni ákvæða um hámarksaflahlutdeild svo að þau nái betur markmiðum sínum. Því verður að telja að jákvæð samfélagsleg áhrif ákvæðisins vegi mun þyngra en hugsanleg neikvæð áhrif þess á hagsmuni starfandi útgerða. Á móti slíkum neikvæðum áhrifum vega jákvæð áhrif af 44. gr. frumvarpsins fyrir útgerðir sem falla undir það ákvæði.

Auknar eftirlitsheimildir Fiskistofu og nýjar reglur um upplýsingaskyldu o.fl. skv. 46.-49. gr. frumvarpsins munu fyrirsjáanlega leiða til aukningar á útgjöldum, þ.m.t. starfsmannakostnaði, hjá Fiskistofu og mögulega öðrum opinberum aðilum koma að framkvæmd ákvæðanna og einkaaðilum sem þurfa að hlíta þeim. Þá kann kostnaður að falla til hjá Fiskistofu vegna þróunar á upplýsingatækniumgjörð í tengslum við fyrrgreind verkefni. Þó ættu auknar kröfur til skilvirkrar upplýsingagjafar útgerða til Fiskistofu um eignatengsl o.fl. að geta dregið úr kostnaði ríkisins við eftirlit með þeim þáttum til lengri tíma litið. Þá leiða ákvæðin af sér jákvæð samfélagsleg áhrif í formi aukinnar virkni ákvæða um hámarksaflahlutdeild sem ætlað er að vernda mikilvæga almannahagsmuni. Enn fremur stuðla ákvæðin að auknu gagnsæi um aflahlutdeildir og eignaraðild í sjávarútvegi sem er greininni til hagsbóta og samfélaginu í heild. Verður því að telja jákvæð áhrif af ákvæðunum vega mun þyngra en

möguleg fjárhagsleg áhrif á opinbera aðila og einkaaðila. Að öðru leyti má vísa til umfjöllunar um 43.-49. gr. frumvarpsins í öðrum köflum greinargerðar þessarar.

6.7. Áhrif á samkeppnisskilyrði fyrirtækja í sjávarútvegi.

Fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða stóð undir tæplega 7% af landsframleiðslu árið 2021. Ljóst er að til þess að viðhalda áframhaldandi velsæld á Íslandi þarf fjárfestingar í sjálfbærum vexti efnahagslífs. Hlutur sjávarútvegs í þeirri auknu verðmætasköpun getur verið umtalsverður. Í skýrslunni Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi, sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið birti 2021, kemur fram að til þess að spár um vaxandi virði framleiðslu í sjávarútvegi gangi eftir þurfi að hlúa að styrkleikum íslensks sjávarútvegs, svo sem nýtingarstefnu fiskistofna, fiskveiðistjórnunarkerfinu og öflugu samspili hefðbundinna sjávarútvegsfyrirtækja og tækni- og þekkingarfyrirtækja. Styrkja þurfi rannsóknarinnviði, efla innlendar rannsóknir og auka samstarf innlendra rannsóknarsjóða. Á þessum grunni verði framrás sjávarútvegsins reist, en jafnframt þurfi íslensk fyrirtæki að grípa þau tækifæri sem gefast á nýjum mörkuðum og með breyttri neysluhegðun neytenda samfara auknum kröfum um gæði, heilnæmi og sjálfbærni afurða. Margt hefur verið ritað um samkeppnishæfni sjávarútvegs í gegnum tíðina en við samningu frumvarpsins var einkum horft til skýrslnanna *Auðlindin okkar – sjálfbær sjávarútvegur* (2023) og *Staða og horfur í íslenskum sjávarútveg og fiskeldi* (2021).

Sjávarútvegur stendur að mörgu leyti vel. Íslenskur fiskur er þekktur fyrir gæði og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru alþjóðlega samkeppnishæf. Veiðum er stýrt þannig að fiskur er veiddur á þeim árstíma og svæðum þar sem gæði hans eru mest og markaðsaðstæður hagstæðastar. Færri sóknardaga hefur þurft til að ná sama afla samhliða tækninýjungum og skynsamlegri stýringu sem dregið hefur úr álagi á vistkerfið. Eftirtektarverður árangur hefur náðst í sjálfbærum veiðum og nýtingu sjávarfangs síðustu áratugi sem hefur verulega aukið verðmæti heildarafla á Íslandi. Þennan árangur er að hluta til að þakka miklum fjárfestingum í rannsóknum og nýsköpun. Sú vinna hefur leitt til bættra vinnsluferla, betri nýtingar, bættra gæða og nýrra leiða til að nýta hliðarafurðir. Þessi vinna hefur jafnframt skilað sér í umtalsvert meiri verðmætum á kíló veidds afla.

Framlag sjávarútvegs til íslensks efnahagslífs er mikið og fram á þessa öld var sjávarútvegur stærsta einstaka útflutningsatvinnugrein þjóðarinnar. Íslenskt efnahagslíf hefur tekið miklum breytingum á síðustu þremur áratugum, sem endurspeglast í breytingum hvað varðar efnahagslegt mikilvægi sjávarútvegsins. Þannig voru útfluttar sjávarafurðir yfir 50% af útflutningi vöru og þjónustu í byrjun tíunda áratugs síðustu aldar, en þetta hlutfall er núna um fimmtungur. Ástæður þessara breytinga er aðallega að finna í aukningu annarra útflutningsgreina, s.s. ferðaþjónustu og stóriðju. Efnahagslegur ávinningur ólíkra atvinnugreina fer ekki eftir hlutfalli hans af útflutningstekjum heldur þeim ávinningi sem hann skapar fyrir þjóðarbúið, óháð því hvort verðmætasköpunin er í erlendum gjaldmiðli eða innlendum. Erfitt er að fá nákvæmt mat á efnahagslegu mikilvægi sjávarútvegs í efnahagslífinu þar sem hann, líkt og flestar aðrar greinar, er nátengdur öðrum þáttum efnahagslífsins.

Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin hér á landi hafa styrkt rekstrarstöðu sína á síðustu árum. Þau eru flest lóðrétt samþætt, en það merkir að þau stundi bæði veiðar og vinnslu auk þess sem sum þeirra hafa eigin sölu- og markaðsskrifstofur. Þessi fyrirtæki hafa aðgang að jöfnu og góðu hráefni til vinnslu. Flest þeirra dreifa áhættu í veiðum með því að þau ráða yfir aflamarki í mörgum fisktegundum. Þau geta einnig dregið úr áhættu í framleiðslu með því að framleiða margar tegundir afurða og selja á mismunandi markaði. Mikil hagræðing hefur verið

í veiðum og vinnslu. Fiskverkunarhúsum hefur fækkað og þau stærstu vinna nú hærra hlutfall af heildarmagni afurða en áður. Ný og fullkomnari fiskiskip með stórbættum aðbúnaði áhafna eru að leysa eldri skip af hólmi. Skuttogarar, sem veiða rúman helming botnfiskaflans, eru nú helmingi færri en fyrir 20 árum. Hið sama hefur gerst í uppsjávarveiðum. Um síðustu aldamót voru nærri 50 skip á loðnuveiðum en nú veiða færri en 20 skip nær allan uppsjávaraflann. Mikil fækkun hefur einnig orðið í flota annarra skipa og krókaaflamarksbáta. Afli á sóknareiningu er nú meiri og meðalafli hvers skips hefur aukist mikið. Þessar breytingar á flotanum hafa átt sér stað án beinnar aðkomu ríkisvaldsins. Þess í stað hafa sjávarútvegsfyrirtækin sjálf tekið á sig þann kostnað sem fylgt hefur endurskipulagningunni, ólíkt því sem gerist í mörgum löndum þar sem opinber stuðningur er að baki sambærilegri þróun.

Verulegar tæknibreytingar hafa orðið í allri virðiskeðju sjávarafurða á síðustu áratugum sem hafa getið af sér bætta nýtingu sjávarafla og aukið gæði afurða. Kveikjan að þessu er náið samstarf sem hefur verið milli sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja í tækni- og þekkingargreinum. Það hefur auðveldað breytingar og hagnýtingu nýrrar tækni. Vert er að geta sérstaklega þróunar í vinnslu bolfisks en auk þess mikilla breytinga í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska, en stærsti hluti síldar-, loðnu- og makrílaflans fer nú til vinnslu til manneldis. Fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi ráða ekki yfir þekktum vörumerkjum á neytendamarkaði, þótt vörumerki þeirra geti verið þekkt meðal heildsala og dreifingaraðila. Á móti kemur að íslensk fyrirtæki hafa nýtt sér ýmis konar vottanir sem hafa rutt sér til rúms í sjávarútvegi á síðustu áratugum enda styrkir vottun markaðsstöðu fyrirtækja og er oft og tíðum forsenda fyrir sölu. Það verður viðfangsefni fyrir sjávarútvegsfyrirtæki á komandi árum að meta hvað þjóni þeim best í markaðssetningu og hvort þau muni t.d. í auknum mæli eiga með sér samstarf um markaðsstarf og byggja upp sameiginleg vörumerki.

Sú tækni og búnaður sem íslensk tækni- og þekkingarfyrirtæki hafa þróað í samvinnu við sjávarútvegs- fyrirtæki skapar forsendur fyrir því að til verði samkeppnisforskot. Það getur þó aldrei verið nema til skamms tíma því slík tækni mun þá ryðja sér fljótlega til rúms hjá fyrirtækjum í samkeppnislöndum. Til þess að viðhalda stöðu í fremstu röð þurfa íslensk fyrirtæki því sífellt að sýna árvekni og leita nýrra tækifæra til að auka verðmætasköpun. Meðal áskorana til framtíðar er að hvaða marki fullvinnsla afurða í neytendaumbúðir verði hér á landi.

Fyrir um aldarfjórðungi voru viðskipti með hlutabréf í nokkrum stærri sjávarútvegfyrirtækjum skráð á markað í Kauphöll Íslands. Flest þeirra voru afskráð í byrjun þessarar aldar og virðist það einkum hafa stafað af minni áhuga fjárfesta til að eiga hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum en í fyrirtækjum í öðrum greinum. Nú er tvö sjávarútvegsfyrirtæki skráð í kauphöll og tilkynnt hefur verið um skráningu eins til viðbótar. Í frumvarpinu eru lagðir til hvatar til fyrir sjávarútvegsfyrirtæki að skrá sig á markað, þar sem aflahlutdeild útgerðaraðila sbr. 45. gr. má vera allt að 15% af heildarverðmæti aflahlutdeildar í öllum tegundum að uppfylltum skilyrðum í 44. gr. í stað 12%.

Dregið hefur úr vinnuaflsþörf í sjávarútvegi vegna tæknibreytinga síðustu áratuga. Hið sama gildir um ýmsar hefðbundnar hliðargreinar sjávarútvegsins, svo sem skipasmíði, netaverkstæði, málmsmiðjur og fleira. Mikill fjöldi starfa tengist þó enn sjávarútvegi en um átta þúsund manns störfuðu í fiskveiðum og -vinnslu á árinu 2022. Þá hefur net grunngreina og stoð- og tæknigreina, sem tengist þessum atvinnugreinum sterkum böndum, skapað fjölmörg ný störf sem koma í stað þeirra starfa sem hverfa. Þetta eru verðmæt og fjölbreytt störf sem staðsett eru víða um landið og hafa aukið fjölbreytni útflutningsafurða. Atvinnulíf á landsbyggðinni byggir víða á fleiri stoðum en sjávarútvegi og má benda á störf sem hafa orðið til í m.a. ferðaþjónustu, orkufrekum iðnaði og nú síðast fiskeldi. Störf í samfélaginu munu breytast mikið á næstu árum og áratugum og er sú þróun raunar löngu hafin. Með fjórðu

iðnbyltingunni og gervigreind verða til ný störf en á móti mun öðrum fækka og jafnvel hverfa. Þessar breytingar munu eiga sér stað jafnt í sjávarútvegi sem í öðrum atvinnugreinum. Líklegt er að störfum muni halda áfram að fækka við fiskveiðar og fiskvinnslu, en fjölmörg önnur störf skapast þess í stað í hliðargreinum sjávarútvegs. Erfitt er að segja fyrir um hver áhrif þessa verða á heildarfjölda starfa í atvinnugreininni og því ókleift að meta hvað margir muni starfa við sjávarútveg eftir t.d. 20 ár. Hitt er ljóst að eftir sem áður mun útgerð, fiskvinnsla og tengdar greinar vera burðarásar í mörgum byggðarlögum.

6.7.1. Alþjóðlegur samanburður

Íslenskur sjávarútvegur er stór í alþjóðlegum samanburði. Íslendingar veiða að jafnaði 1-2% af heimsaflanum og eru í 10.-20 sæti á lista yfir aflahæstu þjóðir heims.

Sjávarútvegur á Íslandi stendur í samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum. Nánast allur sá fiskur sem veiddur er seldur erlendis. Á sama tíma er íslenskur sjávarútvegur, líkt og sjávarútvegur í flestum öðrum löndum, margbreytilegur og samsettur úr ýmsum ólíkum þáttum. Ekki er einungis um að ræða fyrirtæki og stofnanir sem starfa á ólíkum stöðum í virðiskeðjunni, heldur eru fyrirtæki einnig ólík hvað varðar stærð, starfsemi, áherslur og svo mætti lengi telja. Það getur verið erfiðleikum bundið að bera saman atvinnugreinar milli landa og heimssvæða. Þannig geta ýmsir þættir skekkt slíkan samanburð, s.s. náttúrulegar kringumstæður, stærð markaða og samsetning efnahagslífs í ólíkum löndum. Þrátt fyrir þessa erfiðleika er margt sem bendir til að íslenskur sjávarútvegur hafi töluverða sérstöðu, sé hann borinn saman við þau lönd sem við berum okkur oftast saman við. Staða hans mótast af samspili margra þátta sem sumir hverjir eru á forræði Íslendinga en aðrir ekki. Varkár nýtingarstefna, aflamarkskerfi í fiskveiðum, frjáls verðmyndun á innlendum fiskmörkuðum, vel rekin fyrirtæki og öflugt samstarf sjávarútvegs og tækni- og þekkingarfyrirtækja hefur eflt samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs og komið honum í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Í Evrópu eru mikilvægustu markaðirnir fyrir íslenskt sjávarfang, en mest er selt til Bretlands, ekki síst af þorskafurðum. Hluti þess afla sem seldur er til Bretlands fer til frekari vinnslu þar í landi og eiga íslensk fyrirtæki í þarlendum fiskvinnslufyrirtækjum. Þá eru mikilvægir markaðir í Frakklandi og á Spáni. Noregur hefur sérstaka stöðu gagnvart Íslandi því landið er hvort tveggja mikilvægur markaður fyrir íslenskar vörur, einkum mjöl og lýsi en um leið er Noregur einn helsti keppinautur Íslands á mörkuðum fyrir botnfiskafurðir. Þá hefur Kínamarkaður vaxið hratt á síðustu árum. Loks má nefna að Bandaríkin og Japan hafa löngum verið mikilvægir markaðir fyrir íslenskt sjávarfang. Færeyingar eru samkeppnisaðilar Íslendinga á mörgum mörkuðum og nýttu tækifærið þegar Rússlandsmarkaður lokaðist fyrir íslenskar framleiðsluvörur og í Úkraínustríðinu. Rússland er nú einn helsti markaður fyrir færeyskar sjávarafurðir. Sú reynsla sýnir að það eru fleiri þættir en verð og gæði sem skipta máli hvað varðar aðgengi og stöðu á mörkuðum. Stjórnmálalegar ákvarðanir geta einnig skipt miklu. Í Evrópusambandinu eru einna mikilvægustu markaðir Íslendinga en offjárfestingar í veiðum íþyngdu lengi sjávarútvegi í löndum sambandsins. Nú virðist sem tekist hafi að draga úr þeirri offjárfestingu auk þess sem vinnslan er hagkvæmari með stærri einingum. Sjávarútvegsfyrirtæki í Evrópusambandinu njóta verulegs og margvíslegs stuðning sem skekkir samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja utan sambandsins, þ.m.t. íslenskra fyrirtækja. Í helstu samkeppnislöndum Íslands í sjávarútvegi eru til staðar ríkisstyrkir til handa sjávarútvegsfyrirtækjum. Íslenskur sjávarútvegur sker sig úr hópi helstu samkeppnislanda hvað þetta varðar enda greiða íslensk sjávarútvegsfyrirtæki veiðigjald. Ísland er þannig eina landið innan OECD þar sem sjávarútvegur greiðir meira til hins opinbera en greinin fær greitt úr opinberum sjóðum. Veiðigjald er almennt ekki innheimt í samkeppnislöndunum og hefur

það áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, þrátt fyrir það er það merki um styrkleika íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins í alþjóðlegu samhengi að greinin stenst samkeppnina eins vel og raun ber vitni.

Hagstæð viðskiptakjör og gott aðgengi að erlendum mörkuðum eru forsendur árangurs í markaðsstarfi. Íslendingar njóta tollfrelsis fyrir flestar afurðir sínar inn á markað Evrópusambandsins og tollar eru lágir á einstaka afurðum, fyrir utan makríl. Mikilvægt er að Íslendingar nái áfram góðum kjörum í viðskiptasamningum og viðhaldi sömu eða betri kjörum inn á markaði í löndum Evrópusambandsins. Aðrir þættir sem hafa áhrif á samkeppnishæfni eru auðvitað að haldið sé vel á matvælaöryggismálum til að tryggja útflutning og verja orðspor íslenskra afurða. Þá er ónefnt að þróun samgangna og flutninga hefur mikil áhrif á þessar atvinnugreinar.

Stjórnvöld verða einnig að tryggja að hagsmunir íslensks sjávarútvegs séu varðir á alþjóðlegum vettvangi. Slík hagsmunagæsla er á ýmsum sviðum, svo sem varðandi viðskipti með sjávarafurðir, matvælaöryggi, stjórn fiskveiða úr stofnum sem ekki eru að öllu leyti innan íslenskrar lögsögu, þróun svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana, þróun hafréttar og vernd umhverfis sjávar. Slík hagsmunagæsla varðar í sumum tilfellum skýra skammtímahagsmuni, svo sem samninga um fiskveiðistjórnun, og í sumum tilfellum óskýrari langtímahagsmuni sem hafa mikil áhrif á stöðu Íslands til framtíðar, svo sem mótun alþjóðlegra viðmiða um verndarsvæði í hafi.

Þrátt fyrir að stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins séu stór í samanburði við mörg fyrirtæki í öðrum greinum hér á landi, þá eru þau ekki stór miðað við stærstu fyrirtæki í sjávarútvegi, sé litið út fyrir landsteinana. Mjög erfitt er að nálgast traustar og nýlegar upplýsingar um stærð stærstu fyrirtækja í sjávarútvegi í heiminum, ekki síst vegna þess að mörg þeirra eru hluti af stærri fyrirtækjasamstæðum og sjávarútvegur einungis hluti starfseminnar. Ljóst er þó að ekkert íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki kemst nálægt því að vera á lista yfir stærstu fyrirtæki heims í sjávarútvegi. Þrátt fyrir að íslensk fyrirtæki séu ekki meðal þeirra stærstu í heimi á sviði sjávarútvegs þá þarf það ekki að þýða að samkeppnisstaða þeirra sé verri fyrir vikið enda snýst samkeppnisstaða einstakra fyrirtækja og iðngreina um fleira en stærð. Þannig geta fyrirtæki verið hagkvæmar rekstrareiningar á ákveðnum sviðum eða ákveðnum mörkuðum, ekki síst þar sem þau keppa ekki við mun stærri samkeppnisaðila. Á Íslandi hafa verið settar reglur um hámarksaflahlutdeild til að koma í veg fyrir samþjöppun. Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lög nr. 27/1998, segir að það hafi þann tilgang að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki verði ekki of ráðandi í veiðum á einstökum tegundum, án þess þó að skerða um of möguleika til hagræðingar og sérhæfingar. Bent er á að of mikil samþjöppun í útgerð geti raskað samkeppni og falið í sér hættu fyrir þjóðina. Einnig segir: „Ljóst er að það er flókið verkefni að finna jafnvægi milli þess að leyfa hagkvæmni stærðarinnar að njóta sín og að setja á sama tíma reglur til að reyna að koma í veg fyrir ýmsa ókosti sem geta fylgt of mikilli samþjöppun í útgerð. Það er mat starfshópsins að slíkar reglur geti aldrei leyst öll þau atriði sem sæta gagnrýni þegar um þetta mál er fjallað. Starfshópurinn telur hins vegar að það sé skynsamlegt að gera breytingar á gildandi lögum um stjórn fiskveiða með það að markmiði að einstök fyrirtæki geti ekki orðið það stór að það beinlínis hamli eðlilegri samkeppni í útgerð. Með því er fyrst og fremst átt við að setja reglur til að tryggja að þeir sem fyrir eru í útgerð verði ekki svo öflugir að þeir geti með samtakamætti sínum komið í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í útgerðina. Tillögur starfshópsins eins og þær birtast í meðfylgjandi frumvarpi ber því að skoða með þetta meginmarkmið í huga.“

Ákvæði frumvarpsins byggjast að mestu leyti á núgildandi ákvæðum laga og er að mati ráðuneytisins ekki taldar líkur á að frumvarpið verði það að lögum muni hafa verulega neikvæð áhrif á samkeppnisskilyrði fyrirtækja í sjávarútvegi.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins. Í greininni segir að nytjastofnar sjávar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í athugasemdum um 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða (þingskjal 609-352. mál. 112. löggjafarþing 1989-1990), sem var undanfari 1. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða kemur fram að þótt lögin byggðu á því „að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talin myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.“ Ákvæðið byggir einnig á 1. gr. laga um umgengi um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 1. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Nytjastofnar sjávar er ein mikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar og hefur um árabil verið ein af grunnstoðum íslensks efnahagslífs.

Tilteknir þættir fiskveiðistjórnunar hafa verið umdeildir en almenn sátt hefur ríkt um það meginmarkmið að nýting sjávarauðlinda sé sjálfbær. Sjálfbær nýting felur í sér að nýtingin fari ekki umfram þau mörk sem náttúran setur. Sjálfbær nýting nytjastofna sjávar er því grunnmarkmið frumvarpsins og forsenda þess að önnur markmið verði uppfyllt. Markmið laganna er sett fram með hliðsjón af þremur stoðum sjálfbærrar þróunar, sem snúast um umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega þætti og með tilliti til þeirrar megináherslu að sjálfbær og hagkvæm nýting sé ávallt í sátt við umhverfi og samfélag.

Grunnforsenda fyrir ábyrgri nýtingu eru hafrannsóknir, hvort sem er grunnrannsóknir eða vöktun nytjastofna og að unnt sé að bregðast við breytingum í hafinu, sem skapa nýjar áskoranir í nýtingu nytjastofna sjávar. Í ákvæðinu er því mælt fyrir um það markmið að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að verndun þeirra á grundvelli varúðar- og langtímasjónarmiða um sjálfbæra þróun og þar með sé gætt að meginreglum umhverfisréttar um vistkerfis- og varúðarnálgun. Ákvarðanir um nýtingu verði byggðar á vísindalegri þekkingu um verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa sjávar og með tilliti til áhrifa nýtingarinnar fyrir náttúruna.

Í greininni er einnig kveðið á um að hagkvæm nýting skuli styðja við trausta atvinnu og byggð. Þannig er lagt til að lögð verði áhersla á mikilvægi sjávarútvegs og nýtingar sjávarauðlinda þegar kemur að traustri atvinnu og byggð hringinn í kringum landið.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Frumvarpið nær til nýtingar og stjórnunar nytjastofna sjávar, þ.e. nýtingu lífrænna auðlinda sjávar, svo sem sjávardýra og sjávargróðurs, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð innan sem utan fiskveiðilögsögu Íslands og sérlög gilda ekki um. Núgildandi sérlög eru t.d. lög um hvalveiðar nr. 26/1949 og lög um fiskeldi nr. 71/2008. Í greininni er lagt til að fella brott notkun hugtaksins

fiskveiðilandhelgi og hugtakið fiskveiðilögsaga tekið upp í staðin. Hugtakið fiskveiðilögsaga er í betra samræmi við hugtakanotkun hafréttar og einnig hefur verið bent á hugtakið fiskveiðilandhelgi sé villandi, þar sem það tekur til hafsvæðis sem nær yfir lengra svæði en aðeins landhelgina, sem er 12 sjómílur frá grunnlínu sbr. m.a. umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög) á 139. löggjafarþingi (2010-2011). Hugtakið fiskveiðilögsaga er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins, en um er að ræða hafið og hafsbotninn frá stórstraumsfjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma, sbr. nú lög um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979. Fiskveiðilögsaga nær því yfir innsævi og þ.m.t. netlög og landhelgi sbr. I. kafla laga nr. 41/1979, og efnahagslögsöguna sem tekur við utan landhelginnar, sbr. II. kafla laga nr. 41/1979. Í frumvarpinu er sérstaklega fjallað um leyfi til nýtingar sjávargróðurs í XII. kafla frumvarpsins. Þá er tekin af allur vafi að ákvæði laganna taka ekki til lífrænna auðlinda hafsbotnsins en um það er fjallað í ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 731990.

Ákvæði 2. mgr. greinarinnar tekur til veiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Hafrými telst alþjóðlegt hafsvæði þegar það heyrir ekki undir lögsögu neins ríkis, sbr. 86. gr. hafréttarsamningsins. Á alþjóðlegum hafsvæðum er það meginreglan að önnur ríki njóta ekki lögsögu yfir skipum sem sigla undir erlendum fána, þ.e. fánaríkið fer með lögsögu í slíkum tilfellum, sbr. 92. gr. hafréttarsamningsins. Þau tilvik þar sem lögsaga annars ríkis skarast á við íslenska lögsögu ættu í flestum tilvikum að tengjast veiðum íslenskra skipa í erlendri fiskveiðilögsögu. Strandríki hafa enga almenna lögsögu yfir erlendum skipum sem stunda ólöglegar eða óreglubundnar veiðar á alþjóðlegu hafsvæði án þess að sérstakt tví- eða fjölhliða samkomulag þess efnis við erlent ríki sé til staðar. Hafa má í huga 21. gr. samningsins um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim (úthafsveiðisamninginn). Í þeirri grein er kveðið á um að fulltrúar aðildarríkis samningsins geti farið um borð í skip hvor annars á úthafinu á svæðum sem heyra undir svæðisbundnar fiskveiðistjórnarstofnanir, til að mynda Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) eða Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar (NAFO), í því skyni að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ekki er gert skilyrði að umrætt strandríki og fánaríki séu aðildarríki að stofnuninni eða þátttakandi í fyrirkomulaginu.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem koma á í veg fyrir að frumvarpið fari í bága við skuldbindingar íslenska ríkisins að þjóðarétti. Eins og kunnugt er hafa íslensk stjórnvöld gert margvíslega tví- eða fjölhliða samninga við erlend ríki sem snerta veiðar og skyld málefni. Auk þess er íslenska ríkið bundið af ýmsum reglum af meiði þjóðaréttar er birtast í öðru formi en samningum. Slíkir samningar og reglur geta takmarkað gildissvið laganna.

Um 3. gr.

Orða- og hugtakanotkun í sjávarútvegi og í löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar er á köflum mjög sérhæfð. Gerir það að verkum að löggjöfin getur verið torskilin ef ekki eru skilgreind þau hugtök sem notuð eru í lögum. Mikilvægt er að gæta samræmis í orðnotkun laga, að hugtak sé alltaf táknað með sama orðinu og hugtökum sé ekki ruglað saman. Æskilegt er að merking hugtaka sem notuð er hvarvetna í lögum, sé sú sama eða að minnsta kosti ekki svo ólík að valdi misskilningi. Í greininni er því lagt til að skilgreina þau helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og teljast sérhæfð. Ákvæðið er nýmæli, þar sem dregin hafa verið saman þau fjölmörgu hugtök sem notuð eru í tengslum við nýtingu og stjórnun nytjastofna sjávar.

Þónokkur hugtök eru skilgreind í núverandi lögum, eins og hugtakið nytjastofn en meirihluti hugtakanna eru hér skilgreind að nýju og í samræmi við ákvæði annarra núgildandi laga svo sem ákvæða skipalaga nr. 66/2021 og laga um áhafnir skipa nr. 82/2022, eftir því sem við á.

Lagt er til að afmörkun fiskveiðiársins verði breytt og það verði almanaksárið. Miklar breytingar hafa orðið á stjórnsýsluframkvæmd til undirbúnings fyrir hvert fiskveiðiár og til samræmis við aðra stjórnsýsluframkvæmd er lagt til að miðað verði við almanaksárið, frá 1. janúar til og með 31. desember ár hvert. Hefur það einnig í seinni tíð valdið vandkvæðum við fiskveiðistjórnun í tilteknum tegundum.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um stjórnsýslu samkvæmt lögunum. Fiskistofa annast eftirlit með lögunum og framkvæmd daglega stjórnsýslu er varðar nytjastofna sjávar samkvæmt lögum um Fiskistofu nr. 36/1992. Fiskistofa annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Hafrannsóknastofnun gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að nýtingu og stjórnun nytjastofna sjávar er stofnunin er til ráðgjafar við framkvæmd laganna samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, nr. 112/2015. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að afla með rannsóknum alhliða þekkingar á hafinu, með áherslu á hvernig nýta megi lifandi auðlindir með sjálfbærum hætti, afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar með tilliti til áhrifa á lífríkið, rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti gróðurs, dýrasvifs og botndýra og vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna sjávar. Þá veitir Hafrannsóknastofnun vísindalega rágjöf um nýtingu nytjastofna sjávar, ásamt því að veita umsagnir um verndarsvæði, skyndilokanir og útgáfu leyfa eftir því sem við á. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur það hlutverk að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna samkvæmt lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998, en stofnunin gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að flutningi aflamarks samkvæmt frumvarpi þessu sbr. 41. og 54. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr

Ákvæðið er nýmæli. Í því er áréttað að á öllum hvílir almenn aðgæsluskylda hvað varðar umgengni um hafið og nytjastofna sjávar og er tilgangur ákvæðisins að tryggja að vistkerfum, vistgerðum, líffræðilegum fjölbreytileika og verndarstöðu nytjastofna sjávar hnigni ekki. Hugtakið verndarstaða nytjastofna sjávar er sérstaklega skilgreint í 38. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ákvæðinu er ætla að vera fyrirbyggjandi og endurspeglar almenna meginreglu sem gildir um einstaklinga og lögaðila sem nýta nytjastofna sjávar og stjórnvöldin sem bera ábyrgð á verndarstöðu nytjastofna sjávar í samræmi við lög. Svipuð eða sambærileg ákvæði um aðgæsluskyldu er að finna í nokkrum lagabálkum á sviði umhverfisréttar. Þar á meðal er 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, 13. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, 3. mgr. 26. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 og 2. mgr. 80. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Um 6. gr

Ákvæðið er nýmæli. Auk þess að endurspegla eina af mikilvægustu meginreglum umhverfisréttarins byggist það á reglum vistkerfisnálgunarinnar og tengist enn fremur varúðarnálguninni eins og orðin „sem hafa eða geta haft“ benda til. Kjarni ákvæðisins felst í því að tekið er mið af vísindalegum aðferðum til þess að tryggja grundvöll stjórnvaldsfyrirmæla og ákvarðana, stefnumótunar og áætlana, sem hafa eða geta haft áhrif á

verndarstöðu nytjastofna sjávar, og að framangreint byggist á traustum vísindalegum grunni, mati á heildarálagi ásamt þekkingu á vistgerðum og vistkerfum hafsins. Ákvæðið er einnig nátengt rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar sem er ætlað að tryggja vandaðan undirbúning ákvarðana. Svipuð eða sambærileg ákvæði um vísindalegan grunn ákvarðana þekkjast í íslenskum rétti, m.a. í 8. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 og 5. mgr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

Um 7. gr

Ákvæði er nýmæli og endurspeglar m.a. áherslurnar sem koma fram í 5. kafla skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar - Sjálfbær sjávarútvegur. Í samræmi við framangreint mælir ákvæðið fyrir um að í því skyni að tryggja trausta verndarstöðu nytjastofna sjávar skuli stjórnvaldsfyrirmæli og ákvarðanir taka mið af vistkerfisnálgun, varúðarnálgun og aðlögunarstjórnun. Samkvæmt 41. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á vistkerfi en þar er átt við safn lífvera sem hafast við á afmörkuðum stað eða svæði af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífvera og tengslum þeirra við lífræna jafnt sem ólífræna umhverfisþætti sem tilheyra kerfinu. Umhverfisrétturinn inniheldur ekki eina algilda skilgreiningu á vistkerfisnálgun, en ekki er lögð til slík skilgreining í frumvarpinu. Í ákvörðunum þings samningsaðila að samningnum um líffræðilega fjölbreytni (1992) er á hinn bóginn að finna almenna lýsingu á nálguninni og helstu forsendum hennar. Í stuttu máli má segja að útgangspunkturinn sé vistkerfi og virkni þess og að kjarni nálgunarinnar felist í því að beitt er samþættingu í því skyni að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu. Meðal helstu forsendna nálgunarinnar er beiting aðlögunarsjórnunar og vísindalegra aðferða til þess að tryggja traustan grundvöll ákvarðana. Í 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins er jafnframt að finna skilgreiningu á aðlögunarstjórnun, en átt er við stjórnun sem tekur breytingum í samræmi við þekkingu á eða stöðu vistkerfa sjávar, þ.m.t. einstakra nytjastofna. Óhætt er að segja að ákvarðanir um heildarafla hvers fiskveiðiárs endurspegli þá hugsun sem aðlögunarstjórnun hvílir á sbr. 37. gr. frumvarpsins, en til grundvallar þeim liggja hafrannsóknir og vísindaleg þekking á vistkerfum hafsins. Loks, svo tryggja megi trausta verndarstöðu nytjastofna sjávar til framtíðar skulu stjórnvaldsfyrirmæli og ákvarðanir einnig taka mið af varúðarnálgun.

Um 8. gr

Í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. er áréttað að þegar stjórnvöld taki ákvörðun um nýtingu nytjastofna sjávar skuli taka mið af bestu vísindalegu þekkingu svo tryggja megi líffræðilega fjölbreytni hafsins til framtíðar og er ákvæðið í nánum tengslum við 6. gr. frumvarpsins um vísindalegan grunn ákvarðana. Í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. er gerð sú krafa að þekking skuli vera í samræmi við eðli ákvörðunar um nýtingu og væntanleg áhrif hennar. Með aðild Íslands að samningi um líffræðilega fjölbreytni, hefur Ísland undirgengist skuldbindingar um að vernda líffræðilega fjölbreytni landsins, sem felur í sér að vernda vistkerfi og náttúrulegar vistgerðir og viðhalda lífvænlegum stofnum tegunda í náttúrunni. Í greininni er því kveðið á um að sjálfbær nýting nytjastofna sjávar skuli ávallt byggð á hafrannsóknum og vísindalegri þekkingu á vistkerfum hafsins, m.a. til að tryggja til framtíðar líffræðilega fjölbreytni hafsins.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. inniheldur varúðarnálgun sem endurspeglar 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar (1992), en efni 2. mgr. hefur verið aðlagað að markmiðum og efni þessa frumvarps (sjá íslenska þýðingu yfirlýsingarinnar í fylgiskjali með frumvarpi til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl., þingskjal 1182 – 621. mál, 1993–1994). Svipaða útfærslu er að finna í 2. málsl. 9. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 en hún tekur mið af markmiðum þeirra laga. Skilyrði beitingar varúðarnálgunar samkvæmt 2. mgr. 8.

gr. eru að hætta sé á alvarlegum eða óafturkræfum áhrifum á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa hafsins. Í framkvæmd verða áhrifin að vera líkleg og þess vegna nægja ekki fræðilegar tilgátur um þau. Á hinn bóginn skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum gegn því að grípa til varúðaraðgerða, sem geta komið í veg fyrir alvarleg eða óafturkræf áhrif, jafnvel þótt vísindaleg þekking sé ekki tæmandi. Á þennan hátt veldur vafinn, sem að öllu jöfnu myndi leiða til þess að talið væri ónauðsynlegt að grípa til aðgerða, því að grípa ber til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir áhrifin eða dregið úr þeim. Tilvísunin til skilvirkra aðgerða hefur þær afleiðingar að meta verður ávinninginn af aðgerðunum, m.a. með tilliti til kostnaðar. Efni ákvæðisins byggir þannig á þeirri vísindalegu ráðgjöf sem Hafrannsóknastofnun veitir um nýtingu nytjastofna sjávar skv. 1. mgr. 5. gr. laga um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, nr. 112/2015.

Um 9. gr

Í greininni er fjallað um nýtingu nytjastofna í atvinnuskyni en slík nýting er háð leyfi samkvæmt lögunum, hvort sem er útgáfa veiðileyfis eða leyfi til töku sjávargróðurs. Í 2. mgr. er kveðið á um að aðeins íslensk skip sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni innan fiskveiðilögsögu sé heimilt að stunda veiðar. Ákvæðið er samhljóða 4. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997, en með ákvæðinu var árréttað að leyfi skv. þágildandi lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 væri nauðsynlegt til að stunda veiðar í atvinnuskyni og hefði þýðingu við beitingu viðurlaga við brotum erlendra og íslenskra skipa sem ekki hefðu leyfi til veiða en þá var uppi sú staða að vegna aukinna úthafsveiða og breyttra reglna um úreldingu og endurnýjun fiskiskipa var nokkur hluti íslenska fiskiskipaflotans ekki með leyfi til veiða (þingskjal 830-493. mál, 122. löggjafarþing). Um leyfi til veiða er að öðru leyti fjallað í IV. kafla frumvarpsins um veiðar og veiðileyfi.

Í 3. mgr. kemur fram að erlendum skipum séu bannaðar allar veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands, nema kveðið hafi verið á það með öðrum hætti samkvæmt lögum eða á grundvelli réttinda skv. milliríkjasamningum. Ákvæði 3. mgr. byggir á 3. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 sem var efnislega samhljóða ákvæði 2. gr. laga nr. 81/1976 og áður lögum nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi (þingskjal 830-493. mál, 122. löggjafarþing). Við lögfestingu 3. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 var talið nauðsynlegt að hafa heimild til að víkja í tilteknum tilvikum frá banni við veiðum erlenda skipa í fiskveiðilögsögunni en slíkt yrði ekki gert nema með milliríkjasamningi við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Málsgreinin er að öðru leyti samhljóða ákvæði 5. gr. laga nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ákvæði 5. gr. laganna var einfaldað og uppfært með 6. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar nr. 85/2022. Meginreglan er að erlend skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands lúta íslenskum lögum varðandi veiðarnar nema um annað sé sérstaklega samið í milliríkjasamningum. Sama á við um skip er landa afla sínum í íslenskum höfnum. Sé um að ræða afla sem veiddur hefur verið í fiskveiðilandhelgi Íslands skal fara um vigtun og skráningu eftir þeim lögum og reglum er gilda um vigtun og skráningu afla íslenskra skipa sem nánar er fjallað um í VI. kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um nytjastofna sjávar innan netlaga. Ágreiningur var í íslenskri lögfræði hvernig heimildum jarðeigenda sem land eiga að sjó til netlaga og hefur sá ágreiningur snúið að því hvort netlög skyldu háð sömu eignarráðum fasteignareiganda og

landið fyrir ofan eða hvort landeigendur sjávarjarða ættu þar aðeins tilteknar og afmarkaðar hagnýtingarheimildir. (Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen. Eignarréttur I. Almennur hluti (2020), bls. 71) Óvissa um eignarheimildir landeiganda var eytt við gildistöku laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, en í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur fram að hugtakið eignarland sé landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti, þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til á hverjum tíma. Þá segir einnig í 3. gr. laganna að eignarlandi fylgi eignaréttur að auðlindum í jörðu. Einnig kemur einnig fram að sá sem hafi leyfi til öflunar sjávargróðurs þurfi að ná samkomulagi við landeiganda til öflunar sjávargróður innan netlaga skv. 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í almennum athugasemdum um 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á m.a. lögum um stjórn fiskveiða þegar ákvæði 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða var lögfest með lögum nr. 49/2017, kemur fram að netlög tilheyri beinum eignarétti landeiganda. Með vísan til framangreinds er því lagt til í 10. gr. frumvarpsins að nýting nytjastofna í atvinnuskyni innan netlaga er háð leyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins en einnig að slík auðlindanýting sé háð samþykki landeiganda þeirrar jarðar sem netlögin tilheyra. Þá er einnig lagt til að lög um beitutekjur nr. 39/1914 verði felld úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Í lögunum er mælt fyrir um að leyfi landeigenda þurfi til að koma á land skelfiskbeituverkfærum og farvið af skipi, einnig þurfi leyfi til töku beitu og skelfisks innan netlaga. Lögin eru komin til ára sinna og hefur ekki verið beitt svo vitað sé. Með grein þessari er því mælt fyrir um rétt landeiganda til auðlindanýtingar innan netlaga og að auðlindanýting í atvinnuskyni geti ekki farið þar fram nema með leyfi samkvæmt frumvarpi þessu, svo sem veiðileyfi, leyfi til nýtingar sjávargróðurs, grásleppuveiðileyfi og svo framvegis sem og leyfi landeiganda. Netlög samkvæmt þessari grein eru skilgreind í 3. gr. frumvarpsins, sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landeignar. Ákvæðið m.a. tekur til þess ef sótt er um leyfi til töku sjávargróðurs í atvinnuskyni til Fiskistofu skv. 66. gr. frumvarpsins skal slíkri umsókn fylgja skriflegt leyfi landeiganda þess efnis að taka sjávargróðurs sé heimil innan netlaga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um heimild ráðherra til að veita tímabundin leyfi til vísindalegra rannsókna og veiðitilrauna innan fiskveiðilögsögu Íslands. Ákvæðið er að hluta til byggt á 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 sem byggði á 15. gr. laga nr. 81/1976 um sama efni. Ráðherra er aðeins heimilt að veita tímabundið leyfi að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunar. Þá er kveðið á um hvað skuli koma fram í tilraunaleyfi en það er í samræmi við framkvæmd og gerð leyfa til vísindalegra rannsókna og veiðitilrauna. Þar sem skráð er hvaða skip muni sinna veiðitilraununum, til hvaða nytjastofna leyfið gildir um og á hvaða svæði heimilt er að stunda vísindalegar rannsóknir og veiðitilraunir. Þá skal tilgreina það magn afla sem leyfið tekur til, kröfur til aflaskráningar sem og afmörkun veiðisvæðis og tímamörk leyfisins. Í 2. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um eftirlit með leyfishöfum en vísindalegar rannsóknir og veiðitilraunir skuli sæta eftirliti Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu. Þá er leyfishafa skylt að hafa eftirlitsmann um borð í því skipi sem fær leyfi til rannsókna og veiðitilrauna og leyfishafi skal bera kostnaðinn af því eftirliti. Í leyfinu er heimilt að víkja frá skyldu um eftirlitsmann um borð t.d. í þeim tilvikum þegar ekki verður því komið við að unnt sé að hafa eftirlitsmann um borð. Þá er leyfishafa skylt að upplýsa Hafrannsóknastofnun um framgang rannsóknarinnar og veiðitilrauna og skila til stofnunarinnar upplýsingum um niðurstöður rannsóknarinnar. Í 3. mgr. er að finna nýmæli þar sem ráðherra er heimilt að afturkalla leyfi til vísindalegra rannsókna ef leyfishafi uppfylli

ekki þau skilyrði sem sett eru fram í leyfinu. Með því eru tekin af öll tvímæli að unnt sé að bregðast við ef leyfishafi uppfylli ekki skyldur sínar. Þrátt fyrir það er ráðherra heimilt að veita frekari tilraunaleyfi á viðkomandi skip, en þá aðeins með því skilyrði að eftirlitsmaður sé ávallt um borð. Í 4. mgr. er að finna heimild eftirlitsmanns Fiskistofu til að óska eftir því að skipstjóri kasti eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar, en slíkt skal þó aðeins gert ef það tefur ekki veiðar skipsins eða valdið viðkomandi útgerð óhagræði. Ákvæðið byggir á 12. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 en ákvæðið kom inn í lögin sem nýmæli þar sem upp höfðu komið tilvik þar sem heimild þessa vantaði. Í athugasemdum við greinina segir enn fremur: „Enda þótt ljóst sé að ákvörðunarvald um veiðisvæði og annað er lýtur að stjórnun skips hljóti ávallt að vera í höndum skipstjóra þykir rétt að reyna með þessum hætti að komast hjá því að skip sigli fram hjá svæði ef ástæða er til að ætla að þar séu stundaðar skaðlegar veiðar. Vissulega verður ekki dregið úr því að framkvæmd og mat á slíku geti verið erfið en hins vegar er ljóst að ef vel tekst til og samvinna við skipstjórnarmenn verður góð er unnt að efla veiðieftirlit verulega með þessum hætti.“ (þingskjal 830 - 493. mál, 121. löggjafarþing 1996-1997). Í 6. mgr. er að finna heimild ráðherra fyrir fiskiskip til að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem hefur verið lokað tímabundið með skyndilokun skv. 14. gr. frumvarpsins. Slíkt er þó gert undir eftirliti og samkvæmt fyrirmælum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu Íslands. Ákvæði 6. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 10. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um verndarsvæði í hafi, þ.e. svæði þar sem vernduð eru náttúruleg vistkerfi sem nýtt eru með sjálfbærum hætti og nýting tiltekinna veiðarfæra er takmörkuð. Ákvæðið byggir að hluta til á 9. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1993 og að hluta til á 1. og 2. gr. laga um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948 og samningi um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR) sem fullgiltur var 2. júní 1997. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að innlendar tegundir, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi njóti nægjanlegrar verndar til þess að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni hafsins og gera tegundum kleift að dreifast á milli svæða með náttúrulegum hætti. Lagt er til að Hafrannsóknastofnun geri tillögu til ráðherra um þau svæði sem stofnunin telur nauðsynlegt að njóti verndar með tilliti til tegunda veiðarfæra. Í greininni er lagt til það nýmæli að auglýsa skuli tillögu að verndarsvæði í hafi og að leitað sé eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um efni hennar áður en hún er lögð formlega fyrir ráðherra. Við mat á verndargildi svæða í hafi þarf að taka tillit til fjölbreytileika lífríkisins og hversu einstök svæðin eru með tilliti til botnlags og annarra umhverfisaðstæðna. Einnig skal litið til notkun veiðarfæra og áhrifa þeirra, fyrirliggjandi rannsókna á nytjastofnun, og þess hver sé staða þekkingar um viðkomandi svæði. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli með reglugerð ákveða mörk verndarsvæða innan fiskveiðilögsögu Íslands, en núgildandi reglugerð nr. 188/2023 um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa tekur m.a. til verndun lítt raskaðra hafsvæða, verndun kóralsvæða og verndun sérstakra botnvistkerfa á hafsbotni.

Um 13. gr.

Í greininni er einnig fjallað um heimild til að takmarka og banna veiðar eftir tegundum veiðarfæra. Ákvæðið byggir að hluta til á 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 með síðari breytingum. Í greininni er að finna heimild til að banna veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á veiðisvæðum og

veiðitímum sem tilgreind eru í greininni. Þá er í greininni að finna hnit viðmiðunarlínu sem dregin er umhverfis landið. Í stað þess að tilgreina nákvæmlega hnit viðmiðunarlínu í lagaákvæðinu er hér lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að ákveða viðmiðunarlínu með reglugerð og þar skuli einnig tilgreint hvaða tegundir veiðarfæra megi nota. Tækniframförum og nýsköpun veiðafæra hefur fleygt fram og í stað þess að binda tiltekin veiðarfæri í lög er lagt til almennara orðalag, svo unnt sé að gera ráðstafanir varðandi nýjar tegundir veiðarfæra með einfaldari hætti en með breytingum á löggjöf. Þá er lagt til að afmörkun svæða sem nú er að finna í 6. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem heimilt er að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót skuli ákveðin með reglugerð skv. 1. mgr. Í frumvarpinu er lagt til að horft verði frá viðmiðum er varða stærð fiskiskipa og þess í stað verði miðað við tegundir veiðarfæra. Lagt er því að felld verði brott flokkun fiskiskipa samkvæmt mælingu Samgöngustofu sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar heimilað svæðisbundnar veiðar innan við viðmiðunarlínu að uppfylltum skilyrðum um tegund veiðarfæra og slíkar veiðar stuðli að hagkvæmri nýtingu fiskistofna að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðu. Ákvæði 2. mgr. byggir á 6. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 sem m.a. fjallar um veiðar með dragnót. Í almennum athugasemdum um 6. gr. laganna kom fram að nauðsynlegt væri til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðar beinast að eða til að koma í veg fyrir skaðsemi sem notkun veiðarfæris getur haft fyrir nýtingu annarra stofna, væri veitt heimild til að leyfisbinda tilteknar veiðar. Þá var nefnt sem dæmi að slíkt kynni að vera nauðsynlegt til að takmarka notkun skelplógs til að tryggja að ekki verði um ofnýtingu ákveðins svæðis að ræða og takmörkun á notkun rækjuvörpu á ákveðnu svæði til að koma í veg fyrir seiðadráp (þingskjal 830 - 493. mál, 121. löggjafarþing 1996-1997). Lagt er til að felld verði brott að leyfi skuli bundið við tiltekin fjölda skipa þar sem eftirlit með slíku hefur reynst erfitt í framkvæmd. Í 3. mgr. er lagt til breytt orðalag, þar sem Fiskistofu er veitt heimild til að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að og vegna þeirrar skaðsemi sem notkun veiðarfæris kann að hafa í för með sér fyrir aðra stofna sjávar. Í samræmi við 6. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 791/997 er Fiskistofu heimilt í undantekningartilvikum notkun slíkra veiðarfæra og það er háð sérstöku leyfi frá Fiskistofu. Í 4. mgr. er lagt til að ráðherra skuli með reglugerð mæla fyrir um tegundir og veiðarfæra sem leyfð eru til veiða.

Í 5. mgr. er fjallað um heimild ráðherra til að skipta veiðisvæðum eftir tegund veiðarfæra og banna notkun ákveðinna veiðarfæra á skilgreindum svæðum í tiltekinn tíma. Ákvæðið byggir að hluta til á 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 en ákvæðið var samhljóða eldra ákvæði 3. og 5. gr. laga nr. 81/1976 um sama efni. Þannig getur ráðherra ákveðið að banna notkun allra eða tiltekinna veiðarfæra á svæðum þar sem m.a. veiðarfæri geta haft vistfræðileg áhrif eða valdið skemmdum á neðansjávarstrengum og lögnum í hafi. Þá er mælt fyrir um að áður en veiðisvæðum er skipt eftir veiðarfærum skuli leita sjónarmiða hagsmunaaðila í stað samtaka útgerðar- og sjómanna sem ætla má að skipting veiðisvæða muni hafa mest áhrif á, eins og er í núgildandi ákvæðum. Ekki eru lagðar til breytingar á undirbúningi slíkra reglugerða en lagt til almennara orðalag sem nái yfir fleiri aðila en samtök útgerðar- og sjómanna.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um heimild Fiskistofu til að grípa til skyndilokana á veiðisvæðum, ef stundaðar eru skaðlega veiðar. Ákvæðið er byggt á 10. og 11. gr. laga um veiðar í

fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Heimild til skyndilokana var áður að finna í 8. gr. laga nr. 81/1976 en verulegar breytingar voru gerðar á því ákvæði við gildistöku laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 og Hafrannsóknastofnun falin heimild til skyndilokana. (þingskjal 830 - 493. mál, 121. löggjafarþing 1996-1997). Með 3. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum á svæði sjávarútvegs, fiskeldis og lax- og silungsveiði vegna einföldunar regluverks og stjórnsýslu, nr. 88/2020 var gerð breyting á 10. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var svo Fiskistofu falin heimild til skyndilokana, en samkvæmt almennum athugasemdum þótti það hagkvæmt með hliðsjón af verkaskiptingu milli stofnanna, en þá byggðu nær allar skyndilokanir á stærðarmælingu eftirlitsmanna Fiskistofu (þingskjal 1221-713. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020). Í 1. mgr. eru lagðar til orðalagsbreytingar en skaðlegar veiðar eru skilgreindar í 3. gr. frumvarpsins, sem veiðar sem eru umfram þau viðmiðunarmörk sem ákveðin hafa verið á grunni vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hlutaðeigandi nytjastofns og/eða þegar veiðar eru ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir um hagkvæma nýtingu nytjastofna svo sem þegar nýting er stöðvuð. Ekki eru lagðar til breytingar á framkvæmd skyndilokana og slíkar ákvarðanir verði áfram teknar á dagvinnutíma og Fiskistofa tilkynni Landhelgisgæslu Íslands og Hafrannsóknastofnun ákvarðanir um skyndilokanir. Þá er bætt við í 2. mgr. að tilkynningar um skyndilokanir skuli einnig birt á vefsíðu Fiskistofu, enda stjórnsýsla stofnunarinnar í auknara mæli starfræn. Í 3. mgr. sem byggir á 1. mgr. 11. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 eru lagðar til breytingar á þeim skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt til að Fiskistofa geti gripið til skyndilokana í allt að viku. Lagt er til að í stað þess að upplýsingar þurfi að berast frá a.m.k. þremur skipstjórum sem telji að stundaðar séu skaðlegar veiðar, þá sé nóg að það séu upplýsingar en ekki bundið við það hvaðan þær koma, en þó að upplýsingarnar séu áfram studdar mælingum á aflasamsetningu. Þá er í 4. mgr. lagt til að í stað ráðherra sé það Fiskistofa í samráði við Hafrannsóknastofnun sem ákveði til hvaða ráðstafna skuli grípa til áður en skyndilokun verði felld úr gildi. Í 5. mgr. er að finna heimild ráðherra til að mæla fyrir um í reglugerð framkvæmd skyndilokana, efni tilkynninga um skyndilokun og hlutverk Landhelgisgæslu Íslands og Hafrannsóknastofnunar þegar kemur að skyndilokunum. Hafa reglur um framkvæmd skyndilokana verið samkvæmt auglýsingu og er núgildandi auglýsing nr. 955/2020. Lagt er til að mælt verði fyrir um framkvæmd skyndilokana í reglugerð í stað auglýsingar og geti þar með verið hluti af reglugerð um önnur verkefni Fiskistofu samkvæmt frumvarpinu.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um það hverjir megi stunda fiskveiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands. Ákvæðið er að hluta til efnislega samhljóða 1. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998. Í greininni kemur fram að íslenskum ríkisborgurum er einum tryggður réttur til að stunda veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands. Ákvæðið er einnig í samræmi við 4. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Nánar er fjallað um vinnslu sjávarafla um borð í skipum í V. kafla frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um að fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu en slíkar veiðar eru öllum heimilar, en þó aðeins með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Þá er í greininni mælt fyrir um ráðstöfun þess afla sem veiddur er, en einungis er heimilt að nýta hann til eigin neyslu og óheimilt að selja og fénýta hann. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en þónokkrar breytingar voru gerðar á 6. gr. laganna með 2.

gr. laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, nr. 66/2009 og í stað „tómstunda“ var lögfest í „frístundum“. Einnig var þá tilgreind sjóstöng sem leyfilegt veiðarfæri en ekki handfæri eingöngu. Þá er í 2. mgr. greinarinnar að finna nýmæli, þar sem ráðherra er veitt heimild til að takmarka fiskveiðar til eigin neyslu á tilteknum svæðum ef vísbendingar eru um viðkvæma stöðu tiltekins nytjastofns og ekki er unnt að tryggja sjálfbærni. Takmörkun á veiðum nytjastofna til eigin neyslu skal þó aðeins ákveðin að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnun. Er þetta m.a. lagt til svo ráðherra hafi heimild til að grípa inn í ef á grundvelli rannsókna og vísindalegrar þekkingar þurfi að takmarka nýtingu viðkvæmra stofna.

Um 17. gr.

Greinin byggir m.a. á 4. og 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum. Í greininni er lagt til að allar veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands séu leyfisbundnar. Í 1. mgr. eru tilgreind þau skilyrði sem uppfyllt þurfa að vera til að Fiskistofa geti veitt veiðileyfi til veiða í atvinnuskyni. Skilyrði fyrir veitingu veiðileyfis eru óbreytt frá ákvæði 4. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í 2. mgr. er fjallað um tegundir veiðileyfa en þau eru tvennskonar, veiðileyfi með aflamarki og veiðileyf með krókaaflamarki. Aukin skilyrði eru sett fram í 3. mgr. fyrir veitingu veiðileyfis með krókaaflamarki en þau eru aðeins gefin út á fiskiskip sem er styttra en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Brúttótonn skal mæla samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa skv. ákvæðum skipalaga nr. 66/2021. Þá er í 4. mgr. að finna nýmæli sem lögfest voru með 1. gr. laga nr. 26/2023 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og varða orkuskipti, en þar er mælt fyrir um að bátar sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd geti öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki ef þeir noti að lágmarki til helminga vistvæna orkugjafa, en það getur verið rafmagn, vetni, metan og rafeldsneyti. Í almennum athugasemdum um ákvæðið kom fram að með breytingunni var lagður til hvati fyrir þá aðila sem gera út krókaaflamarksbáta til að gera breytingar á bátunum eða endurnýja þá þannig að þeir falli að umræddu ákvæði og slík ráðstöfun hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi bátanna en bátar sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum krefjast aukins rýmis fyrir eldsneyti sem og öryggisráðstafanir tengdar eldfimum efnum. (þingskjal 679-537. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023).

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um veiðar utan aflaheimilda þar sem veiðar í tegundum nytjastofna sem ekki hafa verið takmarkaðar skv. 37. gr. frumvarpsins en slíkar veiðar eru þó háðar því að viðkomandi skip hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 17 gr. frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem áður var að finna í 7. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, en þá var lögfest sú meginregla að til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni þá þyrfti veiðileyfi en það leyfi veitti þó ekki heimild til veiða á tegundum sem sættu takmörkun á heildarafla, heldur þyrftu skip að hafa aflahlutdeild til veiða á slíkum tegundum (þingskjal 609 – 352. mál, 112 löggjafarþing 1989-1990).

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um veiði og meðferð afla en veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum og skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri skipa. Greinin er að mestu samhljóða 2. og 3. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Með 2. gr. laga nr. 57/1996 var lögfest sú meginregla að skylt sé að hirða og koma

með að landi allan afla. Lagðar eru til nokkrar undantekningar frá meginreglunni, þar sem heimilt er að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun og vinnslu um borð í fiskiskipum en heimilt er að fjalla nánar um slíkt í reglugerð. Þá er lagt er til að koma skuli með allan verðlausan fisk að landi og er það breyting frá núgildandi 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Byggir sú breyting á tillögum Auðlindarinnar okkar um að skapa hvata til að allur afli komi að landi og draga úr borttkasti. Í frumvarpinu er því einnig lagt til að reglur um VS-afla verði rýmkaðar þannig að hærra hlutfall renni til sjómanna/útgerða og tryggt sé að þeim afla sem ráðstafað er í VS-afla skapi ekki kostnað umfram tekjur. Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um að ef afli er selbitinn eða skemmdur getur ráðherra ákveðið að sá afli reiknist ekki til aflamarks viðkomandi fiskiskips.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um skráningu og skil aflaupplýsinga. Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 4. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, þar sem mælt er fyrir um aflaskráningu með rafrænum hætti. Þá er í 2. mgr. kveðið á um skyldu Fiskistofu um að fylgjast með aflasamsetningu fiskskipaflotans en ákvæðið er efnislega samhljóða 3. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Þá er mælt fyrir um að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skal skrá um afla, á hvaða formi það skuli gert og hvernig skilum til Fiskistofu skuli háttað. Lagt er til að Fiskistofa birti á vefsíðu stofnunarinnar yfirlit yfir aflasamsetningu fiskiskipaflotans en það verði ekki aðeins gert árlega heldur geti stofnunin nýtt þau stafrænu kerfi til að birta upplýsingar jafnóðum.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um leyfi erlendra skipa til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands. Ákvæði 1. mgr. er byggt á 3. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, sem var samhljóða ákvæði í 2 gr. laga um sama efni nr. 81/1976. Þá byggir ákvæðið einnig á 2. og 6. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins eru veiðar erlendra skipa bannaðar í fiskveiðilögsögu Íslands nema kveðið sé á um það með öðrum hætti í lögum eða á grundvelli réttinda sem hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningarskyldu erlendra skipa en þeim ber að tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í fiskveiðilögsögu Íslands sem og siglingu út úr fiskveiðilögsögu og gefa upp staðsetningu. Samkvæmt 18. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 annast stofnunin fjareftirlit með íslenskum fiskiskipum og móttekur og miðlar upplýsingum um íslensk og erlend fiskiskip í samræmi við alþjóðasamninga. Ákvæðið er samhljóða 4. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998 en breytt er hugtakanotkun þar sem vísað er til fiskveiðilögsögu í stað fiskveiðilandhelgi sbr. athugasemdir um 2. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um veiðarfæri og að gerð þeirra og útbúnaður skuli vera þannig hagað að þau valdi sem minnstu raski. Ákvæði 2. – 4. mgr. greinarinnar byggjast á 4. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Ákvæði 1. mgr. er nýmæli og er ætlað að tryggja að gerð og útbúnaður veiðarfæra sé þannig að veiðarfæri hafi sem minnst áhrif á lífríki sjávar og valdi sem minnstu raski. Með aukinni nýsköpun og tækniframförum hafa litið dagsins ljós

veiðarfæri sem valda litlum sem engum skaða t.d. á sjávarbotni og viðkvæmum vistkerfum sjávar og mikilvægt í frumvarpinu sé sett fram sú krafa að sem minnst rask á lífríki sjávar verði við notkun veiðarfæra. Þá kemur fram í 2. mgr. að net og önnur veiðarfæri sem skilin eru eftir í sjó skuli dregin með eðlilegum og reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður leyfa. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Fiskistofu sé heimilt að taka upp eða láta taka upp veiðarfæri sem vanrækt eru þannig að ætla megi að afli sem í þau fæst skemmist. Heimildin nær ei

nnig til þess að taka upp veiðarfæri sem ekki er hirt um að draga úr sjó við lok veiðitímabils, má þar nefna grásleppunet í sjó eftir lok vertíðar. Einnig er Fiskistofu heimilt að taka upp veiðarfæri sem lögð hafa verið á svæðum þar sem bannað er að leggja veiðarfæri, svo sem línu sem lögð hefur verið á svæði þar sem línuveiðar eru óheimilar. Einnig er mælt fyrir um að Fiskistofa skuli krefja eigendur veiðafæra um þann kostnað sem fellur til við að taka upp veiðarfæri. Þá er lagt til að Fiskistofa hafi tryggingu fyrir greiðslu kostnaðarins, með lögveði í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddaga og það nái einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Liggi ekki fyrir hver sé eigandi veiðarfæra, þá er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfæri til að mæta kostnaði og það sem eftir stendur skal renna til Hafrannsóknastofnunar.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um veiðar úr tilteknum stofnum og þær heimildir sem ráðherra hefur til að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni. Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Í almennum athugasemdum um greinina kom fram að ákvæðið taki til stofna, sem veiðum er stjórnað á með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa og annarra stofna. Ennfremur sagðir „Slík takmörkun getur verið nauðsynleg og má hér sem dæmi nefna innfjarðaveiðar á rækju og ýmsum skeltegundum. Meginreglan er því sú að sé veiðum úr stofni stjórnað með kvótum og skiptingu þeirra milli skipa beri aðeins í þeim tilvikum sem ríkar ástæður, sem greindar eru í 1. málsl., eru fyrir hendi, að setja frekari takmarkanir á um nýtingu viðkomandi stofns. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar segir hins vegar að sé stofni ekki stjórnað með skiptingu kvóta milli einstakra skipa þá geti ráðherra leyfisbundið veiðar úr þeim stofni sé þess talin þörf, t.d. vegna óvissu um veiðiþol stofnsins. Þykir nauðsyn bera til að hafa slíkt ákvæði því ella væri ekki unnt að hafa stjórn á veiðum, t.d. úr stofnum sem lítil vitneskja væri um“ (þingskjal 830 – 493. mál, 121. löggjafarþing 1996-1997). Þá er í 3. málslið ráðherra skylt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa Fiskistofu og getur þá sett almennar og svæðisbundnar reglur. Að meginreglu þarf aðeins veiðileyfi í atvinnuskyni en með ákvæðinu voru heimildir ráðherra til þess að leyfisbinda veiðar þrengdar og settar ákveðnari viðmiðanir um leyfisbindinguna (þingskjal 830 – 493. mál, 121. löggjafarþing 1996-1997).

Um 25. gr.

Í greininni er fjallað um grásleppuveiðar, en þær eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997.

Um 26. gr.

Í greininni er fjallað um leyfi til vinnslu sjávarafla um borð í skipum. 1. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 1. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992, en núgildandi ákvæði var lögfest með lögum um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum, nr. 154/2002. En áður tóku lögin

aðeins til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum og þá aðeins þegar flökun eða flatning aflans var þáttur í vinnslunni. Var gildissvið laganna því útvíkkað þannig að þau tækju til allrar vinnslu á öllum sjávarafla um borð í veiðiskipum, sem sé umfram slægingu og ísingu sem er háð sérstöku leyfi Fiskistofu (þingskjal 249- 245. mál, 128. löggjafarþing 2002-2003). Þá er í 2. mgr. mælt fyrir um að skilyrði fyrir leyfi til vinnslu sjávarafla sé að fjöldi í áhöfn sé nægjanlegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt og aðstaða sé til staðar fyrir áhöfn og eftirlitsmenn. Þá er í 3. mgr. lagt til að lögfesta þá kröfu að í áhöfn sé aðili sem hafi sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu og hefur eftirlit með allra vinnslu og innra eftirliti um borð. Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um menntunarkröfur og starfsvið slíks aðila. Þá er tekinn af allur vafi að um borð í skipi sem hefur leyfi til vinnslu afla, skal fyrst eftir að leyfi er veitt hafa eftirlitsmann Fiskistofu um borð og ber útgerð að sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu á meðan eftirlitsstörfum er sinnt. Ákvæði þetta er í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 7. gr. reglugerðar um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Um 27. gr.

Í greininni er fjallað um þá skyldu að um borð í skipi sem fær leyfi til vinnslu afla skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs sjávarafla, þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð. Ákvæði 1. og 2. mgr. er efnislega samhljóða 3. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992. Þónokkrar breytingar hafa verið gerðar á núgildandi 3. gr. laganna en með 2. gr. laga nr. 58/1996 var lögfest heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð að í skipum sem hafi leyfi til vinnslu afla sé sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða (þingskjal 804-469. mál, 120. löggjafarþing 1995-1996). Þá er í ákvæðinu lagt til að álit Fiskistofu skuli byggt á úttekt og greitt sé fyrir slíka úttekt samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Þá skal einnig liggja fyrir mat Samgöngustofu á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt. Með því er tryggt að heildarmat á hæfni skips liggi fyrir áður en afstaða er tekin til veitingar leyfis til vinnslu sjávarafla um borð í viðkomandi skipi. Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992.

Þá er í 3. mgr. ráðherra skylt að mæla fyrir um nauðsynlegan búnað um borð í skipum með reglugerð.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um aðgreiningu tegunda sjávarafla og skyldur skipstjóra hvað varðar vigtun á afla. Skipstjóra fiskiskips skal sjá til þess að afla sé haldið aðgreindum eftir tegundum um borð. Þá skal hann einnig tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar berist til vigtarmanns. 1. mgr. er efnislega samhljóða 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Í 2. mgr. er að finna undantekningu frá meginreglu 1. mgr. þar sem við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla. Ákvæði þetta var lögfest með lögum um breytingu á lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, nr. 61/2005. Í almennum athugasemdum kom fram að ástæður þess að horft væri frá því að meðafli væri flokkaður skilyrðislaust frá við veiðar á uppsjávarfiski væru tvær, annars vegar að þá voru skipin vanbúin til að hirða meðafla og halda honum aðskildum frá öðrum afla og hins vegar að sá fiskur sem fæst sem meðafli var litlu eða engu verðmætari en bræðsluafli vegna gæða og smæðar. Því var tekin upp sú aðferð að meta meðafla með nákvæmum hætti og reikna hann til aflamarks viðkomandi fiskiskips (þingskjal 1094 -732. mál. 131. löggjafarþing 2004-2005). Þá kemur fram í 2. mgr. að ef komi til gjaldtöku vegna

ólögmæts sjávarafla, vegna fisktegunda sem veiðast sem meðafli við uppsjávarveiðar þá skal gjaldið aldrei vera lægra en 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku. Að öðru leyti er fjallað um gjaldtökuna í 88. - 90. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ekki sé skylt ð skilja frá meðafla við öflun sjávargróðurs enda er það ómögulegt eins og staðið er að öflun sjávargróðurs. Ákvæði 3. mgr. var lögfest í 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar með 1. gr. laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald nr. 49/2017. Í almennum athugasemdum um greinina var einnig vísað til 2. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, sem varðar uppsjávarafla, þar sem ekki er skylt að aðgreina tegundir við veiðar. Þá er í greininni ráðherra heimilt með reglugerð að setja fyrirmæli um hvernig staðið skuli að eftirliti með skráningu sjávargróðurs og skoðun afla eftir að honum hefur verið landað. Í slíkri skoðun gæti falist skylda til að taka úrtak eða sýni úr afla til að áætla meðafla af ólíkum tegundum sjávardýra eða plantna (þingskjal 379-272. mál, 146. löggjafarþing 2016-2017). Í 4. mgr. er kveðið á um að skipstjóri skips, sem flytur sjávargróður, frá skipum sem afla hans úti á miðum, til löndunarhafnar, skuli halda aflanum sérgreindum þannig að færa megi aflann á rétt skip í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 10. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og var lögfest með 2. gr. laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald nr. 49/2017. Nánar er fjallað um sjávargróður í XII. kafla frumvarpsins. Í 5. mgr. er kveðið á um ábyrgð ökumanns flutningstæki, þar sem þess er krafist að hann kynni sér þann farm sem hann er að flytja og gefi vigtarmanni upplýsingar um hann, þá er einnig lögð sú skylda á ökumann að hann aki sem styðstu leið til hafnarvogar frá skipshlið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 10. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Um 29. gr.

Í greininni er fjallað um vigtun sjávarafla, en öllum afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta til eða öllu leyti halda sig í fiskveiðilögsögu Íslands skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 5. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og aðeins gerðar breytingar á hugtakanotkun þegar kemur að fiskveiðilögsögu í samræmi við athugasemdir um 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og kveður á um ábyrgð skipstjóra fiskiskipa að tryggja að afli skips sé veginn og skyldu um að halda afla um borð aðgreindum eftir tegundum.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um löndunarhafnir og löggilta vigtarmenn. Skylt er að vega allan sjávarafla á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal við vigtun nota löggilta vog. Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, þar sem er að finna þá meginreglu að afli skuli veginn á löggiltri hafnarvog og vigtunin sé framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Þá er í 1. mgr. gerð sú krafa að vigtun sé framkvæmd af aðila sem hlotið hefur til þess löggildingu skv. lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006 en skv. VIII. kafla laganna þarf löggiltur vigtarmaður að hafa fengið formlega staðfestingu að hann uppfylli skilyrði laga og reglna settum samkvæmt þeim, um menntun og önnur skilyrði til að starfa sem vigtarmaður. Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. er efnislega samhljóða 7. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996 þar sem segir að löggiltir vigtarmenn skuli gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

Í ákvæði 2. mgr. er að finna heimild fyrir Fiskistofu að geta tímabundið leyft vigtun sjávarafla með öðrum hætti en að hann sé veginn á hafnarvog ef ekki er til staðar hafnarvog eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Er það í samræmi við núgildandi 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Í 3. mgr. er að finna undantekningu frá 1. mgr. greinarinnar þar sem Fiskistofu er heimilt að veita einstökum aðilum leyfi til vigtunar án þess að sjávarafli sé veginn á hafnarvog. En slík heimild skal aðeins veitt að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, en í almennum athugasemdum greinarinnar var vísað til þess að heimild þessi yrði ekki nýtt til vigtun á botnfiski, nema ströng skilyrði varðandi skráningu og eftirlit væru uppfyllt (þingskjal 371 – 249. mál, 120. löggjafarþing 1995). Með 1. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar nr. 163/2006 var sterkari stoðum skotið undir veitingu og afturköllun endurvigtunarleyfa, þ.e. til að vigta afla á ný eftir að hann hefur verið veginn á hafnarvog (þingskjal 235 – 232. mál, 133. löggjafarþing 2006-2007). Ákvæði 3. málsl. 3. mgr. er samhljóða því ákvæði og Fiskistofu áfram heimilt að veita leyfi til endurvigtunar að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað.

Ákvæði 4. og 5. mgr. greinarinnar eru að mestu samhljóða 3. og 4. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Þó er lagt til að í stað þess að ráðuneytið við sérstakar aðstæður vegna róðra frá afskekktum stöðum veiti undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn, þá sé slík heimild hjá Fiskistofu sem að öðru leyti fer með leyfisveitingar til vigtunar samkvæmt ákvæðinu.

Um 31. gr.

Í greininni er að lagt til að mælt verði fyrir um í lögum heimild Fiskistofu til að leyfa að ísaður afli sem hefur verið veginn á hafnarvog sé endurvitaður, hvort sem er með heilvigtun eða úrtaksvigtun. Slík endurvigtun skal framkvæmd af löggiltum vigtarmanni sbr. 30. gr. frumvarpsins. Þá er sterkari stoðum skotið undir skyldu ráðherra að með reglugerð mæla fyrir um nánari skilyrði til endurvigtunar, svo sem búnað til vigtunar og framkvæmd. Ákvæðið er í samræmi við efni núgildandi 11. gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 745/2016.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um vigtun í erlendum höfnum en ákvæðið er byggt á 5. gr. laga um umgengi um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 en núgildandi ákvæði var lögfest með 1. gr. laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, nr. 144/2008, en þá var m.a. lögfest það nýmæli að Fiskistofa skyldi sjá til þess að upplýsingar um afla yrðu birtar á opinberum uppboðsvef (þingskjal 130 – 120. mál, 136. löggjafarþing 2008-2009). Sú framkvæmd sem mælt er fyrir um í 2. og 5. mgr. 5. gr. um löndun í erlendum höfnum hefur ekki verið við líði um langan tíma sem og vegna fiskmarkaða erlendis, er því lagt til að fella brott þær málsgreinar. Í ákvæðinu er því kveðið á um heimild ráðherra til að mæla fyrir um að afli sem veiddur er úr deilistofnum sé landað erlendis, þá er Fiskistofu áfram heimilt að heimila skipum sem vinna afla um borð að honum sé landað erlendis.

Um 33. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlit með vigtun. Ákvæðið er efnislega samhljóða 8. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Heimild eftirlitsmanna Fiskistofu að rafrænum

vöktunarkerfum í löndunarhöfnum til að hafa eftirlit með löndun afla var lögfest með 1. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar nr. 85/2022. Í almennum athugasemdum kom fram að með aðgangsheimild fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu væri unnt að nýta upplýsingar við rafræna vöktun við eftirlit með lönduðum afla og nýta afrit af þeim upplýsingum þegar um er að ræða rökstuddan grun um að brot hafi verið framið sem fellur undir málefnasvið Fiskistofu sbr. 2. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992, með síðari breytingum (þingskjal 550-386. mál, 152. löggjafarþing 2021-2022). Í greininni eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við aðrar reglugerðarheimildir frumvarpsins og þá hefur heiti Hafnasambands Íslands verið lagfært, en í núgildandi 8. gr. laganna er talað um Hafnasamband sveitarfélaga.

Um 34. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir erlenda skipa til að landa eigin afla. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998 en greinin er samhljóða eldra ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1992. Við gildistöku 3. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, var áréttað að erlendum skipum er heimilt að umskipa afla erlenda skipa í íslenskum höfnum. Ákvæði 2. – 6. mgr. kveður á um tilvik sem erlendum skipum er óheimilt að koma til íslenskrar hafnar, neyðaraðstoð og staðfestingu fánaríkis. Ákvæði 2. -. 6. mgr. eru samhljóða 2. – 6. mgr. mgr. 3. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands en þónokkrar breytingar voru gerðar á málsgreinunum með 1. gr. laga um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, nr. 38/2015. Breytingarnar endurspegluðu ákvæði samningsins um hafnríkisaðgerðir og hafnríkisreglur NEAFC og NAFO. Um breytinuna segir ennfremur í almennum athugasemdum: „1. tölul. greinarinnar var óbreyttur úr gildandi lögum en í 2. tölul. var lagt til að heimilt verði að setja nánari reglur um hafnríkiseftirlit. Þannig kemur til skoðunar að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd hafnríkisaðgerða þar sem t.d. væri mögulegt að gefa yfirlit um og færa út ákvæði 3. gr. laganna. Í þessum lið er sérstaklega mælt fyrir um að heimilt sé að birta eingöngu erlendan texta reglna sem fela í sér innleiðingu hafnríkisreglna, enda varði þær einkum veiðar erlendra skipa. Þetta er eðlilegt þar sem reglurnar beinast að eigendum, útgerðum og skipstjórum erlendra skipa. Ákvæðið er samið með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað þar sem kveðið er á um heimild til að birta, í C-deild Stjórnartíðinda, eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar (þingskjal 626- 418. mál, 144. löggjafarþing, 2014-2015). Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar þar sem í stað „fiskveiðilandhelgi Íslands“ er tekið upp „fiskveiðilögsaga Íslands“ í ákvæðinu og þá er í stað hugtaksins „kaupandi“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur „aðili sem stundar viðskipti með afla“ til samræmis við 36. gr. frumvarpsins. Í 7. mgr. er fjallað um heimildir Fiskistofu til að skoða á aðila að veita stofnunni upplýsingar og vísað til heimilda Fiskistofu að beita dagsektum skv. 93. gr. frumvarpsins til að knýja á um afhendingu upplýsinga. Er ákvæðið efnislega samhljóða 7. mgr. 3. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 22/1998. Ákvæði 8. -10. mgr. 3. gr. laganna færast í 93. gr. frumvarpsins um beitingu dagsekta.

Um 35. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 22/1998, en þá var lögfest mun ríkari tilkynningarskylda en hafði

verið skv. 4. gr. laga nr. 13/1992 og var það hluti af því að herða eftirlit með veiðum umhverfis landið (þingskjal 429 – 340. mál, 122. löggjafarþing 1997-1998). Lagðar eru til orðalagsbreytingar í ákvæðinu þar sem í stað „fiskveiðilandhelgi Íslands“ er tekið upp „fiskveiðilögsaga Íslands“ til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins, sjá nánar umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um viðskipti með sjávarafla. Ákvæðið er að mestu samhljóða 12. gr. laga um umgengi um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, en þó er lagt til í frumvarpinu að ákvæði 4. og 5. mgr. 12. gr. laganna um dagssektir verði færð undir viðurlagakafla frumvarpsins, XIX. kafla. Í 1. mgr. er kveðið á um ábyrgð aðila sem stundar viðskipti með afla að hann gangi úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn skv. gildandi reglum um vigtun sjávarafla. Var upphaflegur tilgangur ákvæðisins að efla eftirlit með því að leggja skyldu á kaupendur afla að þeir könnuðu uppruna aflans og hvernig staðið hefði verið að vigtun (þingskjal 371 – 249. mál, 120. löggjafarþing 1995). Með 1. gr. laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, nr. 9/2011 var hugtakinu „kaupanda afla“ breytt í „Aðili sem stundar viðskipti með afla“ og ákvæðið því útvíkkað til að ná yfir alla aðila sem skylt er að skila skýrslum um viðskipti með afla. (þingskjal 220 – 203. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011). Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu aðila sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða til að skila Fiskistofu skýrslu um ráðstöfun afla. Ákvæði þetta var einnig lögfest með 1. gr. laga nr. 9/2011 ásamt því að Fiskistofu voru veittar heimildir til beitingu dagssekta til að knýja á um skýrsluskil. Vegna brota á ákvæði þessu er Fiskistofu heimilt að beita dagsektum skv. 93. gr. frumvarpsins.

Um 37. gr.

Í greininni er fjallað um heildarafla, en ráðherra skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstöku nytjastofnum við Íslands sem nauðsynlegt er talið að takmarka þurfi veiðar á. Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í almennum athugasemdum um ákvæði 3. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 sem var samhljóða núgildandi 3. gr. kom m.a. fram að með ákvæðinu var lögfest sú meginregla að sé talin þörf á að takmarka veiðar úr einhverjum stofni sjávardýra þá skuli það gert með þeim hætti að ráðherra ákveði leyfilegan heildarafla úr stofninum. (þingskjal 609 – 352. mál, 112. löggjafarþing 1989-1990). Þá var með 1. gr. laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, nr. 85/2002, bætt við í 1. mgr. tveimur nýjum málsliðum sem eru samkvæmt núgildandi lögum 3. og 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, svohljóðandi „Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunar reiknast ekki til heildarafla. Sama á við um afla sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.“ Samkvæmt almennum athugasemdum 1. gr. laga nr. 85/2022, var með greininni tryggður lagagrundvöllur fyrir því að Hafrannsóknastofnun geti stundað rannsóknir á nytjastofnum sjávar með veiðum án þess að ákvæði laga um stjórn fiskveiða um aflahlutdeild og aflamark eigi við um þær veiðar, en þá hafði skort lagagrundvöll fyrir þeirri framkvæmd sem hafði verið við lýði (þingskjal 882 – 562. mál, 127. löggjafarþing 2001-2002). Lagt er til að fella brott framangreinda heimild í 3. málslið 1. mgr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða er það

lagt til svo tryggja megi yfirsýn um heildarafla hvers fiskveiðiárs og afmarkað sé það magn sem nýtt er til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar, veiða í fræðaskyni og veiða við vísindalegar rannsóknir. Með því verði tryggt að sá heildarafli sem veiddur er innan hvers fiskveiðiárs sé innan þeirrar ráðgjafar sem Hafrannsóknastofnun leggur til við ráðherra og þannig sé gætt að meginmarkmiðum frumvarpsins um sjálfbærni veiða og að nýting nytjastofna í hvaða formi sem hún er fari ekki umfram þau mörk sem náttúran setur. Lagt er því til að áætlað sé árlega það magn sem dregið er frá heildarafla og ráðstafað til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar, veiða í fræðaskyni og til vísindalegra rannsókna í samræmi við 3. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Sjá nánar um 38. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um leyfðan heildarafla botnfisktegunda og annarra nytjastofna. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og ekki eru lagðar til breytingar á orðalagi ákvæðisins. Í 3. mgr. er tilgreint að 1. og 2. mgr. gildi ekki um sjávargróður en nánar er fjallað um sjávargróður í XIII. kafla frumvarpsins. Þá er 4. mgr. greinarinnar efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1993 þar sem mælt er um með ótvíræðum hætti sú sjálfsagða regla að skip hafi við upphaf veiðiferðar aflaheimildir sem duga fyrir líklegum afla af öllum tegundum í ferðinni (þingskjal. 371 – 249. mál, 120. löggjafarþing 1995).

Um 38. gr.

Greinin er nýmæli en er að hluta byggð á 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, þar sem kemur fram að tiltekið hlutfall skuli dregið frá heildarafla í hverri tegund og því skuli varið til að mæta áföllum, til stuðnings byggðalögum, til línuívilnunar, til strandveiða, til frísstundaveiða og sjóstangaveiðimóta og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða svo sem skel- og rækjubóta. Þá er einnig kveðið á um að ráðherra skuli eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa hlutfalls til næstu sex ára. Ákvæðið var lögfest með lögum um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lög nr. 48/2014 en núverandi orðalag var lagt til í nefndaráliti atvinnuveganefndar (þingskjal 1163 – 153. mál, 143. löggjafarþing 2013-2014) með breytingatillögu á þingskjali 1164- 153. mál. Í nefndaráliti atvinnuveganefndar kom enn fremur fram „Lagt er til að ráðherra verði falið að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um meðferð og ráðstöfun þessa aflamagns eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Í framkvæmd yrði ráðherra ætlað að gera áætlun til lengri tíma um hvernig heimildirnar verði nýttar en hann mun þó hafa svigrúm til að bregðast skjótt við ef óvenjulegar aðstæður koma upp. Engin meiri háttar breyting er fyrirhuguð um nýtingu á svonefndum pottum á komandi fiskveiðiári, en stefnt er að því að áætlun um nýtingu þeirra til lengri tíma verði fyrst lögð fram á löggjafarþingi 2014–2015. Nefndin bendir á að verði breytingartillagan samþykkt verði ekki heimiluð sérstök tilgreining á einstökum tegundum eins og nú er mælt fyrir um í 4. mgr. 8. gr. gildandi laga sem þýðir að allir munu sitja við sama borð. Það fer eftir aðstæðum og þörfum á hverjum tíma hvaða aflamarkstegundum ráðherra sækist eftir til að ráðstafa til byggðatengdra og félagslegra verkefna.“ Lagt er til að hugtakið aflamagn verði tekið út þar sem hér er um að ræða hlutfall af heildarafla og villandi að tala hér um aflamagn, enda á þeim tímapunkti ekki búið að skilgreina afla og magn.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að ráðherra verði heimilt að draga ákveðið hlutfall í hverri tegund frá heildarafla hvers fiskveiðiárs í samræmi við 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að tilgreint sé með skýrum hætti til hvaða hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins heimilt sé að úthluta til, þ.e. strandveiða skv. 57. – 59. gr. frumvarpsins, aflamark Byggðastofnunar skv. 60. og 61. gr. frumvarpsins (sértækur byggðakvóti), innviðaleið skv. 62. og 63. gr. frumvarpsins

(almennur byggðakvóti), frístundaveiðar skv. 64. gr. og sjóstangaveiðimót skv. 65. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er áfram lagt til að ráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa hlutfalls af heildarafla. Lagt er til að tillagan sé lögð fram á fimm ára festi og sé til fimm ára í senn. Þá er lagt til að áður en þingsályktun er lögð fram sé búið að leggja mat á árangur þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í 1. mgr. Sem dæmi þá verði lagt mat á stöðu sjávarbyggða sem hafi fengið úthlutað aflamarki Byggðastofnunar og hvort breytingar hafi orðið á fjölda starfa, íbúaþróun og stöðu fiskvinnsla og útgerða til framtíðar og gerð grein fyrir því mati í tillögu til þingsályktunar.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli þar sem mælt er fyrir um heimild ráðherra til að draga ákveðið hlutfall í hverri tegund frá heildarafla fiskveiðiárs, sem ráðstafað skal til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar, veiða í fræðsluskyni og veiða við vísindalegar rannsóknir. Með því verði tryggt að rannsóknar og vísindaafli verði innan þess heildarafla sem ákveðinn er skv. 37. gr. frumvarpsins og þar með innan þeirrar ráðgjafar sem Hafrannsóknastofnun leggur til við ráðherra og þannig sé gætt að meginmarkmiðum frumvarpsins um sjálfbærni veiða og að nýting nytjastofna í hvaða formi sem hún er fari ekki umfram þau mörk sem náttúran setur. Sjá nánar athugasemdir um 37. gr. frumvarpsins. Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og er ætlað að tryggja að tegundasamsetningu þess sem dregið er frá heildarafla.

Um 39. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 19. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sem er byggt á 9. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Lagðar eru hér með til breytingar á uppbyggingu ákvæðisins ásamt orðalagsbreytingum til að skýra enn frekar efni ákvæðisins. Í 1. mgr. er mælt fyrir um útreikning þorskígilda en þau skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Þorskígildi eru notuð til að bera saman afla af mismunandi tegundum. Þorskígildistonn er því aflamagn í tiltekinni tegund sem telst jafnverðmætt og eitt tonn af þorski. Í 2. mgr. er kveðið á um að reikna beri þorskígildi fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða skv. 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins, en í því ákvæði kemur fram að allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt frumvarpinu eða landa afla, þar sem stjórn veiða er með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skuli greiða veiðigjald. Þar sem lagt er til í frumvarpinu að fiskveiðiárið verði almanaksárið, frá 1. janúar til og með 31. desember, er lagt til að reikna skuli þorskígildi fyrir 15. nóvember ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða og taka skuli mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. september næstliðið ár og lýkur 31. ágúst. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Í 3. mgr. er áfram lagt til að þegar ferskur fiskur er seldur erlendis, skuli miða við 88% söluverðmæti hans. Lagt er til að ný málsgrein bætist við ákvæðið sem verður 4. mgr. þar sem mælt er fyrir um að ráðherra skuli með reglugerð ákvarða þorskígildisstuðla fyrir hvert fiskveiðiár, en núgildandi reglugerð er reglugerð nr. 717/2023 um þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024.

Um 40. gr.

Greinin byggir að hluta til á efni 8. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem er að finna þá meginreglu um stjórn fiskveiða, að til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni þarf eitt almennt veiðileyfi, sem nánar er fjallað um í 17. gr. frumvarpsins. Það leyfi veitir þó ekki eitt og sér heimild til veiða á þeim tegundum sem sæta heildaraflamörkum, með þeim

takmörkunum þó sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Til þess að mega veiða þær tegundir, sem heildarafli er takmarkaður á, þarf viðkomandi skip að auki að hafa aflaheimild í viðkomandi tegund. Aflaheimildum á þeim tegundum, sem nauðsynlegt er hverju sinni að takmarka veiðar á, er skipt niður á milli einstakra skipa og hverju skipi úthlutað tilteknu hlutfalli af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Þetta hlutfall kallast aflahlutdeild skips, sem er hlutdeild skips í leyfðum heildarafla í viðkomandi nytjastofni og helst óbreytt milli ára. Það aflamagn sem hver skip má veiða á einstöku veiðitímabili nefnist aflamark skips, en það er tiltekið magn af afla mælt í kg. innan fiskveiðiárs eða annars tímabils skv. frumvarpinu. Ræðst það annars vegar af hinni föstu aflahlutdeild skipsins og hins vegar af leyfðum heildarafla á viðkomandi veiðitímabili. Aflamark hvers skips af hverri tegund breytist því til hækkunar og lækkunar í sama hlutfalli og leyfður heildarafli af viðkomandi tegund. Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem fjallað er um takmörkun veiða á tilteknum tegundum nytjastofna sem samfelld veiðireynsla er á, og aflahlutdeild er þá úthlutað á grundvelli veiðireynslu síðustu þriggja veiðitímabila. Ákvæðið var lögfest með 8. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 (þingskjal 609 – 352. mál, 112. löggjafarþing 1989-1990). Þá er í ákvæðinu lagðar til orðlagsbreytingar til samræmis við 69. og 70. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. mgr. byggir á 2. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 en ákvæðið var lögfest með 1. gr. laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 þegar heimilað var að úthluta aflahlutdeild til veiða á staðbundnum nytjastofnum sandkola og hryggleysingja og var með ákvæðinu ráðherra veitt heimild til að úthluta staðbundinni aflahlutdeild í sandkola og hryggleysingjum í áföngum eftir því hvernig veiðar og veiðiálag þróast með hliðsjón af ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Í 3. mgr. er fjallað um skyldur ráðherra að ákveða aflahlutdeild einstakra skipa ef ekki er fyrir hendi veiðireynsla á viðkomandi tegund. Ráðherra ber þá að taka mið af fyrri veiðum, stærð og gerð skips. Þá er mælt fyrir um að sé skipi úthlutað aflahlutdeild þá getur ráðherra bundið úthlutun þannig að skipi verði skylt að afsala sér heimildum til veiða á öðrum tegundum. Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 8. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990 (þinskjal 609 – 352. mál, 112. löggjafarþing 1989-1990) sem byggði á atriðum sem tilgreind voru í 12. gr. laga um stjórn fiskveiða 1988-1991, nr. 88/1988 (þingskjal 201 – 181. mál, 110. löggjafarþing 1987). Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 en það ákvæði var lögfest með b. lið 2. gr. laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, lög nr. 59/2015. Var þá Fiskistofu veitt heimild til að færa viðmiðun veiðireynslu milli fiskiskipa að hluta eða öllleyti þegar skipastóll er endurnýjaður. Með breytingu á skipastól er átt við þau tilvik þegar skip eru seld innanlands og einnig þegar útgerð fækkar skipum og sameinar þannig veiðireynslu og aflaheimildir tveggja eða fleiri skipa (þingskjal 1571 – 814. mál, 144. löggjafarþing 2014-2015).

Ákvæði 5. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem er samhljóða 2. mgr. 7. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990.

6. mgr. er efnislega samhljóða 4. – 6. málslið 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 en með 2. gr. laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 46/2019 var 2. málslið 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 lögfest. Í ákvæðinu er fjallað um aflahlutdeild í makríl og mælt fyrir um að aflahlutdeildin skiptist í tvo flokka, A- og B- flokk. Við lögfestingu ákvæðisins kom fram að tryggja yrði sem best jafnræði og mismunandi útgerðarmynstur og rekstrargrundvöll þeirra báta sem veitt hafa makríl með línu og handfærum innan sama kerfis. Í A-flokk eru skip sem veiða með öðrum veiðarfærum en handfærum og línu og í B-flokk eru skip sem veiða með

handfærum og línu (þingskjal 1653 – 886. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019). Þá var með 3. gr. laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða nr. 46/2019 lögfest ákvæði 10. gr. b. í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem ráðherra var heimilað að ráðstafa allt að 4.000 lestum af aflaheimildum í makríl til skipa í B-flokki og ætlaðar til úthlutunar til báta sem stunda veiðar með línu og handfærum (þingskjal 1653 – 886. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019). Ákvæði 4. – 7. málsliður 6. mgr. er samhljóða 10. gr. b. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í þeim tilvikum sem skip með aflahlutdeild í A-flokki sem er óveidd, þá skal ekki veita því viðbótarheimild nema að viðkomandi skip sé að sækja um heimild til að veiða.

Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um framsal og flutning aflahlutdeilda skipa. Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 2. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, en það ákvæði var samhljóða 2. mgr. 11. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 (þingskjal 609- 352. mál, 112. löggjafarþing 1989-1990). Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 6. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. 1. málsliður 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. málslið 6. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sem er samhljóða 1. málslið 6. mgr. 11. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Í athugasemdum við lögfestingu greinarinnar kom fram að þá var opnuð heimild til að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina aflahlutdeild annars skips. Ennfremur sagði í almennum athugasemdum „ Fiskiskipum mun ekki fækka nema víðtæk heimild sé til þess að sameina aflaheimildir þeirra. Slík heimild er því nauðsynleg forsenda þess að það meginmarkmið frumvarpsins að samræma afkastagetu flotans afrakstursgetu fiskstofnanna náist.“ (þingskjal 609 – 352. mál, 112. löggjafarþing 1989-1990). Með 4. gr. laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða nr. 46/2019 var bætt við ákvæðið 2. málslið 6. mgr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem kveðið er á um að óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips í makríl úr B-flokki en heimilt væri þó að flytja aflamark skips í makríl úr B-flokki í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít (þingskjal 1653 – 776. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019) en nánar er fjallað um flutning aflamarks í 42. gr. frumvarpsins. Þá er sérstaklega fjallað um krókaaflahlutdeild í 3. málslið 6. mgr. að hún verði aðeins flutt til báts sem er undir þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er kveðið á um að Fiskistofa skuli staðfesta flutning aflaheimilda og hann sé innan heimilaða marka og öðlast flutningurinn aðeins gildi þegar staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Þá er áfram kveðið á um að óheimilt sé að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991 og er efnislega samhljóða 6. málslið 6. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða en það ákvæði byggði á bráðabirgðaákvæði V. í eldri lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Þá er í lokamálslið 2. mgr. kveðið á um að sá sem leitar staðfestingar Fiskistofu að aflaheimildir séu innan heimilaða marka skuli greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu og felst í því ákvörðun Fiskistofu. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. málslið 6. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en ákvæðið var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á lögum um Fiskistofu og ýmsum öðrum lögum, nr. 67/5015.

Ákvæði 3. og 4. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 14. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Um 42. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. – 5. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í greininni er kveðið á um forkaupsrétt sveitarfélaga þegar selja skal fiskiskip sem hefur leyfi til veiða í atvinnuskyni, ef selja á fiskiskip til útgerðar sem hefur heimilisfesti í öðru sveitarfélagi. Lítið hefur reynt á ákvæðið í seinni tíð en rétt þykir að áfram verði kveðið á um forkaupsrétt sveitarfélaga í lögum.

Um 43. gr.

Í greininni er lagt til ákvæði um hámarksaflahlutdeild sem svara efnislega til 1.-3. mgr. 13. gildandi laga. Um forsögu, þróun og markmið reglna um hámarksaflahlutdeild má vísa til umfjöllunar í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. eru lögð til hærri mörk hámarksaflahlutdeildar hjá útgerðaraðilum sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði, m.a. um dreifða eignaraðild. Nánar tiltekið megi hámarksaflahlutdeild þeirra vera allt að 15% af heildarverðmæti aflahlutdeildar í öllum tegundum skv. 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. Ákvæðið tekur ekki til krókaaflahlutdeildar. Þá er ekki hróflað við hámarks-aflahlutdeild í einstökum tegundum. Sá hluti aflahlutdeildar útgerðaraðila sem fer fram úr mörkum 43. gr. með stoð í 44. gr. nefnist viðbótaraflahlutdeild. Þar sem ákvæðið felur í sér undantekningu frá meginreglum 43. gr. ber að skýra það þröngt.

Í 1.-3. tölul. 2. mgr. eru sett þrjú skilyrði fyrir viðbótaraflahlutdeild sem þurfa öll að vera uppfyllt.

Í 1. tölul. er áskilið að hlutabréf aðila hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði með starfsleyfi hér á landi. Um skilgreiningu á skipulegum verðbréfamarkaði vísast til löggjafar um fjármálamarkaði. Þá er ráðherra heimilt með stoð í 1. tölul. að setja frekari skilyrði um dreifingu og samsetningu eignarhalds aðila. Með því er sleginn eðlilegur varnagli sem gæti átt við ef skráning á skipulegan markað reyndist ekki tryggja nægilega framgang markmiða ákvæðisins um dreifða eignaraðild. Þó yrði að gæta varfærni við setningu slíkra viðbótarskilyrða umfram þau sem almennt gilda um skráningu á skipulegan markað.

Í 2. tölul. er áskilið að útgerðaraðili hafi ekki samkvæmt endanlegri úrlausn Fiskistofu brotið gegn ákvæðum um hámarksaflahlutdeild 43. eða 44. gr. frumvarpsins. Gildir þá einu hvers eðlis brotið er. Í samræmi við almennar lagaskilareglur er hér þó aðeins átt við brot sem eiga sér stað eftir gildistöku frumvarpsins og hefðu eldri brot því ekki áhrif að þessu leyti.

Í 3. tölul. er það skilyrði sett að útgerðaraðili fullnægi upplýsingaskyldu skv. 47. gr. frumvarpsins og vísast í því sambandi til skýringa við þá grein.

Eins og fram kemur í 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins þurfa tengdir útgerðaraðilar allir að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í 1. mgr. Með tengdum útgerðaraðilum er hér átt við lögaðila sem tengjast vegna yfirráða í skilningi 2. mgr. 45. gr. Við þær aðstæður er litið á lögaðilana sem eina heild með tilliti til hámarksaflahlutdeildar og því er eðlilegt að skilyrði 45. gr. frumvarpsins eigi við um þá alla í senn. Þó er vikið frá því í tilviki tengdra aðila sem fara hver í sínu lagi með aflahlutdeild undir 1% af heildarverðmæti aflahlutdeildar, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. Þeir aðilar myndu því ekki þurfa að uppfylla skilyrði 1.-3. tölul. 1. mgr. 44. gr. Rétt þykir að takmarka skilyrðið varðandi tengda aðila með þessum hætti svo að það fækki ekki um of þeim tilvikum sem eiga undir ákvæðið.

Nánar er fjallað um markmið ákvæðisins og áþekkt ákvæði í eldri lögum í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Um 45. gr.

Meginefni greinarinnar felst í skilgreiningu á tengdum útgerðaraðilum vegna ákvæða um hámarksaflahlutdeild. Ákvæðið felur í sér vissar efnisbreytingar frá 4. mgr. 13. gr. gildandi laga eins og nánar var vikið að í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Í 1. mgr. 45. gr. er að fjallað um talningu aflahlutdeildar útgerðaraðila með tilliti til hámarksaflahlutdeildar, sbr. 43. og 44. gr. Aflahlutdeild útgerðaraðila telst vera aflahlutdeild sem er skráð á skip í eigu hans, annars vegar, og skipa sem hann hefur á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur, hins vegar. Ákvæðið svarar að þessu leyti efnislega til 13. gr. gildandi laga. Þá skal við talningu aflahlutdeildar hjá einstökum útgerðaraðila bæta við aflahlutdeild tengdra aðila á þann hátt sem nánar er lýst í 2. mgr. ákvæðisins.

Í 2. og 3. mgr. 45. gr. koma fram efnisreglur tengda aðila vegna hámarksaflahlutdeildar. Þær fela í sér að aflahlutdeild tengdra aðila skal ýmist talin saman að fullu upp í mörk hámarksaflahlutdeildar, sbr. 2. mgr., eða að hluta með nánar greindum hætti, sbr. 3. mgr.

Í 1. og 2. tölul. 2. mgr. er sett fram tvíþætt skilgreining á tengdum aðilum, þar sem aflahlutdeild aðila skal talin saman að fullu. Ákvæðið felur í sér efnisbreytingu frá gildandi rétti eins og nánar er rakið í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Skv. 1. tölul. teljast tengdir aðilar vera aðili og lögaðili sem hann fer með yfirráð yfir, annars vegar, og lögaðilar sem eru undir yfirráðum sama aðila. Hugtakið yfirráð hefur sömu merkingu og í 17. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Því falla undir hugtakið yfirráð í greininni m.a. sameiginleg yfirráð yfir lögaðila á hendi fleiri en eins aðila. Þótt vísað sé til aðila í eintölu í greininni ber því ekki að skilja það svo bókstaflega að það nái aðeins til yfirráða sem eru óskipt á hendi eins aðila. Um skilgreiningu yfirráða í samkeppnisrétti má að öðru leyti vísa til umfjöllunar í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Skv. 2. tölul. eru skilgreindir sem tengdir aðilar hjón, sambúðarfólk og skyldmenni í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar og þeir sem eru tengdir með sama hætti vegna ættleiðingar eða fósturs. Skilgreiningin tekur mið af skilgreiningu nákominna einstaklinga í 4. mgr. 95. gr. a laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Sjá einnig umfjöllun í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Hafa ber í huga að 1. og 2. tölul. geta verkað saman, sbr. einnig 3. mgr. Þannig skal m.a. taka tillit til fjölskyldutengsla skv. 2. tölul. við mat á yfirráðum skv. 1. mgr. og leiðir sú niðurstaða raunar þegar af túlkun á hugtakinu yfirráð í samkeppnisrétti. Þó eru fjölskyldubönd ekki eina tegund vensla sem geta haft þýðingu við skýringu hugtaksins yfirráð, heldur getur það jafnframt átt við um annars konar vensl milli aðila, m.a. ýmis starfa-, viðskipta- og hagsmunatengsl. Slík aðstaða myndi einkum geta haft þýðingu við mat á sameiginlegum yfirráðum. Í því sambandi geta tengsl milli tveggja eða fleiri aðila skapað líkindi fyrir því að þeir starfi saman og taki ákvarðanir með samræmum hætti, og geti því talist fara með sameiginleg yfirráð í félagi þótt þeir geri það e.t.v. ekki einir sér. Samkvæmt almennum sönnunarreglum myndi hvíla á aðilum í þeirri stöðu að sýna fram á að tengsl þeirra hefðu í reynd ekki slík áhrif. Þykir óþarft að orða þá sönnunareglu í greininni, enda má ætla að sama niðurstaða leiði af túlkun á hugtakinu yfirráð í samkeppnisrétti og ákvæðinu að öðru leyti.

Í 3. mgr. 46. gr. er lögð til sérregla sem tekur við þar sem 2. mgr. sleppir. Hún felur í sér að aflahlutdeild aðila (B) skal talin að hluta með aflahlutdeild annars aðila (A), ef A á 20% eða meira af atkvæðisrétti í B, beint eða óbeint. Er þá miðað við jafnstórt hlutfall aflahlutdeildar B og nemur hlutfallstölu atkvæðisréttarins (A í B), sem telur þá upp í hámarksaflahlutdeild hjá A. Þessi regla gildir þó ekki í hina áttina, þ.e. hún hróflar ekki við hámarksaflahlutdeild B í ofangreindu dæmi. Ef atvikum er svo háttað að A er ekki sjálfur útgerðaraðili gildir reglan með þeim afbrigðum að hluti aflahlutdeildar B samkvæmt ofangreindri reiknireglu er þá talinn með útgerðaraðila sem telst tengdur A í skilningi 2. mgr. 46. gr. Ef það ætti

við um fleiri en einn útgerðaraðila myndi viðbótin þurfa að skiptast jafnt milli þeirra. Ákvæðið er skýrt nánar m.a. með dæmum í almennum hluta greinargerðarinnar.

Áréttað skal að einstaka efnisþætti 46. gr. ber að virða heildstætt og í samhengi hver við annan eftir því sem við á. Í samræmi við það markmið ákvæðisins að koma í veg fyrir að unnt sé að fara kringum reglur um hámarksaflahlutdeild ber jafnframt að varast að beita þröngri eða bókstaflegri skýringu á ákvæðinu sem unnið gæti gegn því markmiði.

Um 45. gr. frumvarpsins, þ.m.t. efnisbreytingar og nýmæli sem felast í því og röksemdir fyrir þeim, má að öðru leyti vísa til almenns hluta greinargerðar þessarar.

Um 46. gr.

Í greininni eru lögð til ákvæði um eftirlit og upplýsingaöflun Fiskistofu vegna ákvæða um hámarksaflahlutdeild, sbr. einnig 47.-49. gr.

Í 1. mgr. er kveðið almennt á um hlutverk Fiskistofu í þessu sambandi. Um verður að ræða reglubundið frumkvæðiseftirlit á viðvarandi grunni, auk viðbragða við einstökum tilfellum sem kunna að koma upp og geta gefið tilefni til athugana. Undir þetta fellur m.a. að öflun upplýsinga um og nánari kortlagning tengsla milli aðila með tilliti til ákvæða 46. gr. Fiskistofu ber þó að gæta meðalhófs við framkvæmd eftirlitsins og huga að eðlilegri forgangsröðun. Telji Fiskistofa ástæðu til ætla að hámarksaflahlutdeild hafi ekki verið virt ber stofnuninni að taka mál til meðferðar og leysa úr því með ákvörðun, sbr. 49. gr. Sama á við ástæða þykir til að gera könnun á atriðum varðandi möguleg tengsl milli útgerðaraðila hvort sem slíkt tengjast hugsanlegu broti gegn hámarksaflahlutdeild eða ekki.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um upplýsingarétt Fiskistofu í þágu eftirlits stofnunarinnar vegna hámarksaflahlutdeildar. Ákvæðið veitir Fiskistofu víðtæka og afdráttarlausa heimild til að kalla eftir hverjum þeim gögnum og upplýsingum sem stofnunin telur nauðsynleg til að hún geti sinnt umræddu eftirlitshlutverki sínu, þ.m.t. upplýsingum sem geta haft þýðingu við úrlausn þess hvort aðilar séu tengdir aðilar skv. 46. gr. Þá er ráðgert að Fiskistofa geti í sama augnamiði kallað eftir gögnum og upplýsingum frá öðrum stjórnvöldum eftir þörfum, t.d. fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, en hugtakið stjórnvald er hér notað í hefðbundinni merkingu. Með stoð í ákvæðinu getur Fiskistofa ýmist kallað eftir tilgreindum gögnum frá viðkomandi eða ótilgreindum gögnum eða upplýsingum um atriði sem orðuð eru í upplýsingabeiðni. Ákvæði annarra laga um þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðinu, sbr. nánar 50. gr. Með ákvæðinu er lögð áhersla á mikilvægi þess að eftirlit Fiskistofu vegna hámarksaflahlutdeildar sé byggt á fullnægjandi gögnum og upplýsingum. Veigamiklir almannahagsmunir eru enda bundnir við að ákvæðum um hámarksaflahlutdeild sé framfylgt á árangursríkan og skilvirkan hátt.

Í 3. mgr. er Fiskistofu veitt úrræði til að bregðast við því ef upplýsingar sem stofnunin aflar frá útgerðaraðila eru ekki nægilega áreiðanlegar og hann verður ekki við kröfu stofnunarinnar um úrbætur. Er þá lagt til að Fiskistofu verði heimilt að leggja fyrir útgerðaraðila að afla á eigin kostnað staðfestingar óháðs lögmanns eða löggilts endurskoðanda á réttmæti upplýsinganna. Með óhæði er átt við að viðkomandi sérfræðingur skal ekki vera í starfatengslum við hlutaðeigandi útgerðaraðila eða tengda aðila. Þar sem Fiskistofu ætti yfirleitt að vera fært að sannreyna upplýsingar frá aðilum eftir öðrum leiðum verður að ætla að beiting þessa úrræðis myndi heyra til undantekninga.

Um 47. gr.

Í greininni er lagt til ákvæði um reglubundna upplýsingskyldu útgerðaraðila til Fiskistofu um eigendakeðju og tengsl við aðra útgerðaraðila samkvæmt nánari afmörkun í ákvæðinu.

Með því er ætlunin að tryggja viðvarandi flæði rauntímaupplýsinga um þessi atriði til Fiskistofu, til viðbótar upplýsingum sem stofnunin aflar sjálfstætt skv. 46. gr.

Skv. 1. mgr. 47. gr. gildir reglubundin upplýsingaskylda um stóra útgerðaraðila sem falla í annan eða báða tveggja skilgreindra flokka. Annar flokkurinn nær til útgerðaraðila sem fara með a.m.k. 1% aflahlutdeildar í öllum tegundum eða 0,5% krókaaflahlutdeildar. Hinn flokkurinn nær yfir útgerðir sem eru einingar tengdar almannahagsmunum, nánar tiltekið útgerðir sem eru stór félög í skilningi laga um ársreikninga.

Með því að takmarka reglubundna upplýsingaskyldu samkvæmt 47. gr. við stærri útgerðir er meðalhófs gætt með tilliti til markmiða ákvæðisins. Ákvæðið takmarkar þó ekki heimildir Fiskistofu til að afla upplýsinga sjálfstætt á grundvelli almennrar upplýsingaheimildar 46. gr. og þá frá öllum útgerðaraðilum óháð stærð.

Skv. 2. mgr. 47. gr. skulu stærðarmörk 1. mgr. miðast við tengda aðila í skilningi 2. mgr. 45. gr. Þeir eru þá allir upplýsingaskyldir samkvæmt ákvæðinu ef þeir fara samanlagt fram úr mörkum 1. mgr.

Í 3. mgr. 47. gr. er ráðgert að upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðinu skuli eiga sér stað með þriggja mánaða millibili. Lagt er í vald Fiskistofu að staðsetja tímamörkin nánar innan ársins í framkvæmd og þá eftir atvikum þannig að löguð séu að óskum einstakra útgerðaraðila eftir því sem við á. Hámarkstími sem líða má á milli er þó ávallt þrír mánuðir. Þykir mega jafna því til rauntímaupplýsinga þótt til greina gæti komið að hafa upplýsingagjöfina enn tíðari. Þó þykir ekki ástæða til að ganga lengra að þessu leyti enda má ætla að svo tíð upplýsingagjöf þjóni nægilega þeim markmiðum sem að er stefnt.

Í 3.-5. mgr. eru tilgreind þau atriði sem upplýsa skal Fiskistofu reglubundið um á grundvelli ákvæðisins. Hér er m.a. um að ræða eigendakeðju útgerðaraðila, þ.e. alla beina og óbeina eigendur. Hugtökin beinn og óbeinn eigandi hafa hér hefðbundna lögfræðilega merkingu og takmarkast ekki við raunverulega eigendur. Heimilt er að takmarka upplýsingagjöf við 30 stærstu eigendur eða félagsmenn í félagi miðað við atkvæðavægi, sé unnt að greina þá að með þeim hætti. Ef það er ekki hægt gildir almenna reglan um að upplýsa beri um alla eigendur. Það gæti t.d. átt við um félagsform þar sem allir félagsmenn hafa jafnt atkvæðavægi.

Þá skal veita upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra upplýsingaskylds aðila og lögaðila sem tilheyra eigendakeðju hans í ofangreindum skilningi.

Til viðbótar, sbr. 4. mgr., skal upplýsa Fiskistofu um aðra útgerðaraðila sem upplýsingaskyldur útgerðaraðili fer beint eða óbeint með eignarhlut eða atkvæðisrétt í. Sömuleiðis skal upplýsa um aðra útgerðaraðila sem raunverulegur eigandi hins upplýsingaskylda aðila fer beint eða óbeint með eignarhlut eða atkvæðisrétt í. Hugtakið raunverulegur eigandi hefur hér sömu merkingu og í lögum um skráningu raunverulegra eigenda, að því frátöldu að það er einnig látið ná til raunverulegra eigenda skráðra félaga, sem ella féllu utan hugtaksins.

Skýra má 4. mgr. með dæmi: Upplýsingaskyldur útgerðaraðili (A) á eignarhlut í útgerðaraðilanum B. A er að 30% í eigu einstaklingsins X sem telst því raunverulegur eigandi A. Jafnframt á X 10% eignarhlut í útgerðaraðilanum C. Við þessar aðstæður bæri að upplýsa Fiskistofu hvort tveggja um eignaraðild A að B, sem og eignaraðild X að C. Það athugast að ekki skiptir máli hér hvort X eða B séu sem slíkir upplýsingaskyldir skv. 48. gr., sbr. 1. mgr., heldur ber án tillits til þess að upplýsa um alla ofangreinda aðila, þar sem A á undir 1. mgr.

Í 5. mgr. eru tilgreindar þær tegundir upplýsinga sem veita skal Fiskistofu samkvæmt framansögðu. Í 6. mgr. hnykkt á því að aðilum sem veita skal upplýsingar um, sbr. 3. og 4. mgr., sé jafnframt sjálfum skylt að ljá upplýsingaskyldum aðila nauðsynlegan atbeina sinn til að hann geti fullnægt upplýsingaskyldunni fyrir sitt leyti, sbr. til hliðsjónar 4. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019.

Ákvæðið er sniðið að þeim tilgangi sínum að Fiskistofa hafi á hverjum tíma glögga mynd af og yfirsýn yfir eignarhald útgerða sem falla undir ákvæðið svo og eignatengsl þeirra við aðrar útgerðir á grundvelli rauntímaupplýsinga. Í 7. mgr. er áréttað að ákvæðið takmarki ekki heimild Fiskistofu til að afla upplýsinga sjálfstætt á grundvelli almennrar reglu 47. gr. Að auki getur Fiskistofa með stoð í ákvæðinu og eftir þörfum aflað upplýsinga beint frá þeim aðilum sem áður greinir, þ.m.t. eigendum upplýsingaskylds aðila, að því leyti sem þörf krefur. Ber Fiskistofu þó sem endranær að gæta hófs í þeim efnum.

Um 48. gr.

Í ákvæðinu eru fyrirmæli um formlega úrlausn Fiskistofu um hvort aflahlutdeild útgerðaraðila sé í andstöðu við 43. eða 44. gr. og/eða hvort aðilar skuli taldir tengdir aðilar, sbr. 45. gr. Á grundvelli ákvæðisins getur Fiskistofa m.a. leyst sjálfstætt úr því hvort aðilar séu tengdir aðilar skv. 2. eða 3. mgr. 45. gr. án tillits til þess hvort sú úrlausn geti leitt til niðurstöðu um brot gegn 43. eða 44. gr. Aðilar hafa einnig hagsmuni af því að vita á hverjum tíma hvort þeir séu tengdir að lögum og má þannig m.a. fyrirbyggja brot gegn 43. og 44. gr. Ekki þarf að orðlengja að reglur stjórnsýsluréttar eiga við um ákvörðun Fiskistofu á grundvelli ákvæðisins.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um tímafrest til að bæta úr broti gegn hámarksaflahlutdeild, afleiðingar brots svo og viðbrögð aðila og Fiskistofu í því sambandi. Ákvæðin eru efnislega óbreytt frá 2. mgr. 14. gr. gildandi laga, fyrir utan að Fiskistofu er veitt heimild til að stytta sex mánaða úrbótafrest um allt að þrjá mánuði ef um skýlaust brot er að ræða. Þykir eðlilegt að greina hér milli brota þar sem aðili fer bersýnilega yfir hámarksaflahlutdeild án þess að neinar afsökunarástæður eigi við, svo og brota sem koma til í markatilvikum þar sem reynir e.t.v. á matskennd atriði varðandi skilgreiningu tengdra aðila.

Um 49. gr.

Hér eru lögð til ýmis ákvæði sem koma til fyllingar 46.-48. gr.

Í 1. mgr. er ráðgert að Fiskistofa birti upplýsingar um aflahlutdeildir, tengda aðila og áhrif slíkra tengsla á talningu aflahlutdeildar viðkomandi vegna hámarksaflahlutdeildar. Hér er um ítarlegri upplýsingar að ræða en stofnunin birtir nú þegar á vefsíðu sinni og horfir birtingin því til aukins gagnsæis og aðhalds í þessu sambandi. Þá stuðlar hún frekar að því Fiskistofa vinni úr og haldi utan um upplýsingar með skilvirkum hætti. Meðal annars skal Fiskistofa birta upplýsingar um eigendur o.fl. í tilviki útgerðaraðila sem falla undir reglubundna upplýsingaskyldu skv. 47. gr. Þó takmarkast sú birting aðeins við nöfn eigenda o.fl. í ljósi sjónarmiða um persónuvernd. Að auki skal birta upplýsingar um umfang eignarhlutar o.s.frv.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir upplýsingagjöf Fiskistofu til ráðherra um framkvæmd ákvæða frumvarpsins um hámarksaflahlutdeild, sbr. 43.-49. gr. Að sama skapi er gert ráð fyrir árlegri skýrslugjöf ráðherra til Alþingis um framkvæmd ákvæðanna. Þar sem ákvæðin lúta að dreifingu opinberra gæða er eðlilegt í þágu gagnsæis að löggjafinn sé upplýst um stöðu mála. Þá hefur ítrekað verið spurst fyrir um atriði þessu tengd á vettvangi Alþingis og þykir því horfa til hagræðis að koma á árlegri skýrslugjöf um þetta.

Í 3. mgr. er hefébundið ákvæði um að Fiskistofa geti áskilið að upplýsingar sem veittar eru stofnuninni skv. 46. og 47. gr. skuli afhentar á því formi sem stofnunin ákveður. Þar getur m.a. verið um að rafræna afhendingu eða skráningu. Í þágu skilvirkni mætti t.d. hugsa sér rafrænt sjálfsafgreiðslufyrirkomulag hjá Fiskistofu við móttöku og skráningu á upplýsingum, t.d. á grundvelli 47. gr. um reglubundna upplýsingagjöf. Slík sjálfvirkni myndi þó vitanlega ekki leysa Fiskistofu undan því að leggja sjálfstætt mat á framkomnar upplýsingar og vinna markvisst úr þeim hverju sinni.

Í 4. mgr. er ráðgert að Fiskistofu verði unnt að óska eftir umsögnum annarra stjórnvalda um atriði sem snerta úrlausn þess hvort aflahlutdeild útgerðaraðila rúmist innan 43. og 44. gr., sbr. 45. gr. Beiting heimildarinnar kæmi helst til greina í eiginlegum stjórnsýslumálum skv. 48. gr. frekar en við almennt eftirlit Fiskistofu skv. 47. gr., og þá í tilvikum þar sem sérþekking annars stjórnvalds nýtist með beinum hætti. Fiskistofa væri þó ekki lagalega bundin af ályktunum eða niðurstöðu umsagnar annars stjórnvalds enda ráðgefandi í eðli sínu og liður í rannsóknarskyldu Fiskistofu. Stjórnvöld sem ákvæðið getur helst átt við um eru fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, t.d. vegna greiningar á eignarhaldi útgerða, svo og Samkeppniseftirlitið vegna mats á því hvort yfirráð hafi skapast í skilningi 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Fiskistofa mun þurfa að beita þessari heimild sparlega enda kallar slík álitsumleitan á vinnuframlag annarra stjórnvalda. Því er eðlilegt að leitast yrði við að koma á föstu skipulagi um slíka álitsumleitan í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti. Þá yrði Fiskistofa að gæta þess að afmarka umsagnarbeiðni ekki of rúmt þannig að raunhæft sé fyrir stjórnvaldið að verða við henni innan hæfilegs tíma og án þess að valdi töfum á málsmeðferð Fiskistofu.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild Fiskistofu til að miðla til annarra stjórnvalda gögnum og upplýsingum sem aflað hefur verið í tengslum við framkvæmd ákvæða 43.-49. gr. um hámarksaflahlutdeild. Það kann t.d. að vera nauðsynlegt fyrir Fiskistofu að miðla gögnum til annars stjórnvalds til að álitsumleitan skv. 4. mgr. beri árangur. Þá gæti þurft að afhenda öðru stjórnvaldi gögn eða upplýsingar um tiltekin atriði í tengslum við upplýsingaöflun Fiskistofu frá stjórnvaldinu skv. 2. mgr. 46. gr. Ávallt er áskilið að upplýsingamiðlunin sé nauðsynleg vegna framkvæmdar ákvæða um hámarksaflahlutdeild. Því verður upplýsingum ekki miðlað til annars stjórnvalds á grundvelli þessa ákvæðis gagngert í þágu lögbundinna verkefna þess. Til þess þyrfti heimild í viðkomandi sérlögum. Á sama hátt myndi stjórnvaldið ekki geta stuðst beint við upplýsingar frá Fiskistofu sem miðlað er á grundvelli ákvæðisins nema með heimild í sérlögum. Mikilvægt er að lagaheimildir Fiskistofu séu skýrar í þessum efnum vegna reglna um persónuvernd og þagnarskyldu. Vart þarf að taka fram að önnur stjórnvöld eru bundin þagnarskyldu um upplýsingar sem þau fá frá Fiskistofu á grundvelli ákvæðisins líkt og Fiskistofa sjálf.

Í 6. mgr. er ráðgert að Fiskistofu verði heimilt að skrá upplýsingar sem aflað er við framkvæmd ákvæða 43.-49. gr. um hámarksaflahlutdeild í miðlægan gagnagrunn, sem geti þá eftir atvikum verið sameiginlegur með öðrum stjórnvöldum eftir því sem mælt er fyrir um í viðkomandi sérlögum. Með ákvæðinu er lagður grunnur að breiðara samstarfi Fiskistofu við önnur stjórnvöld á sviðum þar sem ákveðin skörun kann að vera milli verkefna þeirra, m.a. hvað viðkemur yfirsýn yfir eignatengsl fyrirtækja. Miðlægur gagnagrunnur sem vísað er til í ákvæðinu gæti eftir atvikum verið hluti af víðtækara gagnasafni um önnur atriði en eignatengsl í sjávarútvegi o.þ.h. sem falla undir lögbundin verkefni Fiskistofu og annarra stjórnvalda sem kunna að eiga hlut að máli. Til aðildar einstakra stjórnvalda að slíkum miðlægum gagnagrunni þyrfti þó sérstaka lagaheimild eins og fyrr greinir enda er eðlilegt að tekin sé afstaða til slíks í viðkomandi sérlögum. Heimild 6. mgr. er þó í sjálfu sér næg lagastoð fyrir því að Fiskistofa starfræki gagnagrunn fyrir sitt leyti m.a. vegna hámarksaflahlutdeildar án tillits til sérlaga.

Í 7. mgr. er hefðbundið ákvæði um að ákvæði annarra laga um þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum frumvarpsins um miðlun og birtingu upplýsinga vegna framkvæmdar ákvæða um hámarksaflahlutdeild, svo langt sem þau ná.

Í 8. mgr. er áréttað með hefðbundnum hætti að vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Fiskistofu, sem á sér stað vegna framkvæmdar ákvæða um hámarksaflahlutdeild, skuli vera í samræmi við löggjöf á sviði persónuverndar. Meðal annars skal vinnslan takmarkast við

framkvæmd ákvæða 43.-49. gr. en af því leiðir að önnur vinnsla persónuupplýsinga er óheimil á grundvelli þeirra ákvæða. Um kröfur í þessu samhengi má nánar vísa til viðkomandi laga.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aflamark, en það er heimild skips til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kg. innan fiskveiðiárs eða annars tímabils samkvæmt frumvarpi þessu. Aflamagnið ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og aflahlutdeild skipsins í þeim heildarafla, að frádregnu hlutfalli af magni í hverri tegund skv. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins, en lagt er til að það verði 5,3% eins og verið hefur í núgildandi ákvæðum laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Sama gildir um aflamark vegna fiskveiða utan fiskveiðilögsögu Íslands skv. XIV. kafla frumvarpsins sem fjallar um nýtingu nytjastofna utan fiskveiðilögsögu. Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða en þó er lagt til að kveðið verði á um það magn sem dregið er frá heildarafla, þ.e. 5,3% verði tilgreind í 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sem áður var að finna í 10. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Í 2. mgr. er kveðið á um veiðar umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum og skerðingar. Heimildin takmarkast þó við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 1,5% af heildarverðmælti botnfisksaflans. Þá er einnig kveðið á um tilfærslu milli tegunda en ákvæði 3. málsliðar 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, nr. 70/2011 en í athugasemdum með greininni kom fram að tegundatilfærsla væri nauðsynleg vegna meðafla og til að koma í veg fyrir brottkast en lagt til að hámark tilfærslna úr tegundum væri lögfest, þar sem þekkt væri að vissar tegundir væru mikið nýttar til tilfærslna umfram aðrar. En dæmi hefði verið um að allt að 80% af heildaflamarki slíkrar tegundar sé ekki veitt en þess í stað breytt í aðrar tegundir. Með 1. gr. laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, nr. 40/2023, var ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða breytt þannig að heimild til tegundatilfærslu deilistofna botnfisks gildi ekki um íslenska deilistofna botnsfisks, þ.e. gullkarfa og grálúðu. Einnig er í ákvæðinu ráðherra veitt heimild til að ákveða takmörkun á heimild í 2. málslið 1. mgr. í ákveðnum fisktegundum geti miðast við hærri viðmiðun en 1,5% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarksins. Ef veiðar fara verulega umfram aflaheimildir er Fiskistofu heimilt að svipta viðkomandi skip veiðileyfi skv. 95. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að flytja allt að 15% af aflamarki deilistofna uppsjávartegunda, þ.e. kolmuna, makríls og norsk-íslenskrar síldar frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en núgildandi ákvæði var lögfest með lögum nr. 40/2023 til að styrkja lagagrundvöll slíkrar ráðstöfunar og einnig mæla fyrir um hámark flutnings aflamarks.

Í ákvæði 5. mgr. er heimilað að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, úthafsrækju, humars, íslenskrar sumargotssíldar, kolmuna, makríls og norsk-íslenskrar síldar og 3% umfram aflamark hörpudisks, rækju á grunnslóð og hryggleysingja, enda dregst sá umframafli frá vegna úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiár á eftir, en heimild þessari skal ekki beitt fyrr en skerðingum skv. 2. mgr. hafi verið beitt. Þá er einnig tilgreint að ákvæði 5. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga á milli fisktegunda sem fjallað er um í 1. mgr.

Í 7. mgr. álag á óunnin afla og ráðherra heimilt að kveða nánar á um það með reglugerð.

Í 8. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla fyrir með reglugerð að einstakar tegundir uppsjávarfisks séu unnar til manneldis en hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafa skal til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera hærra en 70%. Það er efnislega samhljóða 11. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða og var lögfest með 2. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, nr. 22/2010. Í athugasemdum frumvarpsins sem varð að lögum nr. 22/2010 kom fram að með ákvæðinu gæti ráðherra á ákveðnu tímabili kveðið á um vinnsluskyldu tiltekinnar tegundar og bæri honum að taka mið af ástandi fisksins á hverjum tíma með það að markmiði að hámarka verðmæti aflans og aflanum skyldi landað til vinnslu eða hann unnin um borð í vinnsluskipi (þingskjal 193 – 174. mál, 138. löggjafarþing 2009-2010).

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um að ef skip farist þá skuli útgerð halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt á annað fiskiskip. Er 11. mgr. samhljóða 1. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 en það ákvæði byggði á 1. mgr. 11. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 og var það lögfest með 7. gr. laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lög nr. 28/2005. Nánar er fjallað um flutning aflamarks í 52. gr. frumvarpsins.

Um 51. gr.

Til að koma í veg fyrir brottkast er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks. Ákvæðið er að hluta samhljóða 9. – 10. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Ákvæðinu var breytt með 4. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, nr. 70/2011. Þá var lögfestur 2. málsliður 9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, var ráðherra þá heimilað að skipta VS-afla niður á tímabil og ráðherra gæti litið til árstíðabundinna veiða. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á ákvæðinu m.a. til að skerpa á þeim skilyrðum sem uppfyllt þurfa að vera svo heimilt sé að ákveða að hluti af afla skips reiknist ekki til aflamarks þess. Í 3. tölulið 1. mgr. er áfram lagt til að aflinn sem færður hefur verið í VS-afla skuli seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði en nýmæli er að útgerð þess skips sem landaði viðkomandi afla er óheimilt að bjóða í hann. Er það lagt til svo koma megi í veg fyrir að heimild þessi sé misnotuð í þeim tilgangi að lækka það verð sem fæst fyrir aflann, sérstaklega ef ekki hefur verið gætt þess að um verðlítinn afla sé að ræða eða að ekki sé nægt aflamark í viðkomandi tegund við löndun.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef framangreind heimild er nýtt þá skuli forráðamenn uppboðsmarkaðar þar sem aflinn er seldur standa skil á andviði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Áfram er lagt til að útgerð skips fái 20% af andvirði selds afla sem skiptist á milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Nánar er fjallað um uppboðsmarkaði í lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79/2005.

Um 52. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að flytja aflamark á milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að aflaheimildir skips verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem byggði á 1. mgr. 12. gr. eldri laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Ákvæðið var lögfest skv. 9. gr. laga breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lög nr. 85/2002. Þá var lögfest skylda þess að tilkynna Fiskistofu um eigendaskipti að fiskiskipi eða aðrar breytingar á útgerðaraðild fiskiskips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni. Í athugasemdum frumvarpsins kom fram að bæði seljandi og kaupandi eða leigusali og leigutaki, þegar um

leigu er að ræða, sameiginlega undirriti tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til. Einnig skuli slíkri tilkynningu fylgja afrit af kaupsamningi eða leigusamningi. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess (þingskjal 882 – 562. mál, 127. löggjafarþing 2001-2002). Þá er lagt til að tilkynning skuli berast Fiskistofu með stafrænum hætti.

Í ákvæði 2. mgr. er fjallað um gildistöku flutnings aflamarks, en flutningurinn öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutning aflamarksins. Þá kemur fram hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningunni, svo sem magn aflamarks og upplýsingar um verð. Undantekning er þó veitt ef um er að ræða flutning á aflamarki milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Í 3. mgr. er fjallað um form tilkynningar, skráningu upplýsinga um flutning aflamarks og greiðslu til Fiskistofu. Þá er kveðið á um að Fiskistofa skuli ekki staðfesta flutning aflamarks til fiskiskips nema Verðlagsstofa skiptaverðs hafi staðfest að fyrir liggi samningur milli útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Nánar er fjallað um Verðlagsstofu skiptaverðs í lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en ákvæðið var lögfest með 5. gr. laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lög nr. 63/2007. Er tilgangur ákvæðisins að tryggja að sjómenn taki ekki þátt í kostnaði af kaupum á veiðiheimildum (þingskjal 962 – 644. mál, 133. löggjafarþing 2006-2007). Þá er kveðið á um að Fiskistofu sé heimilt að gera þjónustusamninga um stafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa, framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslugjalds vegna flutningsins. Er það að mestu samhljóða 5. málslið 3. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Ákvæðið var lögfest með 5. gr. laga um breytingu á lögum um Fiskistofu og ýmsum öðrum lögum, nr. 67/2015.

Í 4. mgr. er fjallað um takmarkanir á flutningi aflamarks skipa í makríl og er ákvæðið samhljóða 4. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Ákvæðið var lögfest með 5. gr. laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 49/2019 samkvæmt tillögu meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis (þingskjal 1653 – 776. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019). Málsgreinin felur í sér að ef skip í A-flokki er með óveitt aflamark í makríl í september, þá er ekki ástæða til að veita viðbótarheimild, aðeins skal veita slíka heimild ef skip í A-flokki er að sækja um heimildir til þess að veiða.

Ákvæði 5. mgr. tekur til birtingar Fiskistofu á upplýsingum um flutning aflamarks og skal þar birta upplýsingar um magn eftir tegundum auk upplýsinga um verð þar sem það á við. Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Í 6. mgr. er fjallað um takmarkanir á flutningi aflamarks á milli fiskiskipa og er ákvæðið efnislega samhljóða 8. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í ákvæðinu felst að heimild til flutnings aflamarks er takmörkuð við 50% þess aflamarks í þeim tegundum sem skipi var úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar í þorskígildum talið. Nánar er fjallað um þorskígildi í 39. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um krókaaflamark, en það er heimild skips, sem hefur leyfi til veiða sem krókaaflamarksbátur, til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kg. en krókaaflamarksbátar eru minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar og hafa veiðileyfi til að stunda veiðar með

línu og handfærum (krókaveiðarfærum). Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 7. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Vegna mikillar framþróunar og hagkvæmni þá er lagt til að felld verði brott það skilyrði að krókaaflamarkið sé bundið við línu- og handfæraveiðar, enda er krókaaflamarkið bundið við ákveðna stærð báta. Sé unnt að nýta umhverfisvænni veiðarfæri en línu- og handfæri þá komi ákvæðið ekki í veg fyrir slíkt. Þá er í greininni lagt til að ráðherra kveði á um leyfðan meðafla í reglugerð og þau veiðarfæri sem heimilt er að nota við veiðar á botndýrum. Lagt er til að tekin verði út upptalning veiðarfæra, enda er gert ráð fyrir að ráðherra mæli fyrir um tegundir veiðarfæra í reglugerð. Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum á tegundum og gerð veiðarfæra og því lagt til að fellt verði út upptalning á tilteknum veiðarfærum eins og plógur, gildrur og net og þau nánar skilgreind í reglugerð.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að ákvæði frumvarpsins sem varða úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeilda og aflamarks skuli einnig gilda fyrir krókafaaflahlutdeild og krókaaflamark, nema kveðið sé á um annað í lögunum. Þannig er tekin af allur vafi að þau ákvæði frumvarpsins taki til krókaaflamarks.

Um 54. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 9. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, þar er kveðið á um að krókaaflamark verði aðeins flutt til báts sem er undir þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, þar sem segir að veiðileyfi með krókaaflamarki verði aðeins gefið út á skip sem er styttra en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Í 2. málslið er kveðið á um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að heimila flutning á aflamarki tiltekinna tegunda frá krókaaflamarksbátum til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamark, enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið. Ákvæði þetta var lögfest í núgildandi 9. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, samkvæmt breytingatillögu atvinnuveganefndar Alþingis, skv. 6. gr. laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum, lög nr. 48/2014. Samkvæmt nefndaráliti atvinnuvegnefndar kom fram að aflaheimildir í tilteknum tegundum sem settar höfðu verið í aflahlutdeild krókaaflamarksbáta hefðu fallið ónýttar niður á hverju fiskveiðiári. Mögulegt væri fyrir skip í aflamarkskerfinu að veiða tilteknar tegundir en hefði skort heimild til að flytja krókaaflamarkið í aflamarkskerfið og þar með hefðu vannýttar heimildir því ekki aflað þjóðarbúinu tekna. Var markmið ákvæðisins að tryggja að veiðiheimildir í krókaaflamarkskerfinu yrðu allar nýttar til veiða (þingskjal 1163 – 153. mál, 143. löggjafarþing, 2013-2014).

Um 55. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um veiðiskyldu og niðurfellingu aflahlutdeildar. Ákvæðið er efnislega samhljóða 6. og 7. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í 1. mgr. er kveðið á um niðurfellingu aflahlutdeildar ef fiskiskip veiðir minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári. Ákvæðið var lögfest í 6. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 með 3. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, nr. 22/2010. Í 2. mgr. er kveðið á um að ef skip tefjist frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiriháttar bilana eða endurbóta þá muni afli þess ekki hafa áhrif á niðurfellingu aflahlutdeildar. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 7. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en núgildandi ákvæði var lögfest með 5. gr. laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 46/2019.

Um 56. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Í athugasemdum við lögfestingu ákvæðisins kom m.a. fram að um er að ræða þá meginreglu að upplýsingar um úthlutun aflahlutdeild, úthlutun aflamarks, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda skuli vera opinberar upplýsingar, sem öllum skuli heimill aðgangur að. Byggir ákvæðið á því sjónarmiði að almenningur skuli eiga aðgang að upplýsingum í stjórnsýslunni og sem flestir ættu þess kost að fylgjast með framkvæmd laga á þessu sviði (þingskjal 371 – 249. mál, 120. löggjafarþing 1995).

Um 57. gr.

Ákvæðið er nýmæli og byggir á tillögu Auðlindarinnar okkar en byggir að hluta til á 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í 1. mgr. eru tilgreind markmið strandveiða, en bent hefur verið á að markmið strandveiða hafa ekki verið skýr og því lagt til að lögfesta markmiðin með skýrari hætti. Lagt er til að meginmarkmið strandveiða verði að efla atvinnulíf um land allt, auka aðgengi að sjávarauðlindinni, styðja við nýliðun og viðhalda verkkunnáttu og þeim menningararfi sem felst í handfæraveiðum. Þá er lagt til að á fimm ára festi verði lagt mat á stöðu sjávarbyggða þar sem strandveiðar eru stundaðar og hver er fjöldi nýliða, fjöldi báta og hvort strandveiðar hafi haft teljandi áhrif á fiskvinnslu og útgerð á viðkomandi svæði. Lagt er til að þetta mat verði framkvæmt samhliða vinnu við skýrslu til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að því hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski sem ráðstafað er til strandveiða skv. 1. tölul. 1. mgr. 38. gr. skuli veitt með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst, og sá afli reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 8. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006, þar sem mælt er fyrir um að hverju skipi er heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar, mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.

Í 4. mgr. er kveðið á um að þeim heimilum sem ráðstafað er til strandveiða skv. 38. gr. frumvarpsins skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skiptingu landsvæðanna með reglugerð. Einnig er lagt til að ráðherra kveði nánar á um skipulag strandveiða í reglugerð sem og þeirra skilyrða sem gilda um eignarhald skipa með strandveiðileyfi. Þannig sé unnt í reglugerð að kveða nánar á um þá skráningu sem þarf að vera til staðar áður en leyfi til strandveiða er veitt. Hafa í því sambandi verið nefndar skráningar er varða raunverulega eigendur sem nema 25% eða meira, þingslýstur eigandi skips, prófkúruhafa félaga sem skráð eru eigendur skips og svo framvegis. Í frumvarpinu er Fiskistofu veittar auknar heimildir til upplýsingaöflunar og því geti stofnunin kallað eftir auknum upplýsingum um útgerð, eiganda, einstakling eða lögaðila sem óskar eftir leyfi til strandveiða skv. 58. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er Fiskistofu veitt heimild til að stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla verði náð samkvæmt reglugerð um strandveiðar og tryggt sé að veiði fari ekki umfram þann leyfilega heildarafla sem ákveðinn hefur verið til strandveiða á tímabilinu.

Um 58. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða þeim málsgreinum 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem fjalla um strandveiðileyfi. Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu Fiskistofu að auglýsa eftir umsóknum um leyfi til strandveiða árlega. Fiskiskip getur aðeins fengið strandveiðileyfi sé ákvæði 17. gr. frumvarpsins fullnægt. Ekki eru lagðar til efnisbreytingar á þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að frá strandveiðileyfi en þó er lagt til að Fiskistofa afli nánari upplýsinga

um útgerð, eiganda, einstakling eða lögaðila sem veitt er leyfi til strandveiða í samræmi við athugasemdir við 57. gr. frumvarpsins.

Í síðasta málslið 2. mgr. er tilgreint að enginn eigenda lögaðila sem á fiskiskip með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi. Sé brotið gegn ákvæði þessu er Fiskistofu heimilt að svipta viðkomandi aðila strandveiðileyfi skv. 94. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um niðurfellingu strandveiðileyfis og að nánar verði mælt fyrir um niðurfellinguna, tímamörk og fleira í reglugerð.

Um 59. gr.

Í greininni er kveðið á um framkvæmd strandveiða og þau skilyrði sem gilda um strandveiðar. Ákvæðið er að mestu samhljóða 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, en lagt er til að fjallað sé sérstaklega um leyfi til strandveiða í 58. gr. frumvarpsins og um framkvæmdina í 59. gr. frumvarpsins. Lagt er til að fella brott það skilyrði að tilkynna beri Fiskistofu um sjósókn fiskiskips í samræmi við reglur sem ráðherra setur, almennar reglur um tilkynningaskyldu teljast fullnægjandi og þá hefur ákvæði þessu ekki verið beitt. Þá er lagt til að í stað þess að mæla fyrir um að aðeins sé heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi, sé um að ræða sólarhring og það talið skýrari afmörkun en dagur. Lagt er til að felld verði brott heimild strandveiðiskipa til að landa ufsa í því magni sem ráðherra ákveður ár hvert án þess að sá afli teljist til hámarksafla. Í frumvarpinu er lagt til að allur afli sem veiddur er teljist til hámarksafla og tryggt sé að ekki sé veitt umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Þá er lagt til að almenn ákvæði frumvarpsins um löndun, vigtun, meðafla og fleira gildi um strandveiðar. Samhliða þessu er felld brott heimild til að setja afla í VS-afla, sem er hluti af aflamarkskerfinu en ekki byggðakerfinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að taka skuli sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, ef afli fiskiskips fer umfram það hámark sem ákveðið er í lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þannig sé spornað við því að ítrekað sé veitt umfram það hámark sem ákveðið hefur verið. Ef ítrekað er veitt verulega umfram þær aflaheimildir sem heimilt er að veiða á strandveiðum, er Fiskistofu heimilt að svipta strandveiðileyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 60. gr.

Ákvæðið er nýmæli en byggt á grunni 10. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem og með tilliti til reglugerðar um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. 10. gr. a. laga nr. 116/2006, en núgildandi reglugerð er nr. 643/2019. Í 1. mgr. er kveðið á um aflamark Byggðastofnunar, sem stundum hefur verið nefndur sértækur byggðakvóti. Aflamarki Byggðastofnunar er ætlað að styðja við sjávarbyggðir sem eru í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Markmið stuðningsins er að styðja við atvinnu og byggð í viðkomandi sjávarbyggðum. Þá er lagt til að á fimm ára fresti verði lagt mat á stöðu þeirra sjávarbyggða sem hafa fengið úthlutað aflamarki Byggðastofnunar og hvort breytingar hafi orðið á fjölda starfa, íbúaþróun og stöðu fiskvinnsla og útgerða til framtíðar. Lagt er til að þetta mat verði framkvæmt samhliða undirbúningi skýrslu til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt á hverju fiskveiðiári að úthluta hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til aflamarks Byggðastofnunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um úthlutun aflamarksins en Byggðastofnun skal auglýsa eftir umsóknum og leggja mat á stöðu þeirra sjávarbyggða sem óskað er stuðningi við. Í 2. mgr. er nánar fjallað um hlutverk Byggðastofnunar en stofnunin m.a. annast úthlutunina og gerð samninga við fiskvinnslu og útgerðaraðila í viðkomandi sjávarbyggð til allt að sex ára í senn. Þá er kveðið á um að Byggðastofnun skuli leita álits sveitarstjórnar í viðkomandi sjávarbyggð áður en tillögur um samningsaðila eru lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar til afgreiðslu. Á grundvelli samnings skal Fiskistofa svo skrá aflamark á viðkomandi fiskiskip. Aflamark skal vera í þorski, ýsu og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla í hverri tegund. Í 3. mgr. er kveðið á um að ef ekki takist að úthluta öllu því aflamarki á viðkomandi fiskiskip fyrir lok fiskveiðiársins er heimilt að ráðstafa áunni aflamarki yfirstandandi árs til næsta fiskveiðiárs, enda hafi ekki verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess. Í 4. mgr. kemur fram að framsal aflamarks Byggðastofnunar er óheimil, en þó getur Byggðastofnun í undantekningartilvikum heimilað jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Í lokamálsgrein ákvæðisins er svo að finna heimild ráðherra til að kveða nánar fyrir um ráðstöfun aflamarks Byggðastofnunar og hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar, hver eru skilyrði til úthlutunar og hvaða þættir komi til skoðunar við afmörkun þeirra sjávarbyggða sem geta óskað eftir aflamarki Byggðastofnunar.

Um 62. gr.

Ákvæðið er nýmæli og byggir á tillögum starfshópa Auðlindarinnar okkar sem snúa að breytingu á svonefndum almennum byggðakvóta sem fjallað er um í 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Í stað almenns byggðakvóta lagði Auðlindin til tvær leiðir annars vegnar innviðaleið og byggðafestuleið. Lagt er til í ákvæðinu að farin verði innviðaleið og lagt til að heiti þeirrar leiðar verði innviðastuðningur. Markmið innviðastuðnings er að styðja tímabundið við sjávarbyggðir þar sem dregið hefur úr sjávarútvegi. Stuðningnum er ætlað að treysta atvinnu og byggð í landinu með stuðningi við uppbyggingu á sjálfbærum atvinnurekstri og samfélagslegum innviðum í sjávarbyggðum til framtíðar. Þar með er lagt til að stuðningurinn nýtist til uppbyggingar annars konar starfsemi en sjávarútvegs í þeim sjávarbyggðum þar sem dregið hefur verulega úr sjávarútvegi. Lagt er til að stuðningurinn verði tímabundinn, þ.e. að stuðningi verði hætt til sjávarbyggða þar sem náðst hefur mælanlegur árangur sem nánar er tilgreindur í 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins, þ.e. fjölgun starfa, íbúaþróun og fjölgað hafi atvinnutækifærum í viðkomandi sjávarbyggð.

Í 2. mgr. er lagt til að á fimm ára festi verði lagt mat á stöðu þeirra sjávarbyggða sem fá innviðastuðning. Þá verði lagt mat á það hvort mælanleg breyting hafi orðið á fjölda starfa, hvernig íbúaþróun hafi verið og uppbygging atvinnustarfsemi í viðkomandi sjávarbyggð. Lagt er til að þetta mat verði framkvæmt samhliða undirbúningi skýrslu til Alþingis skv. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til innviðastuðnings sbr. 3. tölul. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Lagt er til að það hlutfall verði boðið upp til eins árs í senn og Fiskistofu falið að sjá um markað fyrir það aflamark og ber að auglýsa eftir tilboðum í aflamarkið. Þá er lagt til að þegar Fiskistofa tekur afstöðu til framkominna tilboða skuli gætt að hámarksaflahlutdeild tilboðsgjafa sbr. 43. gr. frumvarpsins. Einnig er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um með reglugerð fyrirkomulag leigumarkaðarins, tilboðsfresti, skilmála og framkvæmd.

Í 4. mgr. er lagt til að tekjur af uppboði aflamarks innviðaleiðar skuli renna í ríkissjóð til að mæta stuðningi við sjávarbyggðir. Lagt er til að ráðherra skuli á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til innviðastuðnings sjávarbyggða.

Um 63. gr.

Ákvæðið er nýmæli og fjallar um innviðastuðning sjávarbyggða sem lagt er til að tekinn verði upp í stað úthlutunar almenns byggðakvóta. Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að ráðherra veiti tímabundin framlög til innviðastuðnings sjávarbyggða, þ.e. sjávarbyggða sem verulega hefur dregið úr sjávarútvegi og þörf er fyrir aðra atvinnusköpun. Lagt er til að Byggðastofnun geri árlega tillögu til ráðherra um þær sjávarbyggðir sem þurfi á stuðningi að halda og skal þar m.a. horft til stöðu og staðsetningar viðkomandi byggðar og hversu háð viðkomandi byggð er sjávarútvegi, hvernig íbúaþróun hefur verið og tækifæra til uppbyggingu sjálfbærs atvinnureksturs á öðrum sviðum en sjávarútvegi.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um þau skilyrði sem sjávarbyggðir þurfa að uppfylla til að geta fengið úthlutað innviðastuðning, m.a. hvernig mat og val á sjávarbyggðum fer fram, hvernig úthlutun innviðastuðningsins sé háttað og hvernig innviðastuðningurinn skiptist á milli þeirra sjávarbyggða sem lagt er til að fái úthlutað innviðastuðningi. Einnig verði þar kveðið á um með hvaða hætti stuðningnum er úthlutað en það getur t.d. verið gert á grundvelli samnings við viðkomandi sveitarfélag þar sem sjávarbyggð er staðsett. Einnig verði í reglugerðinni kveðið á um eftirlit Byggðastofnunar með úthlutuninni og einnig eftirfylgni hvernig stuðningurinn hefur nýst viðkomandi sjávarbyggð.

Um 64. gr.

Í greininni er fjallað um frístundaveiði í atvinnuskyni. Ákvæðið byggist á 2. – 10. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, en lagt er til að fjallað verði um frístundaveiðar í atvinnuskyni í sérákvæði og sjóstangaveiðimót í sérákvæði. Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til frístundaveiða í atvinnuskyni sbr. 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að verð fyrir aflaheimildir skuli vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark sem birt er með opinberum hætti á vefsíðu Fiskistofu og tekjur af því renni í ríkissjóð. Er það sambærileg framkvæmd og mælt er fyrir um í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Í 2. mgr. er lagt til að aðili sem rekur ferðaþjónustu og hyggst nýta við þann rekstur skip til frístundaveiða í atvinnuskyni skuli sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu, fyrir hvert það skip sem nota á í því skyni. Þá eru tilgreind þau skilyrði sem umsækjanda ber að uppfylla. Í 3. mgr. er tilgreind tvær tegundir leyfa til frístundaveiða í atvinnuskyni en það er í samræmi við núgildandi leyfi. Í 4. mgr. er kveðið á um að leyfishafi skuli með stafrænum hætti tilkynna Fiskistofu um upphaf og lok tímabils veiða með vikufyrirvara. Þá er skýrt kveðið á um í 5. mgr. að leyfishafa beri skylda til að halda afladagbók um veiddan afla og skal skila þeim upplýsingum mánaðarlega til Fiskistofu. Einnig er í 6. mgr. lögð sú skylda á leyfishafa að kynna áhöfn skips fyrir þeim takmörkunum sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt er að skip stundi frístundaveiðar í atvinnuskyni, sem og lög og reglu sem gilda varðandi brottkast og meðferð afla.

Um 65. gr.

Í greininni er fjallað um opinber sjóstangaveiðimót. Ákvæðið byggist að hluta til á 2. – 10. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í ákvæðinu er kveðið skýrar á um fyrirkomulag opinberra sjóstangaveiðimóta. Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til frístundaveiða í atvinnuskyni sbr. 5. tölul. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er mælt fyrir um hlutverk Fiskistofu sem skal árlega auglýsa eftir umsóknum um vilyrði vegna aflaskráningar sjóstangaveiðimóta og þá sér Fiskistofa um framkvæmt úthlutunar til sjóstangaveiðimóta. Þeir einir geta sótt um vilyrði um

aflaskráningu sjóstangaveiðimóta, sem eru félög sem ekki eru rekin í ábótaskyni og í ákvæðinu eru lagðar ákveðnar skyldur á sjóstangaveiðifélög um skil á upplýsingum, svo sem aflaskráningu og upplýsingum og gögnum að baki kostnaði við rekstur sjóstangaveiðimóta. Verði misbrestur á því að gögnum og upplýsingum sé skilað er Fiskistofu skv. 2. mgr. veitt heimild til að hafna umsókn félags árið á eftir. Í 4. mgr. er lagt til að ráðherra geti ákveðið að tiltekinn fjöldi opinberra sjóstangaveiðimóta telji ekki til aflamarks eða krókaaflamarks, enda sé sá afli fénýttur til að standa straum af kostnaði á grundvelli gagna. Þá er kveðið á um að skila skuli gögnum um kostnaðinn með stafrænum hætti til Fiskistofu. Tekjur sem koma til umfram kostnað af sjóstangaveiðimótunum skulu svo renna í ríkissjóð. Í 5. mgr. er kveðið á um skyldu ráðherra til að kveða nánar á um umsóknir um vilyrði vegna aflaskráningar, auglýsingu Fiskistofu, veitingu vilyrða, hámark afla á hverju móti, skerðingu á magni afla fyrir hvert mót, ráðstöfun afla og aflaverðmætis, aflaskráningu og annað sem varðar framkvæmd sjóstangaveiðimóta.

Um 66. gr.

Í greininni er fjallað um leyfi til nýtingar sjávargróðurs. Ákvæðið er nýmæli en byggir að hluta til á núgildandi ákvæði 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í 1. mgr. er lagt til að öll nýting sjávargróðurs í atvinnuskyni, hvort sem er sláttur eða taka sjávargróðurs skuli háð leyfi Fiskistofu. Í ákvæðinu kemur fram að áður en sótt er um leyfi til nýtingar sjávargróðurs skuli umsækjandi afla staðfestingar frá Skipulagstofnun um það hvort vinna þurfi umhverfismat vegna nýtingar sjávargróðurs í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um að nýtingin sé ekki matsskyld liggur fyrir skal umsækjandi afhenda Fiskistofu umsókn um leyfi til nýtingar. Þar með verði gætt að vistkerfis- og varúðarnálgun sbr. 5. gr. frumvarpsins áður en leyfi til nýtingar sjávargróðurs er veitt. Þannig er ítrekað mikilvægi þess að ekki sé hafin nýting á tilteknum sjávargróðri nema ljóst sé hver áhrif þess kunni að vera á búsvæði og vistkerfi sjávar eins og t.d. aðra nytjastofna. Lagt er til að leyfi til nýtingar sjávargróðurs sé veitt til allt að 10 ára í senn og er það í samræmi við 3. málslið 4. mgr. 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í lokamálslið 1. mgr. er lagt til að leyfi Fiskistofu til töku sjávargróðurs sé gefið út á leyfishafa og eftir atvikum skráð á viðkomandi tæki og búnað. Sé töku sjávargróðurs háttað þannig að ekki sé skráningarskylt tæki eða búnaður nýttur skal leyfið skráð á viðkomandi leyfishafa, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili.

Í 2. mgr. er kveðið á um nýtingaráætlun sjávargróðurs sem leyfishafa er skylt að gera til fimm ára í senn. Í þeirri áætlun skal koma fram hvaða tæki og veiðarfæri eru nýtt við sláttur eða töku sjávargróðurs, hvaða magn er tekið á hvaða svæði. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 og var það lögfest með 4. gr. laga nr. 65/2022.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt ef þörf er á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni að ákveða að öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni sé háð sérstöku leyfi Fiskistofu sem kveðið er á um í 17. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er lagt til að ef upplýsingar liggja fyrir um að nýting sjávargróðurs er að hafa verulega neikvæð áhrif á umhverfið, þá sé Fiskistofu heimilt að fella leyfi til nýtingar úr gildi. Það skal þó aðeins gert að fullnægjandi gögn liggi fyrir og að leyfishafi hafi fengið frest til að koma á framfæri athugasemdum vegna fyrirhugaðrar niðurfellingu leyfisins. Um kann að vera ræða tímabundna niðurfellingu á meðan frekari rannsóknir eða annað slíkt fer fram. Ekki er því um að ræða niðurfellingu vegna brota á ákvæðum frumvarpsins.

Um 67. gr.

Í greininni er sérstaklega kveðið á um þangslátt en lagt er til að fjallað verði um hann í sérákvæði. Ákvæðið er annars efnislega samhljóða ákvæði 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Lagðar eru til breytingar á hugtökum en í stað slátturtækis eða slátturpramma er lagt til í 35. tölulið 3. gr. frumvarpsins að hugtakið þangskurðarprammi sé notað, sem er sambærilegt heiti og Samgöngustofa notar við skráningu, en þangskurðarprammi er skilgreint sem fljótandi far sem gengur fyrir eigin vélarafli og er nýtt til skurðar og töku sjávargróðurs. Ekki er hér um að ræða sérleyfi vegna þangsláttur, heldur er nóg að gefið sé út eitt leyfi til nýtingar sjávargróðurs. Í greininni er þó að finna sérákvæði þess efnis að leyfi til þangsláttar er óskiptanlegt og óframseljanlegt og þá er heimilt að leyfið sé bundið skilyrðum um löndun, vigtun, eftirlit og skráningu.

Um 68. gr.

Í XIII. kafla frumvarpsins er fjallað um nýtingu nytjastofna utan fiskveiðilögsögu og byggja ákvæði kaflans á ákvæðum laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Í 1. mgr. er kveðið á um að öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af frumvarpinu og reglum settum með stoð í þeim. Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Einnig er kveðið á um að ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins og er það efnislega samhljóða 3. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum í ákveðnum tilvikum, þ.e. ef það er nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru skv. 1. mgr. frumvarpsins eða ef það er nauðsynlegt til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskistofna sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Í almennum athugasemdum við lögfestingu 4. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands kom m.a. fram að nauðsynlegt kunni að vera fyrir íslensk stjórnvöld að sýna frumkvæði í verndaraðgerðum hvað varðar viðkomandi stofna, enda þótt ekki sé á þeirri stundu sýnt fram á að slíkra aðgerða sé þörf til að fullnægja skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlinda hafsins (þingskjal 57 – 57. mál, 121. löggjafarþing 1996).

Um 69. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um veiðar úr deilistofnum. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að orðið deilistofn sé skilgreint og því eru lagðar til orðalagsbreytingar í 1. mgr. greinarinnar. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar í 2. mgr. og 6. mgr. til samræmis við ákvæði 40. og 70. gr. frumvarpsins um veiðireynslu og aflahlutdeild.

Um 70. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heildarafla úr öðrum stofnum en deilistofnum. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 6. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Í 1 mgr. er þó kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um veiðir íslenskra skipa á deilistofnum í stað reglna skv. núgildandi ákvæði laga. Þá er í 2. og 7. mgr. lagðar til

orðalagsbreytingar til samræmis við ákvæði 40. og 69. gr. frumvarpsins um veiðireynslu og aflahlutdeild. Í 3. mgr. er mælt fyrir um frátafir, en slíkt getur átt við ef tímabundið skip getur ekki farið til veiða, svo sem vegna bilana.

Um 71. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hreinlæti, búnað og innra eftirlit vegna veiða íslenskra skipa innan sem og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Ákvæðið er efnislega samhljóða 9. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/2006. Lagt er þó til að í 1. málsl. verði bætt við orðinu gæði, þannig að ljóst sé að til staðar þarf að vera aðbúnaður til blóðgunar, skylda til að landa slægðum kældum afla og þess háttar sem tryggir gæði aflans. Ráðherra er veitt heimild til að veita undanþágu varðandi aflanýtingu við veiðar utan fiskveiðilögsögu ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

Um 72. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 11. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996 en þar er kveðið á um að íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja þeim samningum sem Ísland er aðili að. Með ákvæðinu geta íslensk stjórnvöld tekið t.d. þátt í samræmdum aðgerðum ríkja til að tryggja virkt eftirlit með úthafsveiðum eða beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum á grundvelli þjóðaréttar.

Um 73. gr.

Í XIV. kafla er lagt til að fjallað verði um veiðigjald og eru ákvæði kaflans byggð að mestu leyti á núgildandi ákvæðum laga um veiðigjald nr. 145/2018. Í ákvæðinu er fjallað um gjaldskyldu veiðigjalds og er 73. gr. efnislega samhljóða núgildandi 1. gr. laga um veiðigjald. Í 1. mgr. er kveðið á um að allir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt frumvarpinu eða landi afla þar sem stjórn veiða fari fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skuli greiða veiðigjald. Lagt er til að tilgangur með innheimtu veiðigjalda verði óbreyttur, þ.e. til að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í þeirri afkomu sem verður til við veiðar á nytjastofnum sjávar. Í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar – Sjálfbær sjávarútvegur er fjallað um áætlaðan kostnað ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum. Í greinargerð með frumvarpi til laga um veiðigjald, nr. 145/2018 kemur fram að kostnaðurinn var metinn sem 3% af aflaverðmætum þess tíma en annarsstaðar er hlutfallið hærra, 10% af aflaverðmæti í Ástralíu, á Nýfundnalandi 15–25%, í Bandaríkjunum um 15% og í Noregi um 8%. Mat matvælaráðuneytisins á kostnaði ríkisins á grunn- og þjónusturannsóknum á fiskstofnum eða lífríki hafsins, stjórnsýslu fiskveiða sem og eftirlit og löggæslueftirlit með fiskveiðum nemi um 8 milljörðum króna. Sú fjárhæð er nálægt 4,1% af aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa árið 2022. Við mat matvælaráðuneytisins var notast við nálgun um viðeigandi hlutfall af framlagi úr ríkissjóði til hvers málaflokks fyrir sig en í matinu eru talin hluti framlaga úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum 2023 til Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingadeild samgöngustofu, Framlög til alþjóðastofnanna, Verðlagsstofu skiptaverðs, skrifstofu sjávarútvegs í matvælaráðuneytinu, strandveiða og ýmissa framlaga í sjávarútvegi. Séu framlög úr ríkissjóði til Vaktstöðvar siglinga, Matís, menntunar í sjávarútvegi, framkvæmda við vita og hafnir og til hafnarbótarsjóðs talin með er kostnaður við þjónustu ríkisins við sjávarútveg 11 milljarðar króna árið 2023.

Um 74. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. gr. laga um veiðigjald, nr. 145/2018.

Um 75. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns fyrir komandi veiðigjaldsár. Ákvæðið byggir á 3. gr. laga um veiðigjald, nr. 145/2018. Í 2. mgr. eru lagðar til breytingar á reiknistofni, þar sem veiðigjald skuli annars vegar nema 33% af reiknistofni hvers nytjastofns og hins vegar 45% af reiknistofni hvers nytjastofns sbr. 76. gr. frumvarpsins. Lagt er því til óbreytt gjald á alla nytjastofna aðra en uppsjávarfisk, sem verður áfram 33% en lagt til að veiðigjald á uppsjávarfisk verði 45%. Samhliða því er lagt til að fella brott 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laga um veiðigjald, sem nánar er fjallað um í athugasemdum um 76. gr. frumvarpsins. Nánar er fjallað um breytingu á veiðigjaldi í almennum athugasemdum við frumvarp þetta.

Um 76. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. gr. laga um veiðigjald, nr. 145/2018. Þó er lagt til að felld verði brott heimild til að hækka skráð aflaverðmæti síldar, loðnu, kolmuna og makríls um 1/10 við umreiknun úr slægðum eða unnun afla til óslægðs afla. Er það m.a. lagt til vegna breytinga sem lagðar eru til í 75. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að veiðigjald á uppsjávarfisk, þ.e. síld, loðnu, kolmuna og markríl verði 45% í stað 33%.

Um 77. gr.

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 6. og 7. gr. laga um veiðigjald, nr. 145/2018. Þó er lagt til í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins varðandi opinbera birtingu upplýsinga á vefsíðu Fiskistofu að breyting verði á 5. mgr. ákvæðisins, þar sem mælt er fyrir um að Fiskistofa birti árlega upplýsingar um veiðigjald með opinberum. Birting á heimasíðu Fiskistofu telst vera opinber birting.

Um 78. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti efnislega samhljóða 8. gr. laga um veiðigjald, nr. 145/2018. Lagt er til að fjárhæðir verði uppfærðar og bætt verði við ákvæðið að fjárhæðir taki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, en við þá vísitölu er m.a. miðað hjá Hagstofu Íslands. Þá er lagt til að 2. mgr. núgildandi ákvæði 8. gr. laga um veiðigjald, nr. 145/2018, þar sem kemur fram að veiðigjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði fellt brott. Er sú breyting lögð til þar sem í dómi Hæstaréttar frá 23. mars 2017, í máli nr. 213/2016 er því slegið föstu að þótt veiðigjald feli í sér endurgjald fyrir nýtingu á þeirri þjóðareign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru, er á grundvelli 40. og 77. gr. stjórnarskrár, þá sé það skattur. Veiðigjald er því ekki kostnaður við kaup á aðföngum eða annar rekstrarkostnaður sem eðlilegt er að draga frá tekjuskattsstofni.

Um 79. gr.

Í ákvæðum X. kafla frumvarpsins er fjallað um skiptaverðmæti sjávarafla og eru ákvæði kaflans að mestu leyti samhljóða ákvæðum laga um skiptaverðmæti sjávarafla nr. 24/1986. Lög um skiptaverðmæti sjávarafla voru sett til að einfalda þágildandi flóknar reglur sem giltu um greiðslu fisk innan og utan skipta og um greiðslur til útgerða úr sjóðum. Farið var í að einfalda kerfið verulega með lögunum. Í greininni sem er að mestu efnislega samhljóða 1. gr. laga um skiptaverðmæti sjávarafla nr. 24/1986 er kveðið á um skiptaverðmæti afla sem seldur

er óunnin hér á landi. Lögð er til orðalagsbreyting að í stað gasolíu kemur eldsneyti. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði 2. mgr. núgildandi 1. gr. laga um skiptaverðmæti sjávarafla nr. 24/1986 og nánar verði útfært í reglugerð hvernig skiptahlutfallið hækki eða lækki.

Um 80. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. gr. laga um skiptaverðmæti sjávarafla nr. 24/1986. Í 1. mgr. er fjallað um skiptaverðmæti afla þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 3. gr. laga um skiptaverðmæti sjávarafla og þar er kveðið á um skiptaverðmæti þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlenda markaði.

Um 81. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. gr. laga um skiptaverðmæti sjávarafla nr. 24/1986 þar sem fjallað er um skiptaverðmæti frysts bolfisks og rækju.

Um 82. gr.

Í XVI. kafla er fjallað um eftirlit Fiskistofu með ákvæðum frumvarpsins. Um Fiskistofu gilda að öðru leyti ákvæði laga um Fiskistofu nr. 36/1992, með síðari breytingum. Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit Fiskistofu með framkvæmd frumvarpsins. Ákvæðið byggir á 18. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/006, 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 4. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Í 1. mgr. kemur fram að Fiskistofa hafi sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu en einnig geti stofnunin leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslu Íslands við eftirlit. Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott ákvæði er snúa að erindisbréfum eftirlitsmanna, en útgáfu slíkra erindisbréfa í stjórnartíðindum var hætt 2010. Ákvæðið er að öðru leyti efnislega samhljóða 1. mgr. 18. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í 2. mgr. er kveðið á um að Fiskistofa hafi eftirlit með veiðum sem fjallað er um í 86. gr. frumvarpsins sem og löndun, vigtun og vinnslu afla og útflutningi afla og afurða. Í 3. mgr. er kveðið á um heimild eftirlitsmanna að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og lögð skylda á skipstóra að aðstoða eftirlitsmenn. Einnig er eftirlitsmönnum Fiskistofu heimill aðgangur að öllum vinnslustöðum fiskverkana og birgðageymslum. Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 18. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Í 4. mgr. er að finna heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð að settur skuli, á kostnað útgerða sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskipum. Ákvæði 5. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 4. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla nr. 37/1992, þar sem kveðið er á um að eftirlitsmenn Fiskistofu hafa eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur sbr. 88. gr. frumvarpsins um gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þá er ráðherra veitt heimild með reglugerð að kveða nánar á um eftirlit með ólögmætum sjávarafla, skyldum útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um ólögmætan sjávarafla.

Um 83. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um tilkynningarskyldu til Fiskistofu og útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum að láta Fiskistofu í té allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlit með framkvæmd frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en lagt er til að afhending gagna sé til

Fiskistofu og fellt út að ráðuneytinu sé afhend viðkomandi gögn, enda eftirlitið í höndum Fiskistofu. Þá er mælt fyrir um að afhenda skuli Fiskistofu á stafrænu formi eða á formi sem stofnunin ákveði nauðsynlegar upplýsingar til að sinna eftirliti. Þá er í viðurlagakafla frumvarpsins fjallað um þau viðurlög sem Fiskistofu er heimilt að beita ef ekki eru veittar nauðsynlegar upplýsingar, en ákvæði þess efnis var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar, nr. 85/2022 (þingskjal 1380 – 386. mál, 152. löggjafarþing 2021-2022).

Um 84. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um upplýsingaskyldu um eigendaskipti á fiskiskipum eða aðrar breytingar sem gerðar eru á útgerðaraðild fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 17. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Um 85. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um upplýsingaskyldu um viðskipti með sjávarafla og heimildir Fiskistofu til að afla upplýsinga. Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992.

Um 86. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit með veiðum, en ákvæðið byggir á efni 10. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/997, 8. og 18. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996 og 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Lögð er til sú breyting að felld verði brott skylda um útgáfu erindisbréfa eftirlitsmanna Fiskistofu, en slíkt hefur ekki verið gert síðan 2010.

Um 87. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit með vinnslu á sjó, en ákvæðið er efnislega samhljóða 6. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992.

Um 88. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um sérstakt gjald fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Núgildandi ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 var lögfest með 1. gr. laga um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/992, með síðari breytingum, lög nr. 19/2016. Tilgangur gjaldtökunnar er að koma í veg fyrir að farið sé fram hjá ákvæðum sem gilda um friðun nytjastofna sjávar.

Um 89. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um greiðsluskyldu sérstaks gjalds skv. 88. gr frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. og 3. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992.

Um 90. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um innheimtu sérstaks gjalds skv. 88. gr frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 10. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992.

Um 91. gr.

DRÖG

Í ákvæðinu er fjallað um Verkefnasjóð sjávarútvegsins og byggist að hluta til á ákvæðið á núgildandi 3. mgr. 1. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Ekki er hér því um að ræða nýjan sjóð, en í ákvæðinu er fjallað nánar á um sjóðinn. Lagt er til að skipuð verði þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn og stjórninni falið að gera tillögu til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Hlutverk sjóðsins er lítillega breytt, þ.e. framlögum úr honum er ætlað að styðja við rannsóknir og nýsköpun í sjávarútvegi og stuðnings til eftirlits með fiskveiðum ásamt stuðningi við menntun á sviði sjávarútvegs. Lagt er til að útvíkka hlutverk sjóðsins m.a. til að styðja enn frekar við menntun og byggir tillagan m.a. á tillögum og umfjöllun starfshópa Auðlindarinnar okkar – Sjálfbær sjávarútvegur, þar sem sérstaklega er fjallað um mikilvægi menntunar og aðgerðir sem stuðli að eflingu menntunar á sviðum sem tengjast sjávarútvegi. Þá er í ákvæðinu lagt til að stjórn sjóðsins setji sér starfsreglur um auglýsingar, meðferð og mat umsókna, framkvæmd úthlutunar og annað sem snýr að rekstri sjóðsins.

Um 92. gr.

Í XVIII. kafla er fjallað um viðurlög vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Í ákvæðinu er kveðið á um kröfu um úrbætur og áminning. Samkvæmt ákvæðinu getur Fiskistofa áður en til sviptingar leyfis eða beitingu stjórnvaldssekta kemur getur Fiskistofa veitt hlutaðeigandi skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Þá er Fiskistofu einnig veitt heimild þegar um er að ræða fyrsta minni háttar brot sem kunna að varða sviptingu að veita hlutaðeigandi skriflega áminningu. Nánar er fjallað um umfang minniháttar brota í athugasemdum um 94. og 96. gr.

Um 93. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild Fiskistofu til að beita dagsektum á hvern þann sem tregðast við að láta stofnuninni í té upplýsingar eða veita aðgang að gögnum eða aðstöðu. Í ákvæðinu er Fiskistofu veitt heimild að undangenginni skriflegri áskorun að ákveða fjárgreiðslu á hlutaðeigandi sem hefur látið undir höfuð leggjast að fullnægja tiltekinni skyldu sem á þeim hvíli samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Markmið heimildarinnar er að knýja fram efndir á þeirri skyldu sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Fjárhæð dagsekta er byggt á heimild til beitingu dagsekta samkvæmt núgildandi 17. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Ákvæðið tekur annars mið af almennum heimildum stjórnvalda í núgildandi lögum til beitingu dagssekta.

Um 94. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á heimild Fiskistofu til að svipta leyfishafa almennu eða sérstöku leyfi til veiða eða nýtingar nytjastofna og leyfi til vinnslu um borð í skipum, sem veitt eru samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ákvæðið byggist m.a. á 24. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, 21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, 14. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, 14. og 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, 8. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998 og 3. mgr. 10. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Þá tekur ákvæðið einnig til sviptingu leyfis til nýtingar sjávargróðurs skv. 66. og 67. gr. frumvarpsins.

Ljóst er að svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni, jafnvel þótt um lágmarkstíma sé að ræða, þ.e. tvær vikur, getur verið mjög íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi útgerð og þá sem í hennar þágu starfa. Þegar um minni háttar brot er að ræða og hlutaðeigandi útgerð hefur ekki áður

gerst brotleg við ákvæði laganna eða reglur settar samkvæmt þeim skal Fiskistofa bregðast við með öðrum og ekki eins íþyngjandi hætti, þ.e. með því að veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu. Við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot telst vera að ræða, í skilningi þessa ákvæðis, er eðlilegt að litið verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að brot gegn reglum varðandi veiðar, afla og aflaheimildir eru oft þannig að afar erfitt er að skera með óyggjandi hætti úr um hvort þau hafi verið framin af ásetningi eða gáleysi. Það atriði eitt og sér getur því almennt ekki ráðið ákvörðun þess hvort brot telst vera minni háttar.

Um 95. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um sviptingu veiðileyfis skips hafi það veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund og skal þá Fiskistofa senda útgerð og skipstjóra stafræna tilkynningu um það. Jafnframt er ítrekuð sú skylda sem hvílir á útgerð og skipstjóra fiskiskips að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla. Ákvæðið byggist á 14. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Um 96. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um sviptingu leyfis til vigtunar afla sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 17. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Leyfi til vigtunar afla skiptir miklu fyrir rekstur fiskvinnslustöðva og fiskmarkaða og því getur afturköllun slíkra leyfa verið afar íþyngjandi. Þó ber að hafa í huga að vigtunarleyfishafa er treyst til að annast mikilvægan þátt í fiskveiðistjórnunarkerfinu, þar sem einstakar útgerðir og fiskiskip hafa takmarkaðar aflaheimildir. Sanngjarnt og eðlilegt er því að gera kröfur til leyfishafa og nauðsynlegt að hafa reglur um sviptingu leyfis til vigtunar afla þannig að þeim sem ábyrgð bera á vigtun afla sé veitt nægilegt aðhald. Þannig sé harðar tekið á brotum, sem bersýnilega leiða til að afli verði ranglega skráður, en brotum þar sem vikið hefur verið frá reglum að einhverju leyti án þess þó að það leiði bersýnilega til rangskráningar á afla.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að við fyrsta minni háttar brot, sem ekki leiðir til rangskráningar á afla, skal Fiskistofa ekki afturkalla leyfi til vigtunar, heldur veita skriflega áminningu. Við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot telst vera að ræða er eðlilegt að litið verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að brot gegn ákvæðum laga og reglugerða um vigtun og skráningu sjávarafla eru oft þannig að afar erfitt er að skera með óyggjandi hætti úr um hvort þau hafi verið framin af ásetningi eða gáleysi. Það atriði eitt og sér getur því almennt ekki ráðið ákvörðun þess hvort brot telst vera minni háttar.

Þá er í 4. og 5. mgr. mælt fyrir um það hvenær aðili geti fengið vigtunarleyfi að nýju hafi vigtunarleyfi hans verið afturkallað. Augljóst er hins vegar að aðili getur haft af því verulega hagsmuni að réttarstaða hans að þessu leyti sé skýr til að hann geti metið hana og tekið ákvarðanir samkvæmt því, til að mynda um hvort hann vill una afturköllun leyfis eða freista þess að fá henni hnekkt með stjórnsýslukæru eða málshöfðun. Því er hér lagt til að kveðið sé á um hvenær aðili geti vænst þess að fá vigtunarleyfi að nýju hafi leyfi hans verið afturkallað, enda sé þá fullnægt öðrum skilyrðum fyrir leyfisveitingu.

Í 6. mgr. er kveðið á um að ef verulegt frávik er í íshlutfalli afla sem landað er hjá vigtunarleyfishafa skv. 7. mgr. 80. gr. frumvarpsins, skuli Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi í allt að eitt ár.

Um 97. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli þar sem lagt er til að Fiskistofa birti reglulega opinberar upplýsingar um sviptingu aflaheimilda, þar sem tilgreint er heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Einnig er lagt til að Fiskistofa birti einnig opinberlega ákvarðanir um beitingu viðurlaga, svo sem ákvarðanir er varða úrbætur, álagningu dagsekta og stjórnvaldssekta. Í þessu tilviki er um að ræða ákvarðanir um aðgerðir sem gripið er til vegna alvarlegra og ítrekaðra brota eða þegar ekki eru uppfyllt ákvæði laga eða orðið við tilmælum um úrbætur. Upplýsingar þessar eru þess eðlis að sjálfsagt þykir að almenningur fái vitneskju um þær. Gert er ráð fyrir að birting þessara upplýsinga muni einnig fela í sér aukin varnaðaráhrif löggjafarinnar, þar sem slík birting skapar aðhald. Ákvæðið er í samræmi við 19. gr. c. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Um 98. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ítrekunaráhrif, ákvæðið er samhljóða 5. mgr. 21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

Um 99. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að Fiskistofu verði veitt heimild til að leggja stjórnvaldsektir á einstaklinga eða lögaðila sem brýtur gegn tilteknum ákvæðum frumvarpsins og reglum sem settum eru með stoð í þeim. Við samningu ákvæðisins var litið til tillagna sem lagðar voru fram í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar, þingskjal 1183 – 704. mál sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021, en frumvarpið náði ekki fram að ganga. Í ákvæðinu eru tilgreind þau brot sem varða stjórnvaldssektum. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að ákveða viðmið um fjárhæð stjórnvaldssekta vegna brota innan þessa ramma sem tilgreindur er í 3. mgr. Lagt er til að stjórnvaldssektir geti numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hinum leyfisskylda aðila. Þegar Fiskistofa ákveður hlutfallið skal tekið tillit til eðlis, umfangs og alvarleika brot, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega og hvort um ítrekað brot er um að ræða. Þannig er ákvörðun um fjárhæð sektar háð fjölþættu mati sem ætlað er að tryggja að fjárhæðin sé í samræmi við eðli og umfang brots hverju sinni. Þá er lagt til í 4. mgr. að unnt sé að lækka stjórnvalssekt ef einstaklingur eða lögaðili hefur haft frumkvæði að því að láta Fiskistofu í té upplýsingar eða gögn sem mikilvæg eru til að upplýsa um viðkomandi brot.

Um 100. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli, þar sem lagt er til að Fiskistofu sé heimilt að ljúka máli með sátt í þeim tilvikum þegar sá brotlegi gangist við broti eða óski eftir að ljúka máli með sátt. Er lagt til að Fiskistofa fái slíka heimild til að greiða fyrir úrlausn mála og spara málsaðilum og stofnunni tíma með því að ljúka máli með sátt í stað einhliða ákvörðunar Fiskistofu um beitingu viðurlaga. Heimildinni má þó aðeins beita ef ekki er um meiriháttar brot að ræða eða refsiviðurlög liggja við broti. Þá er mælt fyrir um að sátt er bindandi og ef málsaðili brýtur gegn henni, er Fiskistofu heimilt að fella sátt úr gildi og getur þá tekið málið

til meðferðar á ný og þá eftir atvikum gert hinum brotlega stjórnvaldssekt eða öðrum ráðstöfum samkvæmt frumvarpinu.

Um 101. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um rétt einstaklinga til að fella ekki sök á sjálfan sig en það er þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að þeim einstaklingi sem sakaður er um refsiverða háttsemi í skilningi þess ákvæðis sé ekki skylt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geta til sakfellingar hans. Almennt er litið svo á að sami réttur felist í 70. gr. stjórnarskrárinnar. Að svo miklu leyti sem slíkur réttur á við um meðferð stjórnsýslumála er talið rétt að kveða á um slíkan rétt í lögum. Er átt við meðferð máls og rannsókn þess á stjórnsýslustigi. Þagnarréttur hins grunaða tekur aðeins til upplýsinga sem haft geta þýðingu fyrir ákvörðun um það brot sem honum er gefið að sök. Hann getur því ekki neitað að tjá sig um önnur atriði. Ákvæðið tekur ekki til lögaðila.

Um 102. gr.

Í ákvæðinu er að finna almenna heimild Fiskistofu til að kæra brot á lögunum eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim til lögreglu, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Byggist ákvæðið á sambærilegum ákvæðum í öðrum settum lögum. Rétt er að benda á að heimild Fiskistofu til að deila gögnum með lögreglu og ákæruvaldi kunna að takmarkast af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Fiskistofa skal samkvæmt ákvæðinu meta hvort rétt sé að ljúka máli með kæru. Á grundvelli banns við tvöfaldri refsingu að lögum fyrir sama brot er mikilvægt að gætt sé að því hvort brot sé nægilega alvarlegt til að kæra það, áður en því er lokið með álagningu stjórnvaldssektar. Hugsanlegt er að ef sekt hafi verið lögð á, sé stjórnvöldum sniðinn þrengri stakkur gagnvart frekari refsinga á grundvelli sama atviks. Það er þó ekki ómögulegt að unnt sé að ljúka máli vegna tiltekins atviks með sekt og saksókn ef ákveðinn þáttur tiltekins atviks er lítilvægur en frekari atriði koma síðar í ljós sem réttlætt kunni saksókn. Sá þáttur málsins sem sektað var fyrir kynni þó að vera undanþeginn saksókn.

Um 103. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um refsingar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum. Ákvæðið kemur í stað 25. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, 23. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, 15. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 og 11. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Í ákvæðinu er lagt til að refsingu verði beitt við stórfelld og ítrekuð brot er er varða sjálfbæra nýtingu nytjastofna. Er því lagt til að refsingu sé beitt í ítrekuðum og stórfelldum brotum gegn banni við veiðum í fiskveiðilögsögunni skv. 1. og 2. mgr. 9. gr., banni við veiðum erlendra skipa skv. 3. mgr. 9. gr., banni við veðum innan viðmiðunarlínu eða með tilteknum tegundum veiðarfæra skv. 13. gr., banni við veiðum á svæðum sem hefur verið skyndilokað skv. 14. gr., tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf um afla skv. 22. gr. og löndun afla skv. 29. gr. frumvarpsins. Þannig er afmörkuð sú háttsemi sem heimilt er að beita sektum og fangelsi vegna.

Í 2. mgr. er kveðið á um saknæmi þar sem brot gegn lögunum er varða sektum og fangelsi varðar refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Þá skal fara með tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt því sem segir í almennum hegningarlögum sbr. 3. mgr. greinarinnar.

Í 4. mgr. er kveðið á um húsbóndaábyrgð, þar sem fyrirsvarsmanni, starfsmanni eða öðrum aðila á vegum þess lögaðila sem sætir sekt, er unnt að gera refsingu. Ákvæðið byggist á 19.

gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og skilgreining á fyrirsvarsmanni samkvæmt ákvæðinu er því sú sama og samkvæmt þeirri grein.

Um 104. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til að gera veiðarfæri upptæk vegna stórfelldra og ítrekaðra ásetningsbrota gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 9. gr. og 17. gr. frumvarpsins, þau veiðarfæri sem notuð voru við ólöglegar veiðar. Heimilt er að beita upptöku afla ef skip er staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar skv. 3. mgr. 13. gr. og 14. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er samhljóða 16. og 20. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1996 og 13. og 17. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996.

Um 105. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að afli sem fengist hefur á ólögmætan hátt skulu brot auk refsingar varða upptöku afla. Ákvæðið kemur í stað 14. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998 og 4. mgr. 1. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Með ákvæðinu er Fiskistofu veitt heimild til að gera ólögmætan afla upptækan.

Um 106. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á heimild til að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum. Ákvæðið kemur í stað 19. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 og 16. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Í núgildandi ákvæðum er hugtakið löghald notað, en það hugtak hefur sömu merkingu og hugtakið kyrrsetning sem nánar er fjallað um í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990. Er því lagt til að í stað löghalds sé kveðið á um kyrrsetningu.

Um 107. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um almenna kæruheimild, þar sem heimilt er að kæra þær stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli ákvæða frumvarpsins og um kærurétt og málsmeðferð fari samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 108. gr.

Ákvæðið hefur að geyma reglugerðarheimildir til nánari útfærslu á efni laganna. Slík ákvæði voru áður víðs vegar í meginmáli þeirra lagabálka sem sameinaðir hafa verið í frumvarpinu og lagt er til að verði felld verði úr gildi verði frumvarpið að lögum. Um er að ræða yfirlit yfir þær reglugerðarheimildir sem eru í frumvarpinu og þær settar fram annars vegar þær reglugerðir sem ráðherra er skylt að setja og hins vegar reglugerðir sem ráðherra er heimilt að setja. Verði frumvarpið að lögum er unnt að fækka reglugerðum og draga saman og fella þar með niður reglugerðir. Með því móti verður gagnsæi og aðgengi almennra borgara, þeirra er starfa innan greinarinnar og eftirlitsaðila, að þeim reglum sem gilda aukast til muna. Í frumvarpinu hafa heimildir ráðherra til setningu reglugerða verið fækkað og nánar skilgreint hvað fjalla skuli nánar um í reglugerðum sem settum eru með stoð í frumvarpinu, verði það að lögum. Þrátt fyrir tillögu að einfaldara ákvæði eru reglugerðarheimildir tilgreindar í almennum ákvæðum frumvarpsins til að tryggja áfram rekjanleika milli viðkomandi efnisákvæða og þeirra reglugerða sem settar hafa verið og tengdar eru viðkomandi ákvæði í lagasafninu.

Um 109. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um gildistöku ákvæðisins en lagt er til að lögin taki gildi 1. september 2025, en þá fiskveiðiárinu 2024/2025 lýkur 31. ágúst 2025. Þar sem lagt er til að fiskveiðiár fylgi almanaksárinu, þá verður fiskveiðiárið 2025 stutt, frá 1. september 2025 til og með 31. desember 2025. Fyrsta heila fiskveiðiár samkvæmt frumvarpinu hæfist því 1. janúar 2026. Með þessu gefst svigrúm fyrir ráðuneyti, stofnanir og þá er frumvarpið snertir til að gera viðeigandi ráðstafanir og breytingar ásamt því að endurskoða og undirbúa nauðsynleg stjórnvaldsfyrirmæli.

Í 2. mgr. er að finna yfirlit yfir þá lagabálka sem lagt er til að felldir verði úr gildi við gildistöku laganna.

Um 110. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingar á ýmsum öðrum lögum í samræmi við efni frumvarpsins.

Í 1. tölul. er lagt til að gera breytingu á III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1994 þar sem lagt er til að fella brott tilvísun til 2. málsl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem verður 2. málsl. 14. gr. laga um sjávarútveg, verði frumvarpið að lögum. Þá er lagt til að í stað íslenskrar fiskveiðilandhelgi komi fiskveiðilögsaga í bráðabirgðaákvæðinu, en nánar er fjallað um fiskveiðilögsögu í athugasemdum um 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. tölul. er lagt til að gera breytingar á 1. gr. laga um hvalveiðar, nr. 26/1949, þar sem í stað fiskveiðilandhelgi komi fiskveiðilögsaga í samræmi við efni frumvarpsins. Þar sem lagt er til að lög um að miða við gullkrónusektir fyrir landhelgisbrot nr. 4/1924 verði felld brott skv. 109. gr. frumvarpsins er lagt til að breytingar verði gerðar á 10. gr. laga um hvalveiðar, þar sem vegna brot skuli beitt ákvæðum frumvarpsins, þ.e. 92. gr. um kröfu um úrbætur og áminningu, 93. gr. um dagssektir, 94. gr. um sviptingu leyfa til veiða, 97. gr. um birtingu viðurlagaákvarðana, 98. gr. um ítrekunaráhrif, 99. gr. um stjórnvaldssektir, 100. gr. um sátt, 101. gr. um rétt grunaðs manns, 102. gr. um kæru til lögreglu, 103. gr. um refsiábyrgð, 104. gr. um upptöku veiðarfæra, 105. gr. um upptöku afla og 106. gr. um kyrrsetningu skipa.

Í 3. tölul. er lagt til að gerð verði breyting á e. lið 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, til samræmis við heiti frumvarpsins, verði það að lögum, í stað tilvísunar til laga um stjórn fiskveiða og laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands kemur lögum um sjávarútveg.

Í 4. tölul. er lagt til að gerð verði breyting á e. lið 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, í stað tilvísunar til laga um stjórn fiskveiða og laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands kemur lögum um sjávarútveg.

Í 5. tölul. eru lagðar til breytingar á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992. Lögð er til breyting á 2. gr., 5. gr., 6. gr. og 7. gr. laga um Fiskistofu, þar sem í stað tilvísun til laga sem lagt er til að felld verði brott skv. 109. gr. komi heiti laga um sjávarútveg, verði frumvarpið að lögum. Þá er lagt til að 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. verði breytt með tilvísun til 5. mgr. 38. gr. laga um sjávarútveg, verði frumvarpið að lögum. Vegna þeirrar breytingar og samræmis í frumvarpinu þá er einnig lagt til að 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um Fiskistofu falli brott.

Í 6. tölul. er lögð til breyting á 3. mgr. 52. gr. laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, þar sem lagt er til að tilvísun til 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 verði breytt og í staðin verði vísað til 3. mgr. 52. gr. frumvarpsins um sama efni.

Í 7. tölul. er lögð til breyting á 4. tölul. 3. gr. laga um skipulag haf- og strandvæða, nr. 88/2018, þar sem lagt er til að vísað verði til 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins, verði það að lögum. Þannig verði skilgreining hugtaksins strandsvæði skilgreint sem svæði frá netlögum að þeirri viðmiðunarlínu sem tilgreind er skv. 1. mgr. 13. gr. laga um sjávarútveg.

Í 8. tölul. er lögð til breyting á 1. mgr. 7. gr. skipalaga, nr. 66/2021, þar sem lagt er til að vísað verði til laga um sjávarútveg í stað laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, sem lagt er til að felld verði brott skv. 109. gr. frumvarpsins.

Í 9. tölul. er lagt til að í stað orðsins fiskveiðilandhelgi í c. lið 5. mgr. 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, kemur fiskveiðilögsaga í samræmi við efni frumvarpsins. Nánar er fjallað um fiskveiðilögsögu í athugasemdum um 3. gr. frumvarpsins.

Í 10. tölul. er lagt til að breyting verði gerð viðauka 1 við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og nýting sjávargróðurs verði tilgreind í flokki B, þ.e. framkvæmd sem kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort nýting sjávargróðurs skuli háð umhverfismati samkvæmt lögunum. Í 66. gr. frumvarpsins er lagt til það nýmæli að áður en sótt er um leyfi til Fiskistofu um nýtingu sjávargróðurs skuli umsækjandi afla staðfestingar frá Skipulagsstofnun, um það hvort vinna þurfi umhverfismat vegna nýtingar sjávargróðurs. Lagt er því til að breyting verði gerð á yfirheiti 1. flokks viðauka 1, og þar verði bætt við heitinu sjávargróður, þannig að heiti flokksins verði svohljóðandi 1. Landbúnaður, skógrækt, fiskeldi og sjávargróður. Þá er lagt til að við flokk 1 í 1. viðauka við lögin bætist eftirfarandi lína: 1.11 Nýting sjávargróðurs í flokki B.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hér er lagt til bráðabirgðaákvæði sem veitir útgerðaraðilum þriggja ára aðlögunarfrest til að koma aflahlutdeild undir leyfileg mörk ef ný ákvæði um tengda aðila í 45. gr. frumvarpsins leiða gagngert til þess að aflahlutdeild þeirra fari yfir mörkin. Þótt ekkert bendi til þess að efnisbreytingar sem felast í 45. gr. frumvarpsins muni sem slíkar leiða til þess, umfram ákvæði gildandi laga, er ekki útilokað að það geti gerst.

Bráðabirgðaákvæðið myndi þó aðeins gilda í tilvikum þar sem sama niðurstaða hefði ekki leitt af ákvæðum gildandi laga. Þannig er komið í veg fyrir að útgerðaraðilar sem nú þegar teljast ekki vera innan marka hámarksaflahlutdeildar njóti góðs af rúmum aðlögunarfresti ákvæðisins.

II.

Í ákvæðinu er lagt til að ráðherra verði veitt tímabundin heimild til að verja hluta af því sem dregið er frá heildarafla skv. 37. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins (5,3%) til línuívilnunar. Nánar er fjallað um línuívilnun í almennum athugasemdum frumvarpsins. Ekki eru lagðar til breytingar á framkvæmd línuívilnunar. Í ákvæðinu er lagt til að línuívilnun verði hætt frá og með 31. desember 2028. Lagt er til að það magn sem úthlutað er til línuívilnunar árlega frá gildistöku frumvarpsins, verði skert um 25% í fjögur ár. Verði frumvarpið að lögum 1. september 2025 mun fyrsta skerðing eiga sér stað að loknu fiskveiðiárinu 2024/2025.

III.

Í ákvæðinu er lagt til að ráðherra verði veitt tímabundin heimild til að verja hluta af því sem dregið er frá heildarafla skv. 37. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins (5,3%) til sérstakrar úthlutunar aflamarks til skel- og rækjubóta. Nánar er fjallað um skel- og rækjubætur í almennum athugasemdum frumvarpsins. Ekki eru lagðar til breytingar á framkvæmd við úthlutun skel- og rækjubóta og ráðherra muni tímabundið með reglugerð kveða nánar á um úthlutum skel- og rækjubóta og verðmætastuðul tegunda. Í ákvæðinu er lagt til að úthlutun skel- og rækjubóta verði hætt frá og með 31. desember 2028. Samkvæmt núgildandi reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024, nr. 849/2023 er 2.442 tonnum eða 1.815 þorskígildistonnum úthlutað til skel- og rækjubóta í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkafa, keilu og löngu. Lagt er til að það magn sem úthlutað er verði árlega frá gildistöku frumvarpsins, skert um 25% í fjögur ár. Verði frumvarpið að lögum 1. september 2025 mun fyrsta skerðing eiga sér stað að loknu fiskveiðiárinu 2024/2025.

DRÖG